

Úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008

2



Gert af nefnd sem ríkissáttasemjari skipaði
að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða

Úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008

2

Gert af nefnd sem ríkissáttasemjari skipaði
að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða

Útgefandi:

© Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða

Ritstjórn:

Hrafn Bragason

Héðinn Eyjólfsson

Guðmundur Heiðar Frímansson

Útgáfustjóri:

Kristján Geir Pétursson

Umbrot og prentun:

Svansprent ehf.

Reykjavík 2012

ISBN: 978-9979-72-100-0

Bindi 1

1. kafli

- 1.1 Verkefni og skipan úttektarnefndar
- 1.2 Afmörkun á efni rannsóknarinnar
- 1.3 Rannsóknarheimildir úttektarnefndar lífeyrissjóðanna
- 1.4 Um þagnarskyldu og birtingu trúnaðarupplýsinga
- 1.5 Uppbygging skýrslunnar
- 1.6 Að vera vitur eftir á

2. kafli

- 2.1 Ágrip af meginniðurstöðum úttektarinnar
 - Summary of the Principal Conclusions of the Review.

3. kafli

- 3.1 Saga lífeyrissjóðanna og viðskiptaumhverfi

4. kafli

- 4.1 Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna og eftirlit með framkvæmd hennar samkvæmt lögum

- 4.2 Nánar um fjárfestingarheimildirnar

- 4.3 Nánar um mótun og eftirlit með fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða

5. kafli

- 5.1 Almenn um fjárfestingar lífeyrissjóðanna 2006-2009
- 5.2 Stjórn og starfshættir
- 5.3 Yfirlit yfir heildartap lífeyrissjóðanna

Heimildaskrá

Listi yfir þá sem komu fyrir úttektarnefnd LL

Viðauki 1: Ársreikningar lífeyrissjóða – nokkrar

athugasemdir um gerð þeirra, innihald og endurskoðun

Álitsgerð Bjarna Frímanna Karlssonar lektors við viðskiptafræðideild HÍ

Viðauki 2: Íslenska lífeyriskerfið og íslenskur þjóðarþúskapur

Álitsgerð Katrínar Ólafsdóttur lektors við viðskiptadeild HR

Bindi 2

6. kafli

6.1. Almenni lífeyrissjóðurinn	9
6.1.1 Starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins	9
6.1.2 Tap Almenna lífeyrissjóðsins 2008 til 2010	17
6.2. Stjórn og starfshættir	26
6.2.1 Verklagsreglur og siðareglur	26
6.2.2 Siðareglur	27
6.2.3 Stjórn, starfsmenn og sjóðfélagar	28
6.2.4 Samband við Íslandsbanka og Glitni	29
6.3 Fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins 2006 - 2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	31
6.3.1 Inngangur	31
6.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	31
6.3.3 Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins og áhættustýring.	33
6.3.4 Tap Almenna lífeyrissjóðsins	35

7. kafli

7.1. Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)	43
7.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)	43

7.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2008 til 2010	48
7.2 Stjórn og starfshættir	51
7.2.1 Stjórn og starfsmenn	51
7.2.2 Samskipta- og siðareglur	53
7.3 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	53
7.3.1 Inngangur	53
7.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	54
7.3.3 Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna og tap	55

8. kafli

8.1 Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	59
8.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH)	59
8.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar 2008 til 2010	62
8.2 Fjárfestingar Eftirlaunasj. stm. Hafnarfjarðarkaupst. 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	66
8.2.1 Inngangur	66
8.2.2 Almenn um fjárfestingarstefnu og stjórnun sjóðsins	66

9. kafli

9.1 Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	71
9.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar	71
9.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2008 til 2010	74
9.2 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	77

10. kafli

10.1 Festa lífeyrissjóður	81
10.1.1 Starfsemi Festu lífeyrissjóðs	81
10.1.2 Tap Festu lífeyrissjóðs 2008 til 2010	86
10.2 Stjórn og starfshættir	94
10.2.1 Samþykktir fyrir Festu lífeyrissjóð	95
10.2.2 Samskipta-, starfs- og siðareglur	95
10.3 Fjárfestingar Festu lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	97
10.3.1 Inngangur	97
10.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	97
10.3.3 Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs	98
10.3.4 Tap Festu lífeyrissjóðs	99

11. kafli

11.1 Frjálsi lífeyrissjóðurinn	105
11.1.1 Starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins	105
11.1.2 Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins 2008 til 2010	111
11.2 Stjórn og starfshættir	120
11.3 Fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	122
11.3.1 Inngangur	122
11.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	123
11.3.3 Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins og áhættustýring	123
11.3.4 Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins	125

12. kafli

12.1 Gildi lífeyrissjóður	129
12.1.1 Starfsemi Gildis - lífeyrissjóðs	129
12.1.2 Tap Gildis lífeyrissjóðs 2008 til 2010	134
12.2 Stjórn og starfshættir	142
12.2.1 Verklagsreglur, starfsreglur og siðareglur	142
12.2.2 Stjórn og starfsmenn	144
12.2.3 Sjóðurinn og sjóðfélagar	145
12.3 Fjárfestingar Gildis lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	145
12.3.1 Inngangur	145
12.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	146

12.3.3 Fjárfestingarstefna Gildis lífeyrissjóðs og áhættustýring	146
12.3.4 Tap Gildis lífeyrissjóðs	148

13. kafli

13.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn	153
13.1.1 Starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins	153
13.1.2 Tap Íslenska lífeyrissjóðsins 2008 til 2010	160
13.2 Stjórn og starfshættir	164
13.2.1 Stjórn og starfsmenn	164
13.2.2 Samskipta- og siðareglur	166
13.3 Fjárfestingar Íslenska lífeyrissjóðsins 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	167
13.3.1 Inngangur	167
13.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	167
13.3.3 Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins og tap	168

14. kafli

14.1 Kjölur lífeyrissjóður	173
14.1.1 Starfsemi Kjalar lífeyrissjóðs	173
14.1.2 Tap Kjalar lífeyrissjóðs árin 2008 til 2010	177
14.2 Stjórn og starfshættir	180
14.2.1 Stjórn og starfsmenn	180
14.2.2 Samskipta- og siðareglur	182
14.3 Fjárfestingar Kjalar lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	183
14.3.1 Inngangur	183
14.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	183
14.3.3 Fjárfestingarstefna Kjalar lífeyrissjóðs og tap	183

15. kafli

15.1 Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	187
15.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar	187
15.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	192
15.2.1 Inngangur	192
15.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	192
15.2.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Akraness og tap	192

Bindi 3

16. kafli

- 16.1 Lífeyrissjóður bankamanna
- 16.2 Stjórn og starfshættir
- 16.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bankamanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

17. kafli

- 17.1 Lífeyrissjóður bænda
- 17.2 Stjórn og starfshættir
- 17.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bænda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

18. kafli

- 18.1 Lífeyrissjóður Neskaupstaðar
- 18.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

19. kafli

- 19.1 Lífeyrissjóður Rangæinga
- 19.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Rangæinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

20. kafli

- 20.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
- 20.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

21. kafli

- 21.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands
- 21.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

22. kafli

- 22.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar

- 22.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

23. kafli

- 23.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

24. kafli

- 24.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
- 24.2 Stjórn og starfshættir
- 24.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

25. kafli

- 25.1 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH).
- 25.2 Stjórn og starfshættir
- 25.3 Fjárfestingar LSR og LH 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.

26. kafli

- 26.1 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS).
- 26.2 Stjórn og starfshættir
- 26.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

27. kafli

- 27.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar
- 27.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

28. kafli

- 28.1 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands
- 28.2 Stjórn og starfshættir
- 28.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

Bindi 4

29. kafli

- 29.1 Lífeyrissjóður verkfræðinga
- 29.2 Stjórn og starfshættir
- 29.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

30. kafli

- 30.1 Lífeyrissjóður verzlunarmanna
- 30.2 Stjórn og starfshættir
- 30.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

31. kafli

31.1 Lífeyrissjóður Vestfirðinga

31.2 Stjórn og starfshættir

31.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

32. kafli

32.1 Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

32.2 Stjórn og starfshættir

32.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

2006-2009 Athugasemdir úttektarnefndar.

33. kafli

33.1 Sameinaði lífeyrissjóðurinn

33.2 Stjórn og starfshættir

33.3 Fjárfestingar Sameinaða lífeyrissjóðsins

2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.

34. kafli

34.1. Stafir lífeyrissjóður

34.2 Stjórn og starfshættir

34.3 Fjárfestingar Stafa lífeyrissjóðs 2006-

2009. Athugasemdir úttektarnefndar

35. kafli

35.1 Stapi lífeyrissjóður

35.2 Stjórn og starfshættir

35.3 Fjárfestingar Stapa lífeyrissjóðs 2006-

2009. Athugasemdir úttektarnefndar.

36. kafli

36.1 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

36.2 Stjórn og starfshættir

36.3 Fjárfestingar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

6. Kafli

6.1 Almenni lífeyrissjóðurinn	9
6.1.1 Starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins	9
6.1.2 Tap Almenna lífeyrissjóðsins 2008 til 2010	17
6.2 Stjórn og starfshættir	26
6.2.1 Verklagsreglur og siðareglur	26
6.2.2 Siðareglur	27
6.2.3 Stjórn, starfsmenn og sjóðfélagar	28
6.2.4 Samband við Íslandsbanka og Glitni	29
6.3 Fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins 2006 - 2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	31
6.3.1 Inngangur	31
6.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	31
6.3.3 Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins og áhættustýring	33
6.3.4 Tap Almenna lífeyrissjóðsins	35

6.1 Almenni lífeyrissjóðurinn

6.1.1 Starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins

Upphaf

Almenni lífeyrissjóðurinn samanstendur af átta lífeyrissjóðum sem hafa sameinast en á mismunandi tímum. Þeir lífeyrissjóðir sem hafa sameinast í Almenna lífeyrissjóðnum eru: ALVÍB (Almennur lífeyrissjóður VÍB), Lífeyrissjóður arkitekta, Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF, Lífeyrissjóður FÍH, Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna, Lífeyrissjóður lækna og Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands. Almenni lífeyrissjóðurinn er opin fyrir alla en sjóðurinn er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, lækna, leiðsögumanna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

Þann 1. maí 2009 hóf Almenni lífeyrissjóðurinn sjálfstæðan rekstur og opnaði eigin skrifstofu í Borgartúni 25. Áður hafði sjóðurinn verið með rekstrarsamning við Glitni banka hf./Íslandsbanka hf. um tuttugu ára skeið. Um leið og sjóðurinn hóf sjálfstæðan rekstur gerði hann samning við Íslandsbanka um áframhaldandi samstarf á ýmsum sviðum. Sjóðurinn er nú fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins.

Stjórn sjóðsins

Við sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins 1. janúar 2006 voru sett inn bráðabirgðaákvæði í samþykktir sjóðsins sem giltu til ársfundar 2011. Þar sagði að stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skyldi skipuð níu aðalmönnum og fjórum til vara. Úr stjórn Lífeyrissjóðs lækna komu tveir stjórnarmenn tilnefndir af Læknafélagi Íslands. Auk þess kom einn stjórnarmaður sem tilnefndur var af Íslandsbanka 2004 og annar tilnefndur 2005. Þegar þessi bráðabirgðaákvæði féllu úr gildi þá skyldu eftirfarandi reglur gilda um stjórnasetu: Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár. Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar kosnir af sjóðfélögum. Að jafnaði skulu ár hvert tveir sjóðfélagar kosnir á ársfundi og einn til vara.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Almenna lífeyrissjóðnum árin 2006-2009.

Almenni tafla 1

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Páll Á. Pálsson ¹⁾	Sjóðfél./Glitnir	Form.	Form.	X	X
Rannveig Einarsdóttir	Sjóðfél.	Varaf.	Varaf.	Varaf.	Varaf.
Björn A. Magnússon	Sjóðfél.	X	X	X	X
Jóhannes Þórðarson	Sjóðfél.	X	X	X	X
Oddur Ingimarsson	Sjóðfél.	X			
Sigurbjörn Sveinsson	Sjóðfél.	X	X	X	X
Vilhelmina Haraldsdóttir	Sjóðfél.	X			
Porkell Bjarnason ²⁾	Sjóðfél./LÍ	X	X	Form.	Form.
Bjarni Ármannsson ³⁾	Glitnir		X		
Arna Harðardóttir ⁴⁾	Glitnir		X		
Eiríkur Þorbjörnsson	Sjóðfél.		X	X	X
Hafsteinn Sæmundsson	Læknafél.		X	X	X
Þór Sigfússon	Glitnir			X	X

Kosinn á aðalfundi af sjóðfélögum Sjóðfél.

1) Tilnefndur af Glitni 2005-2009, síðan kosinn af sjóðfélögum 2009

2) Tilnefndur af Læknafélagi Íslands 2006 og 2007, síðan kosinn af sjóðfélögum 2008 til þriggja ára

3) Í stjórn frá apr. 2008 til okt. 2008

4) Í stjórn frá okt. 2008 til feb. 2009

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins og forvera hans, ALVÍB, er Gunnar Baldvinsson sem verið hefur framkvæmdastjóri frá árinu 1990. Sigríður Ómarsdóttir er skrifstofustjóri og Kristjana Sigurðardóttir er hjárfestingarstjóri og hefur hún verið það frá árinu 1999. Helga Indriðadóttir tók við sem sjóðstjóri í maí 2009 en hún tók við af Alfrið Haukssyni sem lét þá af störfum hjá sjóðnum. Rekstrarstjóri er Daníel Arason sem tók við því starfi í maí 2009.

Endurskoðun:

Helgi F. Arnarson, KPMG hf., fyrir árið 2007 og 2008

Sæmundur Valdimarsson, KPMG hf., fyrir 2009

Innri endurskoðun:

Ágúst Hrafnkelsson, Glitnir banki hf., innri endurskoðun árið 2007 og 2008

Gunnar Þór Ásgeirsson, PricewaterhouseCoopers, árið 2009

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, Talnakönnun hf.

Regluvörður:

Glitnis/Íslandsbanka 2007 – 2009

Daníel Arason frá 1. maí 2009

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Stjórnar- og starfsmenn Almenna lífeyrissjóðsins hafa ekki setið í stjórnnum annarra fyrirtækja og stofnana fyrir hönd sjóðsins á ofangreindu tímabili.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Almenna lífeyrissjóðsins er að finna í 2. grein samþykktar sjóðsins:

2. gr. Hlutverk

2.1 Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að tryggja sjóðfélögum og mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt þeim reglum sem hér fara á eftir.

2.2 Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og tryggja þeim lágmarkstryggingavernd skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ennfremur að taka við viðbótariðgjöldum til þess að sjóðfélagar geti aukið lífeyrisréttindi sín.

2.3 Maki samkvæmt samþykktum þessum telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi hjóðfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Með börnum er í samþykktum þessum átt við börn og kjörbörn sjóðfélaga, einnig stjúp- og fósturbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti síðustu tvö árin fyrir andlát hans.

Starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins

Almenni lífeyrissjóðurinn skiptist í tvo megin-sjóði: Séreignarsjóð og samtryggingarsjóð.

Séreignarsjóður

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins eru sjö. Þær eru Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ævisafn IV, Ríkissafn langt, Ríkissafn stutt og Innlána-safn.

Ævisöfn I, II og III eru blönduð verðbréfasöfn með skuldabréfum, hlutabréfum og innlánnum. Innlána-safnið og Ævisafn IV fjárfesta eingöngu í innlánnum, Ríkissafn langt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með löngum meðaltíma og Ríkissafn stutt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með stuttum meðaltíma og innlánnum. Steft er að sameiningu Ævisafns IV og Innlána-safns.

Samtryggingarsjóður

Samtryggingarsjóður skiptist í eftirlauna-, trygg- inga- og lífeyrisdeild. Eftirlaunadeild ávaxtar fé sjóðfélaga til að tryggja þeim ellilífeyrisgreiðslur til ævi-loka. Eignir eftirlaunadeildar ávaxtast samkvæmt ævileiðinni og flytjast eftirlaunasjóðir sjóðfélaga milli Ævisafns I, II og III eftir aldri sjóðfélaga. Tryggingar- deild og lífeyrisdeild ávaxta eignir sínar í sérstökum eignasöfnum.

Á sjóðfélagafundi í október 2009 var síðan samþykkt að sameina deildir samtryggingarsjóðs í einn sjóð sem greiðir elli- og áfallalífeyri (örorku-, maka- og barnalífeyri). Tilgangurinn með þessari breytingu var að samræma lífeyrisréttindi og tryggja að efnahags- áfallið hefði sömu áhrif á alla sjóðfélaga. Sameining deildanna tók gildi þann 31. desember 2009.

Skipulag og starfsreglur stjórnar Almenna lífeyris- sjóðsins (til og með 30. apríl 2009)

Á stjórnarfundum sjóðsins þann 22. febrúar 2006 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Helstu atriði starfsreglnanna sem sneru að aðkomu stjórnar að fjárfestingum sjóðsins voru:

- Hlutverk stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins er að stjórna sjóðnum í samræmi við samþykktir hans.
- Starfsemi sjóðsins skal lúta að móttöku, varð- veislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi.
- Í samráði við rekstraraðila ræður stjórnin sjóðnum framkvæmdastjóra og veitir honum prókúruumboð. Framkvæmdastjóri ann- ast daglegan rekstur sjóðsins í samráði við stjórnina.
- Að fylgjast með að rekstur sjóðsins sé í sam- ræmi við samþykktir hans.

- Að ákveða fjárfestingarstefnu og sjá um ráðstöfun fjármuna sjóðsins.
- Að gera árlegar starfsáætlanir.
- Að sjá um lánamál sjóðsins í samræmi við lánareglur.
- Að endurskoða reglur og sjá um að þær úreldist ekki.

Önnur atriði í starfsreglunum fjölluðu um skipan stjórnar, fyrirsvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi og breytingar á starfsreglum stjórnar.

Ofangreindar starfsreglur voru síðan endurskoðaðar og nýjar reglur gefnar út þann 25. nóvember 2009.

Rekstrarsamningur við Íslandsbanka hf./Glitni banka hf.

Almenni lífeyrissjóðurinn var um 20 ára skeið með rekstrarsamning við Íslandsbanka hf./Glitni banka hf. Samkvæmt samningnum sá Íslandsbanki um rekstur Almenna lífeyrissjóðsins. Síðasti rekstrarsamningurinn milli Almenna lífeyrissjóðsins og Íslandsbanka er dags. 4. janúar 2006. Jafnframt fylgdu með rekstrarsamningnum fjögur fylgiskjöl sem eru:

- Viðauki I með rekstrarsamningi Almenna lífeyrissjóðsins og ÍSB. Samkomulag um skipan vinnuhópa, dags. 4. janúar 2006.
- Viðauki II með rekstrarsamningi Almenna lífeyrissjóðsins. Samkomulag um árangurstengd umsjónarlaun til ÍSB, dags. 4. janúar 2006.
- Yfirlýsing frá Íslandsbanka vegna sameiningar Almenna lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs lækna.
- Gjaldskrá. Verðbréfasjóðir ÍSB.

Markmið rekstrarsamnings

„Markmið samningsaðila er að tryggja sjóðfélögum hámarksávöxtun miðað við áhættu og veita þeim úrvalsþjónustu. Jafnframt er stefnt að því að rekstur lífeyrissjóðsins verði eins hagkvæmur og kostur er þannig að sem mest af ávöxtuninni renni til sjóðfélaga. Samningsaðilar eru sammála um að skipa tvo vinnuhópa, annan um ávöxtun og kostnað og hinn um þjónustu

við sjóðfélaga, sem skulu fylgjast með því hvort markmiðin náist. Sjá nánar viðauka I með samningnum.“

Framkvæmdastjórn og daglegur rekstur

Íslandsbanki sér um framkvæmdastjórn og daglegan rekstur AL frá og með undirritun samnings þessa. Í því felst m.a., að ÍSB tekur að sér:

- Innheimtu og skráningu iðgjalda.
- Útborgun lífeyris til sjóðfélaga og uppgjör staðgreiðslu skatta.
- Umsjón bókhalds, uppgjör og innra eftirlits.
- Afgreiðslu lána til sjóðfélaga.
- Ávöxtun fjármuna sjóðsins.
- Innheimtu og vörslu verðbréfa sjóðsins.
- ÍSB veitir sjóðfélögum sem þess óska ráðgjöf um lífeyris- og eftirlaunamál.
- Önnur þau verkefni sem framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs ber að annast samkvæmt lögum, samþykktum AL og ákvörðun stjórnar AL.

Starfsmenn hafa alltaf gert grein fyrir og farið yfir öll verðbréfaskipti á stjórnarfundum. Fyrir árið 2009 var starfandi sérstakur ávöxtunarhópur stjórnar sem yfirlit og tók ákvörðun um viðskipti með hærri fjárhæðir.

Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins dags. 15. júní 2004 var sjóðstjóra heimilt að eiga viðskipti með verðbréf í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins að teknu tilliti til eftirfarandi fjárhæðartakmarkana. Viðskipti utan hámarksheimildar skulu skráð í viðskiptabók ásamt undirritun þeirra sem samþykkja þau. Fjárhæðartakmarkanir sem taldar eru upp hér að neðan eru enn í gildi.

Almenni tafla 2

Verðbréfaflokkur	Hámarksheimild í mkr.
Skuldabréf með ríkisábyrgð	100
Skuldabréf banka og sparisjóða	100
Skuldabréf fyrirtækja	50
Skuldabréf sveitarfélaga	50
Önnur skuldabréf	20
Ríkisvixlar skráðir á markaði	200
Bankavixlar skráðir á markaði	200
Aðrir vixlar	20
Hlutabréf skráð á markaði	25
Óskráð verðbréf	5
Hlutdeildarskírteini	150

Heimild: Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti Almenna lífeyrissjóðsins (AL), stjórnar hans og starfsmanna dags. 15. júní 2004.

Allir sem störfuðu við Almenna lífeyrissjóðinn, þ.m.t. framkvæmdastjóri, voru því starfsmenn Glitnis/Íslandsbanka en ekki sjóðsins sjálfs.

Sjálfstæður rekstur frá 1. maí 2009

Við fall Glitnis banka hf. féll rekstrarsamningur lífeyrissjóðsins og bankans úr gildi þar sem bankinn gat ekki efnt samninginn. Stjórn lífeyrissjóðsins tók þá ákvörðun um að hefja sjálfstæðan rekstur. Stjórnin lagði til á sjóðfélagafundi í janúar 2009 að rekstur sjóðsins yrði aðskilinn frá Glitni. Tillagan var samþykkt og hóf sjóðurinn sjálfstæðan rekstur þann 1. maí 2009. Ástæður fyrir þessari ákvörðun voru eftirfarandi:

- Með sjálfstæðum rekstri er stefnt á að styrkja ímynd sjóðsins sem sjálfstæðs lífeyrissjóðs.
- Með sjálfstæðum rekstri tekur sjóðurinn yfir eignastýringu sjóðsins. Tilgangurinn er að auka trúverðugleika og eyða tortryggni vegna tengsla við eignastýringu eins banka.
- Sjóðurinn er orðinn það stór að hann getur starfað sjálfstætt. Starfsmenn sinna þá eingöngu verkefnum fyrir sjóðinn.
- Stjórn sjóðsins telur að tækifæri hans til vaxtar og hagræðingar felist í sjálfstæðum rekstri.

Heimild: Ársskýrslur Almenna lífeyrissjóðsins 2008 og 2009.

Samskipta- og starfsreglur stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins (samþykktar á stjórnarfundum 25. nóv. 2009)

Eftir að Almenni lífeyrissjóðurinn hóf sjálfstæðan rekstur og tók yfir eignastýringu setti stjórn sjóðsins samskipta- og siðareglur sem henni bar að fara eftir. Reglur þessar voru mun ítarlegri en fyrri reglur og ýmis nýmæli komu þar fram. Helstu atriði reglnanna voru þessi:

- Hlutverk stjórnar er að stjórna sjóðnum í samræmi við samþykktir hans.
- Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.
- Stjórnin skal forðast alla hugsanlega hagsmunaárekstra eða annað það sem skerðir eða er í augum annarra talið skerða málefnalegt sjálfstæði stjórnarmanna og óhlutdrægni.
- Stjórn sjóðsins þiggur ekki gjafir eða nýtir sér á nokkurn hátt hvers konar friðindi sem óeðlileg geta talist í augum þeirra sem hagsmuna eiga að gæta vegna starfa stjórnarmanna fyrir sjóðinn eða starfsemi sjóðsins.

- Stjórnin leggur áherslu á að starfsemi sjóðsins einkennist af gegnsæi og að allar upplýsingar séu aðgengilegar og settar fram á skiljanlegan hátt.
- Stjórnin gerir ríkar kröfur til starfsmanna sjóðsins um að þeir sinni störfum sínum af trúnaði, gegnsæi, hlutleysi, fagmennsku og jafnræði en þetta eru lykillugtök í siðareglum starfsmanna Almenna lífeyrissjóðsins.

Annað í reglum laut að skipan, verkviði og málsvari stjórnar, stjórnarfundum og ákvörðunarvaldi, fundargerðum, vanhæfi og meðferð samskipta og siðareglna o.fl.

Starfsreglur framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins

Framkvæmdastjóri hefur ekki haft neina sérstaka starfslýsingu en litið hefur verið svo á að hlutverk framkvæmdastjóra sé skilgreint í lögum og samþykktum lífeyrissjóðsins. Hins vegar er nú verið að vinna að starfslýsingu með formanni og varaformanni stjórnar. Í þeim drögum sem liggja fyrir eru talin upp ákvæði í lögum og samþykktum.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar árlega fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðstjóri skal ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum. Í töflu 3 hér að neðan má sjá fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008. Lífeyrissjóðurinn setur sér síðan ákveðin leyfileg vikmörk fjárfestinga frá settri stefnu.

Taflan sýnir fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins, þ.e. fjárfestingarstefnu ævisafnanna fjögurra og fjárfestingarstefnu tryggingadeildar (Td) og lífeyrisdeildar. *Sjá töflu 3.*

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins tók nokkrum breytingum árið 2009, m.a. vegna efnahagsáfallsins árið 2008. Því hefur sjóðurinn fjölgað ávöxtunarleiðum í séreignardeild. Nýju leiðirnar fjárfesta í innlánnum og ríkisskuldabréfum. Einnig var vægi ríkisskuldabréfa aukið í blönduðum eignasöfn-

Almenni tafla 3

Evisafn	I		II/Td		III		IV		Lífeyrisdeild	
	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk
Fjárfestingarstefna í %										
Skuldabréf:	40%	+25/0	50%	+20/-10	80%	+10/-10	100%		100%	
Innlán, laust fé		+10		+10	5%	+20/-5	15%	+85/-15	10%	+20/-10
Með ríkisábyrgð	10%	+35/-7	20%	+20/-15	30%	+30/-25	10%	+40/-10	15%	+50/-13
Bæjar- og sveitarfélög		+5	2%	+5/-2	2%	+5/-2	0%	+5	5%	+20/-5
Fjármálastofnanir	5%	+40/-5	9%	+15/-7	18%	+10/-10	50%	+0/50	40%	+10/-40
Veðskuldabréf		+10	5%	+10/-5	3%	+20/-3	0%	+20	15%	+20/-10
Önnur skuldabréf	5%	+15/-5	9%	+15/-5	18%	+20/-10	25%	+25/-25	15%	+35/-15
Skuldabréf m.erl. hlutabráv.	20%	+10/-20	5%	+5/-5	5%	+5/-5				
Hlutabréf:	60%	+0/-25	50%	+10/-20	20%	+10/-10	0%		0%	
Innlend hlutabréf	15%	+10/-10	10%	+15/-5	5%	+5/-5				
Erlend hlutabréf	45%	+10/-25	40%	+10/-20	15	+5/-10				

Eignastýringaraðferðir

Virk stýring innlendra hlutabráv.	50-70%	50-70%	50-70%
Hlutlaus stýring innl. hlutabráv.	30-50%	30-50%	30-50%
Virk stýring erlendra hlutabráv.	40-60%	40-60%	40-60%
Hlutlaus stýring erl. hlutabráv.	40-60%	40-60%	40-60%

Heimild: Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008.

um samhliða því að áhættudreifing var aukin með því að lækka hámarksvægi á einstaka útgefendum.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 5.345 mkr. sem skiptust þannig að 4.447 mkr. voru greiddar úr séreignarsjóði og 898 mkr. út úr samtryggingarsjóði. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði hafa hækkað jafnt og þétt í gegnum árin. Árið 2009 hækkuðu þær verulega frá fyrra ári eða um 3.312 mkr. sem var hækking um 291%. Þessi mikla hækking skýrist af tímabundnum útgreiðslum af séreignarreikningum sem heimilaðar voru með lögum nr.13/2009.

Almenni tafla 4

Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	1.954	1.082	780	528	305
Örorkulífeyrir	17	9	11	8	1
Makalífeyrir	26	22	14	9	2
Barnalífeyrir	37	22	15	6	4
Aukagreiðsla séreignarsparnaðar	2.413				
Samtals, verðlag hvers árs	4.447	1.135	820	551	312
Samtals, verðlag 2009	4.447	1.220	1.041	741	449

Á föstu verðlagi ársins 2009 hækka lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar úr 729 mkr. í 898 mkr. og er það 5,3% hækking að meðaltali milli ára.

Almenni tafla 5

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	677	572	503	440	381
Örorkulífeyrir	99	89	83	68	58
Makalífeyrir	112	99	82	69	64
Barnalífeyrir	10	10	9	7	4
Samtals, verðlag hvers árs	898	770	677	584	507
Samtals, verðlag 2009	898	828	860	785	729

Lífeyrisþegum hefur fjölgað mjög mikið á síðustu árum og á það bæði við um séreignarsjóðinn og samtryggingarsjóðinn. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar samtals 1.800 talsins, þar af voru tímabundnar greiðslur vegna opunar á útgreiðslu séreignarsparnaðar til 945 einstaklinga. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Almenni tafla 6

Fjöldi lífeyrisþega	2009	2008	2007	2006	2005
Séreignarsjóður	330	220	220	197	170
Séreignarsjóður, aukagr.	945				
Samtryggingarsjóður	525	451	440	373	95
Samtals	1.800	671	660	570	265

Réttindabreytingar

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar á réttindum hjá hópum/sjóðum innan samtryggingardeilda Almenna lífeyrissjóðsins árið 2005 til og með ársins 2010.

Almenni tafla 7

Réttindabreytingar 2005 - 2010

Ár	Arkitektar	Læknar	Tæknifræðingar	Aðrir
2005	7%		7%	7%
2006	7%	5%	7%	7%
2007	4%	4%	4%	4%
2008				
2009	-10%	-10%	-10%	-10%
2010	-12%	-12%	-12%	-12%

2005

Almenni lífeyrissjóðurinn greiddi sjóðfélögum sem áttu réttindi í samtryggingarsjóði bónus í sér-eignarsjóð sem nam um 7,2% af áfallinni skuldbindingu í samtryggingarsjóði í lok ársins 2004.

2006

Almenni lífeyrissjóðurinn greiddi sjóðfélögum sem áttu réttindi í samtryggingarsjóði bónus í sér-eignarsjóð sem nam um 5% af áfallinni skuldbindingu í samtryggingarsjóði í lok ársins 2005 auk þess að hækka réttindi í samtryggingarsjóði um 2,8% (lífeyris- og tryggingadeild).

Lífeyrissjóður lækna hækkaði réttindi sjóðfélaga um 2,8% (lífeyris- og tryggingadeild) m.v. tryggingafræðilega stöðu í árslok 2005.

Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður lækna sameinuðust í ársbyrjun 2006. Við sameininguna hækkuðu greiðslur til lífeyrisþega um 2% vegna breytts endurmats við stofnun lífeyrisdeildar.

2007

Almenni lífeyrissjóðurinn hækkaði réttindi í lífeyris- og tryggingadeild um 4% m.v. tryggingafræðilega stöðu í árslok 2006.

2009

Almenni lífeyrissjóðurinn lækkaði réttindi í lífeyrisdeild um 10% m.v. tryggingafræðilega stöðu í árslok 2008.

Í lok ársins 2009 voru deildir samtryggingarsjóðs sameinaðar og ellilífeyrisréttindi á árunum 2006-2009 endurreiknuð samkvæmt réttindatöflu örorku vegna elli- og örorkuréttinda á hverjum tíma. Við útreikninginn voru ellilífeyrisréttindi hækkuð um 6,8% (2,8% árið 2006 og 4% árið 2007) sem er sama hækkun og lífeyrisþegar fengu árin 2006 og 2007. Jafnframt voru áunnin ellilífeyrisréttindi og tryggingaréttindi lækkuð um 10% til jafns við lækun lífeyrisþega fyrr á árinu.

2010

Almenni lífeyrissjóðurinn lækkaði réttindi um 12% m.v. tryggingafræðilega stöðu í árslok 2009.

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum „Yfirlit um breytingar á lífeyrisréttindum 1998-2010“.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Almenni tafla 8

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	82.804	84.603	84.167	70.048
Skuldbindingar	93.103	88.338	83.200	68.234
Samtals	-10.299	-3.735	967	1.814
% af skuldbindingum	-11,1%	-4,2%	1,2%	2,7%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir samtryggingarsjóðs samanborðið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar fram að árinu 2008. Það ár verður mikil breyting þannig að heildareignir sjóðsins samanborðið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 4,2% árið 2008 og 11,1% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun (allur sjóðurinn)

Erlend verðbréf hafa yfirleitt verið áberandi í verðbréfasafni sjóðsins eða í kringum 25% af eignasafninu hin síðari ár. Hlutdeild verðbréfa með ríkisábyrgð og sjóða með ríkistryggðum skuldabréfum hefur aukist á síðustu árum og var komin í 24,0% árið 2009 en var 17,4% árið 2005. Önnur skuldabréf (að mestu leyti skuldabréf útgefin af fyrirtækjum) hækkuðu úr

7,4% árið 2005 í 17,5% af eignasafninu árið 2008. Innlend hlutabréf og innlendir hlutabréfasjóðir fóru mjög illa og lækkuðu um 87% milli ára. Miklar breytingar urðu á innlendum skuldabréfasjóðum enda urðu miklar afskriftir á sjóðunum. Í árslok 2007 stóðu þeir í 17.340 mkr., í árslok 2008 í 12.288 mkr. og í árslok 2009 stóðu þeir í 4.067 mkr. Skuldabréf banka og sparissjóða fóru úr 9.335 mkr. í árslok 2007 í 3.208 mkr. í árslok 2008 sem var lækkun um 6.127 mkr. Lækkun þessa má eingöngu rekja til afskrifta á skuldabréfum sem sjóðurinn átti á hendur bönkum og sparissjóðum. Lán til sjóðfélaga hafa farið hækkandi á undanförunum árum og voru þau komin í rúm 15,4% af eign sjóðsins í árslok 2008. Farið var að leggja fé inn á bundnar bankainnstæður og voru þær 4.249 mkr. 2008 og 10.086 mkr. árið 2009.

Almenni tafla 9

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	235	225	4.124	4.608	3.620
Erlend hlutabréf	53	100	68	842	665
Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum	10.497	7.942	6.794	7.402	8.774
Innlendir hlutabréfasjóðir	682	969	5.141	6.217	6.840
Innlendir skuldabréfasjóðir	4.067	12.288	17.340	15.517	10.026
Innlendir vognarsjóðir		545	1.158	628	
Erlendir hlutabréfasjóðir	17.500	13.091	20.706	24.830	15.918
Aðrir erlendir verðbréfasjóðir	6.374	7.849	2.440	28	700
Skuldabréf með ríkisábyrgð	11.671	5.768	5.584	2.289	2.316
Skuldabréf banka og sparissjóða	3.221	3.208	9.335	6.416	5.137
Önnur skuldabréf	13.854	14.676	9.673	8.560	4.724
Lán til sjóðfélaga	14.106	12.896	9.331	5.203	3.889
Bundnar bankainnstæður	10.086	4.249	1	7	1.209
Aðrar fjárfestingar	38	3	3	3	3
Samtals	92.384	83.809	91.698	82.550	63.821

Hér fyrir neðan er yfirlit sem sýnir ávöxtun hvers verðbréfaflokks fyrir sig. Eins og við var að búast er ávöxtunin lókust á innlendum hlutabréfum, innlendum hlutabréfasjóðum, skuldabréfum banka og sparissjóða, innlendum skuldabréfasjóðum og öðrum skuldabréfum (fyrirtækjabréf). Erlend hlutabréf eru með neikvæða ávöxtun árin 2007 og 2008 en sjóðurinn nær að vinna það upp á árinu 2009.

Almenni tafla 10

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	-25,4%	-90,3%	-5,3%	14,5%	56,3%
Erlend hlutabréf	-	-	-	-	-
Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum	7,3%	14,0%	-3,0%	1,4%	-1,6%
Innlendir hlutabréfasjóðir	-12,3%	-91,0%	-4,0%	10,4%	57,7%
Innlendir skuldabréfasjóðir	-41,7%	-25,3%	2,7%	2,0%	1,9%
Innlendir vognarsjóðir	-	8,6%	4,0%	4,4%	-
Erlendir hlutabréfasjóðir	21,2%	-4,4%	-7,7%	29,9%	7,4%
Aðrir erlendir verðbréfasjóðir	-29,2%	66,1%	-14,8%	2,3%	0,2%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	6,5%	14,2%	-3,2%	0,9%	-1,4%
Skuldabréf banka og sparissjóða	-46,2%	-71,6%	2,7%	2,2%	4,4%
Önnur skuldabréf	-17,1%	-22,8%	4,3%	3,7%	5,2%
Lán til sjóðfélaga	4,8%	4,8%	4,6%	4,4%	4,4%
Bundnar bankainnstæður	9,6%	1,2%	8,1%	5,0%	5,0%
Samtals (raunáv. samtryggingarsjóðs)	0,0%	-26,7%	-1,5%	13,4%	11,5%

Heimild: Ársreikningar Almenna lífeyrissjóðsins og gögn frá sjóðnum dags. 8.4.2011.

Raunávöxtun - séreignarsjóðir

Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan er hrein raunávöxtun allra ævisafnanna jákvæð árin 2005 og 2006. Árið 2007 bregður hins vegar svo við að Ævisöfn I og II sýna neikvæða ávöxtun en Ævisafn III er með jákvæða 0,2% raunávöxtun og Ævisafn IV er með jákvæða 6,5% raunávöxtun. Árið 2008 verður kollsteypa í ávöxtun allra ævisafnanna. Þannig er hrein raunávöxtun ævisafns I -34,9%, ævisafns II -26,2%, ævisafns III -26,5% og ævisafns IV -17,3%.

Ævisöfnin ná síðan aðeins að laga stöðu sína árið 2009 en meðalávöxtun síðustu fimm árin er í öllum tilvikum áfram neikvæð.

Almenni tafla 11

Hrein raunávöxtun séreignarsjóða	2009	2008	2007	2006	2005
Ævisafn I					
Hrein raunávöxtun	5,5%	-34,9%	-4,2%	13,9%	11,6%
Fimm ára meðalávöxtun	-3,5%	-3,6%	7,5%	5,9%	2,7%
Ævisafn II					
Hrein raunávöxtun	0,6%	-26,2%	-4,0%	12,6%	9,7%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,5%	-1,0%	7,9%	7,2%	4,7%
Ævisafn III					
Hrein raunávöxtun	-13,8%	-26,5%	0,2%	6,4%	6,0%
Fimm ára meðalávöxtun	-6,5%	-2,2%	6,0%	6,4%	5,7%
Ævisafn IV					
Hrein raunávöxtun	-7,6%	-17,3%	6,5%	4,9%	4,7%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,2%	0,5%	5,6%		
Meðalávöxtun frá 2002				5,2%	5,3%
Innlánasafn (stofnað 2008)					
Hrein raunávöxtun	6,0%				

Öll skuldabréf Almenna lífeyrissjóðsins nema veðskuldabréf eru gerð upp á markaðskröfu en ekki kaupkröfu eins og algengast er. Sveiflur í ávöxtun skuldabréfa geta því orðið miklar þegar vextir á markaði breytast.

Raunávöxtun - samtryggingarsjóður

Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar árið 2009, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 0,0%. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 26,7% og skýrist það einkum af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands. Hrein raunávöxtun 2007 var neikvæð um 1,5%. Hins vegar var hrein raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 13,4% og 11,5%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 1,8% en síðustu 10 árin er meðalraunávöxtun jákvæð um 0,2%.

Almenni tafla 12

Hrein raunávöxtun samtryggingarsjóðs	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	0,0%	-26,7%	-1,5%	13,4%	11,5%
Fimm ára meðalávöxtun	-1,8%	0,3%	9,4%	8,7%	5,5%
Tíu ára meðalávöxtun	0,2%	1,7%	5,8%	6,7%	6,6%

Öll skuldabréf Almenna lífeyrissjóðsins nema veðskuldabréf eru gerð upp á markaðskröfu en ekki kaupkröfu eins og algengast er. Sveiflur í ávöxtun skuldabréfa geta því orðið miklar þegar vextir á markaði breytast.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 voru sjóðfélagar í Almenna lífeyrissjóðnum 31.700 talsins og hafði fjölgað um 1.329 frá árinu áður eða um 4%. Heildariðgjöld til sjóðsins námu 7.144 mkr. sem var lækkun um 11,6% frá árinu 2008. Í árslok 2009 voru heildareignir sjóðsins 91.418 mkr. og höfðu þær aukist um 9,3% á árinu. Eignir séreignarsjóðs voru 51.721 mkr. og eignir samtryggingarsjóðs 39.697 mkr. Hér á eftir verður sýnt yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005–2009 fyrir séreignarsjóðinn annars vegar og samtryggingarsjóðinn hins vegar.

Séreignarsjóður

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 fyrir séreignarsjóð kemur í ljós að árið 2007 fór að halla undan fæti hvað varðar afkomu sjóðsins. Þannig fór hækkun á hreinni eign úr 15.989 mkr. árið 2006 í 7.318 mkr. árið 2007. Þess skal getið að ávöxtun séreignarsjóðanna árið 2006 hafði verið gríðarlega góð, sérstaklega í Ævisafni I og II sem eru stærstu söfnin í séreignarsjóðunum. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu

lífeyris um 5.528 mkr. Síðan varð viðsnúningur árið 2009 en þá hækkaði hrein eign sjóðsins um 4.092 mkr. Hér þarf jafnframt að hafa í huga að árið 2009 greiddi sjóðurinn 2.413 mkr. til sjóðfélaga vegna tímabundinna útgreiðslna af séreignarreikningum sem heimilaðar voru með lögum nr.13/2009.

Lífeyrissjóður lækna og Almenni lífeyrissjóðurinn sameinuðust í ársbyrjun 2006. Við sameininguna var læknum boðið að flytja 20% af ellilífeyrisréttindum í séreignarsjóð og völdu margir það. Vegna þessa voru 1.328 m.kr. fluttar úr samtryggingarsjóði yfir í séreignarsjóð.

Almenni tafla 13

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Séreignarsjóðir	2009	2008	2007	2006	2005
Löggjöld	4.347	4.983	5.546	5.019	3.187
Lífeyrir	-4.447	-1.135	-821	-551	-312
Fjárfestingartekjur	4.355	-8.879	1.126	7.511	4.117
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-66	-59	-40	-38	-31
Rekstrarkostnaður	-97	-52	-49	-49	-45
Rekstrargjöld	-163	-111	-89	-87	-76
Aðrar tekjur	0	0	0	0	407
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	4.092	-5.142	5.762	11.892	7.323
Hrein eign frá Lífeyrissjóði lækna				1.328	
Hrein eign frá fyrra ári	47.629	52.771	47.009	33.789	26.466
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	51.721	47.629	52.771	47.009	33.789
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	4.092	-5.528	7.318	15.989	10.530
Hrein eign frá fyrra ári	47.629	56.734	59.704	47.214	38.056
Hrein eign til greiðslu lífeyris	51.721	51.206	67.022	63.203	48.586

1) Almenni lífeyrissjóðurinn sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6 Þóknaratekjur fjármálafyrirtækja.

Samtryggingarsjóður

Lífeyrissjóður lækna, samtryggingarsjóður, sameinaðist Almenna lífeyrissjóðnum í ársbyrjun 2006. Hrein eign lífeyrissjóðs lækna sem flutt var yfir til Almenna lífeyrissjóðsins árið 2006 var að fjárhæð 20.847 mkr. og er sú fjárhæð sýnd sérstaklega. Við samanburð á breytingum á hreinni eign milli ára er því eingöngu litið á árin 2006-2009. Á föstu verðlagi ársins 2009 jókst hrein eign til greiðslu lífeyris milli árána 2006 og 2007 um 1.945 mkr. eða 4,0%. Árið 2008 lækkaði hrein eign sjóðsins frá árinu 2007 um 11.925 mkr. eða 23,5%. Hrein eign í árslok 2009

hafði hækkað örlítið og var orðin 39.697 mkr. sem var hækking um 961 mkr. eða 2,5% frá árinu 2008.

Almenni tafla 14

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Samtryggingarsjóður	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	2.810	3.097	2.853	2.397	1.286
Iðgjöld flutt milli deilda	-13		-29		
Lífeyrir	-898	-770	-677	-584	-44
Fjárfestingartekjur	1.888	-6.106	1.571	5.201	985
Fjárfestingargjöld	-49	-41	-28	-28	-8
Rekstrarkostnaður	-71	-39	-35	-39	-13
Rekstrargjöld	-120	-80	-63	-67	-21
Aðrar tekjur	0	0	0	0	-407
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	3.667	-3.859	3.655	6.947	1.799
Hrein eign frá fyrra ári	36.030	39.889	36.234	8.440	6.641
Hrein eign frá Lífeyrissjóði lækna				20.847	
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	39.697	36.030	39.889	36.234	8.440
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	3.667	-4.149	4.642	9.340	2.587
Hrein eign frá fyrra ári	36.030	42.885	46.019	39.376	9.549
Hrein eign til greiðslu lífeyris	39.697	38.736	50.661	48.716	12.136

6.1.2 Tap Almenna lífeyrissjóðsins 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa sjóðnum góðri ávöxtun í gegnum árin. Þar er átt við eignir eins og bankainnstæður, veðskuldabréf sjóðfélaga, verðbréf með ábyrgð ríkisins og erlend verðbréf. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eda niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa og skuldabréfasjóða, útstandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur að mestu í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum hlutabréfasjóðum
- Innlendum skuldabréfasjóðum

Almenni tafla 15

Yfirlit yfir tap Almenna lífeyrissjóðsins af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja og skuldabréfasjóðum, innlendum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	291	64	8.750	9.105
Skuldabréf fyrirtækja	383	2.149	3.465	5.997
Innlend hlutabréf		124	3.848	3.972
Innlendir hlutabréfasjóðir		372	5.668	6.040
Innlendir skuldabréfasjóðir		1.906	2.907	4.813
	674	4.615	24.638	29.927
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		-269		-269
Samtals tap í mkr.	674	4.346	24.638	29.658

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.4.2011 og 8.12.2011.

Nánast allir lífeyrissjóðirnir með óuppgerða gjaldmiðlavarnarsamninga reikna samningana m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig nema Almenni lífeyrissjóðurinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Úttektarnefndin fór þess því á leit við Almenna lífeyrissjóðinn að sjóðurinn sendi nefndinni gjaldmiðlavarnarsamningana reiknaða út m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig sem er í samræmi við sameiginlegt tilboð lífeyrissjóðanna til bankanna um uppgjör á samningunum.

Áætlað tap Almenna lífeyrissjóðsins árin 2008–2010, er 29.658 mkr. Í ársreikningum sjóðsins eru gjaldmiðlavarnarsamningarnir hins vegar gerðir upp miðað við gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Það þýðir m.ö.o. að ársreikningur sjóðsins sýnir verstu mögulegu stöðu á samningunum gagnvart bönkunum. Samkvæmt því yrði tap sjóðsins 33.224 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign Almenna lífeyrissjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 9.335 mkr. Skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum var komin niður í 3.208 mkr. í árslok 2008 og 3.221 mkr. í árslok 2009. Miklar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparissjóða árið 2008 eða samtals 8.750 mkr. Árið 2009 voru afskrifuð skuldabréf að fjárhæð 64 mkr. og árið 2010 voru afskriftir 291 mkr. Samtals eru þetta afskriftir að fjárhæð 9.105 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá Glitni 3.355 mkr. (Árið 2008 voru 4.498 mkr. afskrifaðar hjá Glitni. Síðan voru 1.143 mkr. bakfærðar árið 2009 en þá fjárhæð hyggst Almenni nýta til skuldajöfnunar við Glitni upp í óuppgerða gjaldmiðlavarnarsamninga). Þá var 2.081 mkr. afskrifuð hjá Lands-

banka Íslands, 1.756 mkr. hjá Kaupþingi, 716 mkr. hjá Byr sparisjóði og 627 mkr. hjá Straumi Burðarás. Afskriftir hjá öðrum bönkum og sparisjóðum námu samtals 570 mkr.

Glitnir hf. – skuldabréfaútboð í mars 2008

Í mars 2008 efndi Glitnir banki til skuldabréfaútboðs, samtals að fjárhæð 15.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leyttinu sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalds. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði skuldabréfanna hins vegar breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skilmálum skuldabréfsins. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði það greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. Almenni lífeyrissjóðurinn tók þátt í útboðinu og keypti skuldabréf fyrir 1.620 mkr. sem töpuðust að fullu strax við fall bankanna. (Sjá nánar kafla 5.1.9, Glitnir hf., skuldabréfaútboð í mars 2008).

Landsbanki Íslands hf. - lánsþæfistengt skuldabréf (Credit linked notes)

Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, 2. bindi, kafla 7.3.6., bls. 22-25, er gerð almenn grein fyrir útgáfu lánsþæfistengdra skuldabréfa á markaði hér innanlands. Ennfremur er gerð grein fyrir milligöngu Landsbanka Íslands sem kom á viðskiptum með lánsþæfistengt skuldabréf milli viðskiptavina sinna og UBS AG, Jersey Branch.

- Landsbanki Íslands var milliliður og kom á viðskiptum milli viðskiptavina sinna og UBS AG, Jersey Branch.
- Seld var skuldtrygging á Glitni og Kaupþing þegar skuldtryggingarálag var um 750 stig.
- Tveir þættir gátu leitt til innköllunar af hálfu UBS bankans, þ.e. ef skuldtryggingarálag Glitnis og Kaupþings færi upp í ca. 1.300 stig eða gengi EUR færi í 135 ISK.
- UBS AG, Jersey Branch, gaf út skuldabréf að fjárhæð 3.100 mkr. og seldi skuldtryggingu á

Kaupþing og Glitni. UBS var þó ekki skuldari þrátt fyrir að vera útgefandi.

- Skuldabréfið bar reglulega vexti og var tengt þróun skuldtryggingarálags á Kaupþing og Glitni. Fjárfestar (lífeyrissjóðirnir) voru því að veðja á að bankarnir myndu ekki falla.
- Þetta var ekki hefðbundið skuldabréf með skuldaviðurkenningu milli aðila. Skuldabréfið féll þó að skilgreiningu skuldabréfs að því leyti að höfuðstóllinn bar reglulega vexti. Hins vegar var verðgildi bréfsins háð verðþróun undirliggjandi eigna.
- Vextirnir sem fjárfestirinn (lífeyrissjóðirnir) innheimti ársfjórðungslega voru breytilegir eða á ársgrunni 10,7% ofan á REIBOR. Það jafngilti 25,7% vöxtum á útgáfudegi.
- Á þeim tíma sem fjárfest var í skuldabréfinu var skuldtryggingarálag á bankana mjög hátt sem endurspegladi þá mat fjárfesta á möguleikum á gjaldfalli bankanna.
- Áhættan af skuldabréfinu var mjög mikil. Áhættan fólst í undirliggjandi skuldabréfum á Glitni og Kaupþing auk áhættu á útgefandann UBS.

Viðskipti Almenna lífeyrissjóðsins tengd UBS skuldabréfi (lánsþæfistengdu skuldabréfi, CLN):

- Í mars 2008 keypti Almenni lífeyrissjóðurinn með milligöngu Landsbankans lánsþæfistengt skuldabréf útgefið af UBS AG bankanum að fjárhæð 500 mkr.
- Í september 2008 fór verðmæti skuldabréfsins skv. skilmálum þess niður fyrir 50% þar sem bæði skuldtryggingarálagið og gengi evru höfðu hækkað. Almenni lífeyrissjóðurinn stóð þá frammi fyrir tveimur kostum:
 - Skuldabréfið yrði innkallað og innheimtar 275 mkr. Bókfært tap yrði þá um 275 mkr.
 - Bæta við skuldabréfi að fjárhæð rúmlega 790 mkr. og greiða UBS.
- Almenni lífeyrissjóðurinn valdi seinni kostinn. Samtals var því sjóðurinn búinn að fjárfesta fyrir 1.290 mkr. í UBS skuldabréfum.
- Við gjaldþrot bankanna í október 2008 voru skuldabréfin innkölluð.
- Á móti fékk Almenni lífeyrissjóðurinn afhent skuldabréf í Glitni og Kaupþingi, samtals að

fjárhæð 1.431 mkr., en óvíst var hvert yrði endanlegt verðmæti þeirra skuldabréfa.

(Sjá nánar kafla 5.1.9, Landsbanki Íslands hf. – lánshæfistengt skuldabréf í mars 2008).

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparisjóða í eigu Almenna lífeyrissjóðsins árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er afskriftaprósenta hjá hverjum aðila fyrir sig. Taflan á eingöngu við árið 2009.

Almenni tafla 16

Bankar og sparisjóðir, staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
*Glitnir banki hf.	171	-76	247	
*Glitnir - höfuðstólstryggð sk.bréf	356	-1.068	1.424	
Sparisjóðurinn í Keflavík	78	34	44	44%
Sparisjóður Mýrasýslu	16	16	0	100%
Sparisjóðabanki Ísl.hf./Icebank hf.	6	6	0	100%
SPRON hf.	21	21	0	100%
Straumur Burðarás hf.	648	460	188	71%
VBS Fjárfestingarbanki hf.	618	200	0	
Byr sparisjóður	716	470	246	66%
Samtals	2.630	64	2.149	

*Skuldabréf á Glitni bakfærð til skuldajöfnunar vegna uppgjörs á gjaldmiðlavarnarsamningum.

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.12.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Almenna lífeyrissjóðsins árin 2008-2010 á skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparisjóðum.

Almenni tafla 17

Afskriftir hjá bönkum og sparisjóðum vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Glitnir banki hf.		-1.143	4.498	3.355
Landsbanki Íslands hf.			2.081	2.081
Kaupþing banki hf.			1.756	1.756
Byr sparisjóður	246	470		716
Straumur Burðarás hf.		460	167	627
VBS Fjárfestingarbanki hf.		200	48	248
SPRON hf.		21	109	130
Sparisjóðurinn í Keflavík	45	34	41	120
Sparisjóður Mýrasýslu		16	35	51
Sparisjóðabanki Ísl. hf./Icebank hf.		6	15	21
Samtals	291	64	8.750	9.105

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.12.2011.

Skuldabréf fyrirtækja (önnur skuldabréf)

Í árslok 2005 voru eignir Almenna lífeyrissjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum samtals 4.724 mkr. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan mjög hratt. Þannig voru bókfærð fyrirtækjaskuldabréf í árslok 2008 orðin 14.676 mkr., sem var aukning um 9.952 mkr. eða 210% á þremur árum. Verulegar afskriftir áttu sér stað á fyrirtækjaskuldabréfum sjóðsins. Á árinu 2008 námu afskriftir 3.465 mkr. Árið 2009 voru afskriftir 2.149 mkr. og árið 2010 voru 383 mkr. afskrifaðar. Heildar afskriftir af skuldabréfum fyrirtækja árin 2008 – 2010 námu því 5.997 mkr. Mestu afskriftirnar urðu á skuldabréfum útgefnum af Baugi Group hf., samtals 1.507 mkr., Sjóvá 633 mkr., Avion hf./HF Eimskipafélag Íslands 520 mkr., Landic Property hf. 497 mkr. og Samson ehf. 482 mkr. Afskriftir annarra fyrirtækjaskuldabréfa voru samtals 2.358 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu fyrirtækjaskuldabréfa í eigu Almenna lífeyrissjóðsins árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og síðan nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Almenni tafla 18

Skuldabréf fyrirtækja, staða og afskriftir 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Landic Property hf.	124	100	24	81%
Bakkavör hf.	561	360	201	64%
Eik fasteignafélag hf.	308	25	283	8%
Exista hf.	120	89	31	74%
Avion hf./HF Eimskipafélagið	260	260		100%
Atorka hf./Jarðboranir hf.	284	179	105	63%
Kögun hf.	298	298		100%
Latibær ehf.	161	145	16	90%
Milestone ehf.	3	3		100%
Mosaic Fashions hf.	56	56		100%
Nýsir hf.	1	1		100%
Sjóvá hf.	633	633		100%
Samtals	2.809	2.149	659	76%

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.12.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Almenna lífeyrissjóðsins árin 2008 - 2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

Almenni tafla 19

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Baugur Group hf.			1.507	1.507
Sjóvá hf.		633		633
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		260	260	520
Landic Property hf.	24	100	373	497
Samson ehf.			482	482
Exista hf.		89	287	376
Bakkavör hf.		360		360
Kögun hf.		298	57	355
FL Group hf.			231	231
N1 hf./Olíufélagið hf.	215		3	218
Atorka hf./Jarðboranir hf.	35	179		214
Mosaic Fashions hf.		56	131	187
Latibær ehf.	16	145		161
Eik fasteignafélag hf.	93	25		118
* Önnur skuldabréf			113	113
Milestone ehf.		3	10	13
Nýsir hf.		1	11	12
Samtals	383	2.149	3.465	5.997

*Varúðarniðurfærsla á blandaða úrgefendur.

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.12.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Almenni lífeyrissjóðurinn 2.990 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 3.848

Almenni tafla 21

Hlutabréfaeign Almenna lífeyrissjóðsins á markaðsvirði tímabilið 1.1.06 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Glitnir banki hf.	2.716.937	3.550.264	4.163.137	1.777.389	1.396.809	1.246.236	368.206	
Actavis Group hf.	26.693	34.304	48.026					
Bakkavör hf.	24.432	30.000	33.312	569.967	402.387	286.445	207.526	24.260
Kaupþing banki hf.	355.300	400.546	817.057	1.201.706	1.096.557	1.015.229	920.758	
Straumur Burðarás hf.	99.341	84.962	209.058	144.475	112.327	99.505	83.504	18.601
Atorka hf./Jarðboranir hf.	284.416	16.058						
Landsbanki Íslands hf.	73.260	76.734	110.324	102.795	85.711	68.583	60.698	
Kögun hf.	35.997							
Exista hf.		65.907	238.364	113.151	59.583	43.083	34.375	
Marel hf.		46.200	25.410	30.600	27.750	27.150	26.430	23.340
Avion hf./HF Eimskipafélag Íslands		78.677						
Icelandair Group Holding hf.		222.761	225.989	182.347	164.276	108.751	123.207	87.395
Nýherji hf.								70.000
Samtals í þús. kr.	3.616.375	4.606.412	5.870.676	4.122.430	3.345.400	2.894.982	1.824.705	223.596
Óskráð félög								
Plastos umbúðir hf	1	1	1	1	1	1		
Loðnuvinnslan hf	1.234	1.234	1.234	1.234	1.234	1.234	1.234	1.234
Líftækni sjóðurinn MP-Bio hf	2.500							
Samtals í þús. kr.	3.735	1.235	1.235	1.235	1.235	1.235	1.234	1.234
Samtals félög í þús. kr.	3.620.110	4.607.647	5.871.912	4.123.665	3.346.635	2.896.217	1.825.939	224.830

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.4. 2011.

mkr. Hlutfall innlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins var ekki sérlega hátt eða á bilinu 4,5-5,7% af eignum sjóðsins á árunum 2005-2007. Samfara falli hlutabréfanna lækkaði hlutfall þeirra í verðbréfaeign sjóðsins niður í 0,3% árið 2008 og 0,25% árið 2009.

Almenni tafla 20

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjareign í byrjun tímabils	12.576	225	4.124	4.608	3.620
Keypt hlutabréf	2.891	138	240	1.715	799
Seld hlutabréf	3.286	4	290	2.141	851
Hlutafjareign í lok tímabils	9.191	235	225	4.124	4.608
Hagn. / (-tap)	-2.990	-124	-3.848	-58	1.040

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.4. 2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Almenna lífeyrissjóðsins tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. *Sjá töflu 21.*

Þann 1. jan. 2006 átti Almenni lífeyrissjóðurinn hlutabréf samtals að fjárhæð 3.620 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 4.608 mkr. Um mitt ár 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 5.873 mkr. enda var gengi hlutabréfa hæst um þær mundir. Þann 1. jan. 2008 hafði hlutabréfaeign sjóðsins heldur lækkað og var komin

niður í 4.124 mkr. Hlutabréfaeign sjóðsins var áberandi mest í Glitni eða allt að 77% af hlutabréfasafninu í árslok 2006. Þá var eign sjóðsins í Kaupþingi nokkur, einkum frá miðju ári 2007. Hlutabréfaeign í óskráðum félögum var hverfandi og nær eingöngu í einu félagi sem var Loðnuvinnslan hf.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Almenna lífeyrissjóðsins í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Glitni hf.

Í upphafi árs 2006 átti sjóðurinn 157.048 þús. hluti í Glitni að verðmæti 2.717 mkr. Sjóðurinn dró síðan verulega úr nafnverðseign sinni í Glitni á árinu 2007 og seldi hlutabréf með verulegum hagnaði. Eftir sölnu stóð nafnverðið í 80.924 þús. hlutum. Eignarhlutur sjóðsins í Glitni var síðan óbreyttur allt fram á síðasta ársfjórðung 2008 en þá voru keyptir 40.886 þús. hlutir á genginu 4,27. Athygli vekur að á sama tíma og þessi síðustu hlutabréfakaup í Glitni eiga sér stað er sjóðurinn að selja hlutabréf í Kaup-

þingi fyrir nánast sömu upphæð eða 170 mkr. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Glitni ofangreint tímabil hefur numið a.m.k. 1.155 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.05	157.048		17,30	2.717
31.12.06	152.372	-4.676	23,30	-109
30.06.07	143.804	-8.568	28,95	-248
31.12.07	80.974	-62.830	21,95	-1.379
31.03.08	80.974	0	17,25	
30.06.08	80.924	-50	15,40	-1
30.09.08	80.924	0	4,55	
31.12.08	121.810	40.886	4,27	175
Samtals		-35.238		1.155
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.155
Staða 31.12.08	121.810			
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.155

Kaupþing

Í upphafi árs 2006 átti Almenni lífeyrissjóðurinn 476 þús. hluti að nafnverði 355 mkr. í Kaupþingi. Á árinu 2007 bætti sjóðurinn við sig 890 þús. hlutum að verðmæti 844 mkr. Hlutabréfaeign sjóðsins var síðan nær óbreytt árið 2008. Rétt fyrir fall Kaupþings seldi sjóðurinn 250 þús. hluti á genginu 678 og var andvirði hlutabréfanna samtals 170 mkr. Við fall Kaupþings tapaðist öll fjárfesting ársins 2007 ásamt annarri eign sjóðsins í Kaupþingi, samtals að fjárhæð 1.003 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.05	476		746	355
31.12.06	476	0	841	
30.06.07	726	250	1.125	281
31.12.07	1.366	640	880	563
31.03.08	1.366	0	803	
30.06.08	1.331	-35	763	-27
30.09.08	1.331	0	692	
31.12.08	1.081	-250	678	-170
Samtals		605		1.003
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.003
Staða 31.12.08	1.081			
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.003

Bakkavör hf.

Í upphafi árs 2006 átti Almenni lífeyrissjóðurinn 480 þús. hluti í Bakkavör hf. að verðmæti 24 mkr. Á seinni helmingi ársins 2007 keypti sjóðurinn 9.263 þús. hluti og var kaupverð þeirra a.m.k. 542 mkr. Upp úr miðju ári 2007 fór gengi hlutabréfa í Bakkavör að falla en sjóðurinn hélt sínum hlut óbreyttum þrátt fyrir augljóst verðfall. Í lok ársins 2008 var

gengi bréfa í Bakkavör einungis 2,49 samanborið við 69,40 um mitt ár 2007. Í árslok 2008 hafði nánast öll fjárfesting Almenna lífeyrissjóðsins í Bakkavör hf. tapast.

Dags.	Nafn. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	480		50,90	24
31.12.06	480	0	62,50	
30.06.07	480	0	69,40	
31.12.07	9.743	9.263	58,50	542
31.03.08	9.743	0	41,30	
30.06.08	9.743	0	29,40	
30.09.08	9.743	0	21,30	
31.12.08	9.743	0	2,49	
Samtals		9.263		566
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				566
Staða 31.12.08	9.743		2,49	-24
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				542

Innlendir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Af innlendum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum fjárfesti Almenni lífeyrissjóðurinn eingöngu í sjóðum Glitnis. Helsti munurinn á þessum sjóðum er að fjárfestingarsjóðir hafa mun rýmri fjárfestingarheimildir en verðbréfasjóðir. Það lýtur einkum að því að fjárfestingarsjóður getur fjárfest í meira mæli í óskráðum verðbréfum og ekki er krafist jafnmikillar áhættudreifingar. Þá er heimilt að markaðssetja verðbréfasjóði á Evrópska efnahagssvæðinu en fjárfestingarsjóði er einungis heimilt að markaðssetja hér innanlands. Þá er annar mjög veigamikill munur á þessum sjóðum sem er að hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru ætíð innleysanleg að kröfu eigenda. Aftur á móti gera lög ekki ráð fyrir því að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða séu alltaf innleysanleg að kröfu eigenda. Ástæðan er m.a. sú að fjárfestingarstefna fjárfestingarsjóða getur verið áhættusamari en verðbréfasjóða þar sem kröfur um áhættudreifingu eru minni og fjárfestingarsjóðir geta átt meira af óskráðum verðbréfum sem eru ekki eins auðseljanleg og skráð verðbréf.

Heimild: Skýrsla RNA, 4. bindi, kafli 14.2, Yfirlit um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir Glitnis eru afar mikilvægir þegar farið er yfir fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins. Á bilinu 33-35% af hreinni eign Almenna lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris voru ávöxtuð í sjóðunum. Því þarf ekki að hafa mörg orð

um það að afkoma Glitnissjóða skipti Almenna lífeyrissjóðinn miklu máli. Hér að neðan verður stuttlega gerð grein fyrir þeim verðbréfasjóðum þar sem tap Almenna lífeyrissjóðsins varð mest. Farið er yfir eignasamsetningu sjóðanna og nokkrir stærstu útgefendur taldir upp.

Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa. – fjárfestingarsjóður.

Næstmesta tap Almenna lífeyrissjóðsins í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Glitnis var í Sjóði 10 – úrval innlendra hlutabréfa. Tapið varð samtals að fjárhæð 3.292 mkr. Eignasamsetning sjóðsins var verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Eignir Sjóðs 10 voru því eingöngu innlend hlutabréf og voru stærstu útgefendur þeirra sem hér segir:

Almenni tafla 22

Sjóður 10 - Úrval innlendra hlutabréfa	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgefendur	mkr.	%
Innlend hlutabréf	100,0	Kaupping banki hf.	2.520	34,8%
		Landsbanki Íslands hf.	1.198	16,5%
		Glitnir banki hf.	980	13,5%
		Straumur-Burðarás hf.	787	10,9%
		Bakkavör hf.	637	8,8%
		FL Group hf.	311	4,3%
		Aðrir	806	11,2%
		Samtals	7.239	100,0%

Sjóður 6 – aðallistinn. – verðbréfasjóður.

Þá tapaði Almenni lífeyrissjóðurinn 2.223 mkr. á Sjóði 6 – aðallistinn. Eignir Sjóðs 6 voru eingöngu innlend hlutabréf. Stærstu útgefendur þeirra voru sem hér segir:

Almenni tafla 23

Sjóður 6 - Aðallistinn	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgefendur	mkr.	%
Innlend hlutabréf	98,0	Kaupping banki hf.	1.296	26,0%
Laust fé	2,0	Landsbanki Íslands hf.	764	15,4%
		Glitnir banki hf.	643	12,9%
		Exista hf.	437	8,8%
		Straumur-Burðarás hf.	308	6,2%
		FL Group hf.	294	5,9%
		Bakkavör hf.	255	5,1%
		Aðrir	978	19,7%
		Samtals	4.975	100,0%

Sjóður 1 - skuldabréf. - verðbréfasjóður

Mesta tap Almenna lífeyrissjóðsins í einstökum sjóði var í Sjóði 1 – skuldabréf. Samtals varð tap Almenna 4.195 mkr. í Sjóði 1. Eignasamsetning Sjóðs 1 var sem hér segir:

Almenni tafla 24

Sjóður 1 – skuldabréf	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgjafendur	mkr.	%
Ríkisskuldabréf	14	FL Group hf.	3.561	10,8%
Skuldabréf fyrirtækja	56	Íbúðabréf	2.229	6,8%
Skuldabréf fjármálastofnana	21	Bakkavör Group hf.	1.913	5,8%
Önnur skuldabréf	5	Landic Property hf.	1.654	5,0%
Laust fé	3	Glitnir Banki hf.	1.288	3,9%
		Straumur-Burðarás	1.008	3,3%
		Exista hf.	828	2,5%
		Önnur skuldabréf	16.876	51,2%
		Aðrir	3.630	10,7%
		Samtals	32.987	100,0%

Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf. – fjárfestingarsjóður.

Almenni lífeyrissjóðurinn tapaði 604 mkr. á Sjóði 9 - peningamarkaðsbréf. Eignasamsetning Sjóðs 9 í % og stærstu útgjafendur skuldabréfa voru sem hér segir:

Almenni tafla 25

Sjóður 9 - Peningam.bréf	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgjafendur	mkr.	%
Bankabréf	33,0	FL Group hf.	15.056	11,4%
Skráð skuldabr. fyrirtækja	23,0	Glitnir banki hf.	12.483	9,4%
Önnur skuldabréf	5,0	Baugur Group hf.	8.273	6,3%
Laust fé	38,0	Exista hf.	7.014	5,3%
		Milestone ehf.	5.047	3,8%
		Annað	84.341	63,8%
		Samtals	132.214	100,0%

Sjóður 11 – fyrirtækjabréf. – verðbréfasjóður

Almenni lífeyrissjóðurinn tapaði einungis 14 mkr. á Sjóði 11 - fyrirtækjabréf. Eignasamsetning sjóðs 11 í % og stærstu útgjafendur skuldabréfa voru sem hér segir:

Almenni tafla 26

Sjóður 11 - Fyrirtækjabréf	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgjafendur	mkr.	%
Skuldabr. með ríkisábyrgð	22,0	Íbúðabréf	1.144	26,0%
Skuldabr. fyrirtækja	59,0	FL Group hf.	356	15,4%
Skuldabréf banka	10,0	Landsvirkjun	342	12,9%
Önnur skuldabréf	9,0	Baugur Group hf.	281	8,8%
		Icelandair Group hf.	256	6,2%
		Önnur skuldabréf	3180	30,7%
		Samtals	5.559	100,0%

Samtals nam tap Almenna lífeyrissjóðsins í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Glitnis 10.853 mkr. Mest varð tapið árið 2008, samtals 8.575 mkr. og 2.278 mkr. árið 2009. Engin lækkun átti sér stað árið 2010.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum er oft skipt upp í hlutabréfasjóði og skuldabréfasjóði eins og gert er í töflunni hér að neðan.

Almenni tafla 27

Gengislækkun/tap Almenna lífeyrissjóðsins í Glitnissjóðum í mkr.

Hlutabréfasjóðir	2009	2008	Samtals
Sjóður 10	29	3.263	3.292
Sjóður 6	37	2.186	2.223
Glacier Renewable Energ. Fund	306	219	525
Samtals í mkr.	372	5.668	6.040

Skuldabréfasjóðir	2009	2008	Samtals
Sjóður 1	1.764	2.431	4.195
Sjóður 9		604	604
Sjóður 11	142	-128	14
Samtals í mkr.	1.906	2.907	4.813

Samtals Glitnissjóðir í mkr.	2009	2008	Samtals
	2.278	8.575	10.853

Heimildir: Ársreikningar Glitnis sjóða hf. 2006-2008, gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8.4.2011.

Erlend verðbréf

Erlendar eignir sjóðsins eru ýmist í verðbréfasjóðum eða framtakssjóðum. Verðbréfasjóðirnir eru á daglegu gengi sem getur hækkað eða lækkað eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Framtakssjóðirnir eru bókaðir á því virði sem fram kemur í ársfjórðungsskýrslum sjóðanna frá rekstraradilum þeirra. Eins og fram kemur í töflu nr. 10 hér að framan þá eru sveiflur í ávöxtun erlendu sjóðanna milli ára. Sé litið yfir tímabilið 2005-2009 þá er afkoma þeirra jákvæð. Ekki hefur verið talin ástæða til að afskrifa neinar eignir Almenna lífeyrissjóðsins í erlendum verðbréfa- eða framtakssjóðum. Þá hefur sjóðurinn átt nokkur stök skuldabréf á erlenda aðila en þau hafa verið í skilum og því ekki ástæða til að færa þau niður.

Heimild: Tölvupóstur frá Kristjönu Sigurðardóttur, fjárfestingarstjóra Almenna lífeyrissjóðsins, dags. 4. okt. 2011.

Gjaldmiðlavernarsamningar

Almenni tafla 28

Staða gjaldmiðlavernarsamninga 31.12.2009

	Heildar- krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðanna m.v. GVT 175 stig	1.959	305	2.264	-2.533	-269
Krafa bankanna m.v. uppgjörsg. samninganna	4.919	911	5.830	-2.533	3.297
Mismunur á kröfum í mkr.					3.556

Heimild: Gögn frá Almenna lífeyrissjóðnum dags. 8. apríl og 8. júlí 2011, endurskoðunarskýrsla mars 2010.

Í ársreikningi Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009 er skuld sjóðsins við Glitni banka hf. vegna afleiðusamninga skráð 5.830 mkr. og er þá miðað við að samningarnir séu gerðir upp miðað við gengi á gjalddaga einstakra samninga, að viðbættum dráttarvöxtum til ársloka 2009. Á móti neikvæðri stöðu afleiðusamninga koma kröfur Almenna á hendur Glitni. Heildarkröfur Almenna á Glitni nema 5.847 mkr., þar af eru víkjandi kröfur að fjárhæð 3.314 mkr. Það sem eftir stendur, 2.533 mkr., er talið hæft til skuldajöfnunar. Ef samningarnir verða gerðir upp m.v. GVT 175 stig þá skuldar Glitnir Almenna lífeyrissjóðnum 269 mkr. Ef samningarnir verða hins vegar gerðir upp m.v. uppgjörsgengi samninganna þá er skuld Almenna lífeyrissjóðsins við Glitni 3.297 mkr. Nái skuldajöfnunin ekki fram að ganga mun það hafa bein áhrif á afkomu sjóðsins til lækkunar.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur þann hátt á að uppfæra gjaldmiðlavernarsamningana m.v. gengi á uppgjörsgengi samninganna ásamt dráttarvöxtum. Þannig á ársreikningurinn að sýna verstu stöðu samninganna hverju sinni. Aðrir lífeyrissjóðir (að Frjálsa lífeyrissjóðnum undanskildum) gera hins vegar gjaldmiðlavernarsamningana upp m.v. gengisvísitöluna 175 stig (okt. 2008) sem var í gildi þegar bankarnir féllu.

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Glitni banka hf. um uppgjör á útistandandi gjaldmiðlavernarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum byggir á skilgreiningu sem gerð er grein fyrir í kafla 4.2.6, Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum banka, sparissjóða, o.fl., og kafla 5.1.7, Tengdir aðilar. Í kaflanum Tengdir aðilar kemur m.a. fram að

„með tengslum er þá átt við minnst 20% eignarhald eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis. Lífeyrissjóðir falla ekki undir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og því áttu ákvæði um tengda aðila ekki beint við um þá fyrir fall bankanna en stjórnendur þeirra sem fagfjárfestar hefðu átt að vera kunnugir ákvæðum sem giltu um fjármálafyrirtæki og hefðu mátt taka nokkurt mið af þeim við fjárfestingar sínar og varðveislu eignasafna sjóðanna“.

Það er einmitt ofangreint varúðarsjónarmið sem úttektarnefndin telur að lífeyrissjóðirnir hefðu mátt taka meira tillit til þegar keypt voru verðbréf af félagum þar sem augljós eignatengsl voru til staðar.

Aðferðafræði við skilgreiningu tengdra aðila/fyrirtækjahópa er lýst þannig í skýrslu RNA, kafla 8.7.2:

„Aðferðafræðin byggist á eignatengslum og grunn-gögnin eru hlutafjármiðar sem skilað er til ríkisskattstjóra. Eignarhaldsupplýsingarnar sem notaðar eru til þess að skilgreina tengda aðila eru byggðar á einum tímamarki, þ.e. um áramótin 2007-2008.“

Í þessari skýrslu eru sömu félög talin sem tengdir aðilar/fyrirtækjahópur og gert er í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.

Þegar fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins eru skoðaðar er ekki nægilegt að horfa eingöngu á hluta- og skuldabréfaeign sjóðsins í einstökum félögum. Einnig þarf að taka tillit til eignarhlutar Almenna lífeyrissjóðsins í Glitnissjóðum.

Eins og fram hefur komið þá var eignastýringu Almenna lífeyrissjóðsins úthýst til Glitnis banka hf. og var stór hluti af eignum Almenna lífeyrissjóðsins ávaxtaður í verðbréfasjóðum Glitnis. Þannig voru 29.134 mkr. af eignum Almenna lífeyrissjóðsins vistaðar í Glitnissjóðum þann 31.12.2006 en það svaraði til 35,0% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í árslok 2007 voru 29.276 mkr. vistaðar í Glitnissjóðum sem var 31,6% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

Eignarhlutdeild Almenna lífeyrissjóðsins í einstökum verðbréfasjóðum var mjög mismunandi eða allt frá 2% í Sjóði 9 – peningamarkaðsbréf, upp í 56% í Sjóði 6 - aðallistinn.

Eftirfarandi tafla sýnir eign Almenna lífeyrissjóðsins í mkr. og hlutdeild í hverjum sjóði Glitnis þann 31.12.2007 og 31.12.2006.

Almenni tafla 29

	Staða 31.12.2007			Staða 31.12.2006		
	Sjóður samtals	Eign Almenna	Hlutdeild Almenna	Sjóður samtals	Eign Almenna	Hlutdeild Almenna
Sjóður 1 skuldabréf	32.987	12.013	36%	32.004	10.954	34%
Sjóður 5 íslensk ríkisskuldabréf	7.134	279	4%	6.967	290	4%
Sjóður 6 aðallistinn	4.975	2.780	56%	7.146	3.693	52%
Sjóður 7 löng ríkisskuldabréf	18.114	6.514	36%	17.574	7.112	40%
Sjóður 9 peningamarkaðsbréf	132.214	2.433	2%	57.730	1.946	3%
Sjóður 10 Úrval innlendra hlutabréfa	7.239	2.362	33%	5.131	2.523	49%
Sjóður 11 fyrirtækjabréf	5.559	2.895	52%	5.280	2.616	50%
Samtals í mkr.	208.222	29.276	14%	131.832	29.134	22%
Hrein eign Almenna til gr. lífeyris		92.660			83.243	
Hlutfall Glitnissjóða í Almenna		31,6%			35,0%	

Út frá ofangreindri töflu var síðan fundinn út eignarhlutur Almenna lífeyrissjóðsins í hluta- og skuldabréfum í hverju félagi fyrir sig.

Eign Almenna lífeyrissjóðsins í Baugi Group hf. og tengdum félögum nam 12.901 mkr. í árslok 2007 og hafði þá hækkað um 2.089 mkr. frá árinu á undan eða 19,3%. Eign sjóðsins var mest í Glitni eða 7.066 mkr. í árslok 2007 og 7.969 mkr. í árslok 2006. Það vekur athygli að eign Almenna í FL Group hf. jókst á árinu 2007 úr 676 mkr. í ársbyrjun upp í 2.217 mkr. í árslok sem var hækkun um 227,9%. Aukningin í FL Group átti sér eingöngu stað í gegnum verðbréfasjóði Glitnis. Sama má segja um Baug Group hf. Eign Almenna í Baugi Group hf. á árinu 2007 fór úr 601 mkr. í ársbyrjun upp í 1.809 mkr. í árslok sem var aukning um 200%. Aukning Almenna í Baugi Group hf. átti sér stað með beinum skuldabréfakaupum af Baugi en ekki í gegnum verðbréfasjóði Glitnis eins og reyndin var í tilfalli FL Group hf.

Skýringuna á þessari miklu eignaaukningu Almenna lífeyrissjóðsins í FL Group hf. og Baugi Group hf. gæti verið að finna í breyttu eignarhaldi á Glitni á árinu 2007 en í apríl það ár náði FL Group hf. yfirráðum í bankanum.

„Milestone ehf. og tengdir aðilar áttu á milli 16 og 18% hlut í Glitni þegar mest var, í byrjun árs 2007. Á sama tíma var önnur viðskiptablokk, almenningshlutafélagið FL Group, þar sem Baugur var kjölfestufjárfestir, með ítök í bankanum. Eign FL Group í Glitni varð fyrst veruleg í október 2005 þegar félagið keypti hluti í bankanum fyrir 150 milljónir íslenskra króna að nafnvirði. Eignarhlutur félagsins næstum tuttugufaldaðist á átta mánuðum, jókst úr 1,1% í október 2005 í um

20% í júlí 2006. FL Group náði undirtökum í Glitni þegar Milestone seldi megnið af hlutum sínum í bankanum í apríl 2007 með stuttri viðkomu í eignarhaldsfélögum sem tengdust Milestone, Þætti eignarhaldsfélagi ehf. og Þætti International ehf.“

Heimild: Skýrsla RNA 1. bindi, bls. 294.

Fjárfesting Almenna lífeyrissjóðsins í öðrum félögum tengdum Baugi Group hf. var ekki mikil ef undan er skilið félagið Landic Property hf./Fasteignafélagið Stoðir hf. en fjárfesting sjóðsins nam 907 mkr. í félaginu í árslok 2007.

Almenni tafla 30

	Staða 31.12.2007				Staða 31.12.2006			
	Hlutabréf	Skuldabréf	Glitnis sjóðir	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Glitnis sjóðir	Samtals
Glitnir Banki	1.777	3.851	1.438	7.066	3.550	2.658	1.761	7.969
FL Group hf.		182	2.035	2.217		106	570	676
Baugur Group hf.		1.223	586	1.809		150	451	601
Landic Property hf.		195	712	907		166	711	877
Kögun hf.		293	75	368		262	79	341
Eik Fjárfestingarfélag hf.		267		267				
Mosaic Fashion hf.		144	52	196		131	107	238
Teymi hf.			38	38				
BG Capital/Styrkur Inv. ehf.			33	33				
Tryggingamiðstöðin hf.							110	110
Baugur og tengd félög í mkr.	1.777	6.155	4.969	12.901	3.550	3.473	3.789	10.812
Hrein eign til greiðslu lífeyris				92.660				83.243
Hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris				13,9%				13,0%

Fjárfesting Almenna lífeyrissjóðsins í Exista hf. og tengdum félögum nam 5.918 mkr. í árslok 2006 en var komin upp í 7.556 mkr. í árslok 2007 sem var hækkun um 27,7% milli ára. Eign Almenna lífeyris-

sjóðsins í Exista og tengdum félögum jafngilti 8,2% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 2007.

Almenni tafla 31

	Staða 31.12.2007				Staða 31.12.2006			
	Hlutabréf	Skuldabréf	Glitnis sjóðir	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Glitnis sjóðir	Samtals
Kaupþing Banki hf.	1.202	873	1.603	3.678	401	828	2.272	3.501
Bakkavör Group hf.	569	442	1.110	2.121	30	190	1.151	1.371
Exista hf.	113	376	764	1.253	66	126	778	970
Síminn hf. /Skipti hf.			504	504			76	76
Exista og tengd félög í mkr.	1.884	1.691	3.981	7.556	497	1.144	4.277	5.918
Hrein eign til greiðslu lífeyris				92.660				83.243
Hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris				8,2%				7,1%

6.2 Stjórn og starfshættir

Hér verða rædd þrjú mikilvæg atriði sem edlilegt er að spyrja sig frekar um í ljósi þess sem á undan er komið. Þau eru: Verklagsreglur og siðareglur, staða stjórnar lífeyrissjóðsins og tengsl við starfsmenn og tengsl lífeyrissjóðsins við Glitni banka.

6.2.1 Verklagsreglur og siðareglur

Verklagsreglur og samþykktir Almenna lífeyris-sjóðsins eru ítarlegar og ná til þeirra atriða sem þær eiga að ná. Þær eiga sér rætur í samþykktum og verklags-reglum af ýmsu tagi í Glitni banka, áður Íslandsbanka.

Meginmarkmið verklagsreglnanna er að koma í veg fyrir „hagsmunaárekstra í starfsemi bankans og

jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála¹. Í *Reglum Glitnis banka* segir um markmið reglnanna að þær eigi „að koma í veg fyrir að viðskipti bankans fyrir eigin reikning, viðskipti eigenda virkra eignarhluta, stjórnenda, starfsmanna og aðila fjárhagslega tengdum framangreindum aðilum rekist á við hagsmuni viðskiptamanna. Jafnframt er markmið reglnanna að draga úr hættu á að draga megi í efa hlutlægni þeirra, sem reglurnar taka til, við meðferð og afgreiðslu

¹ Verklagsreglur Íslandsbanka, frá 2002.

einstakra mála“.² Í *Verklagsreglum Almenna lífeyrissjóðsins* segir: „Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi AL og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.“³ Ákvæði nákvæmlega eins orðað er í *Verklagsreglum VR1*.⁴

Ástæðan fyrir því að vitnað er til reglna frá Íslandsbanka og Glitni er sú að það má sjá eðlilega samfellu á milli þeirra reglna sem Almenni lífeyrissjóðurinn setur sér og þeirra reglna sem hann bjó við meðan hann var rekinn af bankanum. Markmið bankans og sjóðsins með verklagsreglum eru sameiginleg eins og sjá má. Starfsemi banka og lífeyrissjóða byggist á trausti og til að njóta trausts þarf að ávinna sér það. Það gerist einungis með því að vanda sig í daglegri önn eins og frekast er kostur. Bankar þurfa að sanna sig á degi hverjum til að njóta trausts en lífeyrissjóðir hafa lengri tíma til að ávinna sér traust.

Þau atriði sem tilgreind eru í reglunum sem markmið þeirra eru að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og að draga úr hættu á því að óhlutdrægni þeirra sem taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins og fjárfestingar hans verði dregin í efa. Í reglum bankans er þetta síðara atriði kallað hlutlægni. Það virðist óhætt að orða það svo að ákvarðanir starfsmanna lífeyrissjóðsins (eða bankans) eigi að byggjast á hlutlægu mati í hvert sinn og óhlutdræginn felist í að taka eðlilegt tillit til allra þeirra sjónarmiða og hagsmuna sem varða hvert mál. En hvað er hlutlægt mat? Það er mat sem byggist á rannsókn, öflun eins góðra og ítarlegra gagna og kostur er hverju sinni. Í slíkum gögnum koma fram allar staðreyndir máls og þau viðhorf og sjónarmið sem uppi eru um þær staðreyndir. Mikilvægustu hagsmunir og viðhorf í málefnum lífeyrissjóðs eru hagsmunir og viðhorf sjóðfélaganna. Þeirra hagsmunir eiga að vega þyngst í öllum ákvörðunum. En það er ekki sjálfgefið hvernig best er að skilja hagsmuni sjóðfélaganna.

Það er þess virði að líta á tvö dæmi um hagsmuni sjóðfélaganna og skilning þeirra sjálfra á þeim. Í viðtali við Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóra

kemur fram að sjóðurinn hafi oft fengið á sig gagnrýni fyrir það að eiga of lítið af innlendum hlutabréfum á þeim árum þegar hækkan á innlendum hlutabréfum var hvað hröðust. Mat stjórnenda sjóðsins hafi hins vegar verið að innlendi hlutabréfamarkaðurinn hafi verið „of einsleitur, fyrirtæki á markaði of fá og lítil áhættudreifing“.⁵ Sömu leiðis fékk sjóðurinn á sig gagnrýni frá sjóðfélögum vegna þess að hann beitti ekki gjaldmiðlavörnum fyrir en á árinu 2004. Sjónarmið stjórnenda sjóðsins voru þau að ekki væri þörf á gjaldmiðlavörnum til að verja erlendar eigur hans en á þessum árum, þegar gengi krónunnar styrktist jafnt og þétt, þá skiluðu gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóðunum umtalsverðum tekjum.⁶ Þessi tvö dæmi eru um ólíkan skilning á hagsmunum eigenda sjóðsins: Sumir eigendur hans vildu að sjóðurinn hagnaðist eins mikið og mögulegt væri á sem skemmstum tíma en stjórnendur hans voru þeirrar skoðunar að taka þyrfti tillit til fleiri atriða við mat á hagsmunum, til dæmis áhættu. Núna er alveg ljóst að hagsmunamat lífeyrissjóða verður að taka tillit til fleiri þátta en skammtímahagnaðar í ljósi þess að þeir eru langtímafárfestar, það verður að taka tillit til áhættu af ýmsu tagi, tapsáhættu, stjórnendaáhættu, svo eitthvað sé nefnt. Stjórnendur lífeyrissjóðs geta verið í erfiðri stöðu þegar þá greinir á við sjóðfélagana um hagsmuni þeirra en það er verkefni sem verður að takast á við hvort sem stjórnendunum líkar það betur eða verr. Það er ljóst að það eru langtímahagsmunir sjóðfélaga sem miða verður við.

Verklagsreglur Almenna lífeyrissjóðsins gera þær kröfur til starfsmanna hans að þeir vandi sig við öflun gagna í hverju máli og leitist við að taka tillit til allra eðlilegra sjónarmiða við úrlausn máls, sérstaklega langtímahagsmuna og sjónarmiða sjóðfélaganna. Með þessu verklagi afla þeir sér trausts viðskiptavina sem er nauðsynlegt fyrir vöxt og viðgang sjóðsins.

6.2.2 Siðareglur

Almenni lífeyrissjóðurinn setti sér siðareglur í nóvember 2009.⁷ Þær reglur tengjast siðareglum Íslandsbankasveitarinnar, eins og þær voru nefndar, frá 2004.⁸

² Reglur Glitnis banka um eigin viðskipti, aðskilnað starfssviða og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga og gjaldyri, september 2007.

³ Verklagsreglur Almenna lífeyrissjóðsins, júní 2004.

⁴ Verklagsreglur VR1, mars 2010.

⁵ Viðtal við Gunnar Baldvinsson 20.6. 2011, bls. 4.

⁶ Sama, bls. 9.

⁷ Siðareglur starfsmanna Almenna lífeyrissjóðsins, nóvember 2009.

⁸ Siðareglur Íslandsbankasveitarinnar, júlí 2004.

Siðareglur Íslandsbankasveitarinnar skiptast í fjóra kafla. Sá fyrsti fjallar um meðferð trúnaðarupplýsinga, annar kaflinn um upplýsingagjöf, þriðji um hagsmunaaðreksstra og fjórði kaflinn er um aðbúnað starfsfólks. Í upphafi eru svonefndir hornsteinar sem eru fjögur lykiltríði sem allir starfsmenn eiga alltaf að hafa í huga. Þau eru viðskiptavinurinn í öndvegi, frumkvæði og kraftur, trúnaður og heilindi og árangur. Þessi slagorð eru ekki skýrð neitt nánar en síðan er því lýst yfir að siðareglurnar séu lýsing á því hvernig starfsfólkið vilji haga samskiptum sínum við viðskiptavinum og samstarfsmenn.

Í fyrsta kafla reglnanna er því lýst yfir að trúnaður gildi um trúnaðarupplýsingar, í öðrum kaflanum að starfsmenn kappkosti að gefa réttar, skýrar og áreiðanlegar upplýsingar. Í þriðja kaflanum er hugmyndin úr verklagsreglunum um að forðast hagsmunaaðreksstra útfærð nokkru nánar en í verklagsreglunum og kveðið á um að starfsmenn þiggi ekki gjafir eða boðsferðir af viðskiptavinum, gerist ekki umboðsmenn annarra gagnvart Íslandsbanka, taki ekki þátt í afgreiðslu mála sem varði starfsmenn sjálfa og noti upplýsingatækni af háttvísi. Í fjórða kafla er kveðið á um að starfsmenn sýni hver öðrum tillitssemi, milli þeirra skuli ríkja jafnræði og að reglurnar gildi um alla starfsmenn bankans.

Í siðareglum Almenna lífeyrissjóðsins eru fimm lykilhugtök: Trúnaður, gegnsæi, hlutleysi, fagmennska og jafnræði. Siðareglurnar eru skýringar á þessum fimm lykilhugtökum. Í upphafi er yfirlýsing um að gildismatið sem birtist í reglunum sé leiðarljós starfsmanna og þeir geri sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sem eru eign sjóðfélaga.

Fyrst er vikið að trúnaðinum. Hann er annars vegar skýrður með þagmælsku um vitneskju sem aflað er í starfi. Hins vegar er hann skýrður sem skuldbinding við hagsmuni sjóðfélaga. Næst er lýst inntaki gegnsæisins sem er að allar upplýsingar séu aðgengilegar og skiljanlegar sjóðfélögum og á hverjum tíma séu sjóðfélögum veittar sem bestar upplýsingar um stöðu sjóðsins. Í þriðja lagi er hlutleysið skýrt sem faglegt sjálfstæði og óhlutdrægni og að forðast beri allt sem varpað geti skugga á hlutleysið: Seta í stjórn stofnana eða fyrirtækja og stjórnunarleg tengsl við þau, að þigga gjafir eða fríðindi sem talist gætu

óeðlileg. Í fjórða lagi er fjallað um fagmennsku sem felst í staðgóðri þekkingu á sviðinu og góðri dómgreind. Til að tryggja þekkinguna verður að viðhalda henni reglulega og dómgreindin tryggir varkárni og hófsemi í ákvörðunum og að farið sé eftir lögum og reglum. Síðasta atriðið er jafnræði en allir sjóðfélagar eru jafn réttáir og starfsmönnum ber að virða þá staðreynd í störfum sínum og sýna sjóðfélögum virðingu og sanngirni og sömuleiðis samstarfsmönnum sínum.

Það er engin ástæða til að rekja hvað er líkt með þessum reglum en það er athyglisvert hve knappar og skýrar siðareglur Almenna lífeyrissjóðsins eru. Þær ættu að nýtast starfsmönnum vel þegar þeir þurfa að hugsa um ákvarðanir sínar eða stöðu.

Það er eftirtektarvert að í þessum siðareglum báðum er hvergi minnst á hlutverk lífeyrissjóðs. Þetta almenna hlutverk lífeyrissjóða er orðað svo í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 129/1997: „Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris.“ Í þessari setningu eru saman dregin öll hlutverk sem lífeyrissjóðir gegna. Það má orða það svo að hér birtist frumskuldbinding allra lífeyrissjóða, hverju nafni sem þeir nefnast.⁹ Ástæðan fyrir því að haft er orð á þessu hér er sú að af þessari frumskuldbindingu má leiða flest ef ekki allt sem stendur í siðareglunum og lýsing og greining á hlutverkinu gefur svar við því af hverju þeir hlutir eru tilgreindir í siðareglunum sem þar eru. Það er skynsamlegt að í upphafi siðareglna lífeyrissjóðs séu þau hlutverk sem hann gegnir nefnd.

6.2.3 Stjórn, starfsmenn og sjóðfélagar

Almenni lífeyrissjóðurinn er einn af fáum íslenskum lífeyrissjóðum sem eru þannig upp byggðir að sjóðfélagar kjósa stjórn sjóðsins á ársfundi. Í stjórn sitja sex fulltrúar og eru tveir kosnir á hverjum ársfundi til þriggja ára í senn. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að sitja að hámarki í 12 ár samfleytt í stjórn sjóðsins. Saga sjóðsins er nokkuð flókin og þetta fyrirkomulag er nýlega komið á eins og sjá má framar í kaflanum þar sem fjallað er um stjórn sjóðsins, í hlutanum um Starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins.

⁹ Sjá Sigurð Kristinsson *Siðareglur* (Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, 1989) bls. 22-24 um hugtakið frumskuldbinding.

Eins og áður er vikið að þá er sjóðfélögum heimilt að fara með atkvæði annarra á ársfundi og atkvæði byggist á eign í sjóðnum. Nokkuð hefur borið á að sjóðfélagar safni atkvæðum til að fara með fyrir ársfund. Ársfundir voru ekki sérlega vel sóttir á árunum 2006 til 2008 en eftir hrúnið hafa þeir verið vel sóttir. Þetta lýðræðislega fyrirkomulag virðist ekki hafa komið í veg fyrir það að sjóðurinn tapaði umtalsverðum fjármunum í hruninu eins og aðrir lífeyrissjóðir en eignir hans voru fyrir hrun um 100 milljarðar króna. Sömuleiðis er það dapurlegt að hugmyndinni, sem vinna átti eftir í kaupum á gjaldreyrisvörnum, var ekki fylgt eftir, en hún gekk út á að draga skipulega úr gjaldreyrisvörnum þegar verðgildi krónunnar veiktist á mörkuðum en auka þær þegar krónan styrktist. Hefði þessari hugmynd verið fylgt hefði sjóðurinn tapað mun minna fé á gjaldreyrisvörnum en reyndin varð (Sjá 6.3.4).

Samskipti starfsmanna sjóðsins og stjórnar hafa verið í föstu horfi. Í verklagsreglum er kveðið á um háþörk þeirra upphæða sem starfsmenn geta fjárfest fyrir án þess að fá til þess sérstakt leyfi.¹⁰ Ef fjárfestingar fara fram úr því sem kveðið er á um í þessum reglum skal leita samþykkis stjórnar eða stjórnarformanns og öll slík viðskipti skulu skráð í viðskiptabók með undirritun þeirra sem samþykkja þau.

Ráða má af orðum Gunnars Baldvinssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins, og stjórnarformanna sem rætt var við, að gott samband hafi verið á milli stjórnar og starfsmanna. Þó er ljóst að stjórnin í heild tók ekki ákvarðanir um allar meiriháttar fjárfestingar, hvort sem þær voru í nýjum sjóðum eða fyrirtækjum eða fóru út fyrir heimildir starfsmanna. Það var fremur að stjórnarformaður tæki þátt í slíkum ákvörðunum og þær voru síðan lagðar einu sinni í mánuði fyrir stjórn til samþykktar. Ein undantekning var á þessu en það voru ákvarðanir um fjárfestingu í Íslandsbanka/Glitni, öll stjórnin kom að þeim ákvörðunum fyrirfram. Framkvæmdastjórinn segist aldrei hafa orðið var við neins konar þrýsting á að sjóðurinn fjárfesti í bankanum. Eðlilegt virðist að stjórnin geri kröfu um að vera ávallt með í öllum meiriháttar fjárfestingum fyrirfram, að hún meti gæði þeirrar fjárfestingar sem fyrirhugað er að ráðast í, hvaða skil-

málar eru í þeim skuldabréfum sem sjóðurinn hyggst kaupa og meti þær upplýsingar sem fyrir liggja um þau fyrirtæki sem gefa út skuldabréfin eða sem hlutirnir eru í sem kaupa á. Það er á endanum hún sem ber ábyrgð á fjárfestingarstefnunni og hvernig henni er framfylgt. Það þýðir ekki að stjórnin taki að stýra daglegum rekstri enda liggur fyrir í verklagsreglum hvaða heimildir starfsmenn hafa í honum.

6.2.4 Samband við Íslandsbanka og Glitni

Almenni lífeyrissjóðurinn hóf starfsemi árið 1990. Hann gerði fljótlega rekstrarsamninga við aðra lífeyrissjóði sem reknir voru innan Íslandsbanka, síðar Glitnis, eins og fram kom í inngangi hlutans um Fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins. Margir aðrir sjóðir hafa síðan sameinast Almenna lífeyrissjóðnum og nú er hann opinn öllum en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, lækna, leiðsögumanna, hljómlistarmanna og tækniþræðinga. En það var ekki fyrir en í maí 2009 að sjóðurinn hóf sjálfstæðan rekstur með eigin starfsmönnum. Fram að þeim tíma hafði sjóðurinn haft eigin stjórn þar sem var a.m.k. einn fulltrúi bankans en allir starfsmenn voru starfsmenn Íslandsbanka/Glitnis.

Ástæða er til að hyggja aðeins að svona nánu sambandi banka og lífeyrissjóðs.

Fyrsta spurning sem eðlilegt er að spyrja er sú hvort eitthvað sé athugasvert við það að banki reki lífeyrissjóð með þeim hætti sem átt hefur sér stað með Almenna lífeyrissjóðinn. Hver er þá hættan?

Til að átta sig á henni er ástæða til að hyggja að sambandi fjárfestingar- og verðbréfasjóða íslensku bankanna og bankanna sjálfra. Í skýrslu RNA er fjallað um þetta samband í 4. bindi 14. kafla.¹¹

Í skýrslunni er fjallað um fjárfestingar- og verðbréfasjóði allra stóru bankanna þriggja. Munurinn á þessum tveimur tegundum sjóða er sá að fjárfestingarsjóðir eru áhættusamari af því að þeir hafa rýmri fjárfestingarheimildir og þá má einungis markaðssetja á innanlandsmarkaði. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru alltaf innleysanleg að kröfu eigenda en hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum eru það ekki. Þessir sjóðir eru í eigu rekstrarfélaga

¹⁰ Verklagsreglur Almenna lífeyrissjóðsins, júní 2004, bls. 4. Verklagsregla VR1, mars 2010, bls. 5.

¹¹ Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 4. bindi (Reykjavík: Alþingi, 2010) bls. 135-239.

sem eru sjálfstæð með eigin stjórn þótt banki eigi allt hlutafé í þeim og hagsmunir rekstrarfélagsins þurfa alls ekki alltaf að vera þeir sömu og bankans sem á það. Fjármálaeftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir rekstrarfélög fjárfestingar- og verðbréfasjóða og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Rekstrarfélög stóru bankanna þriggja hétu Glitnir sjóðir, Landsvaki og Rekstrarfélag Kaupþings og verðmæti sjóða þeirra í september 2008 var um 900 milljarðar króna, meira en helmingur landsframleiðslu á Íslandi.

Það er ekki ætlunin hér að greina umsögn RNA um fjárfestingar þessara sjóða, heldur vekja athygli á fáeinum atriðum um tengsl og sjálfstæði rekstrarfélaganna gagnvart bankanum.

„Rekstrarfélög eru sjálfstæð fjármálafyrirtæki. Það hefur mikla þýðingu að þau séu óháð móðurfélögum sínum. Eins og umfjöllunin hér að framan ber með sér var sjálfstæði rekstrarfélaganna gagnvart móðurfélögunum, bönkunum, lítið. Birtist það annars vegar í því að skýrum ákvæðum laga, sem ætlað er að tryggja óhæði og vernda hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa, var ekki fylgt og hins vegar í afstöðu stjórnar og starfsmanna rekstrarfélaganna gagnvart sjálfstæði þeirra. Starfsmenn litu nánast á sig sem starfsmenn bankanna og leitast var við að tengja starfsemi rekstrarfélaganna við móðurfélögin, bankana. Glöggt dæmi um hvernig skorti á að starfsmenn rekstrarfélaganna gættu að sjálfstæði þeirra var þegar framkvæmdastjóri Landsvaka sendi bankastjórum Landsbankans tölvubréf 31. maí 2008 sem innihélt lista yfir stóran hluta eigenda hlutdeildarskírteina. Ekki verður séð að þessar upplýsingar hafi átt neitt erindi til bankastjórnanna enda um að ræða upplýsingar annars fjármálafyrirtækis sem þagnarskylda ríkti um, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002.“¹²

Það er ljóst af þessu að eitt mikilvægasta atriðið til að tryggja hagsmuni þeirra sem eiga eignir í slíkum sjóðum er að þeim sé stjórnað í ljósi þeirra hagsmuna en ekki hagsmuna eigenda rekstrarfélagsins. Það er sérstök ástæða til að benda á þá staðreynd, að þegar Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að framkvæmdastjóri eignastýringar Glitnis banka sæti

í stjórn Glitnis sjóða á þeirri forsendu að það færi í bága við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, þá svaraði Glitnir banki því til, að svo íþyngjandi athugasemd þyrfti að byggjast á ítarlegri rökum en tilvísun til heilbrigðra viðskiptahátta. Af svarinu virðist sem innan bankans hafi lítill skilningur verið á heilbrigðum viðskiptaháttum.

Það er ekki á þetta bent til að efast um orð starfsmanna Almenna lífeyrissjóðsins um að bankinn hafi aldrei beitt sjóðinn neinum þrýstingi, heldur til að vekja athygli á þeirri almennu hættu sem getur skapast þegar banki gætir ekki eðlilegra sjónarmiða við rekstur á sjóði, lífeyrissjóðum sem öðrum sjóðum, sem hann á eða samið er við hann um. Fjármálaeftirlitið hafði gert athugasemdir við nokkra þætti í rekstri Almenna lífeyrissjóðsins þar sem ekki var greint nægilega á milli lífeyrissjóðsins og reksturs bankans. Bankinn fór eftir þessum fyrirmælum án athugasemda. Það virðist hafa verið skilningur á stöðu lífeyrissjóðsins innan Glitnis banka en ekki á stöðu fjárfestingar- og verðbréfasjóða Glitnis sjóða.

¹² Sama, bls. 204.

6.3 Fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins 2006 - 2009. Athugasemdir úttektarnefndar

6.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Almenni lífeyrissjóðurinn VÍB (ALVÍB) var fyrst stofnaður 1. janúar 1990 sem séreignarsjóður. Í kjölfarið voru gerðir rekstrarsamningar við aðra lífeyrissjóði sem reknir voru innan Íslandsbanka (síðar Glitnis). Flestir þeirra sameinuðust síðar í Almenna lífeyrissjóðnum. Árið 1998 breyttist sjóðurinn úr séreignarsjóði í blandaðan sjóð séreignar og sameignar í kjölfar setningar lífeyrissjóðalaganna nr. 129/1997, sem kváðu á um að lífeyrissjóðir yrðu að tryggja lágmarks-tryggingarvernd. Sjóðir sem þannig hafa sameinast undir merkjum Almenna lífeyrissjóðsins eru Lsj. Félag leiðsögumanna, Lsj. FÍH, Lsj. stm. SÍF, Lsj. arkitekta og Lsj. tæknifræðinga og síðast Lsj. lækna, sem sameinaðist sjóðnum í ársbyrjun 2006. Sjóðurinn er opinn fyrir alla en er jafnframt starfsgreinasjóður fyrir þær stéttir sem áður áttu aðild að sjóðunum og sameinuðust undir merkjum hans. Almenni lífeyrissjóðurinn og sjóðir þeir sem sameinuðust í honum höfðu um tuttugu ára skeið rekstrarsamning við Íslandsbanka/Glitni. Þann 1. maí 2009, í kjölfar falls bankanna, hóf sjóðurinn hins vegar sjálfstæðan rekstur og opnaði eigin skrifstofu (Sjá að framan yfirlit um starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins).¹³

Starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins árin fyrir fall bankanna ber glöggvitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitsergerðar þessarar. Hrein eign til greiðslu lífeyris úr séreignarsjóði og samtryggingarsjóði óx framan af úttektartímabilinu. Þegar kom fram á árið 2007 dró verulega úr vextinum. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris (verðlag 2009) bæði hjá séreignar- og samtryggingarsjóði. Árið 2009 verður aftur viðsnúningur hjá báðum deildunum en þá hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris frá fyrra ári (Sjá nánar töflur 13 og 14). Áunnin réttindi sjóðfélaga voru hækkuð

á árunum 2005-2007 en lækkuð 2009 um 10% og aftur 2010 um 12% (tafla 7). Lækkunin var þá orðin meiri síðari árin tvö en hækkanin hafði verið fyrri þrjú árin.

6.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum Almenna lífeyrissjóðsins rætt við Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra sjóðsins, og Kristjönu Sigurðardóttur, fjárfestingastjóra hans, en þau stóðu fyrir rekstri sjóðsins sem starfsmenn Glitnis/Íslandsbanka allt til þess að sjóðurinn hóf sjálfstæðan rekstur 1. maí 2009 og gera einnig eftir það. Einnig var rætt við Sverri Matthíasson, sérfræðing hjá innri endurskoðun bankans, en sú deild sá um innri endurskoðun lífeyrissjóðsins. Þá var rætt við stjórnarmennina Pál Á. Pálsson og Þorkel Bjarnason en þeir skiptust á um að vera formenn sjóðsins 2006–2009. Auk þess ræddu nefndarmenn við Helga F. Arnarson endurskoðanda, sem hafði með höndum ytri endurskoðun sjóðsins þessi árin af hálfu KPMG endurskoðunar hf. Helgi hafði einnig með höndum ytri endurskoðun Íslandsbanka/Glitnis hf. Öll veittu þau góðfúslega þær upplýsingar sem óskað var eftir. Innri endurskoðun var í höndum Innri endurskoðunar Glitnis/Íslandsbanka, svo sem áður var sagt. Má telja það fyrirkomulag samrýmast lífeyrissjóðalögunum meðan rekstur sjóðsins var á hendi bankans. Ágúst Hrafnkelsson var forstöðumaður sviðsins en Sverrir Matthíasson sá um þessa endurskoðun lífeyrissjóðsins. Verður ekki annað séð en hún hafi verið innt af hendi af trúmennsku við sjóðinn. Aðspurður um efni innri endurskoðunarinnar sagði Sverrir að hún hefði verið gerð í samræmi við reglur FME.¹⁴ Í skýrslu dags. 26.02.2008 um starfsárið 2007 segir að athugað hafi verið hvort viðskipti sjóðstjóra umfram heimildir hafi verið skráðar í viðskiptabók í samræmi við ákvæði 9. gr. verklagsreglna um verðbréfavíðskipti (Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti Almenna lsj.). Skoðun á verðbréfavíðskiptum fyrri hluta árs 2007

13 Ennfremur vísast til viðtals úttektarnefndar við Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóra, dags. 20.6.11.

14 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sverri Matthíasson, dags. 1.9.2011.

hafi sýnt 12 viðskipti umfram heimildir og hafi þau ekki verið rituð í viðskiptabók sjóðstjóra þegar þetta var kannað í janúar 2008. Sérstök athugasemd var við þetta gerð og sagt hvernig með skyldi fara. Sverrir sagði nefndinni að tölvuforrit bankans, sem hélt utan um eignasöfn hans, þar á meðal lífeyrissjóðsins, hafi ekki ráðið við að gefa til kynna breytingar á safninu hvern sólarhring. Innri endurskoðun hafi margsinnis nefnt, að til þyrfti að vera eignastýringarkerfi þar sem unnt væri að slá inn fjárfestingarstefnu og sjá dagbundnar hreyfingar og fylgjast þannig með því hvort sjóðurinn væri innan stefnunnar. Gera má ráð fyrir að þessar athugasemdir innri endurskoðunar hafi farið fyrir stjórn en nefndin hefur ekki heimildir fyrir því hvernig með var farið en þessi meðferð sjóðsins er andstæð lögum. Fram kemur í endurskoðunargögnum að leitast var við að lagfæra þetta. Þess skal getið að þegar þetta varð var Kristjana Sigurðardóttir í fæðingarorlofi og sá sem kom í hennar stað mun hættur hjá sjóðnum og farinn utan. Af yfirlitinu um starfsemi sjóðsins þykir mega ráða að þetta hafi bæði getað gerst hjá sjóðnum sjálfum og innan sjóða Glitnis, sbr. síðar.

Almenni lífeyrissjóðurinn var og er nokkuð ólíkur þeim sjóðum sem eiga rót sína að rekja til samninga á almenna vinnumarkaðinum. Á það bæði við um kosningu eða skipun í stjórn svo og rekstur, því bankinn sá um reksturinn og skipaði hluta stjórnar. Eftir 1. maí 2009 er reksturinn hins vegar kominn í líkt horf og hjá almennu vinnumarkaðssjóðunum. Til stjórnar er hins vegar kosið á almennum sjóðfélaga fundi í hvorri deild um sig. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 50.000.000 króna inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005 (samþykktir gr. 8.2). Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund vegna veikinda eða annarra lögmætra forfalla getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið verður að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum og bundið við tiltekinn fund (samþykktir gr. 8.3). Úttektarnefndin hafði vitneskju um að

nokkuð hefur tíðkast að félagsmenn safni umboðum á vinnustöðum fyrir ársfundi og spurði því Pál Á. Pálsson, formann stjórnar sjóðsins, út í þetta. Hann kannaðist við að eitthvað væri um að umboðum væri safnað en taldi að það væri frekar innan stétta sem átt höfðu aðild að sérsjóðum áður en þeir sameinuðust Almenna lífeyrissjóðnum. Þetta væri gert til þess að tryggja áhrif viðkomandi stétta eða starfshópa.¹⁵ Nefndarmenn eru þeirrar skoðunar að heimild samþykka sjóðsins geri ekki ráð fyrir svo víðtækri notkun umboða sem þessi háttur lýsir.

Íslandsbanki/Glitnir sá alfarið um framkvæmdastjórn og daglegan rekstur sjóðsins fyrir 1. maí 2009, síðast samkvæmt samningi um eignastýringu sjóðsins frá 4. janúar 2006, með viðaukum I og II frá sama tíma, þar á meðal um ávöxtun fjármuna sjóðsins, innheimtu og vörslu verðbréfa hans. Bankinn tilnefndi einn af starfsmönnum sínum sem framkvæmdastjóra sjóðsins í skilningi laga, reglugerða og samþykka hans. Gunnar Baldvinsson, núverandi framkvæmdastjóri, var þannig áður yfir lífeyris- og fagfjárfestasviði bankans, en sviðið sá um fjárfestingar fyrir lífeyrisjóði og fleiri fjárfesta og var tengt eignastýringarsviði bankans. Gunnar var þannig einn af sviðstjórum eignastýringar bankans. Kristjana Sigurðardóttir var fjárfestingarstjóri sviðsins. Hún stjórnaði einnig fyrir 2003 einum eða fleirum af verðbréfasjóðum bankans en eftir að Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við það fyrirkomulag starfaði hún eingöngu fyrir lífeyrissviðið. Lífeyris- og fagfjárfestasviðið sá um undirbúning að fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins en stjórn sjóðsins ákvað hana endanlega. Tveir vinnuhópar voru skipaðir af bankanum og sjóðnum, annar sá um ávöxtun en hinn um þjónustu við sjóðfélagi. Í viðauka I í fyrrgreindum samningi voru sérstök ákvæði um þessa hópa og skyldur þeirra. Framkvæmd samningsins átti að vera í samræmi við ákvæði laga um starfsemi lífeyrissjóða og halda átti fundi með stjórn sjóðsins svo oft sem þurfa þótti. Við ávöxtun fjármuna sjóðsins var bankanum heimilt að fjárfesta í innlendum og erlendum verðbréfa- og hlutabréfasjóðum sem bankinn rak og hafði umsjónartekjur af. Önnur verðbréf í eigu sjóðsins voru ávöxtuð í sérstöku verðbréfasafni. Kristjana Sigurðardóttir taldi í samtali við nefndina að í upphafi hefði

¹⁵ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Pál Á. Pálsson, dags. 28.6.11.

sjóðstjórnin að miklu leyti verið í því fölginn að fjárfesta í sjóðum bankans og öðrum sjóðum tengdum honum en með tímanum hefði lífeyrissjóðurinn eflst það mikið, að sjóðir bankans sköpuðu ekki næg fjárfestingartækifæri. Eftir þetta hefði sjóðurinn fjárfest frekar hjá einstökum útgefendum.¹⁶ Sérstaklega var tekið fram í samningnum að bankinn annaðist öll verðbréfaskipti fyrir hönd sjóðsins. Hann skyldi á hverjum tíma kaupa eða selja verðbréf þar sem hagstæðust kjör byðust, bæði hvað varðaði ávöxtun og veltuþóknun. Bankinn taldi sig veita sjóðnum sérstaklega hagstæð kjör.

Kafla var í samningnum um umsjónarþóknun. Í viðauka II var samkomulag um árangurstengd umsjónarlaun til bankans. Bankinn greiddi hins vegar þeim starfsmönnum sínum sem sáu um rekstur sjóðsins laun. Samkvæmt viðtali við Gunnar Baldvinsson fengu hann og aðrir starfsmenn á lífeyrissjóðasviði árangurstengd laun svo sem aðrir starfsmenn á eignastýringarsviði bankans. Þessi árangurstengdu laun námu verulegum fjárhæðum.¹⁷ Stjórn lífeyrissjóðsins mun hafa verið kunnugt um að laun innan bankans væru árangurstengd en ekki nánar hvernig því var háttað.¹⁸

Það er skoðun úttektarnefndar að rétt geti verið að árangurstengja umsjónarlaun fyrir eignastýringu lífeyrissjóða sé það gert á réttan og hæfilegan hátt. Hins vegar hafi árangurstengd laun bankastarfsmanna, þar á meðal þeirra sem tengdust lífeyrissviði Glitnis/Íslandsbanka, verið langt umfram alla skynsemi og hafi ekki getað helgast af raunhæfri þörf á að halda og ná til sín hæfu starfsfólki. Að álitni nefndarinnar þarf að beita árangurstengdum launum í miklu hófi. Almenni lífeyrissjóðurinn tekur við framlögum frá launamönnum og ber að ávaxta þau eins vel og mögulegt er. Launagreiðslur til starfsfólks lífeyrissjóðsins hljóta að taka mið af þeim hópi sem þjónustaður er, fjármálaumhverfinu sem hann starfar í og hlutverki hans sem varfærins langtímafjárfestis. Árangurstenging launa virðist einfaldlega ekki eiga heima hjá starfsfólki lífeyrissjóðs. Það þýðir ekki að

lífeyrissjóðir eigi að greiða lág laun, þeir verða að greiða góð laun til að halda í gott starfsfólk en einungis föst laun (Reglur um kaupaukakerfi fjármála-fyrirtækja 30. júní 2011).

6.3.3 Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins og áhættustýring

Að framan er því lýst hvernig lífeyrissjóðadeild Íslandsbanka/Glitnis fór með eignastýringu sjóðsins samkvæmt samningi frá 4. janúar 2006. Eignastýringin átti að fara að samþykktum lífeyrissjóðsins og fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins ákvað eftir undirbúning lífeyrisdeildar bankans. Sérstakur vinnuhópur var skipaður af hálfu aðila samningsins um ávöxtun og kostnað. Helgi F. Arnarson sem sá um ytri endurskoðun sjóðsins taldi í viðtali við nefndarmenn að stýring og eftirlit innan Almenna lífeyrissjóðsins hefði almennt verið í góðu lagi. Ennfremur hafi upplýsingagjöf til stjórnar verið mjög góð og stjórnin verið virk. Aðrir sem ræddu við nefndina um málefni sjóðsins voru á sama máli.¹⁹ Þess ber þó að geta að Helgi var samhliða endurskoðun lífeyrissjóðsins ytri endurskoðandi Íslandsbanka/Glitnis og verðbréfasjóða hans. Má spyrja að því hversu heppilegt það fyrirkomulag var og hvort ekki hefði verið rétt að stjórn lífeyrissjóðsins hlutaðist til um að annar endurskoðandi, sem væri sérstaklega ábyrgur gagnvart henni, héldi utan um endurskoðun sjóðsins. Stjórnin virðist hins vegar hafa treyst á Fjármálaeftirlitið umfram það sem því eftirliti var unnt að sinna á þessum tíma.²⁰

Athygli vekur að fjárfestingarstefna sjóðsins var í sumum tilfellum með verulegum vikmörkum, jafnvel svo að spyrja má hvort mikið hafi verið í hana lagt þar sem dreifing fjárfestinga samkvæmt 36. gr. lífeyrissjóðalaganna gat ráðið hámarkum. Séreignardeild sjóðsins var skipt í fernt og kallað ævisöfn. Í einu ævisafninu var ekkert rúm fyrir vikmörk varðandi fjárfestingu í hlutafélögum þar sem stefnan var sett á hámark leyfilegrar fjárfestingar. Í lífeyrisdeild var sama uppi á teningnum varðandi fjárfestingar í skuldabréfum fjármálastofnana. Sú deild fjárfesti ekki í hlutabréfum (Sjá yfirlit um starfsemi Almenna

16 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristjönu Sigurðardóttur, dags. 20.6.11.

17 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Gunnar Baldvinsson. Sjá ennfremur umfjöllun í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um árangurstengingar og hvatakerfi, 3. bindi, 10.0, bls. 25 o.áfr.

18 Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Pál Á. Pálsson, og Þorkel Bjarnason, dags. 28.6.11.

19 Sbr. m.a. viðtal úttektarnefndarinnar við Helga F. Arnarson, ytri endurskoðanda sjóðsins, dags. 23.6.11.

20 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Þorkel Bjarnason, dags. 28.6.11.

lífeyrissjóðsins, fjárfestingarstefna 2008. Almenni tafla 2).

Að framan er því lýst að innri endurskoðun lífeyrissjóðsins var í höndum innri endurskoðunar Íslandsbanka/Glitnis hf. Í skýrslu 26.02.2008 undir lið 6 um fjárfestingarstefnuna er þess getið að farið hafi verið yfir ársfjórðungsskýrslur til Fjármálaeftirlitsins miðað við 30. september 2007 með tilliti til þess hvort fjárfestingar væru innan ramma fjárfestingarstefnu og lagatakmarkana. Samkvæmt skýrslunum voru svo sem áður segir dæmi um fjárfestingar, sem farið höfðu umfram fjárfestingarstefnu og takmarkanir laga. Skýrsla vegna Ævisafns IV hafi sýnt stöðu í öðrum verðbréfum verulega umfram ákvæði laga, auk umtalsverðra frávíka í bréfum tveggja stærstu útgefendanna sem voru FL Group hf. og Baugur Group hf. Á skortir að um það sé getið í ytri endurskoðun fyrir 2007 hvernig farið var með þessa athugasemd. Þessi athugasemd innri endurskoðunarinnar er þó mjög alvarleg. Að framan er þess getið að sjóðstjóri Kristjana hafi verið í fæðingarorlofi á þeim tíma, sem þetta verður. Sagði hún í viðtali við nefndina að hún hefði ekki orðið þessa vör fyrir en hún kom aftur til starfa fyrri hluta árs 2008. Hún lét þess jafnframt getið að eftir að sjóðstjóri lífeyrissjóðasviðsins lét af störfum sem sjóðstjóri í sjóðum bankans að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins, hefði verið erfiðara að fylgjast með því sem þar var að gerast. Sjóðurinn hefði þó fengið um það skýrslur fjórum sinnum á ári.²¹

Hafi sjóðstjórar verðbréfasjóða bankans ekki gætt laga og reglna um lífeyrissjóðinn í fjárfestingum sínum, virðast fyrirvarsmenn lífeyrissjóðsins illa hafa getað fylgt fjárfestingarstefnu sjóðsins svo sem þeim bar og hafa staðið frammi fyrir orðnum hlut. Hæpið er að bankinn hafi þá verið að uppfylla samningsskyldur sínar gagnvart lífeyrissjóðnum og átt að leiðrétta það sem misfórst gagnvart honum. Nefndin hefur ekki heimildir um hvernig með þetta var farið vegna ársins 2007.

Í skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2008 er eftirfarandi ábending: „Flokkun og sundurliðun verðbréfaeignar í ársfjórðungsskýrslum til Fjármálaeftirlitsins reyndist ábótavant. Á það bæði við um

eign í stökum verðbréfasjóðum sem lífeyrissjóðurinn á og undirliggjandi eignir í verðbréfasjóðum sem lífeyrissjóðurinn á hlutdeildarskírteini í. Vönduð flokkun og sundurliðun eigna er forsenda fyrir því að hægt sé að halda úti virku eftirliti með fylgni við fjárfestingarstefnu og heimildir laga.“ Síðan er minnt á áherslur endurskoðunarskýrslunnar frá því árinu áður og gerðar tillögur til úrbóta. Jafnframt er þar talið að eftirlit með fylgni við fjárfestingarstefnu sé ekki nægilega virkt. Í athugasemdum um viðbrögð stjórnenda er talið að búið sé að bregðast við þessum athugasemdum. Jafnframt er tekið fram að frávik hafi verið í skýrslum til Fjármálaeftirlitsins fyrir Ævisafn II þar sem safnið hafi átt yfir 25% af sjóðnum. Selt hafi því verið úr viðkomandi sjóði. Þá hafi verið frávik í skýrslunum fyrir Ævisafn IV þar sem eign í skuldabréfum á Baug og FL Group hafi verið meiri en 5%. Skuldabréf hafi því verið seld og brugðist við. Önnur söfn hafi ekki verið yfir heimildum. Af þessu að dæma virðist hafa verið brugðist við þessu fyrir fall bankans. Ljóst er hins vegar af athugasemdum innri endurskoðunar og viðbrögðum lífeyris- og fagfjárfestasviðs bankans að talið hafi verið fært að leiðrétta aðgerðir sjóðstjóra verðbréfasjóðanna. Það virðist samt augljóst að sjóðstjórar verðbréfasjóðanna hafa án samþykkis lífeyrissviðsins breytt eignasafni þeirra eftir að komið var fram á árið 2007. Lífeyrissjóðurinn átti þó umtalsvert hlutfall eigna allra sjóðanna nema helst í sjóði 9, sem var stærsti sjóðurinn og sem óx að miklum mun 2007 en þá tók stjórn þess sjóðs einnig að fjárfesta verulega í félögum tengdum eigendum bankans. Hlutdeild Almenna lífeyrissjóðsins dróst saman þótt fjármunir sjóðsins í sjóði 9 ykjast nokkuð (Sjá Glitnir sjóðir, 14.5.2.2 í skýrslu RNA 4.h.,bls. 145 og áfram). Hlutfall Almenna lífeyrissjóðsins í öðrum verðbréfasjóðum bankans var verulegt, svo sem segja má að hafi verið stefnt að í samningi sjóðsins og bankans. Jafnvel í sumum sjóðum alveg að þeim mörkum sem lög heimiluðu. Möguleikar lífeyrissjóðsins til þess að fylgjast með stjórnun verðbréfasjóða bankans höfðu rýrnað og auknar fjárfestingar þeirra í einstökum aðilum tengdum bankanum virðast ekki hafa verið bornar undir lífeyrissjóðasviðið fyrirfram og þeir því staðið frammi fyrir orðnum hlut. Átti sjóðurinn þó eins og áður segir mikinn hlut í sjóðum Glitnis. Það

21 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristjönu Sigurðardóttur sjóðstjóra, dags. 20.6.11.

gæti verið athugunarefni fyrir lífeyrissjóðinn að láta líta betur á þessar fjárfestingar Glitnissjóða með það í huga hvort bankinn hafi bakað sér skaðabótaskyldu með framferði sínu. Spurning er hvort nefnd félög voru gjaldfær þegar þessar fjárfestingar voru gerðar og hvort þau voru ekki of tengd bankanum til þess að fjárfesta hafi mátt í þeim.

Að framan er því lýst að Almenni lífeyrissjóðurinn hefur nú slitið sig frá bankanum enda virðist fyrirkomulag bankans á stýringu lífeyrissjóðsins hafa gengið sér til húðar.

Í almenna hluta skýrslunnar er fjallað um lagaumhverfi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Þar kemur fram að breytingar, sem gerðar voru á lögum um lífeyrissjóði frá gildistöku þeirra, höfðu smám saman gert lagaumhverfið óskýrara og áhættusæknara. Á þessu hefur ekki verið ráðin bót eftir fall bankanna. Telja verður að þessar breytingar hafi stuðlað að því að tap sjóðanna varð almennt meira í hruninu en orðið hefði við óbreytt lagaumhverfi. Gæta verður þó þess við mat á eignasafni lífeyrissjóða að þeir eru langtímafjárfestar og eignasafnið tiltölulega stöðugt. Þetta gerði það að verkum að hlutabréf sem keypt höfðu verið fyrir löngu hækkuðu verulega á veltuárnum fyrir fall bankanna þar sem hlutabréf eru færð á markaðsvirði. Hjá Almenna lífeyrissjóðnum hlaut þetta að hafa áhrif á Ævisöfn séreignarsjóðanna þar sem hlutabréf voru í sumum tilfellum stór hluti eignasafnsins samkvæmt fjárfestingarstefnu. Erfiðlega hlaut að ganga að halda eignasafninu innan fjárfestingarstefnunnar við miklar hækkanir á markaðnum. Við lækkingu markaðarins hlaut hins vegar að ganga mjög á eignasafnið, sérstaklega við fall bankanna og ýmissa eignarhaldsfélaga.

Af viðtölum við sjóðsmenn má ráða að stjórnin hafi treyst á starfsmenn eignarstýringar bankans varðandi skilmála keypra skuldabréfa. Á skorti að í skilmálum væru ákvæði um að breyttust rekstrarforsendur fyrirtækjanna, féllu bréfin í gjalddaga (Sjá 5.1.5 í almenna hluta skýrslunnar). Þá hafi þeir ekki verið nægilega vakandi fyrir hættunni sem stafaði af því að veruleg tengsl voru á milli fyrirtækja á innlendum markaði (Sjá 5.1.7 í almenna hluta skýrslunnar). Stjórnarmenn þeir sem nefndin ræddi við sögðust hafa treyst á starfsmenn bankans um þessi atriði. Þeir hafi þó gert sér grein fyrir því að félögum

hafði fækkað á markaði og að fjárfestar hafi staðið frammi fyrir æ færri fjárfestingarkostum.²² Páll Á. Pálsson, stjórnarformaður sjóðsins, sagði í viðtali við nefndina að Bjarni Ármannsson, fyrrum bankastjóri bankans, hefði komið inn í stjórn lífeyrissjóðsins tímabundið fyrirhluta árs 2008. Hann hefði á stjórnarfundum velt fyrir sér stöðu bankanna og „teoretískt“ hvað gæti gerst. Að sögn Páls var niðurstaða þeirra bollalagginga að erfiðleikar væru framundan í rekstri þeirra en að þeir myndu síðan rétta úr kútnum á nýjan leik. Bjarni hafi ekki lagt til að sjóðurinn breytti um stefnu að einhverju leyti. Hins vegar hafi hann varað við því að fjárfesta í fasteignafélögum eða verkefnum tengdum byggingariðnaði.²³ Starfsmenn eignastýringar bankans voru einnig atvinnumenn á markaði og áttu að hafa alla burði til að fylgjast vel með framvindu mála. Þeir segjast þó ekki hafa gert sér grein fyrir því að hætta væri á að bankinn félli.

6.3.4 Tap Almenna lífeyrissjóðsins

Tap Almenna lífeyrissjóðsins samkvæmt árskýrslum sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 þótt afleiðingarnar kæmu ekki að fullu fram fyrir en á árunum 2009 og 2010. Tapið varð fyrst og fremst af eftirfarandi verðbréfaflokkum: Skuldabréfum um banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, innlendum hlutabréfasjóðum, innlendum skuldabréfasjóðum. Benda verður auk þess á að til þess getur komið að einnig verði að færa niður sjóðfélagalán sem hvíla á yfirveðsettu húsnæði.²⁴ Virðist það hljóta að vera með líkum hætti og hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Ljóst er af viðtölum nefndarinnar við stjórnarmenn Almenna lífeyrissjóðsins að lítil eða engin umræða skapaðist innan stjórnar um stjórnenda- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Töldu stjórnarmenn að það hlyti að vera hlutverk lífeyris- og fagfjárfestasviðs bankans að fylgja fyrirmælum laga og reglugerða þar um. Starfsfólk þessarar deildar bankans virðist heldur ekki hafa gert sér fulla grein fyrir því hvaða hætta stafaði af miklum lánveitingum bankans til margra helstu eigenda hans þegar kom fram á árið 2007, þar á meðal úr sjóðum sem lífeyrissjóðurinn átti í stóran

22 Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Pál Á. Pálsson og Porkel Bjarnason.

23 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Pál Á. Pálsson (bls. 3).

24 Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga 22. desember 2010.

hlut. Ákvæði lífeyrissjóðalaga höfðu að geyma ákvæði um hámark fjárfestinga í einstökum fyrirtækjum og samstæðum þeirra og frá 2002 höfðu lög um fjármálafyrirtæki skilgreint *tengd* fyrirtæki. Lagaákvæði áttu því að vekja þá sem störfuðu á fjárfestingarmarkaði til umhugsunar um þessa hættu og taka tillit til hennar í störfum sínum. Af skýrslum innri endurskoðunar verður hins vegar ekki annað ráðið en að starfsfólk eignastýringardeildar Íslandsbanka/Glitnis hafi ekki verið sér nægjanlega meðvitað um þessa hættu fyrir eignasafn lífeyrissjóðsins. Bættist það við erfiðleika lífeyrissjóðsviðsins að fylgjast með því sem aðrir á eignastýringarsviðinu voru að gera við sjóði sem lífeyrissjóðurinn átti jafnvel að verulegum hluta. Við fall fjármálafyrirtækjanna tapaði sjóðurinn verulegum fjármunum á þessum fyrirtækjum. Í töflu 17 kemur fram yfirlit um afskriftir skuldabréfa banka og sparisjóða og í töflu 19 yfirlit um afskriftir fyrirtækja. Flest fyrirtækjanna eru eignarhaldsfyrirtæki sem á einhvern hátt tengjast aðilum sem fóru með völd í stóru bönkunum, þar á meðal Íslandsbanka/Glitni hf.

Athygli vekur, svo sem áður greinir í almenna hluta skýrslunnar, að mörg skuldabréf, sem gefin voru út af bönkum og sparisjóðum, voru svokölluð víkjandi lán, þ.e. þau víkja fyrir öllum öðrum skuldbindingum en hlutabréfum. Í mars 2008 keypti Almenni lífeyrissjóðurinn svo sem margir aðrir lífeyrissjóðir skuldabréf á Glitni hf., sem ekki áttu að greiðast upp, heldur breytast í hlutabréf í bankanum 2013. Því hefur verið haldið fram af lífeyrissjóðamönnum að jafna megi slíkum kaupum við kaup á hlutabréfum og sama áhætta fylgi hvoru tveggja. Úttektarnefndin gerir athugasemd við þessi kaup. Telur hún þau illa samræmast ákvæðum laga um varfærna fjárfestingu lífeyrissjóða. Erfitt er jafnframt að ákveða hvernig líta beri á slík skuldabréf við mat á fylgni við fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna. Þá er vafasamt að sami eftirmarkaður geti hafa verið fyrir víkjandi skuldabréf og fyrir hlutabréf. Enginn eftirmarkaður mun hafa verið fyrir víkjandi skuldabréf á árinu 2008 og því ekki auðvelt að losa sig við þau, væri þörf á því. Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóri var spurður um þessi kaup. Sagði hann að samþykkt hefði verið að kaupa þessi bréf í útboði að andvirði 1.620 mkr. Þessi ákvörðun hefði verið tekin

af svonefndum ávöxtunarhópi, sem í áttu sæti auk framkvæmdastjóra og sjóðstjóra fulltrúar úr stjórn sjóðsins. Hann hélt því fram að ekkert óeðlilegt hefði verið við kaupin á þessum tíma og engar viðvörunarbjöllur hefðu klingt. Stjórn sjóðsins hefði ákveðið að kaupa meira en starfsmenn lögðu upp með. Ávöxtunarhópnum hefðu verið kynntar upplýsingar sem sýndu fram á sterka fjárhagsstöðu bankans. Hann sjálfur hefði ekki haft aðrar upplýsingar á þessum tíma þótt hann væri starfsmaður bankans.²⁵ Páll Á. Pálsson, fyrrverandi stjórnarformaður sjóðsins, sagði nefndinni að menn hefðu á þessum tíma séð fyrir erfiðleika í rekstri bankans en haft fyrir sér álagspróf frá Fjármálefirtirlitinu sem bankarnir stóðust allir. Töldu stjórnarmenn sjóðsins að versnandi staða bankans væri tímabundin og ekki væri óeðlilegt að nýta sér það. Í dag hefðu menn auðvitað staðið öðruvísi að ákvörðunum.²⁶ Reynslan sýndi að bréfin í Glitni voru meira en lítið áhættusöm og hafa lífeyrissjóðir, sem fjárfestu í þessum bréfum, nú höfðað mál til þess að reyna að firra sig ábyrgð á þessum kaupum. Telja þeir að upplýsingarnar, sem fyrir lágu við kaupin, hafi verið misvísandi. Má það vel vera en það breytir því ekki að sjá mátti fyrir að bréfunum fylgdi mikil áhætta og vafasamt var að þau uppfylltu lagaskilyrði lífeyrissjóðalaga á þann hátt að kaupa mætti þau.

Í framangreindu yfirliti um starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins er getið um lánshæfistengt skuldabréf sem sjóðurinn, eins og fleiri sjóðir, keypti af Landsbanka Íslands hf. 25. mars 2008 fyrir 500 mkr. og bréfinu og örlögum þess lýst. (Sjá nánar kafla 5.1.9. í almenna hluta skýrslunnar). Tap sjóðsins vegna þessa bréfs varð tilfinnanlegt. Af hálfu lífeyrissjóðanna er því haldið fram að upplýsingar Landsbankans varðandi þessi lánshæfistengdu bréf hafi verið misvísandi en starfsmenn bankans hafi gyllt þau mjög fyrir þeim og talið með öllu áhættulaus (Sjá einnig nánar kafla 5.1.9).

Yfirlit um hlutabréfaeign og tap af innlendum hlutabréfum koma fram í töflum 20 og 21. Töflurnar lýsa vel fyrst hækkun hlutafjáreignar til 30. júní 2007 en upp úr því taka hlutabréf að lækka í verði og tapast loks að mestu við fall bankanna. Hlutafjáreign í fjármálafyrirtækjum vó mest um 90% af hlutafjáreign

25 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Gunnar Baldvinsson.

26 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Pál Á. Pálsson.

Almenna lífeyrissjóðsins um mitt ár 2007. Langstærst var eignin í Íslandsbanka/Glitni hf., sem ef til vill má teljast eðlilegt miðað við eignastýringarsamning lífeyrissjóðsins við bankann. Spurning er hins vegar hversu heppilegt það var að eiga svo stóran hlut í bankanum. Við bankahrún var vægi innlendra hlutabréfa af heildareignum sjóðsins um 6%, sem tæpast telst mikið. Það athugast þó að það voru eingöngu séreignarsjóðirnir sem fjárfestu í hlutabréfum og það mismunandi eftir Ævisöfnum. Verður að líta á hvert Ævisafn um sig til að meta hvað var eðlilegt og hvað óeðlilegt í þessu efni, sbr. upphaf 36. gr. lífeyrissjóðalaganna. Þess ber þó að geta að aðilar að séreignarsjóðum gátu valið um hversu mikla áhættu þeir vildu taka. Af viðtölum við fyrirsvarsmenn sjóðsins virðast þeir hafa verið sér nokkuð meðvitaðir um þá sérstöku tapsáhættu sem fylgdi innlendum hlutabréfum þar sem markaðurinn var einsleitur. Þeir fylgdust líka eðlilega með því síðari hluta árs 2007 að hlutabréfavisitalan tók að falla. Einsleitni íslenska markaðarins mun hafa verið ástæðan fyrir því að lífeyrisdeildin fjárfesti ekki í innlendum hlutabréfum. Hins vegar segir Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóri að sjóðstjórnin hafi legið undir þó nokkru ámæli fyrir að vera með lágt vægi innlendra hlutabréfa í fjárfestingarstefnu sinni. Þetta hafi leitt til þess að vikmörk varðandi vægi innlendra hlutabréfa hafi verið aukin og sjóðurinn nýtt sér það á árunum 2006 og 2007.²⁷

Í almenna hluta skýrslunnar 5.1.4 er gerð grein fyrir afstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis til gjaldmiðlavarna og þeirra gagna sem úttektarnefndin hefur aflað sér. Rannsóknarnefndin var verulega gagnrýnin á gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóða yfirleitt þar sem þeirra fjárfestingar væru til langs tíma. Hafði nefndin aflað sér álits erlends sérfræðings sem taldi enga þörf á gjaldmiðlavörnum.²⁸ Lífeyrissjóðirnir hafa haldið fram öðrum skoðunum og bent á að erlendir lífeyrissjóðir hagi gjaldmiðlavörnum sínum með líkum hætti og þeir gerðu. Halda þeir því fram að þeim sé nauðsynlegt að jafna þær sveiflur sem íslenska krónan valdi erlendu eignasafni þeirra. Benda þeir jafnframt á að árleg tryggingafræðileg úttekt hljóti að hafa áhrif á hvernig þessum vörnum sé hagað af þeim. Úttektarnefndin bendir á að heimild lífeyrissjóða til að fjár-

festa í gjaldmiðlavörnum er bundin því skilyrði að varnirnar séu eingöngu gerðar í varnaðarskyni.

Almenni lsj. var með gjaldmiðlavarnir á erlendar eignir að hluta þegar bankahrúnið reið yfir líkt og margir aðrir lífeyrissjóðir. Í skýrslu RNA voru lífeyrissjóðirnir gagnrýndir fyrir að verja erlendar eignir og talið að það samrýmdist ekki viðmiðum um langtímafjárfesta að verja eignir sem á löngum tíma sveiflast í kringum miðgildið 1. Ágóðavon hafi því rekið lífeyrissjóðina áfram þegar þeir fjárfestu í gjaldmiðlavörnum, þ.e. sá vaxtamunur sem þeir gátu fengið til sín. Í viðtali við úttektarnefnd sagði Gunnar það sína skoðun að umfjöllun RNA um gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóðanna hefði verið illa unnin og einhliða.²⁹ Til þess að hún væri trúverðug hefði nefndin þurft að fara yfir báðar hliðar málsins, þ.e. kosti þess og galla að verja erlendar eignir.

Gunnar sagði að horfa mætti á ávöxtun erlendra verðbréfa sem tvíþætta. Annars vegar vænta ávöxtun erlendra hlutabréfa (sjóðurinn hafi horft til þess að hún myndi skila 10-12% nafnávöxtun að jafnaði). Hins vegar væri ávallt til staðar óvissa vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Gunnar sagði að Almenni lsj. hefði framan af verið andsnúinn gjaldmiðlavörnum. Hann hefði horft til þess að á löngum tíma væri eðlilegt að reikna með að krónan myndi veikjast um sem nemur mismuninum á verðbólgu innanlands og erlendis.

Gunnar sagði að hugmyndin með gjaldmiðlastýringu væri hins vegar fyrst og fremst sú að fá áhættudreifingu á erlend hagkerfi í tengslum við fjárfestingar sjóðsins. Sjóðurinn hefði ekki sóst eftir sveiflum á erlendum gjaldmiðli. Gunnar sagði að menn hefðu fyrst og fremst horft til og metið ávinninginn af því að draga úr sveiflum meiri en kostnaðinn sem fólst í gjaldmiðlavörnum.

Sem fyrr segir fór Almenni lsj. seint inn í gjaldmiðlavarnir, eða á árinu 2004. Sjóðurinn hafði fram að þeim tíma verið óvarinn hvað erlendar eignir varðar og því gríðarlegur vaxtamunur á sjóðnum og öðrum lífeyrissjóðum. Gunnar sagði nefndinni að sjóðurinn hefði fengið gagnrýni frá sjóðfélögum og menn spurt hvort sjóðurinn ætlaði ekki að aðhafast og taka upp varnir á erlendar eignir. Hann sagði að sjóðurinn

27 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Gunnar Baldvinsson (bls. 4).
28 Skýrsla RNA, 4. bindi, kafli 13.7, bls. 134.

29 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Gunnar Baldvinsson, dags. 20.6.2011 (bls. 9-10).

hefði loks að vandlega athuguðu máli ákveðið að taka upp gjaldmiðlavarnir á árinu 2004, en að baki þeirri ákvörðun lá m.a. skýrsla sem Áhætturáðgjöf Íslandsbanka vann fyrir sjóðinn um gjaldmiðlastýringu og áhættumat (október 2003). Í skýrslunni var raunar ekki eindregið mælt með upptöku gjaldmiðlavarna en skýrslan var vel unnin að sögn Gunnars og þar var farið yfir kosti og galla gjaldmiðlavarna. Þá sóttu framkvæmdastjóri og sjóðstjóri sjóðsins námskeið erlendis um gjaldmiðlavarnir ásamt yfirmanni eignastýringar bankans.

Gunnar sagði að hugmyndir sjóðsins varðandi gjaldmiðlavarnir hefðu í fyrstu einblínt á svonefnd þrepalíkön. Þrepalíkan miðar að því að horfa á gengisvísitölu og skilgreina hlutfall varna miðað við tiltekna hækkun/lækkun hennar. Hann sagði að Sigurður B. Stefánsson, þáverandi yfirmaður eignastýringar Íslandsbanka, hefði verið ósáttur við hugmyndir um þrepalíkön á þeirri forsendu að samkvæmt þeim myndi sjóðurinn auka við varnir þegar gengi krónunnar væri að lækka og markaðurinn þar með að veikjast. Sigurður taldi edlilegra að sjóðurinn myndi bæta í varnir þegar krónan væri að styrkjast og draga úr vörnum þegar krónan veiktist. Aðferð sú sem byggir á þessum útgangspunkti nefnist tæknigreining. Tæknigreining byggist m.ö.o. á því að bera saman hlaupandi meðaltöl.

Þegar Almenni lsj. tók upp gjaldmiðlavarnir var byggt á hugmyndafræðinni um tæknigreiningu, þ.e. varnir voru auknar/minnkaðar eftir því sem tæknilíkön greindu hvort leitni væri að veikjast eða styrkjast. Gunnar sagði að þegar á reyndi hefði sjóðurinn hins vegar ekki haft kjark til að standa við umrædda hugmyndafræði. Í ársbyrjun 2008 endurskoðaði Almenni lsj. því gjaldmiðlastýringu sjóðsins og ákveðið var að taka upp þrepalíkan, þ.e. bæta í erlendar varnir eftir því sem gengi krónunnar veiktist. Ákvörðun sem eftir á að hyggja var mjög óheppileg fyrir sjóðinn.

Þess má geta að þegar kom fram undir 2008 var Almenni lsj. óvarinn með öllu hvað erlendar eignir varðar. Þegar hrunið reið yfir var varnarhlutfallið hins vegar 50-60% af erlendu eignasafni sjóðsins. Þess má geta að stærsti hluti gjaldmiðlavarna var í innanhússtýringu hjá Almenna en hluti gjaldmiðlastýringar var hjá Áhættustýringu bankans. Starfsmenn Almenna lsj. funduðu vikulega með starfs-

mönnum Áhættustýringar. Aðspurður sagði Gunnar að það hefði ekki verið fyrr en á allra síðustu vikum fyrir bankahrún sem sjóðurinn fékk þær ráðleggingar frá Áhættustýringu bankans að réttast væri að loka öllum útistandandi samningum. Gunnar sagði að það hefði verið rétt innan stjórnar og meðal starfsmanna hvort réttast væri að loka samningum og fara út úr vörnum þegar gengi krónunnar tók að veikjast verulega.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, tók það fram í viðtali sínu við úttektarnefndina að þegar lífeyrissjóðum væri hampað og þeir verðlaunaðir fyrir góðan árangur í eignastýringu, væru ekki skoðaðar forsendur sem að baki þeim árangri lægju, heldur fyrst og fremst litið til ávöxtunar sjóðanna. Þannig hefðu sjóðir sem fjárfestu mikið í innlendum hlutabréfum og skiluðu góðri ávöxtun verið mæðir og verið líklegri til að hljóta verðlaun erlendra fagtimarita. Þá hafi Fjármálaeftirlitið birt árlega samanburð á ávöxtun lífeyrissjóða en ekki minnst einu orði á eignasamsetningu eða áhættu. Aðrir sjóðir hefðu þá edlilega orðið fyrir aðkasti sjóðfélaga fyrir slakan árangur. Þessir sjóðir töpuðu hins vegar margir minna við fall bankanna og hefðu því að öðru jöfnu ekki þurft að skerða áunninn lífeyri á viðlíka hátt og þeir sem fjárfestu meira í hlutabréfum. Gunnar taldi að ástæður þess hvernig fór fyrir íslensku efnahagslífi mætti fyrst og fremst rekja til vaxtastefnu Seðlabankans. Innlendir vextir hefðu verið keyrðir upp og nægt framboð hefði verið af erlendu lánsfé. Fyrirtæki, sveitarfélög og jafnvel einstaklingar hefðu því fjármagnað sig með erlendum lánnum. Hrunið mætti rekja til þess að þegar krónan hrundi, hefði efnahagsreikningur þessara aðila hrunið. Þessi skoðun Gunnars virðist viðtekin innan lífeyrissjóðanna og á sér sjálfsagt mikla stöð, sbr. jafnframt það sem sagt er um þetta í aðalhluta skýrslunnar (Sjá jafnframt álit Rannsóknarnefndar Alþingis). Fleira bar þó að þessum sama brunni, svo sem ónógt aðhald í ríkisfjármálum og allt of ör útpensla fjármálafyrirtækjanna. Að því er að lífeyrissjóðunum laut var innlendi markaðurinn ljóslega allt of takmarkaður og til lengri tíma litið hefði verið skynsamlegra út frá hagsmunum þeirra að fjárfesta meira erlendis. Það er sjálfsagt rétt að skýringa á tapi Almenna lífeyrissjóðsins sé að langmestu leyti að

finna í bankahruninu sjálfu og orsökum þess. Finna má þó að fjárfestingarstefnu og ýmsum fjárfestingum sjóðsins. Þótt lífeyrisdeildin fjárfesti ekki í hlutabréfum, varð hún fyrir tapi á ýmsum innlendum fjárfestingum svo sem að framan er rakið. Aðgæsluleysi um tengsl fyrirtækja og skilmála skuldabréfa sem keypt voru urðu sjóðnum dýr. Tengsl sjóðsins við verðbréfasjóði Glitnis banka og í lokin eftirlitsleysi um stjórn þessara sjóða, hvort sem því mátti viðkoma eða ekki, urðu sjóðnum kostnaðarsöm. Hins vegar er ekki unnt að ætla að stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins frekar en stjórnendur annarra sjóða hafi átt að gera sér grein fyrir hversu höllum fæti bankarnir stóðu. Það er fyrst eftir fall bankanna að koma í ljós hvernig stjórn þeirra var háttað og eignarhaldi þeirra misbeitt síðasta árið fyrir fall bankanna. Virðist verða við þetta að miða enda þótt framkvæmdastjórinn hafi jafnframt verið í yfirmannsstöðu hjá bankanum því svið hans átti samkvæmt lögum og fyrirskipun Fjármálaeftirlitsins að vera aðskilið frá annarri eignastýringu í bankanum, þar á meðal stjórn verðbréfasjóðanna eftir 2003. Af viðtölum við sjóðsmenn má þó ráða að þeir hafi ef til vill fyrr og betur gert sér grein fyrir alvarleika stöðu Glitnis en stjórnendur margra annarra sjóða þótt þeir hafi ekki ætlað að bankinn sigldi í þrot. Hins vegar var, þegar komið var fram á árið 2008 að minnsta kosti, erfitt að hreyfa við fjárfestingum á markaði. Breyting þeirra á stefnu varðandi gjaldmiðlavarðarsamninga um áramótin 2007-2008 var auðvitað mikil mistök svo sem þeir urðu fyrstir manna til að benda á.

7. Kafli

7.1 Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)	43
7.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)	43
7.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2008 til 2010	48
7.2 Stjórn og starfshættir	51
7.2.1 Stjórn og starfsmenn	51
7.2.2 Samskipta- og siðareglur	53
7.3 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	53
7.3.1 Inngangur	53
7.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	54
7.3.3 Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna og tap	55

7.1 Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)

7.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)

Upphaf

Árið 1953 náðust samningar milli Félags atvinnuflugmanna og flugfélaganna um stofnun lífeyrissjóðs fyrir atvinnuflugmenn. Þá greiddu flugfélögin 5% af launum flugmanna í sjóðinn en flugmenn sjálfir 10% af launum. Fyrstu árin gátu flugmenn fengið lán úr lífeyrissjóðnum. Það var svo árið 1974 sem lífeyrissjóðnum var breytt í eftirlaunasjóð.

Stjórn sjóðsins

Fjöldi stjórnarmanna er fimm og er kjörtímabil þeirra eitt ár og miðast við ársfund. Engin takmörk eru á hámarkstíma sem aðalmaður má sitja í stjórn sjóðsins.

Val stjórnarmanna fer þannig fram að stjórn FÍA tilnefnir þrjú stjórnarmenn. Síðan eru tveir stjórnarmenn tilnefndir af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Báðir aðilar skipa jafnmarga varamenn. Stjórnin kys sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í EFÍA árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

EFÍA tafla 1

Stjórn Eftirlaunasjóðs íslenskra atvinnuflugmanna í árstlok

Nafn:	Tíln.	2009	2008	2007	2006
Örnólfur Jónsson	FÍA	Form.	Form.	Form.	Form.
Baldur Þór Bjarnason	FÍA	X	X	X	X
Magnús B. Jóhannsson	FÍA	X	X	X	X
Guðmundur Pálsson	ICA	X	X	X	X
Hlynur Elíasson	ICA	X	X	X	X
Félag íslenskra atvinnuflugmanna	FÍA				
Icelandair	ICA				

Engar breytingar hafa orðið á skipan stjórnar EFÍA undanfarin fjögur ár.

Þann 17. mars 2009 var sjóðnum skipaður umsjónaraðili af fjármálaráðuneytinu vegna rannsóknar Sérstaks saksóknara á meintum brotum sjóðsins á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyris-

réttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins var vikið frá störfum á meðan umsjónaraðili starfaði. Sjóðnum var skilað aftur til stjórnar og framkvæmdastjóra þann 10. júní 2009, án athugasemda. Engin niðurstaða hefur fengist í rannsókn Sérstaks saksóknara, engar kærur hafa verið birtar og enginn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur stöðu grunaðs í málinu.

Heimild: Ársreikningur sjóðsins 2010.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Hafa þarf í huga að þeir sem starfa við EFÍA eru í raun starfsmenn Landsbanka Íslands hf. og er það í samræmi við rekstrarsamning milli sjóðsins og bankans. Starfsmennirnir eru ráðnir til bankans og greiðir bankinn þeim jafnframt laun. Bankinn felur hins vegar hverjum starfsmanni tiltekið starf fyrir sjóðinn og er viðkomandi þá með starfsheiti hjá sjóðnum í samræmi við starfslýsingu sína. Davíð Harðarson var framkvæmdastjóri sjóðsins frá árinu 2006 til 12. mars 2009 er hann lét af störfum hjá sjóðnum. Jafnhliða starfi framkvæmdastjóra var Davíð einnig sjóðstjóri sjóðsins. Halldór Kristinsson tók við starfi framkvæmdastjóra þegar Davíð lét af störfum.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra Eftirlaunasjóðs FÍA, dags. 10. nóv. 2011.

Endurskoðun:

Björg Sigurðardóttir og Gísli Guðmundsson endurskoðendur, Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, Talnakönnun.

Innri endurskoðun:

Kristín Baldursdóttir, innri endurskoðandi Landsbanka Íslands hf., og Sigrún Inga Sigurðardóttir, sérfræðingur, innri endurskoðun Landsbankans.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Sjóðurinn gerir ekki þá kröfu til stjórnarmanna sinna að þeir veiti upplýsingar um stjórnarsetu sína í fyrirtækjum ef þeir hafa ekki setið þar sem fulltrúar sjóðsins.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, dags. 21. okt. 2011.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Eftirlaunasjóðs FÍA er að finna í 2. grein samþykkta sjóðsins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins

2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykkta þessara.

2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

2.3 Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi Eftirlaunasjóðs FÍA

Meginstarfsemi lífeyrissjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Iðgjöld til lífeyrissjóðsins eru samkvæmt kjarasamningum FÍA, nú að lágmarki 20% af launum sjóðfélaga. Félagsmönnum ber að greiða 4% af heildarlaunum til sjóðsins á móti 16% mótframlagi atvinnurekanda, sem skal renna til samtryggingarsjóðs. Sjóðfélagar hafa þó heimild til að ráðstafa allt að 8% af heildariðgjaldi til séreignarsjóðs að eigin vali. Einungis félagsmenn í Félagi íslenskra atvinnuflugmanna eiga aðild að lífeyrissjóðnum. Árið 2008 var réttindakerfi sjóðsins breytt úr stigakerfi yfir í aldurstengt kerfi.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi Eftirlaunasjóðs FÍA þann 27. maí 2004 voru samþykktar starfsreglur stjórnar sjóðsins. Fjórða grein starfsreglnanna fjallar um verksvið stjórnar. Þar kemur m.a. fram:

- Að stjórnin fari með æðsta vald í málefnum sjóðsins og beri ábyrgð á starfsemi sjóðsins.
- Að hafa eftirlit með reikningshaldi og fjármunum sjóðsins. Ef stjórnin felur rekstraraðila að sjá um daglegan rekstur sjóðsins skal stjórnin gera sérstakan rekstrarsamning þar um.

- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, en getur þó veitt framkvæmdastjóra eða rekstraraðila heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórn skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.

Að öðru leyti er fjallað um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirvar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur um störf stjórnar og breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur og heimildir framkvæmdastjóra

Samkvæmt breytingum á samþykktum sjóðsins, sem tóku gildi í desember 2008, er þess getið að stjórn sjóðsins skuli setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar. Reglurnar átti að leggja fyrir til undirritunar á stjórnarfundi í febrúar eða mars 2010.

Heimild: Skýrsla innri endurskoðunar 2009.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna

Á árinu 2008 samþykkti stjórn EFÍA verklagsreglur um verðbréfavíðskipti. Þessar reglur voru settar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga 129/1997.

7. grein reglnanna um tilkynningarskyldu er eftirfarandi:

- EFÍA hefur í gildi fjárvörslusamning við Eignastýringarvið Landsbankans og gilda verklagsreglur um verðbréfavíðskipti bankans fyrir þá starfsmenn og framkvæmdastjóra sem koma að stýringu fjárvörslufnsins, auk þessara reglna.
- Stjórn sjóðsins og aðrir þeir er sitja stjórnarfundi eru undanþegnir ákvæðum reglnanna um tilkynningarskyldu, en ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti eru að öllu jöfnu teknar af starfsmönnum rekstraraðila sjóðsins, sjóðstjórum og almennt ekki ræddar á stjórnarfundum.
- Komi til þess að ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti séu teknar eða ræddar á stjórnar-

fundum, skulu þeir aðilar sem sitja stjórnarfundum fylgja 8. gr. reglna þessara og tilkynna um öll viðskipti samdægurs með þau verðbréf sem ákvörðun var tekin um í 8 vikur frá þeim tíma sem ákvörðun var tekin.

Þótt reglur þessar hefðu verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu gerði innri endurskoðun athugasemd við 7. greinina í skýrslu ársins 2008 og ítrekaði þær 2009. Röksemdir innri endurskoðunar voru þær að „gera beri ríkar kröfur til stjórna félaga eins og lífeyrissjóða sem þjóna almannahagsmunum. Því megi telja eðlilegt að gera kröfu til stjórnar um að upplýsa um verðbréfaeign sína og öll eigin viðskipti meðan á stjórnarsetu stendur án nokkurrar undanþágu. Slík upplýsingaskylda eykur á trúverðuleika stjórnar og gagnsæi í störfum“.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins og endurskoðar hana reglulega. Stjórn lífeyrissjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins skv. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum.

EFÍA tafla 2

Fjárfestingarstefna 2008

Flokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf:	42%	0-100%
Ábyrgð ríkisins	4%	0-100%
Fjármálastofnanir	11%	0-50%
Sveitarfélög	1%	0-50%
Önnur verðbréf	11%	0-50%
Sjóðfélagalán	15%	0-100%
Innlend hlutabréf	15%	0-50%
Erlend verðbréf:	33%	0-50%
Hlutabréf	28%	0-50%
Skuldabréf	5%	0-50%
Óhefðbundnar fjárf.	10%	0-10%

Heimild: Fjárfestingarstefna EFÍA 2007 og 2008.

Vikmörk fjárfestingarstefnu sjóðsins eru óvenjurúm líkt og hjá fleiri sjóðum.

Helstu breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins frá árinu 2007 til 2008 eru þessar:

- Innlend skuldabréf eru lækkuð úr 50% í 42%.
- Innlend hlutabréf eru aukin úr 10% í 15%
- Erlend verðbréf eru hækkuð úr 30% í 33%.

Þá voru sett skýrari markmið um óhefðbundnar fjárfestingar og hvernig 10% heimildin skyldi dreifast:

- Private equity 30%
- Mezzanine 20%
- Hedge funds 30%
- Fasteignir 20%

Eignastýring

Með samningi dags. 28. febrúar 2003 milli Eftirlaunasjóðs FÍA og Landsbanka Íslands hf. var öllum rekstri EFÍA ásamt eignastýringu og fjárvörslu úthýst til Landsbanka Íslands hf. – Verðbréfasviðs (LÍ – Verðbréfasvið). Hlutverk LÍ – Verðbréfasviðs var í aðalatriðum að hafa umsjón með eignum sjóðsins og lífeyrissjóðum sjóðfélaga. Ennfremur að sjá um allt reikningshald og skila uppgjöri í hendur endurskoðanda. Einnig bar LÍ – Verðbréfasviði að sjá um öll dagleg samskipti og þjónustu við stjórn sjóðsins.

Í samningi LÍ – Verðbréfasviðs og EFÍA kemur einnig fram að stjórn EFÍA ásamt LÍ – Verðbréfasviði skuli móta fjárfestingarstefnu og að sú stefna skuli endurskoðuð reglulega eftir því sem ástæða þykir til. Innan ramma fjárfestingarstefnu og verklagsreglna Eftirlaunasjóðsins þarf LÍ – Verðbréfasvið ekki að ráðfæra sig við stjórn EFÍA um einstakar fjárfestingar. Stjórn EFÍA getur þó óskað eftir að LÍ – Verðbréfasvið fjárfesti eða fjárfesti ekki í tiltekinni tegund verðbréfa/fjárfestinga sem getur fallið undir fjárfestingarstefnuna. LÍ – Verðbréfasviði er óheimilt að víkja frá mótaðri fjárfestingarstefnu sjóðsins nema beiðni um slíkt berist skriflega frá stjórn EFÍA. Stjórn sjóðsins ábyrgist að mótuð fjárfestingarstefna falli að lögum og reglugerðum hans á hverjum tíma.

Önnur atriði sem koma fram í samningnum voru upplýsingagjöf til stjórnar FME og annarra eftirlitskyldra aðila, þóknun, kostnaður o.fl., samningstími og óviðráðanlegir og ófyrirséðir atburðir.

Í viðauka með samningnum fylgdi gildandi fjárfestingarstefna sjóðsins á þeim tíma. Þeir verðbréfaflokkar sem þar voru tilgreindir voru þeir sömu og sjá má í töflu 2 um fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2008. Fjárfestingarstefnan var frekar rúm þar sem einungis voru tilgreind lágmark og hámark fjárfestinga í hverjum verðbréfaflokki.

Í flokki skuldabréfa var lögð áhersla á langan binditíma og virka stýringu á innlendu skuldabréfasafni. Ekki var heimilt að meðalbinditími væri styttri en 5 ár án samþykkis stjórnar. Miðað var við að hlutfall ríkistryggðra skuldabréfa færi ekki undir 20% af skuldabréfasafninu.

Stefnan var að sjóðurinn ætti að jafnaði hlutabréf í 15 til 20 innlendum félögum. Við fjárfestingar í erlendum verðbréfum bar LÍ – Verðbréfasviði að styðjast við 9. tölulíð 36. gr. laga nr. 129/1997. Sjóðstjóra var heimilt að nota afleiður til að draga úr áhættu sjóðsins.

Fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 673 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 6,0% á ári. Lífeyrisþegum hafði heldur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 137 talsins, samanborið við 103 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 7,4% að meðaltali milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi ekki hækkað til jafns við fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftari en einu sinni.

EFÍA tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	557	485	410	312	300	92	86	80	70	67
Örorkulífeyrir	48	40	30	23	31	9	8	7	8	9
Makalífeyrir	58	49	42	33	37	23	22	20	20	20
Barnalífeyrir	10	8	3	2	2	13	11	7	5	7
Samtals, verðlag hvers árs	673	583	485	370	370	137	127	114	103	103
Samtals, verðlag 2009	673	627	616	498	532					

Árið 2008 var réttindakerfi sjóðsins breytt úr stigakerfi í aldurstengt kerfi. Við breytinguna jukust réttindi flestra sjóðfélaga eitthvað, mismunandi eftir aldri. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA.

Ár	Breyting
2009	-15%
2010	-10%

Heimild: Bréf framkvæmdastjóra Eftirlaunasjóðs FÍA (ó dags.).

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

EFÍA tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	27.865	29.484	29.083	26.358	21.587
Skuldbindingar	32.243	34.657	29.233	26.603	22.314
Samtals	-4.378	-5.173	-150	-245	-727
% af skuldbindingum	-13,6%	-14,9%	-0,5%	-0,9%	-3,3%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborðið við heildarskuldbindingar hafa verið neikvæðar allt það tímabil sem er til skoðunar. Árin 2005-2007 eru skuldbindingar umfram eignir óverulegar en árin 2008 og 2009 eykst munurinn verulega og er orðinn neikvæður um 14,9% árið 2008 og 13,6% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Mestur hluti eigna EFÍA var yfirleitt í innlendum skuldabréfasjóðum sem voru sjóðir sem reknir voru af Landsvaka hf. sem var dótturfélag Landsbanka Íslands hf. Í árslok 2007 var eign sjóðsins 7.127 mkr.

Í innlendum skuldabréfasjóðum og var það 46,4% af heildareignum sjóðsins. Innlendir hlutabréfasjóðir hurfu nánast úr safni sjóðsins árið 2008, bæði vegna taps á hlutabréfum og svo náði sjóðurinn að selja frá sér töluvert af hlutabréfunum á því ári.

Á árinu 2009 höfðu eignir sjóðsins flust yfir á skuldabréf með ríkisábyrgð og bundin innlán eða

samtals 8.028 mkr. sem er 54,6% af heildareignum sjóðsins.

EFÍA tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	27	3	285	307	264
Innlendir hlutabréfasjóðir	168	112	1.391	2.201	1.412
Innlendir skuldabréfasjóðir	1.706	4.239	7.127	4.932	3.075
Erlend hlutdeildarskírteini	1.121	731	1.894	2.563	2.515
Skuldabréf með ríkisábyrgð	4.113	1.012	174	475	1.139
Skuldabréf sveitarfélaga	375	59	58	62	62
Skuldabréf lánastofnana	148	159	323	281	187
Skuldabréf lánastofnana tengd er. hlutabréf. visit			285	386	525
Skuldabréf erlendra lánastofnana			102		
Skuldabréf fyrirtækja	756	601	1.191	874	547
Veðlán	2.632	2.464	2.545	1.944	1.610
Bundin innlán	3.915	3.870			
Samtals	14.961	13.250	15.375	14.025	11.336

Heimild: Ársskýrslur EFÍA.

Ávöxtun hlutabréfa var slök en sjóðurinn átti jafnan mjög lítið af hlutabréfum. Ávöxtun á öðrum verðbréfum var neikvæð um 58%. Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hvaða verðbréfasöfn eru talin með öðrum verðbréfum. Ástæða þess er sú, að samræmi er ekki milli eignasafna skv. töflu nr. 5 og ávöxtunar eignasafna skv. töflu nr. 6. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra EFÍA þá eru önnur verðbréf í töflu nr. 6 skuldabréf fyrirtækja. Jafnframt kemur fram í svari framkvæmdastjórans að veðlán eru fasteignatryggð skuldabréf, innlendir hlutabréfasjóðir eru hlutabréf og erlendir hlutabréfasjóðir eru gengisbundin verðbréf.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra EFÍA, dags. 12. des. 2011.

Þess skal getið að allar fjárhæðir í töflu nr. 5 hér að ofan eru aðgengilegar í ársreikningum sjóðsins. Hins vegar er hvergi í ársreikningum sjóðsins að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra eignasafna eins og þau eru sett fram í ársreikningum. Þ.a.l. er ekki ljóst hvernig hinn almenni sjóðfélagi eigi að nálgast upplýsingar um ávöxtun eignasafna hafi hann á því áhuga. Í raun er það grundvallaratriði að samræmi sé í framsetningu eignasafna í fjárhæðum og ávöxtun á viðkomandi eignasafni. Ávöxtunin sem sýnd er hér að neðan er samhljóða þeim upplýsingum, sem Eftirlaunasjóðurinn sendi FME um ávöxtun eignasafna.

EFÍA tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006
Innlán í bönkum	5,0%	1%		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	6,0%	6%	6%	10,2%
Skuldabréf sveitarfélaga	4,8%	0%	11%	13,2%
Skuldabréf lánastofnana	0,9%	-53%	11%	12,4%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5,3%	6%	11%	11,9%
Hlutabréf	-8,1%	-83%	3%	18,0%
Hlutir og hlutdeildarskírteini	1,5%			
Önnur verðbréf	-23,5%	-58%	9%	7,8%
Gengisbundin verðbréf	16,9%	-1%	2%	31,0%
Samtals	1,0%	-26,0%	8,0%	16,6%

Heimild: Ávöxtun eignasafna EFÍA, dags. 15.12.2010, sent FME.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunategjum 1,0%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 26,0% og skýrist það einkum af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands. Raunávöxtun árið 2007 var jákvæð um 1,6%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 8,8% og 7,4%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 2,4% og síðustu 10 árin er hún jákvæð um 0,7%.

EFÍA tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	1,0%	-26,0%	1,6%	8,8%	7,4%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,4%	-1,4%	6,8%	5,6%	4,6%
Tíu ára meðalávöxtun	0,7%	1,3%	5,1%	5,5%	5,3%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 535 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru einnig 535, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals 13 launagreiðendur greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu samtals 835 mkr. sem er lækkun um rétt rúm 11% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 fer að draga úr afkomu sjóðsins miðað við árið áður. Árið 2008 lækkar hrein eign til greiðslu lífeyris hins vegar um 1.979 mkr. Síðan verður viðsnúningur árið 2009 en þá hækkar hrein eign sjóðsins um 1.500 mkr.

EFÍA tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Löggjöld	835	939	929	814	673
Lífeyrir	-673	-583	-485	-405	-365
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	1	-95	-10	26	116
Tekjur / -gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	1.555	315	1.116	1.940	1.137
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-199	-2.398	0	0	0
Fjárfestingartekjur	1.357	-2.178	1.106	1.966	1.253
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-7	-7	-20	-6	-15
Rekstrarkostnaður	-12	-12	-10	-11	-9
Rekstrargjöld	-19	-19	-30	-17	-24
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	1.500	-1.841	1.520	2.358	1.537
Hrein eign frá fyrra ári	13.767	15.608	14.088	11.730	10.193
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	15.267	13.767	15.608	14.088	11.730

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	1.500	-1.979	1.930	3.170	2.210
Hrein eign frá fyrra ári	13.767	16.780	17.892	15.771	14.657
Hrein eign til greiðslu lífeyris	15.267	14.801	19.823	18.941	16.867

1) Eftirlaunasjóður FÍA sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaup- og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknartekjur fjármálafyrirtækja.

7.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eda niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 og einnig 2009 og 2010. Tap sjóðsins liggur aðallega í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum hlutabréfasjóðum
- Innlendum skuldabréfasjóðum

EFÍA tafla 9

Yfirlit yfir tap EFÍA af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja innlendum hlutabréfum og innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	3	63	77	143
Skuldabréf fyrirtækja	-38	134	186	282
Innlend hlutabréf			103	103
Innlendir hlutabréfasjóðir*		2	671	673
Innlendir skuldabréfasjóðir		237	2.547	2.784
Samtals í mkr.	-35	436	3.584	3.985

*Innlendir hlutabréfasjóðir: Af 671 mkr. tapi á árinu 2008 eru 94 mkr. tap frá árinu 2007.

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011 og 10.11.2011.

Ofangreindir liðir mynda samtals tap á árunum 2007 til 2010 að fjárhæð 3.985 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 323 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 159 mkr. Lífeyrissjóðurinn þurfti að afskrifa nokkuð af skuldabréfum banka og sparissjóða bæði árin 2008 og 2009 eða um 140 mkr. Þetta er í raun tapað fé fyrir sjóðinn. Afskriftirnar voru hjá Kaupþing banka 77 mkr. og Straumi Burðarás hf. 64 mkr.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir EFÍA árin 2008-2010 af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

EFÍA tafla 10

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Kaupþing banki hf.		2	77	79
Straumi Burðarás hf.	3	61		64
Samtals	3	63	77	143

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011 og 10.11.2011

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var 547 mkr. í árslok 2005. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan mjög hratt. Þannig átti sjóðurinn orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 1.191 mkr. í árslok 2007 sem var meira en helming aukning á tveimur árum. Bókfærð skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjum um þann 31.12.2008 var 601 mkr.

Á árunum 2008 til 2010 voru afskrifuð skuldabréf í FL Group að fjárhæð 150 mkr., Eimskipafélaginu 67

mkr. og Bakkavör 52 mkr. Samtals voru afskrifaðar 282 mkr. af fyrirtækjaskuldabréfum á þessum árum.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu fyrirtækjaskuldabréfa í eigu EFÍA árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

EFÍA tafla 11

Skuldabréf fyrirtækja - staða og afskriftir 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Bakkavör Group hf.	109	103	5	95%
Avion hf./HF Eimskipafélag Ísl.	23	23	0	98%
FL Group hf.	8	8	0	100%
Samtals	140	134	6	96%

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011 og 10.11.2011

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir EFÍA af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum árin 2008 - 2010.

EFÍA tafla 12

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.	2010	2009	2008	Samtals
FL Group hf.		8	142	150
Avion hf./HF Eimskipafélag Ísl.		23	44	67
Bakkavör Group hf.	-51	103		52
Skipti hf./Siminn	13			13
Samtals	-38	134	186	282

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011 og 10.11.2011.

EFÍA tafla 14

Hlutabréfaeign Eftirlaunasj. Félags ísl. atvinnuflugm. á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús.kr.

Félag	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Glitnir banki hf.	46.201	42.316						
Landsbanki Íslands hf.	155.624	59.666	104.834	150.930	124.783	59.842	20.400	
Alfesca hf.	6.357							
Kaupþing banki hf.	55.950	21.025						
Mosaic Fashions hf.		15.300	16.500					
Atorka hf./Jarðboranir hf.		23.660	31.691					
Exista hf.		40.078						
Marel hf.		41.534	45.687	20.400				1.345
Avion hf./HF Eimskipafélag Ísl.		46.612	57.799					
Straumur Burðarás hf.		17.400	41.420	99.917				1.468
Bakkavör hf.				13.397				
FL Group hf.					15.000			
Samtals skráð félög í þús. kr.	264.132	307.591	297.931	284.643	139.783	59.842	20.400	2.813
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða	68	68	68	68	68	68	68	68
Samtals óskráð félög í þús. kr.	68	68	68	68	68	68	68	68
Samtals félög í þús. kr.	264.200	307.658	297.999	284.711	139.851	59.910	20.468	2.881

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Eftirlaunasjóður EFÍA 82 mkr. á innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 103 mkr. og er skýringuna fyrst og fremst að finna í bankahruninu í október það ár.

EFÍA tafla 13

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils	859	3	285	308	264
Keypt hlutabréf	872	27	148	450	247
Seld hlutabréf	1.028	4	327	472	226
Hlutafjáreign í lok tímabils	622	27	3	285	308
Hagn / (-tap)	-82	0	-103	-2	22

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign EFÍA tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Sjá töflu 14.

Þann 1. jan. 2006 átti EFÍA hlutabréf samtals að fjárhæð 264 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins 307 mkr. Þann 1. jan. 2008 var eign sjóðsins í hlutabréfum 285 mkr. Ári síðar eða í árslok 2008 var hlutabréfaeignin komin niður í 3 mkr. Hæst fór úrvalsvísitalan þann 18. júlí 2007 eða í 9.016,5 stig. Um áramótin 2007/2008 hafði vísitalan lækkað um 29,9% og stóð þá í 6.318 stigum. Eignarhlutur EFÍA í innlendum hlutabréfum hefur ekki verið mikill eða einungis um 2% af heildareign-

um sjóðsins. Þá átti sjóðurinn aðeins í einu óskráðu félagi sem var Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign EFÍA í Landsbanka Íslands sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árhelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Landsbanki Íslands hf.

Í ársbyrjun 2006 átti EFÍA 6.151 þús. hluti í Landsbankanum. Sama ár seldi sjóðurinn 3.899 þús. hluti á heldur hærra gengi en bréfin voru á í ársbyrjun, því má gera ráð fyrir að þau hafi verið seld með nokkum hagnaði. Á árinu 2007 keypti sjóðurinn 2.000 þús. hluti á umtalsvert hærra gengi en það hafði verið árið áður. Síðan á öðrum ársfjórðungi 2008 fór sjóðurinn að selja hlutabréfin og náði að selja rúmlega 3.000 þús. hluti fyrir fall bankans í október. Tap EFÍA á hlutabréfaeign sinni í Landsbankanum hefur því verið um 54 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	6.151		25,30	156
31.12.06	2.252	-3.899	26,50	-103
30.06.07	2.752	500	38,10	19
31.12.07	4.252	1.500	35,50	53
31.03.08	4.252	0	29,60	
30.06.08	2.596	-1.656	23,05	-38
30.09.08	1.000	-1.596	20,40	-33
31.12.08			0,00	
Samtals		-5.151		54
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				54
Stæða 31.10.08	0		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.10.08 í mkr.				54

Innlendir hlutabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2007 voru 2.201 mkr. eða 15,7% af heildareignum EFÍA í innlendum hlutabréfasjóðum. Í árslok sama ár var eign EFÍA komin niður í 1.391 mkr. eða 9,0% af heildareignum sjóðsins. Í árslok 2008 var eign sjóðsins í innlendum hlutabréfasjóðum einungis um 112 mkr. Á árunum 2006-2009 var tap sjóðsins á innlendum hlutabréfasjóðum 161 mkr. Mesta tapið var árið 2008 eða 542 mkr.

EFÍA tafla 15

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfasjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils	5.116	112	1.391	2.201	1.412
Keypt hlutabréf	2.897	50	631	1.272	945
Seld hlutabréf	3.980	29	1.368	1.987	596
Hlutafjáreign í lok tímabils	3.872	168	112	1.391	2.201
Hagn / (-tap)	-161	35	-542	-94	440

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011.

EFÍA fjárfesti eingöngu í hlutabréfasjóðum í eigu Landsvaka hf. sem var dótturfélag Landsbanka Íslands hf. Tap EFÍA árin 2008 og 2009 var samtals 579 mkr. Þeir sjóðir sem Eftirlaunasjóðurinn tapaði mest á voru Úrvalsbréf, 510 mkr., og Vísitölubréf, 69 mkr.

EFÍA tafla 16

Innlendir hlutabréfasjóðir – gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Landsbanki, Úrvalsbréf	2	508	510
Landsbanki, Vísitölubréf		69	69
Samtals	2	577	579

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 10.11.2011

Innlendir skuldabréfasjóðir

Mikil áhersla var á fjárfestingar í innlendum skuldabréfasjóðum hjá EFÍA. Þegar eignin var sem mest í þessum sjóðum var hún 7.127 mkr. eða 46,4% í árslok 2007. Í töflu 17 hér að neðan er eign sjóðsins í innlendum skuldabréfasjóðum heldur lægri en í töflu 5 þar sem gerð er grein fyrir verðbréfaeign lífeyrissjóðsins. Skýringin á þessum mun er sú að í töflu 17 hér að neðan eru óhefðbundnar fjárfestingar í innlendum skuldabréfasjóðum ekki teknar með, en óhefðbundnar fjárfestingar eru skuldabréfasjóðir fagfjárfesta. Heildartap á skuldabréfasjóðunum nemur 1.811 mkr. á þessum fjórum árum.

EFÍA tafla 17

Hagn./(-tap) af innlendum skuldabréfasjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Skuldabréfaeign í byrjun tímabils	17.598	3.425	6.493	4.658	3.023
Keypt skuldabréf	22.228	201	8.559	7.236	6.232
Seld skuldabréf	22.327	2.280	9.285	5.814	4.947
Skuldabréfaeign í lok tímabils	15.689	1.113	3.425	6.493	4.658
Hagn./(-tap)	-1.811	-233	-2.341	413	350

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 5.7.2011.

Í töflu 18 má sjá í hvaða skuldabréfasjóðum tap EFÍA liggur. Þess ber að geta að einungis var fjárfest í skuldabréfasjóðum Landsvaka hf., dótturfélags Landsbanka Íslands hf. Mesta tapið hjá EFÍA var á

Fyrirtækjabréfum Landsbankans eða samtals 2.014 mkr. á árunum 2008 og 2009, einnig var tap að fjárhæð 773 mkr. á peningabréfum Landsbankans. Markaðsbréf meðal og markaðsbréf stutt voru neikvæð um 45 mkr. árið 2008 en árið 2009 var gengishagnaður uppá 58 mkr., því er ekki hægt að tala um tap á þeim sjóðum.

EFÍA tafla 18

Innlendir skuldabréfasjóðir – gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Landsbanki, Fyrirtækjabréf	295	1.719	2.014
Landsbanki, Peningabréf		773	773
Landsbanki, Diversified Yield Fund		10	10
Landsbanki, Markaðsbréf meðal	-25	21	-4
Landsbanki, Markaðsbréf stutt	-33	24	-9
Samtals	237	2.547	2.784

Heimild: Gögn frá EFÍA dags. 10.11.2011.

Erlendar eignir

Engar erlendar eignir voru afskrifaðar hjá Eftirlaunastjórn FÍA á því tímabili sem var til skoðunar.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, dags. 20.10.2011.

Gjaldmiðlavarnir

Eftirlaunastjórn FÍA var ekki með neina útstandandi gjaldmiðlavarnarsamninga við föllnu bankana.

Heimild: Bréf EFÍA (ó dags.) barst nefndinni 5. júlí 2011.

7.2 Stjórn og starfshættir

7.2.1 Stjórn og starfsmenn

Stjórn Eftirlaunastjórnar Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA) gerði árið 2003 samning við Landsbanka Íslands (LÍ) um rekstur sjóðsins. LÍ sér um allan rekstur hans, þar með talið eignastýringu, fjárvörslu, eftirlit með eignum sjóðsins og lífeyrisréttindum sjóðsfélaga.

Stjórn EFÍA er skipuð fimm einstaklingum sem kjörnir eru til eins árs í senn. Félag íslenskra atvinnuflugmanna skipar þrjá aðalmenn og þrjá varamenn og vinnuveitendur skipa tvo aðalmenn og tvo varamenn.¹ Enginn hámarkstími virðist vera á setu fulltrúa í stjórn sjóðsins í reglum hans eða samþykktum. Stjórnin ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í sam-

ræmi við lög, hún skiptir með sér verkum og kemur fram fyrir hans hönd. Í nágildandi samþykktum segir að stjórn hafi heimild til að semja við aðra lífeyrissjóði um samruna eða selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og þar er heimilað að gera samning við fjármálfyrirtæki eða annan hæfan aðila um rekstur sjóðsins.² Starfsmenn LÍ sjá um eignastýringu fyrir sjóðinn í krafti ofangreinds samnings, LÍ tilnefnir framkvæmdastjóra sjóðsins úr röðum starfsmanna sinna og er hann jafnframt sjóðstjóri. Í samþykktum sjóðsins er kveðið á um ábyrgð stjórnar á rekstri sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans, hún skal fjalla um allar ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða meiriháttar með tilliti til stefnu sjóðsins og starfsemi

1 Samþykktir Eftirlaunastjórnar FÍA, 2008, gr. 4.1.

2 Sama, gr. 3.5 og 4.7.

og framkvæmdastjóra er einungis heimilt að taka slíkar ákvarðanir skv. sérstakri ákvörðun stjórnar eða fyrirfram ákveðinni áætlun hennar. Það er tekið fram að stjórnin ráði framkvæmdastjóra, ákveði laun hans og önnur starfskjör.³

Í samstarfssamningnum er kveðið á um að starfsmenn LÍ verði að halda sig innan fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma og innan ramma laganna í fjárfestingum sínum.⁴

Í verklagsreglum sjóðsins segir að stjórnarmenn og aðrir þeir sem sitja stjórnarfundi séu „undanþegnir ákvæðum reglnanna um tilkynningaskyldu, en ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti eru að öllu jöfnu teknar af starfsmönnum rekstraradila sjóðsins, sjóðstjórum, og almennt ekki ræddar á stjórnarfundum“.⁵

Vandinn við þetta fyrirkomulag er, að samband stjórnar sjóðsins við framkvæmdastjórnann verður óljóst. Fyrir því eru tvær ástæður. Sú fyrri er að það stangast beinlínis á við samþykktir sjóðsins þar sem segir að stjórnin ráði framkvæmdastjórn og ákveði kjör hans. Sú síðari er að hann er skipaður af LÍ og starfar á þeim forsendum og kjörum sem LÍ ákveður. Það er ekki sjálfgefið að þessi kjör séu beinlínis heppileg fyrir langtímafjárfesta á borð við lífeyrissjóð. Bónusgreiðslur, launaukar og annað af því tagi getur haft áhrif á ákvarðanir framkvæmdastjórnans. Stjórn sjóðsins hefur ekkert vald til að hafa áhrif á kjör hans skv. þeim samningi sem hún hefur gert. Það er rétt að benda á að nýjar reglur LÍ um hagsmunaaárekstra geta bætt úr þessu. Það er þó álit úttektarnefndarinnar að óheppilegt sé að stjórn EFÍA ráði engu um kjör framkvæmdastjórnans og komi ekki að ráðningu hans.

Stjórnarmenn EFÍA eru undanþegnir því að gefa upp hlutabréfaeign sína og þau víðskipti sem þeir eiga með eignir sínar á markaði. Áður hafa komið fram í þessari skýrslu athugasemdir við svona undanþágu. Eðlilegt er að gera þá kröfu til stjórnar lífeyrissjóðs sem er almenningssjóður að stjórn eigi að upplýsa um verðbréfaeign sína og öll eigin víðskipti meðan á stjórnarsetu stendur undanbragðalaust vegna þess, að

upplýsingaskylda af þessu tagi eykur trúverðugleika stjórnar og gagnsæi í störfum hennar. Úttektarnefnd lífeyrissjóðanna telur að stjórnarmenn eigi að upplýsa um alla verðbréfaeign sína um leið og þeir setjast í stjórn lífeyrissjóðsins og um öll víðskipti sín meðan setið er í stjórn. Reglur LÍ verða að tryggja að framkvæmdastjórnin upplýsi um eigin eignir og víðskipti og ætti að upplýsa stjórn um allt slíkt.

Í grunninn er skiptingin sú að stjórn sjóðsins ber ábyrgð á öllu því sem er óvenjulegt og/eða mikilsháttar en LÍ á daglegum rekstri. En vandinn er sá að það liggur ekkert fyrir um það í þeim skjölum sem nefndin hefur fengið hvað telst vera óvenjulegt eða mikilsháttar. Það eru til dæmis engar upphæðir á fjárfestingum sem framkvæmdastjórnin gæti miðað við þegar hann metur hvort ákvörðun er óvenjuleg eða mikilsháttar. Það segir í samningnum á milli sjóðsins og LÍ að verðbréfasvið þurfi ekki að ráðfæra sig við stjórn sjóðsins um það sem rúmast innan fjárfestingarstefnunnar og verklagsreglna,⁶ það teljist vera daglegur rekstur. Það þýðir að einungis þegar farið er út fyrir fjárfestingarstefnuna þá geti ákvörðun verið óvenjuleg eða mikilsháttar. Þessi skilningur gengur ekki því hann þýðir í reynd að engar ákvarðanir falli í þann flokk nema um sé að ræða mistök. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að stjórn EFÍA eigi að bæta úr þessu og setja ákveðin viðmið um hvað telst vera óvenjulegt og/eða mikilsháttar.

Það kom fram í yfirliti yfir fjárfestingar sjóðsins hér að framan að skuldabréfasjóðirnir sem EFÍA fjárfesti í á árunum 2005-2008 voru allir á vegum Landsvaka og þar með LÍ og í þeim voru tæplega 50% eigna sjóðsins þegar mest var í lok ársins 2007. Sú hætta var og er raunveruleg að fjárfestingar sem framkvæmdar eru af starfsmönnum LÍ beinist of mikið að sjóðum Landsvaka og ekki sé hugsað nægilega vel um dreifingu áhættu. Það segir í samningi EFÍA og LÍ að „sjóðstjórar hjá LÍ verðbréfasviði hafa heimild til að kaupa og selja verðbréf hjá öðrum verðbréfamíðlunum en LÍ verðbréfasviði“.⁷ Það virðist mega skilja þessa setningu í samningi EFÍA og LÍ þannig að þögult samkomulag hafi verið um það milli aðila að fjárfest yrði einungis í bréfum frá

3 Sama, gr. 4.7 og 4.9.

4 Samningur um fjárvörslu og rekstur. Eftirlaunasjóður íslenskra atvinnuflugmanna, 2003, gr. 1 og 2.

5 Verklagsreglur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna, 2008, gr. 7.

6 Samningur um fjárvörslu og rekstur. Eftirlaunasjóður íslenskra atvinnuflugmanna, 2003, gr. 2.2.

7 Sama, gr. 5.3.

verðbréfasviði LÍ. Sé þetta réttur skilningur hefur EFÍA samþykkt það fyrirkomulag að fjárfest yrði nær eingöngu í bréfum Landsvaka eins og gert var með skuldabréfin. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að þetta sé óviðunandi fyrirkomulag og stjórnin hefði átt að tryggja að fjárfest væri víðar til að tryggja dreifingu áhættu.

Það er einnig sjálfsagt að benda á að stjórnin getur ekki haft eftirlit með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum í skuldabréfa- eða hlutabréfasjóðum. Ástæðan er sú að eignirnar að baki slíkum skírteinum liggja ekki ljósar fyrir þegar ákveðið er að fjárfesta þótt hugsanlega megi sjá hvar stærstu eignirnar eru. Ábyrgð stjórnar á fjárfestingum sjóðsins verður óljós og eftirlit erfitt. Fjárfestingar lífeyrissjóðs á hverjum tíma eiga að vera innan marka laganna og innan ramma eigin stefnu. Það er erfitt að meta með hlutdeildarskírteini. Þess vegna er sjálfsagt að lífeyrissjóður fari varlega í slíkum fjárfestingum.

Úttektarnefndin leggur til að fram komi í árskýrslum hver umsýsluþóknun LÍ er á hverju ári, bæði föst og árangurstengd. Það er kurteisi við sjóðfélaga að greina skilmerkilega frá því hve háar greiðslur fara til bankans á meðan samningur er í gildi við hann.

7.2.2 Samskipta- og siðareglur

NBI hf. Landsbankinn hefur sett sér samskipta-reglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans.⁸ Þær reglur eru til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem upp geta komið í viðskiptum sjóðstjóra eignastýringar sem sjá um lífeyrissjóði við aðra innan bankans eða Landsvaka. Eignastýring á að vera staðsett í öðru húsi, hafa aðra stjórn og annað

8 Samskiptareglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans, 2010.

tölvukerfi en aðrar einingar bankans. Öll samskipti skulu skráð og vera rekjanleg og fundargerð haldin á öllum fundum. Starfsmönnum eignastýringar er óheimilt að tjá sig um rekstur lífeyrissjóða við aðra starfsmenn Landsbankans nema til komi samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins eða sjóðfélaga. Áhættustýringu ber að skila skýrslu til framkvæmdastjóra hvers lífeyrissjóðs, regluvarðar og forstöðumanns eignastýringar um viðskipti þeirra lífeyrissjóða, sem hafa gert samning við eignastýringu bankans, við aðrar einingar í samstæðu Landsbankans og staðfesta að slík viðskipti uppfylli kröfur um bestu framkvæmd eða bestu starfsvenju. Starfsmönnum Landsbankans er óheimilt að greiða eða þiggja þóknun fyrir þau verk sem falla undir reglur Landsbankans um hagsmunaárekstra. Starfsmenn eignastýringar eiga ekki að hafa beinan aðgang að miðlunarkerfum og öll viðskipti skulu fara fram í gegnum fjármálaráðgjöf í eignastýringu. Ytri endurskoðendur sjóðsins verða að endurskoða mat á óskráðum fjármálagerningum.

Síðan eru tilgreindar aðstæður sem upp geta komið og fela í sér hugsanlega hagsmunaárekstra. Það er til dæmis lögð áhersla á að fjárfestingar lífeyrissjóðs í vörslu Landsbankans í sjóðum Landsvaka byggist ávallt á mati á hagsmunum sjóðfélaga. Það er lögð áhersla á að hætta sé á að starfsmenn lögfræðisviðs geti setið báðum megin borðs í samningum lífeyrissjóðs og Landsbankans en tryggja megi að það gerist ekki með skýrri verkaskiptingu á lögfræðisviði. Í öllum meginatriðum þá virðast þessar lýsingar og þau viðbrögð sem lögð eru til skýr og eðlileg. Það er þó veikt það sem segir um lögfræðisviðið.

EFÍA hefur ekki sett sér reglur um mögulega hagsmunaárekstra eða siðareglur.

7.3 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

7.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um starfsemi Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna.

Eftirlaunasjóðurinn var stofnaður árið 1953 þegar samningar náðust milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna og flugfélaganna um stofnun lífeyrissjóðs. Árið 1974 var lífeyrissjóðnum breytt í eftirlaunasjóð.

Meginstarfsemi lífeyrissjóðsins er rekstur samtryggingardeildar. Iðgjöld til lífeyrissjóðsins eru sam-

kvæmt kjarasamningum að lágmarki 20% af launum sjóðfélaga, þar af er mótframlag atvinnurekenda 16%, sem rennur til samtryggingardeildar. Sjóðfélögum er þó heimilt að ráðstafa 8% af heildariðgjaldi til sér eignarsjóðs að eigin vali. Aðeins félagar í Félagi íslenskra atvinnuflugmanna geta verið sjóðfélagar. Af þessu má ráða að iðgjaldagreiðslur eru sérlega háar, sem stafar líkast til af því að atvinnualdur sé talinn óvenju skammur.

Eftirlaunasjóðurinn er rekinn af deildinni Eignastýringu safna fagfjárfesta samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Landsbanka Íslands en deildin heyrir undir eignastýringarvið bankans. Auk hans rak deildin fleiri lífeyrissjóði og stýrði jafnframt eignasöfnum sem aðrir lífeyrissjóðir höfðu útvistað til bankans.

Heildareignir sjóðsins í samanburði við heildarskuldbindingar voru neikvæðar allt úttektartímabilið. Fyrri árin var bilið ekki verulegt en árið 2008 munaði 14,9% og 13,6% árið 2009. Breytingar voru gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga árið 2009 þegar þau voru lækkuð um 15% og árið 2010 nam lækkuunin 10%.

7.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum um Eftirlaunasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna rætt við Friðrik Nikulásson, deildarstjóra Eignastýringar safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum. Næsti yfirmaður Friðriks var Stefán H. Stefánsson, framkvæmdastjóri eignastýringarviðs bankans. Davíð Harðarson sem var framkvæmdarstjóri Eftirlaunasjóðsins á úttektarárunum neitaði að ræða við nefndina. Bar hann fyrir sig að málefni sjóðsins hefðu verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara vegna kæru frá FME. Hann sagðist að svo komnu engan áhuga hafa á að tjá sig um málefni lífeyrissjóðsins hjá fleiri rannsóknar- og úttektaraðilum. Þessi afstaða Davíðs getur að nokkru leyti komið niður á úttekt á þeim sjóðum þar sem hann kom að stýringu, enda hefur nefndin ekki aðgang að rannsókn sérstaks saksóknara.

Friðrik Nikulásson sagði nefndinni að eftir því sem starfsmönnum deildarinnar hefði fjölgað, hefðu störf hans breyst og færst meira frá stýringu sjóða yfir

í stjórnun deildarinnar, útdeilingu verkefna o.s.frv. Friðrik kvaðst samt hafa setið í fjárfestingarráði sem lagði línurnar í fjárfestingum deildarinnar. Í því sátu hann og sjóðstjórar deildarinnar. Sjóðstjórnarnir höfðu sérstakar fjárfestingarheimildir en fjárfestingar sem rúmuðust ekki innan þeirra heimilda áttu að fara fyrir fjárfestingarráðið.⁹ Stjórn sjóðsins átti að taka ákvarðanir í öllum málum sem teldust óvenjuleg eða mikilsháttar en gat þó veitt framkvæmdastjóra eða rekstraraðila heimild til þess. Stjórnin átti jafnframt að fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Samkvæmt frásögn Friðriks var stjórn Eftirlaunasjóðsins vel virk við stefnumótun fjárfestinga.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum ber stjórn lífeyrissjóðs ábyrgð á rekstri sjóðsins og eftirliti. Stjórn Eftirlaunasjóðs íslenskra atvinnuflugmanna virðist hins vegar ekki hafa komið beint að stjórn sjóðsins, heldur var rekstrinum öllum útvistað til Landsbankans, svo sem áður segir. Eignastýring safna fagfjárfesta innan bankans mun hafa mótað tillögur að fjárfestingarstefnu sem lögð var fyrir stjórn til samþykktar. Eignastýring safna, deildin og sjóðstjórar ávöxtuðu síðan fjármuni sjóðsins á grundvelli fjárfestingarstefnunnar og samþykta sjóðsins. Stjórnarfundir munu hafa verið haldnir ársfjórðungslega. Þar var tekin fyrir þróun eignasafna og önnur mál sem leiða af lögum og samþykktum. Deildarstjórinn og sjóðstjórinn munu hafa gefið stjórnarmönnum skýrslur og tekið þátt í umræðum. Fjárfestingarstefnan tók fyrst og fremst mið af eignaflokkum. Ekki mun hafa verið fjallað fyrirfram um einstakar fjárfestingar á stjórnarfundunum en skýrslur um sundurliðun fjárfestinga voru lagðar fram enda óskaði stjórnin eftir því. Samkvæmt gögnum um lífeyrissjóðinn og frásögn Friðriks Nikulássonar virðist sem stjórn Eftirlaunasjóðsins hafi verið virkari í stefnumótun og eftirliti með störfum rekstraraðilans en aðrar stjórnir sem gert höfðu rekstrarsamning við Landsbankann.¹⁰

Innri endurskoðun Landsbankans sá um innri endurskoðun sjóðsins en ytri endurskoðun var í höndum endurskoðenda frá Deloitte hf. Samkvæmt endurskoðun innri endurskoðunar fyrir 2007 og 2008 var ákveðið eftirlit með fjárfestingarstefnu

9 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 27.10.2011.

10 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 27.10.2011.

sjóðsins á eignarstýringasviði bankans og virðist sem innri endurskoðunin hafi reitt sig á þetta eftirlit. Starfsmaður sem hvorki kom að eignaumsýslu né bókhaldi átti að fara yfir stöðu sjóðsins og senda framkvæmdastjóra eignastýringarsviðs og deildarstjóra safna yfirlit yfir eignastöðuna. Þetta mun hafa verið gert ársfjórðungslega og fundir haldnir á eignastýringarsviði bankans um útkomuna undir stjórn framkvæmdastjóra sviðsins en hann var einnig framkvæmdastjóri sjóða Landsvaka. Þann fund sóttu umræddur eftirlitsaðili, sjóðstjórar sjóða Landsvaka og deildarstjóri Eignastýringar safna.¹¹ Að sögn eftirlitsaðila var við framkvæmdina stuðst við verklýsingu um reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum. Svo virðist sem skort hafi á þetta eftirlit því samkvæmt skýrslum innri endurskoðunar fyrir árið 2008 var farið yfir mörk laga um fjárfestingu í einstöku fyrirtæki (Kaupþingi) það ár. Verkerill þessa eftirlits var á ábyrgð framkvæmdastjóra eignastýringarsviðs.¹²

Af framangreindri lýsingu virðist mega ráða að ekki hafi verið nægt eftirlit með fjárfestingum Eftirlaunasjóðsins innan rekstraraðilans.

7.3.3 Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna og tap

Að framan er því lýst hvernig Eignastýring safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum hafði með höndum eignastýringu Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna samkvæmt sérstökum rekstrar-samningi bankans og sjóðsins. Eignastýringin átti að fara eftir samþykktum sjóðsins og fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins ákvað árlega.

Athygli vekur að fjárfestingarstefna sjóðsins hafði í flestum tilfellum svo rúm vikmörk að í raun voru það hámmörk 36. gr. lífeyrissjóðalaganna sem gátu ráðið mörkum og dreifingu fjárfestinganna (Sjá töflu 2 í yfirliti um starfsemi sjóðsins). Vikmörkin komu þó ekki í veg fyrir að sjóðurinn færi yfir mörk fjárfestingarstefnunnar. Hæfileg vikmörk geta verið nauðsynleg en eðlilega á að fylgja ákveðnu miðgildi fjárfestingarstefnunnar. Ekki á að ákveða vikmörk svo að hætta sé á því að farið sé yfir hámmörk lífeyrissjóðalaga.¹³

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti aðallega í hlutdeildar-skírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsvaka, dótturfélags Landsbanka Íslands. Í árslok 2007 var eign sjóðsins 7.127 mkr. í innlendum skuldabréfasjóðum og var það 46,4% af heildareignum sjóðsins. Heildartap á þessum skuldabréfasjóðum árin 2008 og 2009 nam 2.784 mkr. (Sjá töflu 18 í yfirliti um starfsemi sjóðsins). Innlendir hlutabréfasjóðir hurfu nánast úr safni sjóðsins árið 2008, bæði vegna taps á hlutabréfum og svo náði sjóðurinn að selja frá sér töluverðan hluta af þeim bréfum á því ári. Á árinu 2009 hafa eignir sjóðsins verið færðar yfir í skuldabréf með ríkisábyrgð og bundin innlán eða samtals 8.028 mkr. eða 54,6% af heildareignum sjóðsins.

Eftirlaunasjóðurinn var ekki með virka gjaldmiðla- eða vaxtaskiptasamninga við fall bankanna. Eignastýring safna fagfjárfesta hafði haft þá með höndum fyrir sjóðinn og hafði lokað öllum stöðum og því hlaust ekkert tap við hrunið sjálft af slíkum samningum.

Með erindisbréfi fjármálaráðherra 17. mars 2009 voru skipaðir umsjónaraðilar með lífeyrissjóðum þeim sem höfðu verið í fullum rekstri hjá Landsbankanum. Í skýrslum umsjónaraðila kemur fram að rannsókn embættis sérstaks saksóknara, sem áður er á minnst, beindist að fjárfestingum og skýrslugerð sjóðanna á fyrri hluta árs 2008. Má af skýrslunum ráða að hætta hafi þótt á hagsmunaaðrekstrum þegar rekstraraðili lífeyrissjóðs eða aðili nátengdur honum byðu upp á fjárfestingarkost fyrir sjóðinn. Hættan var talin stafa af því að rekstraraðilinn hallaðist frekar að því að ávaxta fjármuni sjóðsins í fjárfestingarkostum sem tengdir aðilar byðu upp á. Af skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um sjóði Landsvaka verður ekki annað ráðið en að á því tímaseiði, sem þarna var vísað til, hafi sjóðirnir fjárfest í skuldabréfum fyrirtækja eða endurnýjað bréf á fyrirtæki, sem voru nátengd bankanum eða meðal stærstu viðskiptavina hans.¹⁴ Við fall bankanna sýnist hafa komið í ljós að þessi fyrirtæki hafi ekki átt fyrir skuldum. Virðist ekki óvarlegt að ætla að þau hafi heldur ekki átt fyrir skuldum á þeim tíma sem þarna er til rannsóknar. Eignasafn sjóða Landsvaka hafi þannig verið til muna rýrara en bækur gerðu ráð fyrir. Sömu aðferðafræði

11 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 27.10.2011.

12 Skýrslur innri endurskoðunar Eftirlaunasjóðs FÍA vegna árána 2007 og 2008.

13 Skýrslur innri endurskoðunar Eftirlaunasjóðs FÍA vegna árána 2007 og 2008.

14 Skýrsla RNA, 4. bindi, bls. 161 o.áft.

var beitt við ávöxtun allra eignasafna lífeyrissjóða í stýringu hjá Landsbankanum. Sjóðstjórar Landsvaka sáu um fjárfestingar mikils hluta eignasafnsins og Eignastýring safna fagfjárfesta virðist ekki hafa haft þá heildarsýn yfir fjárfestingar þessara sjóða sem nauðsynleg var hverju sinni þótt deildin hafi átt að fá ársfjórðungslega skýrslu um eignadreifingu þessara sjóða. Í skýrslu innri endurskoðunar Eftirlaunasjóðsins fyrir 2008 er gerð athugasemd við að reglubundið eftirlit með sjóðnum sé ekki nægilegt og skjölun frávik þurfi að vera nákvæmari. Af skýrslunni verður ekki annað ráðið en að eftirlit með innbyrðis viðskiptum milli Eftirlaunasjóðsins og Landsbankans og milli sjóða Landsvaka hafi ekki verið nægjanlegt.

8. Kafli

8.1 Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	59
8.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH)	59
8.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar 2008 til 2010	62
8.2 Fjárfestingar Eftirlaunasj. stm. Hafnarfjarðarkaupst. 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	66
8.2.1 Inngangur	66
8.2.2 Almennt um fjárfestingarstefnu og stjórnun sjóðsins	66

8.1 Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar

8.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH)

Upphaf

Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar var stofnaður árið 1956 af Hafnarfjarðarkaupstað og stofnunum hans. Sparisjóður Hafnarfjarðar gerðist aðili að eftirlaunasjóðnum árið 1973. Sjóðurinn er lokaður og hætt var að taka við nýjum sjóðfélögum árið 1998.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum. Einn er kosinn af sjóðfélögum og annar af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, báðir til fjögurra ára. Þriðji stjórnarmaðurinn er bæjarstjóri Hafnarfjarðar og er hann jafnframt formaður stjórnar.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundum með umræðu og tillögurétti. Ársfundur sjóðsins er einungis kynningarfundur fyrir sjóðfélaga. Breyting á samþykktum sjóðsins og önnur málefni eru ekki lögð fyrir ársfund til atkvæðisgreiðslu.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Hafnarfj. tafla 1

Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar í árslok

	Titn.	2009	2008	2007	2006
Lúdvík Geirsson	Bæjarstjóri	Form.	Form.	Form.	Form.
Albert Kristinsson	Sjóðfél.	X	X	X	X
Ingvar Viktorsson	Bæjarstjórn	X	X	X	X

Eins og sést hér að ofan urðu engar breytingar á stjórn sjóðsins árin 2006-2009.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri og eini starfsmaður sjóðsins er Sigurjón Björnsson. Sigurjón hóf störf hjá sjóðnum árið 1986.

Endurskoðun:

Helgi F. Arnarson, endurskoðandi KPMG hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Helgi Númason, endurskoðandi.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum hafa hvorki starfsmenn né stjórnarmenn setið í stjórnnum í þeim félögum sem Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur átt eignarhlut í.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar er að finna í 1. grein samþykktu sjóðsins.

1. gr. Nafn, heimili og deildir.

1.1 Sjóðurinn heitir Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Heimili hans og varnarþing er í Hafnarfirði. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

Starfsemi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar

Sjóðurinn starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja á hans vegum sem náð hafa 16 ára aldri og eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. og 5. gr. samþykktu sjóðsins.

Sjóðfélagar sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1997, skulu eiga rétt til aðildar að B-deild lífeyrisjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá bænum, enda séu þeir ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest.

A-deild sjóðsins var flutt yfir í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga á árunum 2000/2001. Núna starfrækir sjóðurinn því einungis B-deild. Samþykktum sjóðsins hefur hins vegar ekki verið breytt til samræmis.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Svo virðist sem engar skráðar starfsreglur stjórnar hafi verið til fyrir en árið 2008. Á stjórnarfundi þann 17. nóvember 2008 voru samþykktar starfsreglur stjórnar. Þar kemur m.a. fram hvert verksvið stjórnar er. Í meginatriðum er það þannig:

- Að fara með æðsta vald í málefnum sjóðsins og sjá til þess að skipulag hans og starfsemi sé í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Að sjá um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna.
- Að ráða framkvæmdastjóra, ganga frá starfslýsingu, veita honum erindisbréf og gera skriflegan ráðningarsamning.
- Að taka ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó falið framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Að sjá um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins.
- Að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Að ráðstafa fjármagni sjóðsins með hliðsjón af bestu kjörum, taka tillit til áhættu og sjá til þess að eignasamsetning sé í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og gildandi lög hverju sinni.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um starfsemi sjóðsins, skipan og skiptingu starfa stjórnar, fyrirsvar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur, breytingar og meðferð á starfsreglum stjórnar.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Í ráðningarsamningi framkvæmdastjóra sem tók gildi þann 1. nóvember 2007 er jafnframt að finna starfslýsingu hans. Þar kemur m.a. fram að framkvæmdastjóri skuli:

- Hafa umsjón með daglegum rekstri sjóðsins.
- Koma í framkvæmd þeirri fjárfestingarstefnu sem sjóðstjórn ákveður hverju sinni.
- Færa reglulega fjárhagsbókhald sjóðsins og skráningu iðgjalda.
- Uppfæra fjárhagsbókhald á þriggja mánaða fresti.
- Sjá um bankaafstemmingu á þriggja mánaða fresti, þar með talið vegna verðbréfa og sölu.

- Sjá um móttöku og útreikninga vegna nýrra lífeyrisþega og kynna fyrir stjórn.
- Annast allar skýrslugerðir til opinberra aðila.
- Annast önnur þau verkefni sem stjórn sjóðsins kann að fela honum.

Það sem vekur helst athygli er að fjárhagsbókhald skuli einungis eiga að uppfærast á þriggja mánaða fresti og að bankareikningar skuli sömuleiðis afstemmdir á þriggja mánaða fresti.

Nýjar starfsreglur framkvæmdastjóra voru samþykktar á stjórnarfundi þann 7. júlí 2011.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu og er ætlað að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Í töflu nr. 2 má sjá fjárfestingarstefnu Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2008.

Hafnarfj. tafla 2

Fjárfestingarstefna Esj. stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	1%	0% - 10%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	10%	10% - 30%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1%	0% - 15%
Skuldabréf banka og sparisjóða	11%	5% - 25%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	12%	10% - 30%
Hlutabréf	45%	20% - 50%
Önnur verðbréf	20%	10% - 35%
Samtals:	100%	

Heimild: Fjárfestingarstefna Esj. stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 11. febr. 2008.

Eignastýring

Engir skriflegir samningar um eignastýringu fyrir hönd sjóðsins voru í gildi. Eini samningurinn sem gerður hefur verið var munnlegur samningur við VBS fjárfestingarbanka hf. Samningurinn gekk í stuttu máli út á að VBS fjárfestingarbanka væri heimilt að kaupa veðskuldabréf fyrir allt að 30 mkr. svo framarlega sem skuldabréfið/in væru innan við 65% af veðandlagi hverju sinni. Að öðru leyti er eignastýring sjóðsins í höndum framkvæmdastjóra.

Heimild: Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra sjóðsins, Sigurjóni Björnssyni, dags. 24. okt. 2011.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 262 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2006 hækkað að meðaltali um 29,4% milli ára. Lífeyrisþegum hefur heldur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 257 talsins, samanborið við 228 lífeyrisþega í árslok 2006. Á þessum fjórum árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 4,1% milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi hækkað umtalsvert meira en nemur fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Hafnarfj. tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.				Fjöldi lífeyrisþega			
	2009	2008	2007	2006	2009	2008	2007	2006
Ellilífeyrir	201	178	149	74	187	178	167	161
Örorkulífeyrir	12	7	8	4	17	16	19	18
Makalífeyrir	49	41	37	12	51	49	47	46
Barnalífeyrir	0	0	0	0	2	2	3	3
Samtals, verðlag hvers árs	262	226	194	90	257	245	236	228
Samtals, verðlag 2009	262	243	246	121				

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Hafnarfj. tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006
Eignir	2.397	2.301	2.908	2.843
Skuldbindingar	11.106	10.895	9.305	8.859
Samtals	-8.709	-8.594	-6.397	-6.016
% af skuldbindingum	-78,4%	-78,9%	-68,7%	-67,9%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborðið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar á bilinu 68% - 78%. Skuldbindingar sjóðsins sem eru langt umfram eignir eru á ábyrgð bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og stofnana hans, Byr sparisjóðs, HS veitna og fleiri. Þessum aðilum er á hverju ári gerð grein fyrir stöðu sjóðsins og skuldbindingum hans.

Sparisjóður Hafnarfjarðar sameinaðist á sínum tíma Sparisjóði vélstjóra og starfaði sem Byr sparisjóður frá 2007. Fyrrum starfsmenn Sparisjóðs Hafnarfjarðar sem fluttust yfir í Byr sparisjóð voru áfram í Eftirlaunasjóði stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH). Þann 12.10.2010 lýsti ESH kröfu vegna lífeyrisskuldbindinga sem hvíla á Byr sparisjóði. Í fyrstu var kröfunni hafnað sem forgangskröfu „en ekki mátti skilja afstöðu slitastjórnar á annan veg en að kröfurnar væru samþykktar sem almennar kröfur“. Með bréfi slitastjórnar dags. 31. mars 2011 var kröfunni hins vegar hafnað. ESH hefur nú lagt fram nýja kröfugerð þar sem farið er fram á að krafa sjóðsins verði viðurkennd sem forgangskrafa. Krafa ESH á hendur slitastjórn Byrs sparisjóðs er að fjárhæð 1.397 mkr. miðað við 2. júní 2010.

Ljóst er að verði niðurstaða máls þessa neikvæð gagnvart ESH þá mun það hafa mikil áhrif á stöðu sjóðsins.

Heimild: Bréf Lögsetursins dags. 6. júní 2011.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Mestur hluti verðbréfaeignar sjóðsins er erlend verðbréf eða um 20%-25%. Fyrirtækjaskuldabréf eru um 15%-20%, skuldabréf með ríkisábyrgð og skuldabréf banka eru að jafnaði 10%-15%. Þá hækka skuldabréf sveitarfélaga verulega milli áronna 2007 og 2008. Sjóðfélagalán eru rúmlega 10%. Önnur eignasöfn eru minni.

Hafnarfj. tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	25	36	447	462	
Innlend hlutteilarskírteini	41	6	44	43	
Innlendir skuldabréfasjóðir			64		697
Erlend verðbréfaeign	596	440	584	489	
Skuldabréf með ríkisábyrgð	339	313	244	269	
Skuldabréf banka	298	295	223	201	
Skuldabréf sveitarfélaga	193	211	17	17	1.141
Skuldabréf fyrirtækja	343	361	361	312	
Önnur skuldabréf				109	
Sjóðfélagalán	237	240	205	141	
Önnur veðlán	82	108	64	126	258
Niðurfærsla veðlána	-22	-22	-12	-11	
Niðurfærsla skuldabréfa	-361	-275			
Samtals	1.771	1.713	2.241	2.158	2.096

Heimild: Ársreikningar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Hrein raunávöxtun eignasafna sjóðsins sem sýnd er hér að neðan er tekin upp úr skýrslum sem sjóðurinn sendir Fjármálaeftirlitinu í lok hvers árs. Þrátt fyrir ítrekun hefur raunávöxtun eignasafna fyrir árið 2008 ekki borist úttektarnefndinni. Í ársreikningum sjóðsins er ekki að finna neinar upplýsingar um ávöxtun einstakra eignasafna, aðeins ávöxtun sjóðsins í heild. Í töflu nr. 7 hér á eftir kemur hins vegar fram að hrein raunávöxtun sjóðsins í heild árið 2008 hafi verið neikvæð um 30,5%. Árið 2009 var ávöxtun eignasafnsins hins vegar jákvæð um 1,0%. Þá er ekki samræmi í hreinni raunávöxtun ársins 2007 milli töflu nr. 6 (6,0%) og töflu nr. 7 (0,2%).

Hafnarfj. tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0,0%		21,0%
Ríkisvixlar, ríkiskuldab. r.	7,0%		2,0%
Skuldab. bæjar- og sveitarfélaga	7,0%		34,0%
Skuldab. banka og sparisjóða	-53,0%		2,0%
Fasteignaveðtryggt skuldabréf	1,0%		19,0%
Innlend hlutabréf	-32,0%		2,0%
Önnur verðbréf	-18,0%		12,0%
Gengisbundin verðbréf	28,0%		0,0%
Samtals	1,0%		6,0%

Heimild: Skýrslur Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar til FME.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 1,1%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 30,5%. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 0,2%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2005 og 2006 góð eða 11,4% og 10,1%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 2,9%.

Hafnarfj. tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	1,1%	-30,5%	0,2%	11,4%	10,1%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,9%	-2,0%	7,1%	6,6%	4,9%

Heimild: Ársreikningar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005-2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 156 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Samtals átta launagreiðendur greiddu ið-

gjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 204 mkr. sem var hækkun um 10,3% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 stóð afkoma sjóðsins nánast í stað frá fyrra ári. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 525 mkr. Síðan varð breyting árið 2009 en þá lækkaði hrein eign sjóðsins um 95 mkr.

Á föstu verðlagi 2009 var hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 2005 samtals 2.675 mkr. Í árslok 2009 var hrein eign til greiðslu lífeyris 1.869 mkr. Á þessum fimm árum hafði hrein eign sjóðsins á föstu verðlagi þannig lækkað um 806 mkr. eða 30,1%.

Hafnarfj. tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	204	185	173	153	139
Lífeyrir	-262	-226	-194	-169	-141
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	1	-437	10	222	149
Tekjur / -gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	299	290	115	123	98
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-129	-285	-1	11	0
Fjárfestingartekjur	171	-432	124	356	247
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-7	-6	-7	-4	-3
Rekstrarkostnaður	-11	-9	-21	-9	-7
Rekstrargjöld	-18	-15	-28	-13	-10
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	95	-488	75	327	235
Hrein eign frá fyrra ári	1.774	2.262	2.187	1.860	1.625
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	1.869	1.774	2.262	2.187	1.860
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	95	-525	95	440	338
Hrein eign frá fyrra ári	1.774	2.432	2.778	2.501	2.337
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.869	1.907	2.873	2.940	2.675

1) Eftirlaunasjóður stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

8.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mest tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að

fullu fram fyrir en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfa-sjóða. Tap sjóðsins er fjórþætt og liggur í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparisjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum hlutdeildarskírteinum

Hafnarfj. tafla 8

Yfirlit yfir tap Esj. stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar af skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum og innlendum hlutdeildarskírteinum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparisjóða	32	60	147	239
Skuldabréf fyrirtækja	69	58	68	195
Innlend hlutabréf		7	412	419
Innlend hlutdeildarskírteini		-2	32	30
Samtals í mkr.	101	123	659	883

Heimild: Gögn frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 24.10.2011.

Fjórir ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010 samtals að fjárhæð 883 mkr.

Skuldabréf banka og sparisjóða

Í ársbyrjun 2007 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparisjóðum samtals 201 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparisjóðum í árslok 2008 var 295 mkr. Mest var afskrifað af skuldabréfum gefnum út af Landsbanka Íslands hf. eða 99 mkr., þar af voru 29 mkr. víkjandi skuldabréf. Þá var 61 mkr. afskrifuð af skuldabréfum Byrs sparisjóðs og 31 mkr. hjá Sparisjóði Vestfirðinga. Af þeim 18 mkr. sem afskrifaðar voru af skuldabréfum Glitnis voru 9 mkr. víkjandi skuldabréf.

Hafnarfj. tafla 9

Afskriftir á skuldabréfum banka og sparisjóða

	2010	2009	2008	Samtals
Landsbanki Íslands hf.			99	99
Byr sparisjóður	20	41		61
Sparisjóður Vestfirðinga	12	19		31
Kaupþing banki hf.			30	30
Glitnir banki hf.			18	18
Samtals í mkr.	32	60	147	239

Heimild: Gögn frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 24.10.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum var nokkuð jöfn árin sem eru til skoðunar eða milli 300-360 mkr. Mest var afskrifað af skuldabréfum á hendur Exista hf. eða 113 mkr. og Bakkavör 40 mkr. Alls voru afskriftir af skuldabréfum fyrirtækja 195 mkr.

Hafnarfj. tafla 10

Afskriftir á skuldabréfum fyrirtækja	2010	2009	2008	Samtals
Exista hf.	68	10	35	113
Bakkavör hf.		40		40
Landic Property hf.			13	13
Mosaic Fashions hf.	1	1	11	13
Atorka hf./Jarðboranir hf.		7	4	11
Sýn ehf./365			5	5
Samtals í mkr.	69	58	68	195

Heimild: Gögn frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 24.10.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapar Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar 351 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 412 mkr. Samfara tapinu á hlutabréfaeign sjóðsins þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera á bilinu 20-21% árin á undan í það að verða aðeins 2% árið 2008 og 1,4% árið 2009.

Hafnarfj. tafla 11

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils	1.258	36	448	462	312
Keypt hlutabréf	708	0	107	123	478
Seld hlutabréf	644	4	107	134	399
Hlutafjáreign í lok tímabils	971	25	36	448	462
Hagn. / (-tap)	-351	-7	-412	-3	71

Heimild: Gögn frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 24.10.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008.

Hafnarfj. tafla 12

Hlutabréfaeign ESH á markaðsvirði tímabilið 1.12.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	31.12.07	30.03.08	30.06.06	30.09.08	31.12.08
365 hf.		206	91	56	49		47
Actavis Group hf	61.668	31.232					
Alfesca hf.	3.456	4.259	5.856	5.746	6.160	5.383	3.591
Atorka hf./Jarðboranir		3.380	11.176	8.317	7.232	5.175	825
Bakkavör hf.			3.159	2.230	1.588	1.150	134
Avion hf./HF. Eimskipafélag Ísl.		2.413	12.388	8.265	5.105	1.428	446
Exista hf.		37.863	38.295	20.166	14.581	11.634	78
FL Group hf.	97	20.400	10.148	4.413			
Flaga Group hf.	1.614	1.834	595	616			560
Grandi hf.	2.849						
Icelandic Group hf.		61	41	15			
Glitnir banki hf.	89.701	148.305	133.895	105.225	93.940	27.755	
Kaupþing banki hf.	91.758	132.878	140.800	128.480	122.080	110.720	
Landsbanki Íslands hf.	10.601	4.240	23.430	19.536	15.213	13.464	
Marel hf.	3.770	5.621	7.446	6.753	6.607	6.431	5.679
Mosaic Fashions hf.		20.655					
Nýherji hf.	2.070	2.280	3.480	3.383	3.300	3.255	3.150
Strumur -Burðarás hf.	24.295	22.411	42.446	33.001	27.969	23.472	5.580
Teymi hf.	474	195	214	154	72	43	
Tryggingarmiðstöðin hf.	7.700	13.459					
Össur hf.	10.830	10.735	9.358	8.807	8.873	8.911	9.472
Samtals í þús. kr.	310.882	462.426	442.817	355.161	312.770	218.822	29.563
Óskráð félög							
Ehf. Lífeyrissjóða um verðbréfaþing	12	12	12	12	12	12	12
Loðnvinnslan	287	287	287	287	287	287	287
Sparisj. í Keflavík	1.575	1.772	4.829	4.997	4.997	5.641	5.730
Samtals í þús. kr.	1.874	2.070	5.128	5.296	5.296	5.940	6.029
Samtals félög í þús. kr.	312.755	464.496	447.945	360.457	318.066	224.762	35.592

Heimild: Gögn frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 24.10.2011.

Þann 1. jan. 2006 átti sjóðurinn hlutabréf samtals að fjárhæð 312 mkr. Ári síðar eða þann 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins orðin 464 mkr. Þann 1. jan. 2009 var eign sjóðsins í hlutabréfum einungis 36 mkr. Hæst fór úrvalsvísitalan þann 18. júlí 2007 eða í 9.016,5 stig. Hlutfjáreign sjóðsins var áberandi mest í Kaupþingi og Glitni eða samtals um 60% af hlutfjáreign sjóðsins. Sjóðurinn átti lítið af óskráðum hlutabréfum, mest stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík. Eignarhlutur sjóðsins í öðrum óskráðum félögum var óverulegur.

Hér á eftir verður þróun hlutabréfaeignar ESH í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er

unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árin 2006 og 2007 eru sýnd sérstaklega. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa fram að falli bankanna eða fram til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til falls bankanna. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Kaupþing

Á tímabilinu var nafnverð hlutabréfaeignar ESH í Kaupþingi nokkuð stöðugt eða frá 123 þús. hlutum í ársbyrjun 2006 upp í 160 þús. og átti sjóðurinn þá hluti þegar Kaupþing féll í október 2008. Öll hlutabréfaeign ESH í Kaupþingi tapaðist því þegar bankinn féll. Tap ESH á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi var því um 123 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	123		746	92
31.12.06	158	35	841	29
31.12.07	160	2	880	2
31.03.08	160	0	803	
30.06.08	160	0	763	
30.09.08	160	0	692	
31.12.08	160		0	
Samtals		37		123
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				123
Stæða 31.12.08	160		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				123

Glitnir hf.

Svipaða sögu er að segja um hlutabréfaeign sjóðsins í Glitni. Sjóðurinn átti 5.185 þús. hluti í ársbyrjun 2006. Á árinu 2006 bætti sjóðurinn við sig 1.180 þús. hlutum. Eign sjóðsins var nánast óbreytt allt fram að falli bankans í október 2008 fyrir utan sölu á 265 þús. hlutum á seinni hluta árs 2007. Eign ESH stóð því í 6.100 þús. hlutum við fall bankans. Áætlað tap sjóðsins á hlutabréfaeign hans í Glitni er um 111 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Stæða	Hreyfing		
31.12.05	5.185		17,30	90
31.12.06	6.365	1.180	23,30	27
31.12.07	6.100	-265	21,95	-6
31.03.08	6.100	0	17,25	
30.06.08	6.100	0	15,40	
30.09.08	6.100	0	4,55	
03.10.08	6.100	0	3,91	
31.12.08		-6.100	0,00	
Samtals		-5.185		111
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				111
Stæða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				111

Hlutdeildarskírteini

Í ársbyrjun 2008 átti eftirlaunasjóðurinn hlutdeildarskírteini að verðmæti 109 mkr., þar af voru

45 mkr. í hlutabréfasjóðum og 64 mkr. í skuldabréfasjóðum. Eftirlaunasjóðurinn átti í sjóðum Kaupþings, Glitnis og Landsbankans. Í árslok 2008 átti eftirlaunasjóðurinn einungis í sjóðum Kaupþings, þ.e. ÍS 15 og Heildarvísitölusjóði að verðmæti 6 mkr. Tap ESH á árinu 2008 var um 32 mkr.

Hafnarfj. tafla 13

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutdeildarskírteinum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Eign í hlutdeildarskírteinum í byrjun tímabils	298	6	109	84	99
Keypt hlutdeildarskírteini	211	33	134	44	0
Seld hlutdeildarskírteini	255	0	205	26	24
Eign í hlutdeildarskírteinum í lok tímabils	240	41	6	109	84
Hagn / (-tap)	-14	2	-32	7	9

Heimild: Gögn frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 24.10.2011.

Erlend verðbréfaeign

Engin erlend verðbréf voru endanlega niðurfærð hjá sjóðnum. Sjóðurinn átti ekki hlutdeild í skuldavafningum eða skuldabréf með veði í skuldavafningum.

Heimild: Tölvupóstur frá Sigurjóni Björnssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, dags. 24.10.2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Sjóðurinn var ekki með gjaldmiðlavarnarsamninga á erlendum eignum sínum.

Heimild: Sigurjón Björnsson, framkvæmdastjóri ESH.

8.2 Fjárfestingar Eftirlaunasj. stm. Hafnarfjarðarkaupst. 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

8.2.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Eftirlaunasjóðurinn var stofnaður 1956 og nýtur bakabyrgðar sveitarfélagsins og annarra atvinnurekenda sjóðfélaga. Í kjölfar setningar lífeyrissjóðalaganna og stofnunar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga var sjóðnum lokað fyrir nýjum félögum árið 1998. Hann hefur því frá þeim tíma eingöngu tekið við iðgjöldum frá þeim sjóðfélögum sem voru starfandi og greiddu iðgjöld við gildistöku laganna. Þótt sjóðsmyndun sé nokkur í lífeyrissjóðnum má líta á hann sem gegnumstreymissjóð. Gildir að því leyti sama um hann og sambærilega sjóði annarra sveitarfélaga sem lokað var fyrir nýjum sjóðfélögum í kjölfar lagasetningarinnar og stofnunar Lífeyrissjóðs sveitarfélaga svo og um B-deild LSR. Má vísa til LSR, kafla 25 í skýrslunni, vegna umfjöllunar um þetta fyrirkomulag að öðru leyti. Sjóðurinn er þannig undanþeginn lagaákvæðum svo sem um fjölda sjóðfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og afleiðingar tryggingafræðilegrar úttektar. Sveitarfélagið er þannig ábyrgt fyrir þeim skuldbindingum sem sjóðurinn á ekki fyrir og sama ætti að gilda fyrir þá atvinnurekendur annarra sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum en það munu vera núverandi eigendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar (Byrs) og HS veitur. Uppgjör vegna bakabyrgðar Byrs hf., arftaka Sparisjóðs Hafnarfjarðar, mun þó vera óuppgert. Stjórnarmenn eru þrír, einn kosinn af sjóðfélögum, annar af bæjarstjórn og svo bæjarstjórinn sjálfkjörinn.

Heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar á bilinu 68%-78%. Þeim aðilum sem bera bakabyrgð á skuldbindingum sjóðsins er árlega gerð grein fyrir stöðu hans.

8.2.2 Almennt um fjárfestingarstefnu og stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum um

Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar rætt við Sigurjón Björnsson framkvæmdastjóra og eina starfsmann sjóðsins. Stjórn sjóðsins samþykkir fjárfestingarstefnu hans á hverju ári lögum samkvæmt. Framkvæmdastjórinn kvaðst sjálfur hafa mótað stefnuna án sérstakrar ráðgjafar. Horft hefði verið til þess að sjóðurinn væri lokaður, tekið mið af aldursamsetningu sjóðfélaga, framtíðargreiðsluflæði og hvenær gert væri ráð fyrir að sjóðurinn tæmdist og reyna mundi á bakabyrgð vinnuveitenda.

Eftirlaunasjóðurinn hefur fjárfest töluvert í erlendum verðbréfasjóðum og hefur hlutfallið hæst numið um 25-30% af heildareign. Sjóðurinn var ekki með gjaldmiðlavarnir. Sjóðurinn átti hlutabréf í föllnu bönkunum sem keypt voru þegar þeir fóru á markað og töpuðust þau. Þá átti sjóðurinn skuldabréf á banka, sparisjóði og önnur fyrirtæki. Þar á meðal eingreiðslubréf (svokölluð kúlubréf). Þá mun sjóðurinn hafa átt víkjandi skuldabréf á Landsbankann (Sjá kafla 5.1.9). Sjóðurinn mun á árinu 2008 hafa keypt skuldabréf af Hafnarfjarðarkaupstað, sem að einhverju leyti fór yfir gildandi lagahámark, en eftir athugasemdir Fjármálaeftirlitsins tókst að selja í gegnum verðbréfafyrirtækið Virðingu hf. það sem út af stóð. Þetta mun ekki tapað fé.

Þau viðskipti Eftirlaunasjóðsins, sem helst eru atvugunarverð fram yfir aðra sjóði, eru viðskipti við VBS fjárfestingarbanka. Milli sjóðsins og bankans mun hafa verið í gildi munnlegur samningur um eignastýringu. Hljóðaði samningurinn upp á að VBS væri heimilt að kaupa veðskuldabréf á höfuðborgarsvæðinu fyrir allt að 30 mkr. með 65% veðþekju að hámarki. Að sögn framkvæmdastjórans mun VBS ekki hafa staðið við sinn hluta samningsins og keypt bréf í nafni sjóðsins utan höfuðborgarsvæðisins og fyrir hærri fjárhæð af mati eignarinnar en umrædd 65% regla kvað á um. Það tókst að vísu að láta þessar ráðstafanir ganga til baka eftir að framkvæmdastjórinn hótaði bankanum málssókn. Þessi skuldabréf, sem voru með veði utan höfuðborgarsvæðisins, voru færð á 1. veðrétt í Mjólnisholti í Reykjavík. Óvíst mun þó um heimtur þeirra. Þá hafði Eftirlaunasjóðurinn keypt bréf í Nordea bank og SE bank

fyrir milligöngu VBS banka. Bréfin voru vistuð hjá Lehman Bros. Þetta var að hálfu sjóðsins gert í trausti þess að eignirnar yrðu skráðar sem séreign hans. Þegar á reyndi eftir bankahrún og fall Lehman reyndust eignirnar ekki skráðar á Eftirlaunasjóðinn.

Komið hefur í ljós að stjórnun VBS banka var mjög í molum, a.m.k. eftir eigendaskipti nokkru fyrir fall viðskiptabankanna. Hafa fleiri sjóðir tapað á ráðslagi þáverandi framkvæmdastjórnar bankans. Hins vegar þykir það athugunarvert hjá Eftirlaunasjóðnum að hafa ekki slíka stýringarsamninga skriflega og strangt eftirlit með stýringaraðilanum. Sérstaklega verður að gæta varúðar við eigendaskipti á slíkum stýringaraðilum.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar tapaði svo sem flestir aðrir lífeyrissjóðir á falli viðskiptabankanna og í aðdraganda þeirra. Hins vegar hefði ljóslega mátt standa nokkru betur að fjárfestingum sjóðsins. Þegar um svo lítinn sjóð er að ræða með aðeins einn starfsmann virðist rétt að semja við annan og stærri aðila um stýringu sjóðsins, t.d. Lífeyrissjóð sveitarfélaga. Sveitarfélögin ættu að álitu úttekta nefndar að hafa forgang um að safna lífeyrissjóðum þeim tengdum á einn stað og auka kunnáttu þeirra til fjárfestinga og afl til eftirlits með þeim eignasöfnum sem sjóðirnir kjósa að hafa í stýringu annarra.

9. Kafli

9.1 Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	71
9.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar	71
9.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2008 til 2010	74
9.2 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	77

9.1 Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar

9.1.1 Starfsemi Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar

Upphaf

Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar var stofnaður árið 1959 og bar þá nafnið Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Sjóðurinn nýtur bakabyrgðar sveitarfélagsins og er því undanþeginn ákvæðum 21., 23. og 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðfélagar geta verið allir starfsmenn Reykjanesbæjar og stofnana hans, 16 ára og eldri, sem störfuðu hjá þessum aðilum fyrir 1. júlí 1999 og taka laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjanesbæjar eða samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi þar sem kveðið er á um aðild að sjóðnum. Sjóðfélagar geta með heimild stjórnar sjóðsins einnig verið starfsmenn stofnana eða fyrirtækja sem Reykjanesbær rekur ásamt öðrum. Sama gildir um starfsmenn sjálfseignarstofnana sem eiga lögheimili í kaupstaðnum og starfa í þágu almennings. Það er einnig skilyrði fyrir áframhaldandi aðild starfsmanna slíkra stofnana að þeir hafi verið sjóðfélagar fyrir 1. júlí 1999.

Eftirlaunasjóðurinn hefur frá árinu 1999 eingöngu tekið við iðgjöldum frá þeim sjóðfélögum sem voru starfandi og iðgjaldagreiðendur til sjóðsins við gildistöku laganna.

Stjórn sjóðsins

Stjórnarmenn eru þrír talsins. Val þeirra fer þannig fram að einn er kosinn af sjóðfélögum, einn er kosinn af bæjarstjórn Reykjanesbæjar og eru þeir báðir kosnir til fjögurra ára. Þriðji stjórnarmaðurinn er bæjarstjóri Reykjanesbæjar og er hann jafnframt formaður sjóðsstjórnar.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Esj. Reykjanes. tafla 1

Stjórn Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar í árslok

Nafn:	Titn.	2009	2008	2007	2006
Árni Sigfússon	Bæjarstjóri	Form.	Form.	Form.	Form.
Ellert Eiríksson	Bæjarstjórn	X	X	X	X
Elsa Lilja Eyjólfsdóttir	Sjóðfélagar	X	X	X	X

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar er Gréta Jóna Sigurðardóttir og er starfshlutfall hennar 50%. Engir aðrir starfsmenn eru hjá sjóðnum.

Endurskoðun:

Guðmundur Kjartansson, endurskoðandi Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir, endurskoðandi og yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte hf., og Signý Marta Böðvarsdóttir, viðskiptafræðingur áhættuþjónustu Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Árni Sigfússon, formaður

- Keilir, miðstöð vísinda og fræða atvinnulífs, formaður
- HS Veitur, formaður
- Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, formaður
- Eignarhaldsfélagið Fasteign, formaður
- Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, formaður

Ellert Eiríksson, stjórnarmaður

- Fiskmarkaður Suðurnesja, formaður
- Reiknistofa fiskmarkaða, formaður
- Skipasmíðastöð Njarðvíkur, stjórnarmaður
- Miðstöð Símenntunar, stjórnarmaður

Heimildir: Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar dags. 7. nóv. 2011.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar er að finna í 2. grein samþykka sjóðsins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri, svo og börnum elli- og örorkulífeyrisþega barnalífeyri, allt samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.

Starfsemi Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Sjóðurinn er lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum og engin sjóðfélagalán hafa verið veitt frá árinu 2004. Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi þann 23. ágúst 2002 samþykkti stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Reykjanesbæjar starfsreglur stjórnar. Í fjórðu grein starfsreglnanna er kveðið á um skyldur stjórnar og verksvið. Þar kemur m.a. fram:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag og starfsemi séu í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Stjórnin skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn frá störfum.
- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi og meðferð starfsreglna.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu í samvinnu við eignastýringu Kaupþings hf. Mark-

mið fjárfestingarstefnunnar er að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Í töflu 2 má sjá fjárfestingarstefnu Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2008 ásamt heimildum um hversu leyfilegt er að víkja frá settum markmiðum.

Esj. Reykjanes. tafla 2

Fjárfestingastefna Esj. Reykjanesbæjar fyrir árið 2008

Flokkar verðbréfa	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	10%	0-20%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	45%	20-60%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	0-15%
Skuldabréf, sparissjóða og annarra lánastofnana	12%	0-25%
Fasteignatryggð skuldabréf	8%	0-20%
Hlutabréf	20%	0-45%
Önnur verðbréf	3%	0-30%
Samtals	100%	

	Stefna	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	20%	0%	45%
Innlend hlutabréf	5%	0%	15%
Erlend hlutabréf	15%	0%	30%
Önnur verðbréf	3%	0%	30%
Skuldabréf fyrirtækja	0%	0%	20%
Annað	3%	0%	10%

Eignastýring

Þann 7. apríl 1999 gerðu Kaupþing hf. og Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar samning sín á milli um fjárvörslu, ávöxtun og umsýslu fjármuna Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar. Þær eignir sem voru undanskildar voru sjóðfélagalán og stofnfjárbréf í Sparissjóðnum í Keflavík. Samningurinn var síðan endurnýjaður þann 13. des. 2007 og heitir „samningur um eignastýringu“ og er á milli Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. (RKB) og Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar. Samningurinn um eignastýringu frá 2007 var mun ýtarlegri en samningurinn frá 1999.

Aðalatriði samningsins frá 2007 eru þessi:

- RKB skal annast kaup, sölu og innlausn fjármálagerna og meðhöndla þá fjármuni sem RKB eru faldir til vörslu og umsýslu.
- RKB tekur sjálfstæðar ákvarðanir um ávöxtun fjármuna þeirra sem rekstrarfélaginu eru faldir til fjárvörslu, þ. á m. hvaða fjármálagerningar skulu keyptir og/eða seldir, hvenær og í hve

miklum mæli, allt innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

- RKB annast vörslu og innheimtu fjármálagerninga.
- Samantekt upplýsinga fyrir eftirlaunasjóðinn, þ.m.t. mánaðarleg yfirlit um verðbréfaeign í vörslu, hreyfingar eigna og árangur við ávöxtun.
- Aðstoð við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Skráning allra eigna og hreyfinga í verðbréfa-kerfi Kaupþings hf.

Í samningnum veitir stjórn sjóðsins RKB fullt og ótakmarkað umboð til að ráðstafa þeim fjármunum sem sjóðurinn afhendir RKB og eru í vörslu RKB á hverjum tíma. Þá er RKB heimilt að framselja fjármálagerninga í nafni sjóðsins.

Tveir viðaukar fylgja samningnum. Viðauki I fjallar um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Viðauki II fjallar um kostnað og þóknanir.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 159 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 8,1% milli ára. Lífeyrisþegum hefur einnig fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 146 talsins, samanborið við 120 lífeyrisþega í árslok 2006. Á þessum fjórum árum fjölgaði lífeyrisþegum um 6,8% að meðaltali milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi hækkað meira en sem nemur fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Esj. Reykjanes. tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	126	103	76	67	60
Örorkulífeyrir	8	6	6	5	5
Makalífeyrir	25	22	21	18	16
Barnalífeyrir	0	0	0	0	0
Samtals, verðlag hvers árs	159	131	103	90	81
Samtals, verðlag 2009	159	141	131	121	116

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 2% umfram hækkun lífeyrisréttinda.

Esj. Reykjanes tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	3.156	2.815	2.480	1.236
Skuldbindingar	6.286	5.945	5.445	5.729
Samtals	-3.130	-3.130	-2.965	-4.493
% af skuldbindingum	-49,8%	-52,6%	-54,5%	-78,4%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborðið við heildarskuldbindingar hafa verið neikvæðar allt frá 78,4% niður í 49,8% þau ár sem eru til skoðunar. Ástæða bættrar tryggingafræðilegrar stöðu árið 2007 frá 2006 felst í réttindaflutningi og endurgreiðslum sem námu 1.283 mkr. Þess ber að geta að sjóðurinn nýtur bakábyrgðar sveitarfélagsins.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Eins og fram kemur í yfirliti yfir eignasafn sjóðsins hér að neðan var mestur hluti eigna sjóðsins árin 2006 og 2007 bundinn í tveimur verðbréfaflokkum, þ.e. innlendum verðbréfum með ríkisábyrgð og erlendum verðbréfum. Árið 2006 var 71% af eignum sjóðsins í þessum tveimur flokkum og árið 2007 var hlutfallið 58%. Árin 2008 og 2009 voru hins vegar 80% og 75% af eignasafninu eingöngu í innlendum verðbréfum með ríkisábyrgð.

Esj. Reykjanes. tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	0	78	85	21	
Erlend verðbréfaeign	379	282	197	207	
Innlendir skuldabréfasjóðir	4	23	70	4	423
Innlendir hlutabréfasjóðir	33	12	90	90	
Innlend verðbréf með ríkisábyrgð	1.906	1.831	272	316	
Skuldabréf sveitarfélaga			0	1	
Skuldabréf lánastofnana	137	20	49	47	
Skuldabréf fyrirtækja	59	6	6	5	50
Önnur skuldabréf	2	2	3	2	
Veðlán sjóðfélaga	22	25	33	39	
Niðurfærsla skuldabréfa	-12				
Samtals	2.530	2.279	805	732	473

Heimild: Ársskýrslur Esj. Reykjanesbæjar.

Í yfirlitinu hér hér á eftir kemur fram að ávöxtun hafi aðeins verið neikvæð á tveimur verðbréfa-flokkum, þ.e. skuldabréfum banka og sparisjóða og innlendum hlutabréfum. Hins vegar var ávöxtun einnig neikvæð í hluta af innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum þótt það komi ekki fram á neðan-greindu yfirliti sjóðsins.

Esj. Reykjanes. tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlán í bönkum og sparisjóðum	6,0%	15,0%	14,0%	12,0%	
Ríkisvixlar, ríkisskuldab.	5,0%	26,0%	5,0%	9,0%	
Skuldab. bæjar- og sveitarfélaga			12,0%	14,0%	
Skuldab. banka og sparisjóða	-31,0%	-53,0%	12,0%	14,0%	
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5,0%	23,0%	12,0%	12,0%	
Innlend hlutabréf	-6,0%	-17,0%	2,0%	31,0%	
Önnur verðbréf		5,0%	-11,0%	13,0%	
Gengisbundin verðbréf	28,0%			39,0%	

Heimild: Skýrslur sendar FME um ávöxtun eignasafna.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 2,4%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 3,3%. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 2,7%. Raunávöxtun árána 2006 og 2005 var mjög góð eða 9,8% og 7,5%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var jákvæð um 3,7% og síðustu 10 árin var hún jákvæð um 2,6%.

Esj. Reykjanes. tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	2,4%	-3,3%	2,7%	9,8%	7,5%
Fimm ára meðalávöxtun	3,7%	4,5%	6,9%	5,5%	3,2%
Tíu ára meðalávöxtun	2,6%	3,0%	4,0%	4,2%	3,8%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Meðalföldi virkra sjóðfélaga árið 2009 var 57, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Virkum sjóðfélögum hefur farið fækkandi en árið 2005 voru þeir 122, að meðaltali hefur þeim fækkað um 17,3% á ári. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu samtals 222 mkr.

Meðalhækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris milli ára á föstu verðlagi 2009 er 30,1%. Þessa miklu hækkun má rekja til ársins 2007 þar sem greiðslur

til sjóðsins vegna réttindaflutnings og endurgreiðslna námu 1.283 mkr.

Esj. Reykjanes. tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005-2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	222	28	1.312	40	36
Lífeyrir	-159	-71	-51	-40	-36
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	-79	18	10	6	0
Tap af vísitölu og gjaldmiðlasamningum	-5	-18	0	0	0
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	349	319	170	117	76
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	23	-35	0	0	0
Fjárfestingartekjur	288	284	180	123	76
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-2	-2	-2	-1	-1
Rekstrarkostnaður	-6	-6	-5	-3	-2
Rekstrargjöld	-8	-8	-7	-4	-3
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	343	233	1.434	119	73
Hrein eign frá fyrra ári	2.468	2.235	801	682	609
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	2.811	2.468	2.235	801	682

Afkoma á föstu verðlagi árisins 2009

	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	343	250	1.821	160	105
Hrein eign frá fyrra ári	2.468	2.403	1.017	917	876
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.811	2.653	2.839	1.077	981

¹⁾ Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknaratekjur fjármálfyrirtækja.

9.1.2 Tap Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mest tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Þá verður fjallað lítillega um gjaldmiðlavarnarsamninga sem sjóðurinn gerði við Kaupþing hf. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2009 og lítillega árið 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur í innlendum skuldabréfum, innlendum hlutabréfum, innlendum hlutabréfasjóðum og innlendum skuldabréfasjóðum.

Esj. Reykjanes. tafla 9

Yfirlit yfir tap Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar af skuldabréfum banka og sparisjóða, innlendum hlutabréfum og innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparisjóða	12	12	34	58
Innlend hlutabréf		78	9	87
Innlendir hlutabréfasjóðir		-4	66	62
Innlendir skuldabréfasjóðir		15	14	29
Samtals í mkr.	12	101	123	236

Heimild: Gögn frá Esj. Reykjanesbæjar dags. 26.4.2011 og 25.10.2011.

Af ofangreindum fjórum verðbréfaflokkum var tap sjóðsins 236 mkr. á árunum 2008 til 2010.

Skuldabréf banka og sparisjóða

Skuldabréfaeign sjóðsins samanstendur að mestu leyti af skuldabréfum banka og sparisjóða. Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparisjóðum samtals 49 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparisjóðum í árslok 2008 var 20 mkr. en í árslok 2009 hafði hún aukist og stóð í 137 mkr. Árið 2008 færði sjóðurinn um 34 mkr. til varúðar á afskriftareikning vegna þeirrar óvissu sem ríkti eftir bankahrunið 2008. Árið 2010 voru skuldabréf sjóðsins færð niður um 12 mkr. Mestar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum gefnum út af Byr sparisjóði eða 23 mkr.

Esj. Reykjanes. tafla 10

Afskriftir skuldabréfa 2008 - 2010	2010	2009	2008	Samtals
Byr sparisjóður	12	6	5	23
Sparisjóðurinn í Keflavík		6	4	10
Kaupþing banki hf.			25	25
Samtals	12	12	34	58

Heimild: Gögn frá Esj. Reykjanesbæjar dags. 26.4.2011 og 25.10.2011.

Esj. Reykjanes. tafla 11

Hlutabréfaeign á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Félög:	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Kaupþing banki hf.	8.434	3.484	4.661	6.615	8.752			
Samtals skráð félög í þús. kr.	8.434	3.484	4.661	6.615	8.752			
Sparisjóðurinn í Keflavík	8.335	17.276	28.670	78.184	79.209	84.259	86.981	78.184
Samtals óskráð félög í þús. kr.	8.335	17.276	28.670	78.184	79.209	84.259	86.981	78.184
Samtals félög í þús. kr.	16.770	20.760	33.331	84.799	87.961	84.259	86.981	78.184

Heimild: Gögn frá Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar dags. 26.4.2011.

Innlend hlutabréf

Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar hafði einungis fjárfest í hlutabréfum/stofnfjárbréfum tveggja félaga á því tímabili sem er til skoðunar, en það voru Kaupþing banki hf. og Sparisjóðurinn í Keflavík. Hér að neðan verður gerð grein fyrir þessum eignum tímabilið 31. des. 2005 – 31. des. 2008. Sjá töflu 11.

Hér á eftir verða breytingar á eignarhlut Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar í Kaupþing banka hf. sýndar nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um eignarhlut sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um eignarhlut í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu eignarhluta. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði í lok hvers tímabils.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu eignarhluta. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð eignarhluta til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Ekki er tekið tillit til arðgreiðslna.

Kaupþing banki hf.

Í ársbyrjun 2006 átti sjóðurinn 11.306 þús. hluti í Kaupþingi sem jafngilti rúmum 8 mkr. að markaðsvirði. Sama ár seldi sjóðurinn 7.163 þús. hluti með

hagnaði. Á seinni hluta árs 2007 og fyrsta ársfjórðungi 2008 bætti sjóðurinn síðan við sig 7.343 þús. hlutum, en þá var hlutabréfaverð í Kaupþingi farið að falla. Fyrir mitt ár 2008 losaði sjóðurinn sig við öll hlutabréf Kaupþings hf. og átti því engin hlutabréf í bankanum við fall hans. Heildartap á hlutabréfum í Kaupþing hf. var um 9 mkr.

Dags.	Nafnverð í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	11		746	8
31.12.06	4	-7	841	3
30.06.07	4		1.125	
31.12.07	8	3	880	3
31.03.08	11	4	762	3
30.06.08		-11	770	-9
30.09.08			723	
31.12.08			0	
Samtals		-11		9
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				
Stæða 31.12.08	0		0	9
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				
				9

Heimild: Gögn frá Eftirlaunastjórn Reykjaneshafnar dags. 26.4.2011.

Innlendir hlutabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2008 átti eftirlaunastjóðurinn hvað mest í innlendum hlutabréfasjóðum eða um 90 mkr. að markaðsvirði. Í árslok 2008 var eignin einungis 12 mkr. en í árslok 2009 hafði hún aukist nokkuð og stóð þá í 33 mkr. Í töflu 12 hér að neðan má sjá í hvaða sjóðum tapið liggur. Þar munar mest um gengislækkun á sjóði IS 15 en tapið á þeim sjóði var 52 mkr. árið 2008. Tapið lækkar þó á árinu 2009 um 4 mkr. vegna gengishækkunar. Alls var tapið á hlutabréfasjóðum Kaupþings 62 mkr. á árunum 2008 og 2009.

Esj. Reykjaneshafnar tafla 12

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Kaupþing	IS 15	-4	52	48
Kaupþing	Heildarvísitölusjóður		14	14
Samtals		-4	66	62

Heimild: Gögn frá Esj. Reykjaneshafnar 25.10.2011.

Innlendir skuldabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2008 átti eftirlaunastjóðurinn um 70 mkr. í innlendum skuldabréfasjóðum. Eignin fór síðan niður í 23 mkr. í árslok 2008 og í árslok 2009 átti eftirlaunastjóðurinn einungis 4 mkr. í skuldabréfasjóðum. Einungis var um að ræða tap á einum sjóði en það var Hávaxtasjóður Kaupþings og var samanlagt tap árunum 2008 og 2009 um 29 mkr.

Esj. Reykjaneshafnar tafla 13

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Kaupþing	Hávaxtasjóður	15	14	29

Heimild: Gögn frá Esj. Reykjaneshafnar 25.10.2011.

Erlend verðbréf

Eftirlaunastjóður Reykjaneshafnar hefur ekki þurft að afskrifa neinar erlendar eignir á árunum 2008 og 2009.

Heimild: Tölvupóstur frá Grétu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins, dags. 27.10.2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Á stjórnarfundum þann 7. maí 2008 óskaði stjórn sjóðsins þess við starfsmenn eignastýringar Kaupþings banka hf. að þeir gengju frá samningi um gengisvarnir fyrir sjóðinn. Samningurinn var gerður síðar sama ár. Á árinu 2009 var staða samningsins neikvæð um tæpar 5 mkr. Eftirlaunastjóðurinn lýsti kröfu á hendur Kaupþingi hf. fyrir slitastjórn vegna skuldabréfs að fjárhæð tæpar 27 mkr. Sjóðurinn telur því að hann eigi inni kröfu á Kaupþing hvort heldur gert sé ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir séu gerðir upp miðað við GVT 175 eða miðað við gengi á uppgjörstegi. Ef gert er ráð fyrir uppgjöri miðað við gengi á uppgjörstegi þá er heildarkrafa bankans með vöxtum 6 mkr. og verði kröfur sjóðsins á Kaupþing hf. samþykktar þá á sjóðurinn inni 20 mkr. hjá bankanum.

Lífeyrissjóðirnir eiga í viðræðum við Kaupþing banka hf. um uppgjör á útstandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

9.2 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar á úttektaár-unum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Eftirlaunasjóðurinn var stofnaður 1959 og nýtur bakabyrgðar sveitarfélagsins. Í kjölfar setningar lífeyrissjóðalaganna og stofnunar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga var sjóðnum lokað fyrir nýjum félögum eða árið 1999. Hann hefur því frá þeim tíma eingöngu tekið við iðgjöldum frá þeim sjóðfélögum sem voru starfandi og greiddu iðgjöld við gildistöku laganna. Þótt sjóðsmyndun sé nokkur í lífeyrissjóðnum má að öðru leyti líta á hann sem gegnumstreymissjóð. Gildir að því leyti sama um hann og sambærilega sjóði annarra sveitarfélaga sem var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í kjölfar lagasetningarinnar og stofnunar Lífeyrissjóðs sveitarfélaga svo og um B-deild LSR. Má vísa til LSR um umfjöllun um þetta fyrirkomulag að öðru leyti. Sjóðurinn er þannig undanþeginn lagaákvæðum svo sem um fjölda sjóðfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og afleiðingar tryggingafræðilegrar úttektar. Sveitarfélagið er þannig ábyrgt fyrir þeim skuldbindingum sem sjóðurinn á ekki fyrir. Stjórnarmenn eru enda tveir kosnir af bæjarstjórn en einn af sjóðfélögum.

Sjóðurinn gerði 7. apríl 1999 samning við Kaupþing hf. um fjárvörslu, ávöxtun og umsýslu fjármuna. Fjárfestingarstefnan er mótuð í samvinnu við eignastýringardeild fagfjárfesta hjá Kaupþing/Arion. Eignasafninu er þannig útvistað í heild sinni. Af starfsemi sjóðsins og viðtölum við Marinó Örn Tryggvason, forstöðumann eignastýringar fagfjárfesta, hefur fjárfestingum hans verið hagað með svipuðum hætti og hjá öðrum sjóðum í heildarstýringu hjá deildinni. Eftir mitt ár 2007 var farið að losa verðbréf í bönkum og fyrirtækjum og kaupa þess í stað aðallega verðbréf frá ríkinu eða með ábyrgð þess. Tap sjóðsins varð því minna en ella. Var þetta í samræmi við heildarstefnu deildarinnar. Þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um fjárfestingar sjóðsins.

10. Kafli

10.1 Festa lífeyrissjóður	81
10.1.1 Starfsemi Festu lífeyrissjóðs	81
10.1.2 Tap Festu lífeyrissjóðs 2008 til 2010	86
10.2 Stjórn og starfshættir	94
10.2.1 Samþykktir fyrir Festu lífeyrissjóð	95
10.2.2 Samskipta-, starfs- og siðareglur	95
10.3 Fjárfestingar Festu lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	97
10.3.1 Inngangur	97
10.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	97
10.3.3 Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs	98
10.3.4 Tap Festu lífeyrissjóðs	99

10.1 Festa lífeyrissjóður

10.1.1 Starfsemi Festu lífeyrissjóðs

Upphaf

Við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Suðurnesja árið 2005 fékk hinn sameinaði sjóður nafnið Lífeyrissjóður Suðurlands. Við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Vesturlands árið 2006 hlaut hinn sameinaði sjóður nafnið Festa lífeyrissjóður. Sjóðurinn rekur skrifstofur á þremur stöðum. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ en auk þess eru skrifstofur á Akranesi og Selfossi. Hjá sjóðnum starfa samtals 11 starfsmenn í 9,8 stöðugildum.

Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Félag iðn- og tæknigreina, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágr., Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verslunarmannafélag Suðurnesja, Báran stéttarfélag, Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Stéttarfélag Vesturlands og Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum. Þrír eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og þrír af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Sex varamenn eru kosnir á sama hátt til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Í samþykktum sjóðsins kemur fram að við val til stjórnar „skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmunna eiga að gæta hafi tilsvareandi aðkomu að stjórn sjóðsins“. Fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Þá skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, hafa rétt til fundarsetu á ársfundi sjóðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Festu lífeyrissjóði árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Festa tafla 1

Stjórn Festu lífeyrissjóðs í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Bergþór Guðmundsson	SA	Form.	Varaf.	Form.	Varaf.
Kristján Gunnarsson	FS	Varaf.	Form.	X	Form.
Sigrún Helga Einarsdóttir	SA	X	X	X	X
Ragna Larsen	FS	X	X	Varaf.	X
Magnea Guðmundsdóttir	SA	X			
Þórarinn Helgason	FS	X			X
Bergþór Baldvinsson	SA		X	X	X
Kristján Jóhannsson	FS		X	X	
Fulltrúi stéttarfélags	FS				
Samtök atvinnulífsins	SA				

Stjórnarmenn í árslok 2009 hafa allir að tveimur undanskildum setið í stjórn sjóðsins frá stofnun. Þá hefur formennska og varaformennska skipst árlega milli Bergþórs Guðmundssonar og Kristjáns Gunnarssonar að árinu 2007 frátöldu en það ár var Ragna Larsen varaformaður.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs er Gylfi Jónasson og hefur hann verið það frá upphafi. Gylfi var áður framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vesturlands árin 2000 til 2006. Árin 1997-2000 starfaði Gylfi hjá Lífeyrissjóði Sameinuðu þjóðanna. Sigfús Rúnar Eysteinnsson skrifstofustjóri hóf störf hjá sjóðnum árið 2006. Þórarinn Reynisson er innheimtustjóri og hóf störf hjá Lífeyrissjóði Suðurnesja árið 1991.

Endurskoðun:

Björg Sigurðardóttir og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, endurskoðendur, Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir, endurskoðandi, og Signý Marta Böðvarsdóttir, viðskiptafræðingur, Deloitte hf.

Regluvörður:

Sigfús Eysteinnsson, skrifstofustjóri

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Stjórnar- og starfsmenn Festu lífeyrissjóðs sátu í eftirtöldum stjórnnum tímabilið 2006-2009:

Kristján Gunnarsson, stjórnarmaður.

- Sparisjóðurinn í Keflavík, 2006-2009

Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs.

- Jöklar-Verðbréf hf., 2006-2009
- Eignarhaldsfélag Suðurnesja, 2009

Þórarinn Reynisson, innheimtustjóri.

- Eignarhaldsfélag Suðurnesja, 2006-2008

Heimild: Minnisblað Festu lífeyrissjóðs, dags. 29.10.2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Festu lífeyrissjóðs er að finna í 2. grein samþykktá sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá þessara.

2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

2.3. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

2.4. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Í 22. kafla samþykktá þessara er fjallað sérstaklega um séreignardeild sjóðsins.

Starfsemi Festu lífeyrissjóðs

Festa lífeyrissjóður skiptist í tvær megindeildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Séreignardeildin býður upp á tvær ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

- Samtryggingardeild. Í samtryggingardeild greiðast lögbundin eða samningsbundin iðgjöld, skv. 9. gr. samþykktá sjóðsins.
- Séreignardeild. Í séreignardeild greiðast viðbótariðgjöld, sbr. 22. gr. samþykktá sjóðsins.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeild sjóðsins þar sem eignir hennar voru aðeins 0,3% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu

lífeyris í árslok 2009. Eignasafn séreignardeildar er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins. Í yfirferð um Festu lífeyrissjóð hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundum 25. júlí 2007 voru samþykktar starfsreglur stjórnar. Fjórdá grein reglnanna fjallar um verksvið stjórnar, þar kemur m.a. fram:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.
- Stjórnin skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og gengur frá starfslýsingu.
- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.
- Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- Stjórnin skal árlega láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyriskuldbindinga er stjórninni tafarlaust skylt að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama á við ef munurinn hefur haldist 5% samfellt í fimm ár.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrir-

svar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur um störf stjórnar, breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur og heimildir framkvæmdastjóra

Starfsreglur framkvæmdastjóra voru samþykktar á stjórnarfundi þann 26. júní 2006. Í starfsreglunum kemur m.a. fram að:

- Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Hann sér um að ráða starfsmenn til sjóðsins.
- Framkvæmdastjóri skal haga fjárfestingum sjóðsins í samræmi við samþykktir og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í viðauka með starfsreglunum eru tilgreindar fjárfestingarheimildir framkvæmdastjóra, þ.e. fjárhæðarheimildir í hverjum verðbréfaflokki.
- Framkvæmdastjóri skal í samráði við stjórn setja sjóðnum fjárfestingarstefnu í samræmi við samþykktir og gildandi lög.
- Á þriggja mánaða fresti skal framkvæmdastjóri fara yfir rekstur sjóðsins á stjórnarfundi.

Starfsreglur framkvæmdastjóra voru síðan uppfærðar af stjórn í maí 2007 og aftur mars 2009.

Fjárfestingarstefna (samtryggingardeild)

Stjórn Festu lífeyrissjóðs mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Er stefnan grundvöllur á samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Þar segir að sjóðstjórn sjóðsins skuli ávaxta fé lífeyrissjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2008 var þessi:

„Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar Festu í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 2.1 hér að neðan. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2.2 og 2.3 hér að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.“

Heimild: Ársskýrsla Festu lífeyrissjóðs árið 2007.

Festa tafla 2

Flokkar verðbréfa (tafla 2.1)	Stefna	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0%	0%-10%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	32%	20%-50%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	0%-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	10%	5%-15%
Fasteignatryggð skuldabréf	4%	0%-10%
Hlutabréf	35%	15%-50%
Sérhæfðar fjárfestingar	5%	0%-10%
Önnur verðbréf	12%	5%-25%
Samtals	100%	

Tafla 2.2	Markmið	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	35%	15%	50%
Innlend hlutabréf	10%	5%	15%
Erlend hlutabréf	25%	10%	35%

Tafla 2.3	Markmið	Lágmark	Hámark
Önnur verðbréf	12%	5%	25%
Skuldabréf fyrirtækja	8%	3%	15%
Annað	4%	2%	10%

Eignastýring

Við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Vesturlands árið 2006 voru gerðar allmiklar breytingar á eignastýringu sjóðsins. Lífeyrissjóður Suðurlands úthýsti allri eignastýringu til þriggja aðila, Kaupþings Lúxemborg, Glitnis og Sparissjóðsins í Keflavík. Í júlí 2006 var eignastýringarsamningum við fyrrnefnda þrjá aðila sagt upp enda kom fram í fundargerð stjórnar Festu að kostnaður væri mikill og árangur slakur.

Lífeyrissjóðurinn Festa er eignaraðili að Jöklu-Verðbréfum. Jöklu-Verðbréf eru í eigu þriggja lífeyrissjóða sem eru: Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Lífeyrissjóður bænda. Jöklu-Verðbréf sinna eingöngu þjónustu við eigendur sína og eru sögð tilraun til að efla eignastýringu minni og meðalstórra sjóða og draga úr kostnaði með samrekstri.

Festa lífeyrissjóður og Jöklu-Verðbréf gerðu fjárvörslusamning sín á milli. Um var að ræða stýringu á innlendu hlutabréfasafni og safni erlendra verðbréfa. Jafnframt var gerður samningur við Glitni um skilgreinda stýringu ríkisskuldabréfasafns þar sem ákveðið var að auka hlutfall ríkisskuldabréfa þar sem hlutfall þeirra hafði verið lágt hjá Lífeyrissjóði Suðurlands. Í grunninn voru því samstarfsaðilar sjóðsins í eignastýringu tveir yfir tímabilið 2006-2009. Þá var

sjóðurinn með samning við Landsbanka Íslands og Glitni hf. um gjaldmiðlavarnir.

Heimild: Tölvubréf framkvæmdastjóra Festu dags. 2. febrúar 2011.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 1.767 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2006 (stofnár sjóðsins) hækkað að meðaltali um 3,8% milli ára. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 5.667 talsins, samanborið við 5.053 í árslok 2006. Á þessum fjórum árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 3,9% að meðaltali milli ára. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni. *Sjá töflu 3.*

Frá árinu 1997 hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Festu lífeyrissjóði. *Sjá töflu 4.*

Í skýringum Festu lífeyrissjóðs til nefndarinnar kemur fram að „meginástæða réttindaskerðinga Lífeyrissjóðs Suðurlands og Suðurnesja árið 2005 (vegna ársins 2004) er að þá var byrjað að nota staðla um örorkulíkur sem byggjast á íslenskum rauntölum. Áður byggðu tryggingafræðingar líkur á dönskum stöðlum, raunveruleikinn reyndist verri, en þetta var þó mismunandi eftir sjóðum. Tíðni örorku í þessum tveimur sjóðum reyndist vera há“.

Heimild: Minnisblað Festu lífeyrissjóðs dags. 31.1.2011.

Festa tafla 3

	Lífeyrisgr. í mkr. - sameignardeild				Fjöldi lífeyrisþega - sameignardeild			
	2009	2008	2007	2006	2009	2008	2007	2006
Ellilífeyrir	1.056	877	756	654	3.089	2.847	2.623	2.522
Örorkulífeyrir	572	510	449	406	1.536	1.400	1.431	1.425
Makalífeyrir	109	99	93	87	625	606	619	620
Barnalífeyrir	30	29	27	29	417	463	457	486
Samtals, verðlag hvers árs	1.767	1.515	1.325	1.176	5.667	5.316	5.130	5.053
Samtals, verðlag 2009	1.767	1.629	1.683	1.581				

Festa tafla 4

Sjóður	1997	1999	2000	2005	2006	2007	2009	2010
Lífeyrissjóður Suðurlands				-14,0%				
Lífeyrissjóður Suðurnesja			10,0%	-16,0%				
Lífeyrissjóður Vesturlands	7,0%	7,1%			4,4%			
Festa lífeyrissjóður						4,0%	-2,5%	-5,0%

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Festa tafla 5

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	116.813	118.251	112.715	95.857
Skuldbindingar	129.707	128.514	109.220	90.103
Samtals	-12.894	-10.263	3.495	5.754
% af skuldbindingum	-9,9%	-8,0%	3,2%	6,4%

Í töflunni hér að ofan kemur fram að heildarstaða sjóðsins í árslok 2006 og 2007 var jákvæð bæði árin. Árið 2008 snerust hlutirnir við og staðan varð neikvæð um 8,0% eða 10.263 mkr. Staðan hélt enn áfram að versna árið 2009 og var hún þá neikvæð um 9,9% eða 12.894 mkr. í árslok.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Frá stofnun Festu lífeyrissjóðs hafa ríkistryggð bréf verið stór hluti af eignasafni sjóðsins. Þannig námu ríkistryggð bréf 30% af eignasafni sjóðsins árið 2007 og 42% árið 2008 þegar tekið hefur verið tillit til ríkistryggðra verðbréfa í innlendum verðbréfasjóðum. Þá hefur erlend verðbréfaeign einnig verið áberandi. Í árslok 2006 voru erlendar eignir 32% og í árslok 2007 voru þær 37% af eignasafninu. Í árslok 2008 var hlutfallið komið niður í 28%. Þá fjárfesti

sjóðurinn töluvert í skuldabréfum lánastofnana, fyrirtækja og innlendum verðbréfasjóðum eins og fram kemur í töflunni hér að neðan. Fjárfestingar í öðrum eignaflokkum voru minni nema hvað skuldabréf sveitarfélaga jukust mikið strax eftir fall bankanna.

Festa tafla 6

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006
Ríkistryggð bréf	20.854	16.668	11.780	9.782
Skuldabréf sveitarfélaga	7.605	5.758	1.763	1.645
Skuldabréf lánastofnana	2.358	3.544	5.176	4.892
Skuldabréf eignarleigufyrirtækja			236	257
Skuldabréf fyrirtækja	4.218	3.922	4.860	4.020
Erlend skuldabréf		1.924	1.603	1.320
Innlend hlutabréf	1.367	1.419	6.686	4.954
Erlend hlutabréf	3.696	3.010	2.706	2.664
Innlendnir verðbréfasjóðir	6.973	6.835	6.487	5.771
Erlendir verðbréfasjóðir	7.514	10.571	12.064	11.914
Veðlán sjóðfélaga	1.689	1.370	971	851
Önnur veðlán	994	669	89	32
Bundin innlán	2.542	346	460	440
Aðrar fjárfestingar	7			
Samtals	59.817	56.036	54.881	48.542

Neikvæð ávöxtun eignaflokka var eingöngu á skuldabréfum lánastofnana, innlendum hlutabréfum og öðrum verðbréfum (nær eingöngu fyrirtækjaskuldabréf). Gengisbundin verðbréf voru reyndar með neikvæða ávöxtun árið 2009 en þar var væntanlega um stundartap að ræða.

Festa tafla 7

Hrein raunávöxtun eignasafna í %	2009	2008	2007	2006
Bréf með ábyrgð ríkissjóðs	6,0%	7,0%	3,0%	1,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	6,0%	3,0%	5,0%	4,0%
Skuldabréf lánastofnana	-34,0%	-54,0%	6,0%	5,0%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	6,0%	9,0%	6,0%	5,0%
Fasteignaveðtr. skuldabréf	6,0%	7,0%	5,0%	5,0%
Hlutabréf innlend	-34,0%	-76,0%	11,0%	12,0%
Hlutabréf erlend			-10,0%	28,0%
Önnur verðbréf	-19,0%	-52,0%	6,0%	6,0%
Gengisbundin verðbréf	-15,0%	5,0%		
Samtals	-5,0%	-19,0%	3,0%	11,0%

Eins og sést á ofangreindum tveimur töflum þá sýnir efri taflan verðbréfaeign sjóðsins í árslok hvers árs í fjárhæðum (mkr.) Töfluna sjálfa er hins vegar ekki að finna í ársskýrslu sjóðsins. Þess í stað þarf að fara í gegnum efnahagsreikning sjóðsins og leita að hverjum verðbréfaflokki fyrir sig.

Þá er í ársskýrslunni hvergi sýnd ávöxtun hvers verðbréfaflokks. Ávöxtun verðbréfaflokka er aðeins send Fjármálaeftirlitinu og þá eingöngu einu sinni á ári.

Með þarfir lesenda ársreikningsins í huga sem eru m.a. sjóðfélagar væri æskilegt að birta í ársreikningnum töflu sem sýndi sundurgreinda verðbréfaflokka sjóðsins í fjárhæðum. Síðan kæmi önnur tafla sem sýndi raunávöxtun sömu verðbréfaflokka. Ekki þarf að hafa mörg orð um að þetta mundi hafi mikið upp-lysingagildi fyrir lesendur ársskýrslunnar.

Raunávöxtun

Árið 2009 var hrein raunávöxtun sjóðsins neikvæð um 5,1%, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður sjóðsins hafði verið dreginn frá hreinum fjármunategjum. Þá var hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 neikvæð um 18,8%. Ástæður þessarar löku afkomu skýrast að mestu leyti af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands. Neikvæð raunávöxtun eignasafns sjóðsins árin 2008 og 2009 leiddi síðan til þess að í árslok 2009 var fimm ára meðalávöxtun sjóðsins orðin neikvæð um 1,1% og meðalávöxtun síðustu 10 ára var jákvæð um aðeins 0,1%.

Festa tafla 8

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006
Hrein raunávöxtun	-5,1%	-18,8%	2,8%	11,1%
Fimm ára meðalávöxtun	-1,1%	1,4%	7,9%	6,6%
Tíu ára meðalávöxtun	0,1%	1,8%	4,8%	5,1%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2006 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 14.629 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Launagreiðendur voru 1.768 talsins.

Stærsti launagreiðandinn árið 2009 var Vinnu-málastofnun með 7,3% og Norðurál með 5,9% allra iðgjalda til sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu samtals 3.911 mkr. sem er nánast sama fjárhæð og árið 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á föstu verðlagi (verðlag 2009) kemur í ljós að árið 2007 fór að halla undan fæti hvað varðaði afkomu sjóðsins. Árið 2006 hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 12.380 mkr. en árið 2007 hæk-

aði hún hins vegar aðeins um 8.460 mkr. sem var lækkun milli ára um 31,7% m.v. fast verðlag eins og áður segir. Árið 2008 var lækkun á hreinni eign sjóðsins um 787 mkr. en árið 2009 skilaði sjóðurinn 3.830 mkr. til aukningar á hreinni eign. Á föstu verðlagi var hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris 10,7% lægri í árslok 2009 en hún var í árslok 2006.

Festa tafla 9

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2006 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006
Löggjöld	3.911	3.915	3.508	2.814
Lífeyrir	-1.788	-1.514	-1.220	-1.168
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	-570	-4.309	783	2.557
Tekjur / -gjöld af húseignum og lóðum	6			0
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	4.090	7.055	3.725	5.146
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-1.685	-5.753	-4	6
Fjárfestingartekjur	1.841	-3.007	4.504	7.709
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-65	-59	-67	-72
Rekstrarkostnaður	-82	-77	-73	-81
Rekstrargjöld	-147	-136	-140	-153
Aðrar tekjur	13	10	9	6
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	3.830	-732	6.661	9.208
Hrein eign frá fyrra ári	54.563	55.295	48.634	39.426
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	58.393	54.563	55.295	48.634

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

	2009	2008	2007	2006
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	3.830	-787	8.460	12.380
Hrein eign frá fyrra ári	54.563	59.448	61.768	53.007
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	58.393	58.661	70.227	65.387

1) Festa lífeyrissjóður sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarnir sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6., Þóknatekjur fjármálfyrirtækja.

Heimild: Ársskýrslur Festa lífeyrissjóðs.

10.1.2 Tap Festu lífeyrissjóðs 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu af tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrir en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins er að mestu í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum
- Erlendum verðbréfum

Festa tafla 10

Yfirlit yfir tap Festu lífeyrissjóðs af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, innendum hlutabréfa- og skuldabréfa sjóðum, erlendum verðbréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	1098	2.174	2.856	6.128
Skuldabréf fyrirtækja	94	1.344	2.928	4.366
Innlend hlutabréf		676	4.970	5.646
Innlendir skuldabréfasjóðir		239	241	480
Innlendir hlutabréfasjóðir			209	209
Erlend verðbréf		56		56
	1.192	4.489	11.204	16.885
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		2.824		2.824
Samtals tap í mkr.	1.192	7.313	11.204	19.709

Heimild: Festa lífeyrissjóður, ársskýrslur sjóðsins, tölvupóstur 10.11.2011 og bréf Festu lífeyrissjóðs dags. 5.1.2011.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 19.709 mkr. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavarnarsamninga upp m.v. gengi á gjald-daga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna ykju gjaldmiðlavarnarsamningarnir tap sjóðsins um 2.150 mkr. og yrði tapið þá samtals 21.859 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 5.176 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 3.544 mkr. en ári síðar eða í árslok 2009 stóð skuldabréfaeignin í 2.358 mkr.

Í mars 2008 efndi Glitnir banki til skuldabréfaútboðs, samtals að fjárhæð 15.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leytnu sérstakt, að skuldabréfin voru án gjald-daga. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði skuldabréfanna hins vegar breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi

hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skilmálum skuldabréfsins. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði það greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. Festa lífeyrissjóður tók þátt í útboðinu og keypti skuldabréf fyrir 320 mkr. sem töpuðust að fullu nokkrum mánuðum síðar við fall bankanna. Sá háttur hefur verið hafður á hjá Festu að ef taka þarf ákvörðun um fjárfestingar sem krefjast stjórnarsamþykkis á milli funda, er stjórnarmönnum send ýtarleg kynning með tölvupósti og óskað samþykkis þeirra á viðkomandi tillögu að fjárfestingu. Þann 13. mars 2008 sendi framkvæmdastjóri Festu öllum stjórnarmönnum sjóðsins tölvupóst þar sem ofangreint skuldabréfaútbod og skilmálar þess voru kynnt. Með tölvupóstinum fylgdi einnig kynning bankans á útboðinu. Meirihluti stjórnarmanna svaraði fyrirnefndum tölvupósti og samþykktu þeir fyrir sitt leyti að sjóðurinn tæki þátt í útboðinu (Sjá nánar 5.1.9 Glitnir hf. – skuldabréfaútbod í mars 2008).

Heimild: Tölvupóstar til stjórnarmanna dags. 13.3.2011, bréf framkvæmdastjóra Festu dags. 5.1.2012

Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparisjóða árin 2008 til 2010 eða samtals 6.128 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá Sparisjóðnum í Keflavík 1.734 mkr., Kaupþingi 1.163 mkr., Glitni 1.017 mkr., Landsbanka Íslands hf. 647 mkr. og Straumi Burðarás 509 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparisjóða námu samtals 1.058 mkr.

Festa tafla 11

Afskriftir hjá bönkum og sparisjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Sparisjóðurinn í Keflavík	845	889		1.734
Kaupþingi banki hf.	-98	119	1.142	1.163
Glitnir banki hf.	-21	93	945	1.017
Landsbanki Íslands hf.	-83	113	617	647
Straumur Burðarás hf.	108	401		509
BYR sparisjóður	137	296		433
SPRON hf.	68	141	34	243
Sparisjóður Mýrasyslu	4	95	93	192
VBS Fjárfestingarbanki hf.	141	15		156
Sparisjóðabanki Íslands hf.	-3	6	25	28
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.		6		6
Samtals í mkr.	1.098	2.174	2.856	6.128

Heimild: Festa lífeyrissjóður.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum var 4.020 mkr. í árslok 2006. Var hún síðan á bilinu 4.000 – 5.000 mkr. út tímabilið sem er til skoðunar.

Á árunum 2008 til 2010 voru fyrirtækjaskuldabréf í eigu sjóðsins afskrifuð, samtals um 4.366 mkr. Mestu afskriftir hjá einstökum fyrirtækjum voru: Exista hf. 657 mkr., HF. Eimskipafélag Íslands 616 mkr., Atorka Group hf. 530 mkr., Landic Property hf. 474 mkr. og Samson eignarhaldsfélag ehf. 451 mkr. Skuldabréf annarra fyrirtækja voru afskrifuð samtals um 1.638 mkr.

Festa tafla 12

Fyrirtækjaskuldabréf – afskriftir

	2010	2009	2008	Samtals
Exista hf.	48	167	442	657
Avion hf./HF. Eimskipafélag Íslands		110	506	616
Atorka hf./Jarðboranir hf.	129	401		530
Landic Property hf.	7	183	284	474
Samson eignarhaldsfélag ehf.	-71	156	366	451
Nýsir hf.		47	286	333
Baugur Group hf.	-53	122	256	325
Egla hf.		-19	217	198
Stoðir hf./FL Group hf.		53	188	241
Mosaic Fashions hf.		12	139	151
Íslensk afþreying hf.		8	107	115
Latibær ehf.	-3	58	20	75
Teymi hf./Kögun hf.		6	65	71
Milestone ehf.	-5	36	28	59
Ýmis veðskuldabréf	37			37
N1 hf./Olíufélagið hf.	24			24
Tæknival hf.		1	8	9
Opin kerfi hf.	-19	3	16	0
Samtals í mkr.	94	1.344	2.928	4.366

Heimild: Festa lífeyrissjóður.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Festa lífeyrissjóður 3.227 mkr. af innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 4.970 mkr. Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni féll hlutdeild hlutabréfa í verðbrefasafni sjóðsins úr því að vera 10% -12% árin 2006 og 2007 í það að verða aðeins 2,5% árið 2008 og 2,3% árið 2009.

Festa tafla 13

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjäreign í ársbyrjun	16.576	1.462	6.686	4.954	3.474
Keypt hlutabréf á árinu	4.290	681	435	2.225	949
Seld hlutabréf á árinu	3.145	75	689	1.266	1.115
Hlutabréfaeign í árslok	14.494	1.392	1.462	6.686	4.954
Hagn / (-tap)	-3.227	-676	-4.970	773	1.646

Heimild: Festa lífeyrissjóður.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Festu lífeyrissjóðs tímabilið 1. jan.

Festa tafla 14

Hlutabréfaeign á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Actavis Group hf.	118.820	189.184	265.574					
Alfesca hf./SÍF hf.	225.956	194.604	35.966	45.987	45.123	48.375	48.578	32.029
Atorka hf./Jarðboranir hf.		100.521	126.241	148.637	115.391	125.940	90.126	11.675
Bakkavör Group hf.	395.056	548.813	569.843	486.194	368.042	263.289	190.750	22.299
Century Alum. Comp.hf.			185.535	186.118	271.355	291.516	150.390	60.483
Dagsbrún hf	19.935							
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.hf.		115.310	65.031	56.006	37.356			
Exista hf.		104.940	272.242	183.221	106.885	89.205	47.175	
Stoðir hf./FL Group hf.	34.679	5.499	74.950	161.080	70.044			
Glitnir banki hf.	233.793	414.111	433.932	342.398	269.086	276.086	72.530	
HB Grandi hf	78.625							
Icelandair Group hf.		91.080	64.400	63.825	57.500	29.707	33.656	23.874
Kaupping banki hf.	1.348.400	1.358.215	1.496.250	1.271.600	1.190.215	1.123.297	1.008.993	
Landsbanki Íslands hf.	216.622	341.983	464.020	605.062	504.504	403.685	316.475	
Marel hf.	39.097	89.628	35.092	154.428	140.074	218.495	226.797	262.521
Mosaic Fashions hf.	15.211	27.678						
Státurfélag Suðurlands svf.	12.388	23.917	22.690	23.819	18.322	18.322	18.322	24.430
SPRON hf.				36.474	17.139	13.303	10.467	
Straumur Burðarás hf.	24.700	49.642	193.006	154.669	120.258	106.532	90.824	25.811
Teymi hf.	29.926	8.007	15.252	21.550	15.563	7.292		
Össur hf.	41.713	108.932	102.204	119.382	112.370	113.218	113.703	120.855
Samtals í þús. kr.	2.834.921	3.772.063	4.422.227	4.060.450	3.459.228	3.128.263	2.418.786	583.977
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Sparisjóðurinn í Keftavík	510.000	1.046.303	2.381.188	2.370.112	2.370.110	2.370.112	1.063.831	712.329
Eignarhaldsfél. Suðurnesja	46.700	46.700	46.700	46.700	46.700	46.700	46.700	46.700
Eignarhaldsfél. Suðurlands	35.000	35.000	35.000	35.000	35.000	35.000	35.000	35.000
Jöklar verðbréf hf.		29.855	31.337	44.786	52.706	52.980	54.701	42.669
DMM Solutions Ltd.	12.500	12.500	12.500	12.500	12.500	12.500	12.500	12.500
Reiknistofa lífeyrissjóða	5.705	10.595	10.595	21.190	21.190	21.190	21.190	21.190
Brú Venture Capital								7.882
Fiskmarkaður Suðurnesja hf		28.867						
Bláa Lónið hf		35.000						
Önnur óskráð félög	1.975	786	900	890	890	890	890	890
Samtals í þús. kr.	675.747	1.181.739	2.518.220	2.531.178	2.539.096	2.539.372	1.234.812	879.160
Samtals félög í þús. kr.	3.510.668	4.953.802	6.940.447	6.591.628	5.998.324	5.667.636	3.653.598	1.463.137
Skráð hlutabréf	80,8%	76,1%	63,7%	61,6%	57,7%	55,2%	66,2%	39,9%
Óskráð hlutabréf	19,2%	23,9%	36,3%	38,4%	42,3%	44,8%	33,8%	60,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Heimild: Yfirlit unnið af Festu lífeyrissjóði dags. 8. febr. 2011.

2006 til 31. des. 2008. Félögunum er annars vegar skipt upp í skráð félög og hins vegar óskráð félög.

Þann 1. jan. 2006 átti Festa lífeyrissjóður hlutabréf samtals að fjárhæð 3.511 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 4.954 mkr. Um mitt ár 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins mest eða 6.940 mkr. sem var aukning um 40% frá áramótunum 2006/2007. Á sama tíma hækkaði úrvalsvisitalan um 29,5%. Á seinni árhelmingi

2007 lækkaði hlutabréfaeign sjóðsins enda var gengi hlutabréfa byrjað að lækka mikið. Á árinu 2008 fór eign sjóðsins í hlutabréfum hratt lökkandi þannig að í lok ársins var hún komin niður í 1.463 mkr. sem var lækkun á árinu um 5.128 mkr. eða 77,8% af hlutabréfasafni sjóðsins.

Athygli vekur hátt hlutfall óskráðra hlutabréfa/stofnbréfa í eigu sjóðsins og hvernig hlutfall þeirra eykst eftir því sem líður á tímabilið. Þannig eru óskráð hlutabréf/stofnbréf 19,2% í ársbyrjun 2006. Þau eru komin í 38,4% í ársbyrjun 2008 og í árslok 2008 eru óskráð hlutabréf/stofnbréf orðin 58,9% af hlutabréfaeign sjóðsins. Munar þar mestu um kaup lífeyrissjóðsins á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Festu lífeyrissjóðs í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeignina þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.07 og 31.12.07. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árin 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árhelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir.

Þá skal lögð áhersla á að þrátt fyrir mikið tap á innlendum hlutabréfum árið 2008 þá höfðu hlutabréf oft skilað sjóðnum góðri ávöxtun árin á und-

an. Þá er einnig rétt að benda á að sjóðirnir voru í erfiðri stöðu frá seinni hluta árs 2007 hvað varðar innlend hlutabréf. Stórfelld sala á hlutabréfum hefði getað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér úti á markaðnum. Hins vegar er jafnljóst að sjóðirnir hefðu getað haldið að sér höndum og hætt að kaupa hlutabréf frá og með seinni hluta árs 2007 og séð til hvernig hlutirnir þróuðust á innlendum og erlendum mörkuðum.

Sparisjóðurinn í Keflavík

Málefni Sparisjóðsins í Keflavík koma mikið við sögu á stjórnarfundum Festu lífeyrissjóðs og þá aðallega á árinu 2007. Við stofnun Festu lífeyrissjóðs á sjóðurinn 15% af stofnfé Sparisjóðsins sem metið var í reikningum lífeyrissjóðsins á genginu 5,67 eða samtals 510 mkr. Þess skal getið að Sparisjóður Keflavíkur var ekki skráð félag á markaði, þannig að hér var um óopinbert verð á stofnfjárbréfunum að ræða.

Kristján Gunnarsson var stjórnarmaður í Festu lífeyrissjóði, þar af var hann stjórnarformaður árin 2006, 2008 og 2010. Jafnframt var hann stjórnarmaður í Sparisjóðnum í Keflavík þau ár sem úttekt þessi nær yfir. Kristján var kjörinn stjórnarformaður Sparisjóðsins í Keflavík árið 2009. Þá var Kristján skráður fruminnherji í sparisjóðnum frá árinu 2006, sbr. 121. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.¹

Með tilliti til mikils eignarhluta Festu lífeyrissjóðs í stofnfjárbréfum og skuldabréfum útgefnum af Sparisjóðnum í Keflavík var Kristjáni boðið að koma á fund úttektarnefndarinnar og skýra sína hlið og aðkomu að viðskiptum Festu lífeyrissjóðs við Sparisjóð Keflavíkur. Kristján samþykkti að hitta nefndina og skýra sína hlið málsins. Hafði fundur verið ákveðinn kl. 10:00, þriðjudaginn 22. febrúar 2011. Þann 19. febrúar 2011 kom tölvuskeyti frá Kristjáni þar sem fram kemur:

„Ég vísa til samtals við þig (þ.e. starfsmaður nefndarinnar) í síma föstudaginn 18. febrúar sl. Í samtali okkar kom skýrt fram að þann 4. febrúar sl. sagði ég mig frá stjórn og stjórnarformennsku í Festu lífeyrissjóði. Þá hef ég einnig farið þess á leit við stjórnina að hún fái

¹ Með fruminnherja í skilningi ákvæðisins er átt við „aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerna“.

innri endurskoðanda Festu lífeyrissjóðs til að fara yfir mín störf fyrir sjóðinn.

Eftir umhugsun þá hef ég ákveðið að afþakka viðtal við nefndina sem er fyrirhugað nk. þriðjudag, þann 22. febrúar.

Samkv. ofanrituðu þá mun ég ekki koma fram eða svara fyrir málefni Festu lífeyrissjóðs nema lög og reglur kveði svo á um.

Ég vísa á framkvæmdastjóra, núverandi formann stjórnar og stjórn sjóðsins til svara fyrir hönd Festu lífeyrissjóðs í samræmi við erindisbréf nefndarinnar.“

Ekkert varð því af áður ákveðnum fundi úttektarnefndarinnar með Kristjáni Gunnarssyni.

Hér á eftir verður farið yfir málefni Sparisjóðs Keflavíkur eins og þau koma fyrir í fundargerðum Festu lífeyrissjóðs. Hér er að mestu um endursögn að ræða en reynt er að láta aðalatriði málsins koma fram hverju sinni.

Á fundi stjórnar Festu lífeyrissjóðs sem haldinn var 29. nóvember 2006 komu málefni Sparisjóðsins í Keflavík (SPKEF) til umfjöllunar. Í fundargerð kom m.a. eftirfarandi fram undir 8. tl., önnur mál:

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála vegna stofnfjár SPKEF og sýndi fram á nokkra möguleika. Annars vegar að selja t.d. hluta bréfanna og innleysa hagnað, kaupa viðbót innan tíðar þegar stofnfé verður aukið. Kristján Gunnarsson greindi frá því að sjóðurinn verði brátt 100 ára og mikil hreyfing á stofnfé. Hann nefndi einnig að trúlega væri raunvirði bréfanna 8,4. Nokkur umræða varð um málið og lagði Kristján Gunnarsson til að framkvæmdastjóra verði veitt heimild til að fara í málið og selja allt að 10%.

Á næsta stjórnarfundi sem haldinn var 20. desember 2006 voru málefni Sparisjóðsins í Keflavík aftur á dagskrá. Þar kom m.a. annars fram í fundargerð undir 8 tl., önnur mál:

Kristján Gunnarsson og Gylfi (framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs) kynntu tilboð sem borist hafði í 5% stofnfjárhlut í Sparisjóði Keflavíkur. Hæsta tilboðið væri frá Sparisjóði vélstjóra á genginu 8,2. Stjórnarmenn voru áður búnir að samþykka tilboðsferlið en þar skuldbatt sjóðurinn sig til þess að taka hæsta tilboði. Þá sam-

þykkti stjórnin að taka þátt í stofnfjáruakningu Sparisjóðsins í Keflavík og óska hámarks hlutar.

Í framhaldi þessa fundar seldi Festa lífeyrissjóður síðan 5% hlut sinn (30.000 hluti) í Sparisjóðnum í Keflavík fyrir 484 mkr. og var bókfærður hagnaður 314 mkr. Söluverð á hvern hlut var 16.133 kr.

Í sama mánuði var stofnfé Sparisjóðsins aukið. Festa lífeyrissjóður keypti 46.332 hluti í Sparisjóðnum í desember 2006 fyrir 91 mkr. Kaupverð hvers hlutar var 1.965 kr. eða aðeins 12,2% af söluverði hvers stofnfjárhlutar sem seldur hafði verið fyrr í sama mánuði.

Næst voru málefni Sparisjóðsins í Keflavík rædd á stjórnarfundi þann 26. apríl 2007. Undir 5. tl., „Afstaða til hugsanlegra verðtilboða í 5% hlut SPKEF“, kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Í máli Kristjáns Gunnarssonar kom m.a. fram að framkvæmdastjóri hefði kannað áhuga fjárfesta á þessum bréfum, þ.e. 5% hlut Festu lífeyrissjóðs í Sparisjóðnum í Keflavík. Kristján Gunnarsson hafði á orði „að ef til vill væri athugandi að biða með að selja því trúlega verði í boði frekari stofnfjáruakning og með tilheyrandi hagnaði“. Einnig kemur fram í fundargerðinni, að „meiri líkur en minni eru taldar á að stofnfjáruakning verði að mati Kristjáns Gunnarssonar og að það skýrist í sumar“.

Í apríl 2007 keypti Festa lífeyrissjóður 70.053 hluti í Sparisjóðnum fyrir 146 mkr. Kaupverð hvers hlutar var 2.084 kr. eða aðeins 12,9% af söluverði hvers stofnfjárhlutar sem seldur hafði verið fjórum mánuðum fyrr eða í desember 2006.

Á stjórnarfundi Festu lífeyrissjóðs sem haldinn var 30. maí 2007 voru málefni Sparisjóðsins í Keflavík enn á dagskrá. Í 5. tl., „Staða og horfur varðandi sölu á 5% hlut í SPKEF“, kom m.a. eftirfarandi fram:

„Fram kemur að samkvæmt stofnfjármarkaði Sparisjóðsins í Keflavík frá 29. maí s.l. væri gengið 7,45. Miðað við það gengi væri markaðsverð 5% hlutar í SPKEF 1.395 mkr. en bókfært verð væri 614 mkr. Innleystur hagnaður lífeyrissjóðsins ef selt væri á genginu 7,45 gæti því numið 781 mkr. Þá fór Kristján Gunnarsson yfir þróun hækkana á stofnfé sparissjóðsins og sagði þær tilkomnar vegna hækkana á bréfum Exista en stór hluti af eigin fé sparissjóðsins væri bundinn í þeim bréfum.“

Engin ákvörðun var tekin um sölu bréfanna á þessum fundi.

Á stjórnarfundum Festu lífeyrissjóðs sem haldinn var 26. september 2007 voru málefni Sparisjóðsins í Keflavík á dagskrá. Í 5. tl., „Stofnfjárukning SPKEF og sala hluta“, kom eftirfarandi m.a. fram:

Framkvæmdastjóri upplýsti að lífeyrissjóðurinn hefði sótt um það sem sjóðnum bæri í yfirstandandi stofnfjárukningu. Stjarnfræðileg hækkun hefði orðið á stofnfénu í SPKEF frá opnun tilboðsmarkaðarinnar 15. janúar 2007. Hæst hefði gengið farið í 13 en væri núna um 11. Þá kom fram að í lok júní 2007 hefði heildarútgáfa SPKEF í eigu Festu lífeyrissjóðs, þ.e. stofnfjárbréf, skuldabréf og innlán, verið samtals 3.700 mkr. eða um 8% af heildareignum sjóðsins. Þegar hér var komið sögu voru verðbréf SPKEF orðin stærsta eign Festu lífeyrissjóðs. Hugsanlega þyrfti að selja 2-5% af stofnfé SPKEF og því væri rétt að athuga hvort stærstu stofnfjáreigendur hefðu áhuga á að bæta við sig stofnfjárbréfum. Að lokum var ákveðið að fela framkvæmdastjóra og Halldóri Friðrik Þorsteinsyni ráðgjafa að vinna að tillögu um sölufyrirkomulag á 2-5% hlut stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík.

Í september 2007 keypti Festa lífeyrissjóður 99.169 hluti í Sparisjóðnum fyrir 210 mkr. Kaupverð hvers hlutar var 2.118 kr. eða 13,1% af söluverði hvers stofnfjárhlutar sem seldur var í desember 2006.

Á stjórnarfundum í Festu lífeyrissjóði sem haldinn var 29. október 2007 voru málefni Sparisjóðsins í Keflavík á dagskrá. Í 7. tl., „Sölufæri hluta í Sparisjóðnum í Keflavík“, kom m.a. eftirfarandi fram:

Byrjað var á því að fara yfir hver gengisþróun á hlutum í Sparisjóðnum hefði verið. Bent var á að gengi í SPRON hefði lækkað um 25% eftir að félagið hefði verið skráð á markaði. Gengi í SPKEF væri nú 6,20. Niðurstaða fundarinnar var sú að fela framkvæmdastjóra að leita eftir hagstæðum tilboðum í allt að 5% hlut í SPKEF.

Í desember 2007 keypti Festa lífeyrissjóður 156.161 hluti í Sparisjóðnum fyrir 340 mkr. Kaupverð hvers hlutar var 2.177 kr.

Á stjórnarfundum í Festu lífeyrissjóði sem haldinn var 19. desember 2007 voru málefni Sparisjóðsins í Keflavík á dagskrá. Í 8. tl., „Staða og horfur varðandi sölu eignahluta í Sparisjóðnum í Keflavík“, kom m.a. þetta fram:

Framkvæmdastjóri upplýsti að búið væri að auka stofnfé SPKEF fjórum sinnum á árinu 2007 og að Festa lífeyrissjóður væri búinn að setja mikla fjármuni í þessa stofnfjárukningu. Jafnframt kom fram hjá framkvæmdastjóra sjóðsins að það væri óráðlegt að vera með þetta mikla eign hjá einum óskráðum aðila og því væri full ástæða til að selja t.d. 3% hlut í sparissjóðnum. Þá kom fram að það væri stefna ráðamanna SPKEF að fara með sparissjóðinn á markað. Næst var farið yfir hvernig mál hefðu þróast hjá SPRON sem væri hliðstæður sparissjóður síðan það félag hefði farið á markað. Halldór Friðrik Þorsteinsson ráðgjafi sagðist hafa verið að kanna hvort hægt væri að finna kaupanda að hluta stofnfjár í SPKEF en það hefði ekki gengið. Fram kom hjá HFP að Sparisjóðurinn í Keflavík liði fyrir það að vera ekki á markaði því munurinn á skráðum og óskráðum bréfum væri verulegur, allt að 25 – 30%.

Rétt þykir að benda á að Kristján Gunnarsson, stjórnarmaður í Festu lífeyrissjóði og Sparisjóðnum í Keflavík, sat alla ofangreinda fundi nema þennan síðasta fund sem vitnað er til og haldinn var 19. desember 2007.

Í þeim fundargerðum sem úttektarnefndin hefur undir höndum og ná til ársloka 2009 koma málefni Sparisjóðsins í Keflavík ekki aftur dagskrá fyrir en 24. júní 2009. Umræðuefnið er fjárhagsleg endurskipulagning Sparisjóðsins í Keflavík. Kristján Gunnarsson vék af fundi meðan málið var tekið fyrir.

Í töflunni hér að neðan sést að Festa tók fjórum sinnum þátt í stofnfjárukningu Sparisjóðsins og keypti samtals 371.714 hluti fyrir 786.939 þús. kr. Þá seldi Festa 30.000 hluti í desember 2006 og varð bókfærður hagnaður af þeirri sölu 314.269 þús. kr. Arðgreiðslur árin 2006-2008 námu samtals 283.423 þús. kr.

Festa tafla 15

Kaup, sala og arðgreiðslur vegna Sparisjóðs Keflavíkur 2006-2009 í þús. kr.

Kaup/dags	Nafnverð	Gengi	Kaupverð	Skýring
des.06	46.332	1,969	91.207	Stofnfjárukning
apr.07	70.053	2,082	145.833	Stofnfjárukning
sep.07	99.169	2,121	210.375	Stofnfjárukning
des.07	156.161	2,174	339.524	Stofnfjárukning
Samtals	371.714		786.939	

Sala/dags	Nafnverð	Gengi	Söluverð	Bókfærdur hagn.
des.06	30.000	16,142	484.269	314.269
Samtals	30.000		484.269	
Arður/dags	Arðgreiðsla			
mar.06			20.715	
mar.07			73.708	
apr.08			189.000	
Samtals			283.423	
Sjóðstreymi v/SPKEF samtals í þús. kr.			-19.247	

Stofnfjáreign Festu lífeyrissjóðs þróaðist með eftirfarandi hætti eftir að tekið hefur verið tillit til stofnfjárkaupa og sölu hér að ofan;

Festa tafla 16

Stofnfjáreign Festu lífeyrissjóðs í SPKEF í þús. kr.

	Nafnverðseign	Bókfært verð
31.12.05	90.000	510.030
31.03.06	90.000	510.030
30.06.06	90.000	510.030
30.09.06	90.000	510.030
31.12.06	106.332	1.046.303
31.03.07	106.332	1.046.303
30.06.07	106.332	2.381.188
31.12.07	431.714	2.370.112
31.03.08	431.714	2.370.112
30.06.08	431.714	2.370.112
30.09.08	431.714	1.063.839
03.10.08	431.714	1.063.839
31.12.08	431.714	712.329
31.12.09		0

Kaupþing banki hf.

Í ársbyrjun 2006 átti sjóðurinn hlutabréf í Kaupþingi fyrir 1.348 mkr. Á tímabilinu seldi sjóðurinn tæp 30% af eign sinni í bankanum og var kominn niður í 1.268 þús. nafnverðseiningar þegar bankinn féll í október 2008. Á því tímabili sem er til skoðunar tapaði sjóðurinn 889 mkr. á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi.

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	1.767		763	1.348
31.12.06	1.615	-152	841	-128
30.06.07	1.330	-285	1.125	-321
31.12.07	1.445	115	880	101
31.03.08	1.482	37	803	30
30.06.08	1.472	-10	763	-8

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
30.09.08	1.458	-14	692	-10
03.10.08	1.268	-190	654	-124
31.10.08	1.268	0	0,00	
Samtals		-499		889
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				889
Stæða 31.10.08	1.268		0,00	
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				889

Bakkavör hf.

Í ársbyrjun 2008 var gengi á hlutabréfum Bakka-varar hf. 58,50 og átti sjóðurinn þá 8.311 hluti í félaginu að markaðsvirði 486 mkr. Gengi Bakka-varar féll mjög hratt 2008. Þannig lækkaði það um 29,4% á fyrsta ársfjórðungi 2008. Samtals tapaði sjóðurinn 492 mkr. á því tímabili sem er til skoðunar.

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	7.761		51,40	399
31.12.06	8.781	1.020	62,50	64
30.06.07	8.211	450	69,40	31
31.12.07	8.311	-100	58,50	-6
31.03.08	8.911	600	41,30	25
30.06.08	8.955	44	29,40	1
30.09.08	8.955	0	21,30	
31.10.08	8.955	0	4,75	
31.12.08	8.955	0	2,42	
Samtals		2.014		514
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				514
Stæða 31.12.08	8.955		2,42	-22
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				492

Landsbanki Íslands hf.

Nafnverðseign Festu í hlutabréfum Landsbankans var nánast sú sama í upphafi tímabilsins og þegar bankinn féll eða rúmlega 8.000 þús. hlutir. Sjóðurinn keypti nokkuð af hlutabréfum í bankanum bæði árin 2006 og 2007. Á seinni hluta ársins 2008 fór sjóðurinn síðan að selja af bréfunum en þá hafði gengi hlutabréfanna lækkað um 43% frá því í ársbyrjun það ár. Tap sjóðsins vegna hlutabréfa í Landsbankanum var um 320 mkr. á því tímabili sem er til skoðunar.

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	8.300		26,10	217
31.12.06	12.905	4.605	26,50	122
30.06.07	12.179	-726	38,10	-28
31.12.07	17.044	4.865	35,50	173
31.03.08	17.044	0	29,60	
30.06.08	17.513	469	23,05	11

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
30.09.08	15.513	-2.000	20,40	-41
03.10.08	8.759	-6.754	19,85	-134
31.10.08	8.759	0	0,00	
Samtals		459		320
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				320
Stæða 31.10.08	8.759		0	
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				320

Tap Festu á tímabilinu á hlutabréfum í Glitni nam um 302 mkr., Exista hf. um 242 mkr., Straumi um 201 mkr. og í Atorku um 131 mkr.

Innlendir hlutabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2008 átti Festa lífeyrissjóður 666 mkr. í tveimur hlutabréfasjóðum. Á árinu 2008 seldi sjóðurinn eign sína í neðangreindum sjóðum með tapi upp á 209 mkr. Afföll af þessum sjóðum voru um 31%.

Festa tafla 17

Hlutabréfasjóðir - gengistap árið 2008 í mkr.

	Stæða 1.1.08	gengistap
Glitni	Sjóður 10	571
Kaupþing	ICEQ	95
Samtals		666
		209

Innlendir skuldabréfasjóðir

Festa lífeyrissjóður keypti hlutdeildarskírteini fyrir 730 mkr. í Peningamarkaðssjóði Íslenskra verðbréfa hf. í júní 2008. Afskriftir árin 2008 og 2009 voru samtals 465 mkr. og hafði þá verið tekið tillit til inngreiðslu úr Peningamarkaðssjóðnum til Festu lífeyrissjóðs að fjárhæð 62 mkr. Að auki voru afskrifaðar 15 mkr. í skuldabréfasjóði Glitnis, sjóði 11. Alls námu afskriftir skuldabréfasjóða 480 mkr. árin 2008 og 2009.

Festa tafla 18

Innlendir skuldabréfasjóðir - afskriftir/niðurfærsla í mkr.

	Stæða 1.6.2008	2009	2008	Samtals
Peningamarkaðssj. ÍV hf.	730	235	230	465
Sjóður 11 Glitni	125	4	11	15
Samtals í mkr.	730	239	241	480

Erlend verðbréf

Erlend verðbréfaeign Festu í árslok 2007 var samtals 16.373 mkr. Í árslok 2008 stóðu erlend verðbréf í 15.505 mkr. Nánast engar afskriftir urðu á er-

lendum verðbréfum árin 2008 til 2010. Eina erlenda verðbréfið sem afskrifað hefur verið er afleiðutengt skuldabréf á Diamond Finance Company en bréfið hefur verið afskrifað um 56 mkr. sem er 97% af áður skráðu verðmæti bréfsins.

Festa tafla 19

Erlend verðbréf	2010	2009	2008	Samtals
Diamond Finance Company		56		56
Samtals í mkr.		56		56

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Allt frá stofnun Festu lífeyrissjóðs árið 2006 var það nánast fastur liður á stjórnarfundum að rætt væri um stöðu gjaldmiðlavarna á erlendu eignasafni sjóðsins. Fram kemur að stjórnarmenn höfðu áhyggjur og lýstu yfir óánægju með stöðu gjaldmiðlavarnarsamninga. Fulltrúar Landsbankans voru alloft boðaðir á fund stjórnarinnar, bæði til að fara yfir stöðu mála og eins til að meta horfur framundan. Á stjórnarfundi 29. nóvember 2006 kom fram hjá framkvæmdastjóra sjóðsins að hann væri afhuga svona stýringu og að Íslendingar væru búnir að missa stjórn á íslensku krónunni og þegar rétta stundin kæmi, væri viðbúið að sjóðurinn „stökkvi af þessari hringekju“.

Sjóðurinn hélt hins vegar áfram gjaldmiðlavörnunum enda lagaðist stæða samninganna frá því sem verið hafði. Hins vegar var samþykkt að fá annan aðila auk Landsbankans til að annast gjaldmiðlavarnir og var framkvæmdastjóra falið að óska efir tilboðum. Gengið var til samninga við Glitni um gjaldmiðlavarnastýringu á um 5.000 mkr. Í árslok 2007 voru varnarhlutföll sjóðsins um 75% af erlendri eign sjóðsins.

Festa tafla 20

Stæða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda jöfnun	Mismunur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	3.589		3.589	-765	2.824
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	5.217	522	5.739	-765	4.974
Mismunur á kröfum í mkr.					2.150

Heimild: Festa lífeyrissjóður.

Eins og fram kom hér að ofan færði Festa lífeyrissjóður til skuldar 2.824 mkr. í ársreikningi 2009,

sem skuld lífeyrissjóðsins við lánastofnanir vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Er ástæðan krafa bankanna vegna þessara samninga að fjárhæð 3.589 mkr. en bankarnir gera ráð fyrir að samningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörstigi þeirra ásamt dráttarvöxtum. Lífeyrissjóðirnir vilja hins vegar miða við gengisvísitöluna 175 án dráttarvaxta. Ýtrustu kröfur bankanna á hendur sjóðnum m.v. 31.12.2009 eru 5.739 mkr. Skuldabréfaeign lífeyrissjóðsins á hendur bönkunum sem í hlut eiga er að fjárhæð 765 mkr. og hafa þau skuldabréf verið samþykkt sem almennar kröfur. Munurinn á kröfum bankanna og mati sjóðsins er 2.150 mkr.

„Allt frá bankabruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Glitni banka hf. um hvernig standa skuli að uppgjöri á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir. Þá er rétt að nefna að slita-stjórn Glitnis hefur samþykkt allar almennar kröfur Festu lífeyrissjóðs á hendur bankanum.

10.2 Stjórn og starfshættir

Fjárfestingar lífeyrissjóðsins Festu eins og annarra lífeyrissjóða miða að því að tryggja að þeir fjármunir sem félagar sjóðsins greiða til hans á starfsævinni dugi fyrir þokkalegri framfærslu á elliárunum. Sjóðfélagarnir verða að geta treyst því að fjármunir þeirra glattist ekki eða rýrni, heldur ávaxtist með eðlilegum hætti.

Sjóðurinn gerir sjóðfélögum mögulegt að fylgjast með ávöxtun fjárens og starfsemi sjóðsins. Það gerist fyrst og fremst á ársfundum sjóðsins þar sem lagðar eru fram ársskýrslur hans. Í þeim er að finna allar mikilvægustu upplýsingar um árangur sjóðsins í fjárfestingum og rekstri.

Skv. samþykktum Festu fer ársfundur sjóðsins með æðsta vald í málefnum sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.² Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð sem er að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og fulltrúum atvinnurekenda. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og þeir fara með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykktu fyrir Lífeyrissjóðinn Festu.

Stéttarfélag sem að sjóðnum standa tilnefna 60 fulltrúa til setu í fulltrúaráði og fer fjöldi hvers félags eftir vægi iðgjaldagreiðslna félagsmanna til sjóðsins.³ Samtök atvinnulífsins tilnefna svo 60 fulltrúa. Samtals eru því 120 einstaklingar í fulltrúaráðinu. Þetta fyrirkomulag merkir í reynd að fulltrúaráðið er valdamesta stofnun lífeyrissjóðsins Festu, það fer með öll atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins og það kys stjórn á ársfundi.⁴ Stjórn lífeyrissjóðs á hverjum tíma ber ábyrgð á starfsemi hans eins og segir í lögum.⁵

Lífeyrissjóðurinn Festa varð til við samruna Lífeyrissjóða Suðurlands og Suðurnesja árið 2005 og Lífeyrissjóðs Vesturlands sem sameinaðist hinum sjóðnum árið 2006. Það verður að taka mið af því að saga Festu er ekki löng og frá 2006 til 2010 hafa gengið yfir mikil áföll í efnahagslífi Íslendinga og raunar alls heimsins. Festa tapaði miklum fjármunum í hrúni íslensku bankanna haustið 2008 eins og fleiri lífeyrissjóðir og það er eðlilegt að spurt sé hvort

3 Sjá gr. 5.3 í Samþykktum fyrir Festu lífeyrissjóð 2009.

4 Sjá gr. 4.1 í Samþykktum fyrir Festu lífeyrissjóð 2009.

5 Sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

2 Sjá gr. 5.1 í Samþykktum fyrir Festu lífeyrissjóð 2009.

eitthvað hefði mátt betur fara og hvort eitthvað sé að regluverki sjóðsins eða annarri umgjörð.

10.2.1 Samþykktir fyrir Festu lífeyrissjóð

Samþykktir Festu eru ítarlegar og ná yfir öll svið í starfsemi sjóðsins. Þar er kveðið á um uppbyggingu sjóðsins, nafn, heimili, hlutverk sjóðsins, hverjir eru sjóðfélagar, hlutverk og skipan stjórnar, ársfund, reikninga félagsins og endurskoðun þeirra, tryggingafræðilega athugun á hverju ári, ávöxtun fjár sjóðsins, iðgjöld, lífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri og fleira. Þessar samþykktir eru vel upp settar og skýrar og taka á flestum sviðum starfseminnar. Það fyrirkomulag að fulltrúaráð taki allar ákvarðanir á ársfundi og kjósi stjórn er sérstakt og gæti haft áhrif á ákvarðanir stjórnar sjóðsins. En um leið tryggir það að rödd félagsmanna heyrir á fundum og gæti virkað sem aðhald að stjórninni.

Í kaflanum um stjórn er fjallað um hlutverk og stöðu stjórnarinnar. Það er tekið fram að framkvæmdastjóri annist daglegan rekstur í samræmi við mótaða stefnu og hann ráði starfsmenn. Allar ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar verður stjórn að samþykkja fyrirfram. Sé það ekki mögulegt skal framkvæmdastjóri hafa samráð við formann og varaformann stjórnar og slíkar ákvarðanir teknar fyrir á næsta stjórnarfundi. Það er líka tekið á mögulegum hagsmunaárekstrum stjórnarmanna og sjóðsins og sama eigi við ef ákvarðanir sjóðsins tengist fyrirtæki stjórnarmanns þar sem hann kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta. Sömuleiðis er stjórnarmönnum ekki heimilt að beita sér í þágu einstakra félaga eða fyrirtækja.

Í ljósi samþykktu Festu er athyglisvert að skoða hvað stjórnin ákvað um gjaldmiðlavarnir og á hvaða forsendum. Gjaldmiðlavarnir voru hvað eftir annað til umræðu í stjórn sjóðsins á því tímabili sem er til umræðu og vilji var til að hverfa frá þessum samningum eða draga úr þeim með einhverjum hætti. Fulltrúar Landsbankans voru boðaðir á fundi stjórnar hvað eftir annað en sá banki sá um gjaldmiðlavarnirnar framan af og þær virtust skila litlu. Á fundi stjórnar 29. nóvember 2006 kom fram að framkvæmdastjóri væri andvígur gjaldmiðlavörnum. Þó voru þær boðnar út og Glitnir fékk samning til viðbótar Landsbankanum til að verja um

5.000 mkr. Í lok árs 2007 voru 75% erlendra eigna sjóðsins varin með þessum hætti. Helsta skýringin á ásókninni í þessa tegund samninga virðist vera sú, að þeir höfðu skilað sumum lífeyrissjóðum umtalsverðu fé. Rökin gegn því að beita þeim eru þau að erlendar eignir haldi verðgildi sínu þegar til lengdar er litið, að gengi íslensku krónunnar leiti ýmist upp eða niður og verðgildi erlendra eigna sveiflist í kringum gildið 1. Stjórninni var ljóst í júní 2006 að sjóðurinn gæti tapað 2 milljörðum á gjaldmiðlavörnum yrði þeim sagt upp þá. Sú þróun hefði átt að gera stjórninni ljóst hve áhættusamir samningar um gjaldmiðlavarnir væru. Áhætta fylgir allri fjárfestingu í erlendum sjóðum en það virðist hæpið að reyna að stýra henni til skamms tíma með gjaldmiðlavörnum. Auðvitað verður að skilja það að ákvörðun stjórnar um uppsögn slíkra samninga er alltaf undirorpin óvissu og það er skiljanlegt að menn vonuðust eftir því að gengi krónunnar hækkaði aftur og staðan á samningunum batnaði.

Skiljanlegt er, að Festa og aðrir lífeyrissjóðir vilji verja sig gegn miklum sveiflum á verði erlendra eigna sinna sem geta haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Slíkar varnir verða þó að vera hóflegar og verða að byggja á skipulegri aðferðafræði. Sömuleiðis ætti stjórnin að hafa það sem reglu að leita sjálfstæðrar ráðgjafar um efni sem þessi.

10.2.2 Samskipta-, starfs- og siðareglur

Festa hefur samþykkt samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsfólk sjóðsins. Það gerðist í júní 2009. Reglurnar skiptast í níu kafla. Í fyrsta kaflanum sem ber heitið Almenn atriði er kveðið á um fyrir hverja reglurnar gildi og vísað til annarra reglna sem um sjóðinn gilda eða hann hefur sjálfur samþykkt. Í öðrum kaflanum sem ber heitið Ábyrgð er lögð áhersla á þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sjóðfélaga, að fara skuli í hvívetna eftir lögum og góðu viðskiptasiðferði. Í þriðja kaflanum er kveðið á um að starfsmenn séu bundnir trúnaði um allt sem þeir verða áskynja í starfi. Fjórdi kaflinn fjallar um góða starfshætti og sagt að stjórn og starfsmenn skuli stunda störf sín af kostgæfni, gæta þess utan vinnutíma að aðhafast ekki neitt sem getur skaðað ímynd sjóðsins og stjórnar- og starfsmönnum sé skylt að upplýsa um alla mögulega hagsmuna-

árekstra. Fimmti kafli lýsir því að stjórn og starfsfólki sé óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar úr starfi til að afla sér beint eða óbeint verðbréfa, sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Í sjötta kaffla er lögð áhersla á mikilvægi góðra samskipta við alla sem eiga samskipti við sjóðinn, sjóðfélaga, iðgjaldagreiðendur, þjónustuaðila á fjármálamarkaði og þá sem gefa út verðbréf. Í sjöunda kaffla er fjallað um boð á kynningar- og fræðslufundi og kveðið á um að sjóðurinn skuli bera kostnað af ferðum og gistingu sem tengist slíkum fundum. Áttundi kafli er um gjafir og boð og sagt að starfsmönnum sé óheimilt að þiggja gjafir og boð frá þjónustuaðilum lífeyrissjóðsins. Síðan er sagt frá undantekningunum: Jóla- og tækifærisgjafir innan eðlilegra marka, boð á íþróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, viðeigandi viðurgjörningur í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Festa hefur sett framkvæmdastjóra starfsreglur.⁶ Í þeim er lýst skyldum hans við stjórn og starfsmenn, rekstur sjóðsins og við sjóðfélaga. Hluti af þessum reglum er tafla yfir heimildir framkvæmdastjóra til að fjárfesta í öllum meginflokkum fjármálagerna. Þar er skýrt kveðið á um að fari ákvörðunin fram úr heimildum skuli hafa samband við alla stjórnarmenn eða meirihluta þeirra ef ekki næst í alla. Það er líka skýrt í þessum reglum að allar meiriháttar ákvarðanir á að leggja fyrir stjórn fyrirfram.

Það er athyglisvert að skoða kaup á skuldabréfi í Glitni að andvirði 320 milljóna króna í mars 2008. Skuldabréfið var með skiptiskyldu sem merkir að það breyttist í hlutabréf í bankanum að fimm árum liðnum. Úttektarnefndinni finnst eftirtektarverðast við kaupin á þessu bréfi, að þau voru aldrei skráð í fundargerð stjórnar. Framkvæmdastjóri Festu sendi hins vegar stjórnarmönnum tölvupóst þann 13. mars 2008 þar sem skuldabréfaútboðið og skilmálar þess voru kynnt. Með tölvupóstinum fylgdi einnig kynning bankans á útboðinu. Meirihluti stjórnar svaraði fyrrnefndum tölvupósti og samþykkti fyrir sitt leyti að sjóðurinn tæki þátt í útboðinu. Hjá framkvæmdastjóra kom fram, að gleymst hefði að skrá innihald tölvupóstanna í fundargerð. Ástæða er til að benda á að þetta er ekki í samræmi við góða siðvenju stjórnar lífeyrissjóðs og er brot á samþykktum sjóðsins.

Það er ástæða er til að vekja athygli á því, að nokkrir stjórnarmenn hafa setið í stjórnnum fyrirtækja sem lífeyrissjóðurinn á hlut í og það hefur komið fyrir að fulltrúar atvinnulífsins í stjórn Festu hafa farið fyrir fyrirtækjum sem hafa verið stórir skuldarar við sjóðinn. Það er full ástæða til að hvetja stjórn sjóðsins til að setja í starfsreglur stjórnar ákvæði sem kemur í veg fyrir að úr atvinnulífinu komi stjórnendur sem skulda sjóðnum fé.⁷ Það er einnig ástæða til að hvetja stjórnina til að setja strangari reglur en eru nú í gildi um það að stjórnarmenn sem sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn á hlut í viki af fundum þegar málefni viðkomandi fyrirtækja eru tekin fyrir. Það er lágmarkskrafa að stjórnarmenn sjóðsins sitji alls ekki þá fundi þar sem fjallað er um þau fyrirtæki þar sem þeir sitja í stjórn og boði varamenn. Ástæðan er sú að líklegt er að stjórn sjóðsins eigi erfitt með að fjalla hlutlægt um fyrirtækið nema stjórnarmaður í því sé fjarri. Þegar vel gengur skipta svona reglur ekki miklu máli en gangi erfiðlega og ef taka þarf erfiðar ákvarðanir þá yki það líklega á erfiðleikana ef einn stjórnarmanna sjóðsins væri í stjórn þess fyrirtækis sem taka þarf ákvörðun um. Það kemur því líka til álita að sjóðurinn setji sér þá reglu að engir stjórnarmenn sitji í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn á hlut í, heldur leitist sjóðurinn við að fá óháða einstaklinga til að tæka sæti fyrir sína hönd. Í starfsreglum stjórnar er fjallað um vanhæfi stjórnarmanna en ástæða virðist til að styrkja þær.⁸

Í fyrsta hluta þessarar skýrslu um Festu lífeyrissjóð er fjallað um setu Kristjáns Gunnarssonar í stjórn sjóðsins en hann sat á sama tíma í stjórn Sparisjóðs Keflavíkur. Þar eru raktar þær umræður sem fram fóru í stjórn sjóðsins um málefni Sparisjóðs Keflavíkur og Kristján var viðstaddur og síðan viðbrögð hans við óskum úttektarnefndarinnar um að mæta á fund. Það kemur fram að allan þann tíma sem Kristján sat í stjórn Sparisjóðs Keflavíkur taldist hann fruminnherji en skv. lögum um verðbréfavíðskipti merkir það „aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerna“.⁹

⁷ Starfsreglur stjórnar Festu lífeyrissjóðs 2007.

⁸ Sama, 10. gr.

⁹ Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108 26. júní 2007, 1. mgr. 121. gr.

⁶ Starfsreglur framkvæmdastjóra Festu lífeyrissjóðs 2006. Sjá einnig Starfsreglur framkvæmdastjóra Festu lífeyrissjóðs 2009.

Það virðist ljóst að seta Kristjáns á stjórnarfundum Festu þar sem fjallað var um málefni Sparisjóðs Keflavíkur er brot á vanhæfisákvæðum í starfsreglum stjórnar lífeyrissjóðsins og í andstöðu við samþykktir hans en þar segir að „hvorki stjórnarmenn né starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður“.¹⁰

Úttektarnefndin tekur ekki afstöðu til þess hvort framganga Kristjáns hefur gengið gegn lögum en bendir á að í lögum um verðbréfavíðskipti segir: „Innherja er óheimilt að:

¹⁰ Sjá gr. 4.11

1. afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum,
2. láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.“¹¹

Það er sérstaklega þriðji málsliðurinn sem virðist koma til álita þegar metið er hvort þátttaka Kristjáns Gunnarssonar í umræðum í stjórn Festu um málefni Sparisjóðs Keflavíkur rúmast innan ramma laganna eða ekki.

¹¹ Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108 26. júní 2007, 1. mgr. 123. gr. en þessi grein fjallar um innherjasvik.

10.3 Fjárfestingar Festu lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

10.3.1 Inngangur.

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstarfsemi Festu lífeyrissjóðs á úttekta tímanum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna verður nefndin jafnframt að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Festa lífeyrissjóður varð til 2005 við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands, Lífeyrissjóðs Suðurnesja og Lífeyrissjóðs Vesturlands. Ljóst er af gögnum Festu að sá síðastnefndi var langbest rekinn. Þannig þurfti við sameininguna að skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga í hinum tveimur sjóðunum þegar sjóðirnir sameinuðust og dreifing eignasafns þeirra hefði einnig mátt vera betri.

Starfsemi Festu lífeyrissjóðs árin eftir sameininguna ber glöggt vitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitsgerðarinnar. Heildarskuldbindingar sjóðsins í árslok voru jákvæðar bæði árin 2006 og 2007. Árið 2008 verða skuldbindingar sjóðsins hins vegar neikvæðar um 10.263 mkr. eða -8%. Sama þróun heldur síðan áfram árið 2009 en þá er staðan neikvæð um 12.894 mkr. eða -9,9% af skuldbindingum sjóðsins (Sjá töflu 5 í yfirliti um starfsemi Festu). Þótt minnka hafi þurft réttindi sjóðfélaga, a.m.k. tímabundið, þ.e. 2,5% 2009 og 5% 2010, er sú réttindaaukning ekki uppurin

sem náðist m.a. vegna aukinna fjárfestingartekna á uppsveifluárunum 2006 og 2007. Reikna verður þó einnig með því að lágmarksiðgjöld sjóðfélaga til sjóðsins voru hækkuð á þessum uppsveiflutímum, sbr. lög nr. 167/2006 um breytingu á lífeyrissjóðalögnum.

10.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttekta á framangreindum gögnum Festu lífeyrissjóðs rætt við Gylfa Jónasson framkvæmdastjóra og Bergþór Guðmundsson, sem var ýmist stjórnarformaður eða varaformaður úttekta rárin á móti Kristjáni Gunnarssyni. Þá var einnig rætt við Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur, ytri endurskoðanda sjóðsins, og innri endurskoðendur hans, Sif Einarsdóttur og Signýju Mörtu Böðvarsdóttur. Allir þessir endurskoðendur eru starfsmenn Deloitte hf. Kristján Gunnarsson varð hins vegar ekki við óskum úttekta nefndar um viðtal en hann hafði nokkru áður en ósk hennar var sett fram, sagt af sér sem stjórnarformaður og jafnframt látið af stjórnarformennsku í Sparisjóðnum í Keflavík en hann hafði einnig verið stjórnarmaður þar árin 2006-2011. Eðlilegt má vera að lífeyrissjóður hafi í krafti eignarhluta síns í fyrir-

tæki aðild að stjórn þess, en hins vegar getur verið óheppilegt að í stjórn fyrirtækisins sitji stjórnarmaður eða starfsmaður lífeyrissjóðsins, sbr. 10.2.2. Samstarf nefndarinnar við framkvæmdastjóra Festu og endurskoðendur var annars til fyrirmyndar. Athugasemdir við stjórnarstörfín er að öðru leyti að finna í kafla 10.2 hér að framan.

Eðlilegra hefði verið að sjóðurinn keypti innri og ytri endurskoðun hjá sitt hvoru endurskoðunarfyrirtækinu. Betur hefði farið á því að skipt hefði verið um endurskoðendur á ákveðnum fresti, sbr. svonefnda skiptireglu sem nú er að finna í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Ekkert hefur þó komið fram um að þetta hefði einhverju breytt og innri endurskoðunin var sérstaklega til fyrirmyndar.

10.3.3 Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs

Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður bænda og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja eiga saman fyrirtækið Jökla Verðbréf, sem er þannig samstarfsvettvangur þessara lífeyrissjóða um fjárfestingar. Eiga framkvæmdastjórnar þeirra sæti í stjórn Jökla Verðbréfa. Hjá Jöklum Verðbréfum starfa tveir sérfræðingar, rekstrar- og viðskiptafræðingar að mennt og annar að auki löggiltur endurskoðandi. Að sögn framkvæmdastjóra Festu er það mikilvægt því að endurskoðandinn leggi mat á virði fyrirtækja og þeirra krafna, sem keyptar eru. Jöklar Verðbréf eru lífeyrissjóðunum til ráðgjafar og halda utan um hluta af eignasafni sjóðanna. Jöklar Verðbréf halda þannig utan um innlenda hlutabréfaeign Festu og samskipti við erlend sjóðafyrirtæki, sbr. samning um fjárvörslu frá 1. mars 2006. Jöklar Verðbréf hafa heimild til að kaupa og selja innlend hlutabréf samkvæmt eignastýringarsamningi, en auk þess hefur fyrirtækið kauphallaraðild og getur miðlað verðbréfum fyrir sjóðinn. Þetta er þó gert í nánú samstarfi við Festu. Þá hefur Festa gert samning við IFS greiningu eftir fall bankanna og verið áskrifandi að greiningum þess. Auk þessa hefur sjóðurinn haft fjárvörslusamninga við Arion verðbréfavörslu hf. frá 28. ágúst 2006 og Morgan Stanley frá 20. febrúar 2007. Þá er samningur við Landsbanka Íslands um gjaldmiðlastýringu frá 30. júní 2006, afsláttarsamningur við Kaupþing hf. um upphafs- og umsýsluþóknar frá 24. september 2007 og fjárvörslusamningur við

Íslandsbanka hf. frá 12. maí 2009 sem og vegna eignastýringar sérleiða frá 10. júní 2009.

Stjórn Festu hefur sett framkvæmdastjóranum starfsreglur þar sem tiltölulega skýrt er afmarkað hvaða heimildir hann hefur til fjárfestinga. Í viðauka starfsreglnanna er nákvæmlega tíundað hvaða heimildir framkvæmdastjórinn hefur til fjárfestinga í tilteknum flokkum verðbréfa og á hvaða tímamarki hann á að ráðfæra sig við stjórn. Slíkar fjárfestingar eru ræddar á stjórnarfundum eða á milli funda með tölvupóstsamskiptum, sem virðist hafa verið töluvert algengur samskiptamáti. Að áliti úttektarnefndarinnar sýnist nokkuð hafa á skort að í formlegum fundargerðum stjórnar sé getið um þessi tölvupóstsamskipti og þau staðfest eftir á. Skilningur er þó á því að erfitt geti verið að ná stjórn saman um fjárfestingar þótt mikilvægar séu og að þá sé gripið til tölvupóstsamskipta. Í Festu hagaði þannig til að Bergþór Guðmundsson, sem ýmist var formaður eða varaformaður á úttektartímabilinu, hafði faglega þekkingu á fjárfestingum og rekstri lífeyrissjóða. Að áliti úttektarnefndarinnar hlýtur það að hafa verið mikill kostur fyrir framkvæmdastjóran.

Að sögn framkvæmdastjóra Festu var öllum fyrri eignastýringarsamningum sagt upp við sameiningu sjóðanna þriggja og stofnun Festu og eignastýringin endurskipulögð.¹² Hann segist hafa misjafnlega rúmar heimildir til kaupa á verðbréfum eftir því hvers eðlis þau eru. Heimildir hans til kaupa á fyrirtækjaskuldabréfum og innlendum og erlendum hlutabréfum séu þannig þrengri en til kaupa á ríkisskuldabréfum og skuldabréfum stærstu sveitarfélaganna. Allar fjárfestingar í óskráðum eignum fari fyrir stjórn.¹³

Af því sem að framan er skráð virðist sem áhættu- stýring innan Festu hafi ekki aðeins miðað að því að dreifing verðbréfasafna væri í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Einnig hafi með nokkuð skipulegum hætti verið reynt að átta sig á því hvaða áhætta væri samfara hverri fjárfestingu. Athygli vekja einnig endurteknir fundir með sérfræðingum þeirra banka (Landsbanka og Glitnis) sem sáu um gjaldmiðlavarir fyrir sjóðinn, enda þótt það kæmi ekki í veg fyrir að sjóðurinn tapaði umtalsverðum fjármun-

¹² Sbr. viðtal úttektarnefndarinnar við Gylfa Jónasson, dags. 17.2.2011.

¹³ Sbr. viðtal við Gylfa Jónasson, dags. 17.2.2011.

um á þessum gjaldmiðlavörnum við fall bankanna. Þrátt fyrir tíða fundi í stjórn um fjárfestingarnar og ýmislegt í starfsemi sjóðsins, sem bendir til þess að stjórnendur hafi reynt að gera sér glögga grein fyrir áhættu hvernar fjárfestingar, þótti innri endurskoðendum rétt á árinu 2009 að koma með eftirfarandi ábendingar: „Við teljum æskilegt að lífeyrissjóðurinn geri sér formlegt áhættumat þar sem skráðir eru helstu áhættuþættir, bæði vegna fjárfestinga og annarra áhættuþátta, og hvernig fyrirhugað sé að bregðast við þeim og það áhættumat sé yfirfarið reglulega af stjórnendum. Með þessu verði eftirlit lífeyrissjóðsins með áhættum markvissara en nú er.“ Jafnframt lögðu þeir til að eftirlitsferill fjárfestinga yrði skjalfestur við fyrsta tækifæri, sbr. 8. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóðanna og starfsemi lífeyrissjóða. Úttektarnefndinni þykir ástæða til að hnykkja á þessum tillögum.

Í almenna hluta skýrslunnar hér að framan er fjallað um lagaumhverfi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Þar kemur fram að breytingar, sem gerðar höfðu verið á lögum um lífeyrissjóði frá gildistöku þeirra, höfðu smám saman gert lagaumhverfi fjárfestingarstefnu sjóðanna óskýrara, áhættusæknara og innbyrðis ósamkvæmara. Á þessu hefur ekki verið ráðin bót eftir fall bankanna. Telja verður að þessar breytingar hafi stuðlað að því að tap lífeyrissjóðanna varð almennt meira við fall bankanna en orðið hefði við óbreytt lagaumhverfi. Stafar þetta af því að innan sjóðanna er fjárfestingarstefnan eðlilega mörkuð með lagaumhverfið í huga og heimildir auknar með hærri mörkum laganna, auk þess sem vikmörk fjárfestingarstefnunnar voru oft ákveðin svo rúm að þau náðu allt að mörkum lagaheimildarinnar (Sjá um stefnu Festu og vikmörk, tafla 2 í yfirliti yfir starfsemi sjóðsins hér að framan).

Í viðtali við Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur, ytri endurskoðanda Festu lífeyrissjóðs, kom fram að hún teldi rekstur sjóðsins almennt til fyrirmyndar.¹⁴ Strax hafi líka verið brugðist við ábendingum endurskoðenda ef þær voru gerðar við tiltekin atriði. Hún sagði að engar athugasemdir hefðu verið gerðar við einstakar fjárfestingar en hins vegar hefðu verið tekin úrtök þar sem einstakar fjárfestingar voru skoðaðar. Við slíka skoðun hafi grunnöggnin að baki fjár-

festingunni verið skoðuð og hvort viðkomandi fjárfesting væri innan heimilda framkvæmdastjórans eða hvort stjórnin hafi samþykkt fjárfestinguna á fundi. Anna Birgitta var sérstaklega spurð út í eignarhlut Festu lífeyrissjóðs í Sparisjóði Keflavíkur, en sjóðurinn seldi bæði stofnfjárhluti og tók þátt í stofnfjáraukningu á úttektartímabilinu. Hún sagði að eignarhlutinn hefði verið ræddur innan sjóðsins, bæði með og án frumkvæðis frá endurskoðendum. Hér er um að ræða óskráð bréf og tiltölulega stóran hluta sem vó þungt í eignasafni sjóðsins (Sjá Festa, tafla 14). Í þessu ljósi sagði Anna Birgitta að endurskoðun sjóðsins hefði meðal annars snúið að því að virða þennan hluta í bókum félagsins sérstaklega. Eignarhlutinn kom við sameiningu sjóðanna frá Lífeyrissjóði Suðurnesja og sögðu innri endurskoðendur að framkvæmdastjóra þess sjóðs hefði verið mjög umhugað um fjárfestingu í heimabyggð. Þegar sjóðirnir voru sameinaðir og Festa stofnuð urðu breytingar á þessu viðhorfi og vildi núverandi framkvæmdastjóri selja og minnka eignarhluta í sjóðnum. Þau eru sammála um það, ytri endurskoðandinn og framkvæmdastjórinn, að hugsunin að baki því hafi verið sú að dreifa eignasafni sjóðsins í fleiri staði. Virkur markaður var með stofnbréf í sparissjóðnum 2006/7 og voru þá seld stofnbréf í sjóðnum. Sjóðurinn jók síðan eignarhlut sinn í sparissjóðnum við stofnfjáraukningu árið 2007. Síðar tók fyrir virkan markað með bréf í sparissjóðnum og tilraunir til sölu fleiri bréfa báru ekki árangur. Að sögn framkvæmdastjórans stöfuðu sölutilraunir hans á bréfum í Sparisjóði Keflavíkur einnig af því að sparissjóðurinn, eins og fleiri sparissjóðir, átti mikið af hlutabréfum í Exista. Sparissjóðurinn var því nauðbeygður til að fara í stofnfjáraukningu þar sem eignarhluturinn vó svo mikið í eiginfjárgrunni hans. Lífeyrissjóðurinn hefur nú tapað eign sinni í stofnbréfum sparissjóðsins, svo sem rakið er framar í skýrslunni. Við þetta bætast afskriftir af skuldabréfum í sparissjóðnum (Sjá Festa, tafla 11). Hér er um að ræða verulegan hlut í tapi sjóðsins á úttektartímanum.

10.3.4 Tap Festu lífeyrissjóðs

Tap Festu lífeyrissjóðs samkvæmt ársskýrslum sjóðsins liggur aðallega í skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum

¹⁴ Sbr. viðtal úttektarnefndarinnar við Önnu Birgittu, dags. 18.2.2011.

hlutabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum. Benda verður auk þess á að til þess getur komið að einnig verði að færa niður sjóðfélagalán sem hvíla á yfirveðsettu húsnæði.¹⁵ Virðist þetta allt með líkum hætti og hjá ýmsum öðrum lífeyrissjóðum.

Af því sem að framan er rakið er ljóst að stjórn sjóðsins gerði sér nokkra grein fyrir því hvaða hætta eignasafni sjóðsins, og þá réttindum sjóðfélaga einnig, gat stafað af tengslum fjárfestinga í íslensku efnahagslífi enda þótt flestir, utan innsta kjarna helstu fjármálafyrirtækjanna og eignarhaldsfyrirtækjanna, hafi ekki og gátu tæpast gert sér grein fyrir alvarleika og víðfedmi þessarar hættu. Fjárfestingar Festu lífeyrissjóðs í tengdum fyrirtækjum leiddi ekki út af fyrir sig til verulegs taps fyrir sjóðinn. Athygli vekur svo sem að framan er sagt að mörg skuldabréf sem gefin eru út af bönkum og sparissjóðum eru svokölluð víkjandi lán, þ.e. víkja fyrir öllum öðrum skuldbindingum en hlutabréfum, og í mars 2008 keypti Festa, sem og margir aðrir lífeyrissjóðir, skuldabréf í útgáfu Glitnis hf. sem ekki áttu að greiðast upp, heldur breytast í hlutabréf 2013. Framkvæmdastjórnar sjóðana vilja jafna þessum kaupum við kaup hlutabréfa og halda því fram að sama áhætta fylgi hvoru tveggja. Úttektarnefndin setur spurningarmerki við þessi kaup. Þykir nefndinni mjög vafasamt að það sé í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðalaga að fjárfesta í slíkum löggæringum. Þeim fylgi allt of mikil áhætta en lögin byggja á íhaldssemi í fjárfestingum og sérstakri varkárni. Þá má spyrja hvort með því að jafna þessu við hlutabréfakaup sé ekki verið að fara á svig við reglur laga.

Í töflu 12 (Sjá yfirlit yfir starfsemi Festu hér að framan) er yfirlit yfir dreifingu bókfærðrar stöðu og afskriftir skuldabréfa annarra fyrirtækja en fjármálafyrirtækja. Flest eru þessi fyrirtæki eignarhaldsfyrirtæki, sem tengjast aðilum sem fóru með mikil völd í stóru bönkunum. Þóknarir til banka og verðbréfasjóða vegna kaupa og sölu verðbréfa eru ekki sýndar sérstaklega í árssreikningum. Þess í stað eru þær færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þær sem hluta af fjárfestingargjöldum.

Í töflu 13 er yfirlit yfir dreifingu á hlutafjareign eins og hún var 2006 til 2009 og hvað vannst fyrri árin og hvað svo tapadist síðari árin. Í töflu 14 er

síðan að finna dreifingu hlutabréfaeignar. Árið 2008 seldi sjóðurinn meira af hlutabréfum en hann keypti. Ekki liggur fyrir hvort stjórnendur sjóðsins voru farnir að gera sér grein fyrir tapsáhættu, sem fylgdi innlendum hlutabréfum, þegar hér var komið sögu.

Í kaflanum að framan hefur verið gerð grein fyrir hvernig sjóðurinn hagaði gjaldmiðlavörnum sínum og í yfirlitinu um starfsemi Festu er skýrt frá markmiðum sjóðsins um gjaldmiðlasamsetningu og umfangi gjaldmiðlavarnanna. Samkvæmt töflu 10 í sama yfirliti er mikil óvissa um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga lífeyrissjóðsins og ríkir um það ágreiningur milli sjóðsins og þeirra sem höfðu varnirnar í stýringu, en það voru eins og áður er sagt Landsbankinn hf. og Glitnir hf. Samið hefur nú verið við Landsbankann. Sagði framkvæmdastjóri Festu í samtali við úttektarnefndina að ef til málareksturs kæmi yrði væntanlega tekist á um hvort sjóðurinn hefði átt að sjá fyrir mótaðilaáhættuna, t.d. að bankarnir yrðu ógjaldfærir í október 2008. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að svo virðist sem stjórnendur sjóðsins, sem og annarra lífeyrissjóða, hafi ekki gert sér grein fyrir slæmri stöðu bankanna og gert ráð fyrir að þeir myndu geta fullnægt samningum, sem við þá höfðu verið gerðir um gjaldmiðlastýringu. Þá má hreyfa þeirri skoðun að þar sem bankarnir höfðu varnirnar í stýringu hafi þeir verið samningsskyldir til að taka tillit til fjárhagsstöðu sinnar þegar gengið var frá hverri gjaldmiðlavörn fyrir sig. Þannig hafi þeir átt að gæta hagsmuna lífeyrissjóðsins. Fyrir liggur að gjaldmiðlavarnirnar sem slíkar voru eftir að komið var fram á árið 2008 gerðar til skemmri og skemmri tíma og vaxtamunur dróst sífellt saman. Framkvæmdastjórnin sagði að eftir því sem leið á árið 2008 hafi hann staðið frammi fyrir því hvort loka ætti samningunum eða ekki og taka tapið á sjóðinn. Ákvörðunin hafi verið erfið og ekki síður hafi verið erfiðleikum bundið að sannfæra stjórnarmenn um réttmæti þeirrar ákvörðunar. Óvissan hafi verið fólgin í því hvort gengi krónunnar mundi styrkjast að nýju eða ekki.

Úttektarnefndin efast um réttmæti þessara gjaldmiðlavarna fyrir lífeyrissjóðina og telur að stjórnendur þeirra hefðu átt að sjá að þeir voru ekki áhættunnar virði. A.m.k. hafi varnarhlutfall á erlendar eignir almennt ekki átt að fara upp fyrir 50%. Þeir hafi

¹⁵ Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga 22. desember 2010.

aftur á móti verið uppteknir af því hvað hafa mátti upp úr þeim við bestu skilyrði og treyst allt of mikið á fagurgala bankamanna. Ber einnig að líta til þess að bankarnir voru að taka verulegar þóknunir af þessum vörnum og laun miðlaranna voru árangurstengd. Í bókhaldi flestra sjóðanna koma þessar þóknunatekjur bankanna ekki fram, heldur voru þær faldar í uppgjöri þeirra á hverri gjaldmiðlavörn um sig. Að sögn framkvæmdastjóra Festu var í tilviki Landsbankans um að ræða árangursþóknun umfram tiltekið viðmið til viðbótar við fasta þóknun. Fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2007 að árangurstengd þóknun vegna gjaldmiðlastýringar var tæpar 20 mkr. það ár. Nettóstaða þessara samninga við Landsbankann í hlutfalli við stærð samnings í stýringu var mun betri hjá þeim en Glitni hf.¹⁶ (Sjá annars um gjaldmiðlavarnir í kafla 5.1.4 í almenna hlutanum).

Þegar eignarhlut Festu í Sparisjóði Keflavíkur sleppir er fjárfestingin eðlilega dreifð á milli fyrirtækja, bæði hvað varðar hlutabréfa- og skuldabréfa-kaup. Því verður ekki annað sagt en að skýringar á tapi sjóðsins sé að leita í bankahruninu sjálfu að langmestu leyti enda þótt finna megi að einstaka fjárfestingum.

16 Sbr. viðtal úttektarnefndarinnar við Gylfa Jónasson, framkvæmdastjóra Festu, dags. 17.2.2011.

11. Kafli

11.1 Frjálsi lífeyrissjóðurinn	105
11.1.1 Starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins	105
11.1.2 Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins 2008 til 2010.	111
11.2 Stjórn og starfshættir	120
11.3 Fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	122
11.3.1 Inngangur	122
11.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	123
11.3.3 Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins og áhættustýring	123
11.3.4 Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins	125

11.1 Frjálsi lífeyrissjóðurinn

11.1.1 Starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins

Upphaf

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 af Fjárfestingarfélagi Íslands. Á eftir Fjárfestingarfélaginu sáu Scandia á Íslandi, Fjárvangur og Frjálsi fjárfestingarbankinn um rekstur sjóðsins fram til ársins 2000 en þá tók Kaupþing við rekstri hans, nú Arion banki. Frjálsi lífeyrissjóðurinn var upphaflega án skuldbindinga frá ríkisvaldinu. Allar greiðslur sem í sjóðinn runnu mynduðu séreign og voru sjóðfélagar ekki bundnir af útgreiðslureglum. Með tilkomu laga nr. 129/1997 var sjóðurinn skyldaður til að koma á tryggingardeild og standa undir lágmarkstryggingavernd. Frjálsi lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur lífeyrissjóður sem reiknar réttindi út frá réttindatöflum. Allar greiðslur sem bærust til sjóðsins fyrir 1. júlí 1999 runnu í frjálsa séreign. Eftir 1. júlí 1999 fóru inngreiðslur til sjóðsins annars vegar til séreignardeildar og hins vegar til samtryggingarleidar.

Nokkrir lífeyrissjóðir hafa sameinast Frjálsa lífeyrissjóðnum og má þar m.a. nefna Lífeyrissjóðinn Einingu, Séreignarlífeyrissjóðinn, Lífeyrissjóð Bolungarvíkur og Séreignarsjóð Lífis.

Heimild: Heimasiða Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sjö mönnum, fjórum skipuðum af stjórn Kaupþings banka hf. og þremur kjörnum á ársfundi sjóðfélaga til tveggja ára í senn. Sú breyting átti sér stað á samþykktum sjóðsins árið 2009 að Arion banki skipar þrjá stjórnarmenn og fjórir eru kjörnir af sjóðfélögum. Stjórnin kys sér formann og skiptir með sér verkum. Rétt til setu á ársfundi eiga sjóðfélagar, rétthafar, stjórnarmenn sjóðsins og fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við. Atkvæðisrétt á ársfundum eiga sjóðfélagar og rétthafar. Atkvæðamagn fer eftir inneign þeirra í séreignarsjóði við næstliðin mánaðamót og hlutfallslegri inneign í tryggingardeild, en með hlutfallslegri inneign í tryggingardeild er átt við hlutfallslega skiptingu eigna tryggingardeildar m.v. áunnin réttindi sjóðfélaga. Atkvæðisréttur á ársfundi er varðar einstakar deildir sjóðsins er bundinn við

þá aðila sem eiga réttindi eða inneign í viðkomandi deild. Sjóðfélagi getur gefið öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. Allir einstaklingar geta orðið aðilar að sjóðnum.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Frjálsa lífeyrissjóðnum árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Frjálsi tafla 1

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Ásgeir Thoroddsen	K	Form.	Form.	Form.	Form.
Ásdís Eva Hannesdóttir	K	X	X	X	X
Bjarnar Ingimarsson	K	X	X	X	X
Elín Þórðardóttir	S	X			
Jónmundur Guðmarsson	S	X	X	X	
Haukur F. Leósson	K	X	X	X	
Elías Jónatansson	S	X	X	X	
María Sólbergdóttir	S		X	X	X
Hafliði Kristjánsson	S				X
Tryggvi Þór Herbertsson	K				X
Þórunn Pálsdóttir	S				X
Kosinn á ársfundi	K				
Skipuð/aður af Arion banka hf.	S				

Árið 2008 sagði María Sólbergdóttir sig úr stjórn sjóðsins og Tryggvi Þór Herbertsson árið 2007. Að auki sögðu Þórunn Pálsdóttir og Hafliði Kristjánsson sig bæði úr stjórn árið 2006.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur enga starfsmenn. Allir sem koma að sjóðnum voru starfsmenn Kaupþings banka fram til 22. október 2008. Lífeyrissjóðurinn er nú í rekstri Arion banka samkvæmt sérstökum samningi milli sjóðsins og bankans. Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins er Arnaldur Loftsson og hefur hann gegnt því starfi frá árinu 2004. Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Kaupþings/Arion banka sem jafnframt ber ábyrgð á eignastýringu Frjálsa lífeyrissjóðsins var Sigurður Kristinn Egilsson frá 2002/2003 til sept. 2007. Þá tók Marínó Örn Tryggvason við því starfi og hefur gegnt því síðan. Sjóðstjórar sem jafnframt bera ábyrgð á eignastýringu sjóðsins ásamt forstöðumanni eignastýringar fagfjárfesta hafa verið: Arnór Gunnarsson 2002 til 2006, Rúna Malmquist 2006

til 2007. Hjörleifur Arnar Waagfjörð hefur gegnt starfi sjóðstjóra frá árinu 2007.

Endurskoðun:

Knútur Þórhallsson, Deloitte hf. (til 2009), Halldór Arason, Deloitte hf. (frá 2009).

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Lilja Steinþórsdóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar Kaupþings banka hf./Arion banka hf.

Regluvörður:

Regluvörður Kaupþings banka hf./Arion banka hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, situr í varastjórn Landssamtaka lífeyrissjóða. Stjórnarmenn eða aðrir fulltrúar hafa ekki setið fyrir hönd sjóðsins í þeim félögum sem sjóðurinn hefur átt eignarhlut í.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Frjálsa lífeyrissjóðsins er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins:

2.1 Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins

Í gr. 4.8 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins frá 2007 segir: „Kaupþing banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. sérstöku samkomulagi sem stjórn sjóðsins og Kaupþing banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent Fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.“

Fyrirnefnd grein er óbreytt í núverandi samþykktum nema hvað Arion banki hf. er kominn í stað Kaupþings banka hf.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í tvær megindeildir, tryggingardeild og séreignardeild, og eru deildirnar fjárhagslega aðskildar. Tryggingardeildin er með eina fjárfestingarleið en séreignardeildin skiptist í fjórar fjárfestingarleiðir, Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa áhættu (stofnaður 1. jan. 2008).

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um einstakar deildir sjóðsins. Í yfirferð um Frjálsa lífeyrissjóðinn er jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins

Á stjórnarfundum Frjálsa lífeyrissjóðsins þann 3. október 2002 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Helstu atriði starfsreglnanna, sem sneru að aðkomu stjórnar að fjárfestingum sjóðsins, voru:

- Stjórnin ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerðir settar skv. þeim.
- Stjórnin skal taka allar meiriháttar ákvarðanir um stefnumótun sjóðsins og starfsemi.
- Stjórnin skal annast um að fullnægjandi eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
- Stjórn sjóðsins er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild sjóðsins.
- Stjórn sjóðsins skal setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.

Önnur atriði í starfsreglunum fjölluðu m.a. um skipan stjórnar, þagnarskyldu, hæfi stjórnarmanna, stjórnar- og aðalfundi, ákvarðanir iðgjalda og lífeyrisréttindi.

Í starfsreglum framkvæmdastjóra dags. 20. nóvember 2002 kemur fram í 4. gr., Störf framkvæmdastjóra:

„Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Hann skal starfa samkvæmt rekstrar-samningi lífeyrissjóðsins við Kaupþing banka hf. og ber ábyrgð á að Kaupþing banki hf. uppfylli þær skyldur sem kveður á um í samningnum. Framkvæmdastjóri skal einnig sjá til að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við verklags-reglur um eignastýringu.

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.

Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reiknings-skilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viður-

kenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi og þeim útlánareglum sem stjórnin setur.“

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Stefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og 36. gr. laga nr. 129/1997. Stjórn sjóðsins mótar jafnframt fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild sjóðsins. Fjárfestingarstefnu sjóðsins starfsárið 2008 fyrir Frjálsa I, II og III og Frjálsa áhættu (stofnaður 1. janúar 2008) ásamt tryggingadeild má sjá hér að neðan.

Rétt er að nefna að með markmiðum um eignasamsetningu í hverjum flokki eru einnig sett víkmörk. Víkmörkin segja til um hversu mikið er heimilt að víkja frá markmiðum í einstaka verðbréfaflokkum, þar sem eignasamsetning sjóðsins getur farið tíma-bundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa.

Í fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2008 kemur fram að, framkvæmdastjóri og sjóðstjóri skulu taka ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins frá degi til dags í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Öll verðbréf, óháð útgefanda, skulu metin og borin saman

Frjálsi tafla 2

Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008

Flokkar verðbréfa, í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Frjálsi I		Frjálsi II		Frjálsi III		Frjálsi Áhætta		Tryggingadeild	
	Markmið	Víkmörk	Markmið	Víkmörk	Markmið	Víkmörk	Markmið	Víkmörk	Markmið	Víkmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0%	0-20%	0%	0-20%	25%	0-100%	0%	0-20%	0%	0-20%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	38%	20-60%	55%	40-85%	50%	30-100%	31%	20-60%	38%	20-60%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4%	0-15%	5%	0-10%	5%	0-30%	2%	0-15%	4%	0-15%
Skuldabréf fjármálastofnana	4%	0-15%	15%	0-20%	12,5%	0-50%	2%	0-15%	4%	0-15%
Fasteignatryggð skuldabréf	2%	0-5%	0%	0-5%	0%	0-5%	0%	0-5%	2%	0-5%
Hlutabréf	40%	20-60%	15%	5-30%	0%	0%	45%	20-60%	40%	20-60%
Hlutdeildarskírteini	5%	0-10%	0%	0-5%	0%	0%	5%	0-10%	5%	0-10%
Önnur verðbréf	7%	0-40%	10%	0-40%	7,5%	0-40%	15%	0-40%	7%	0-40%
Samtals	100%		100%		100%		100%		100%	

	Markmið	Lágmark/ hámark	Markmið	Lágmark/ hámark	Markmið	Lágmark/ hámark	Markmið	Lágmark/ hámark	Markmið	Lágmark/ hámark
Hlutabréf	40%	20-60%	15%	5-30%	0%	0%	45%	20-60%	40%	20-60%
Innlend hlutabréf	15%	5-30%	5%	0-15%	0%	0%	20%	5-35%	15%	5-30%
Erlend hlutabréf	25%	15-40%	10%	5-20%	0%	0%	25%	10-40%	25%	15-40%
Önnur verðbréf	7%	0-40%	10%	0-40%	7,5%	0-40%	15%	0-40%	7%	0-40%
Skuldabréf fyrirtækja	7%	0-40%	6%	0-40%	7,5%	0-40%	15%	0-40%	7%	0-40%
Annað	0%	0-5%	4%	0-10%	0%	0-10%	0%	0-5%	0%	0-5%

Heimild: Fjárfestingastefna Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008

við sambærilega kosti á verðbréfamarkaði og aðeins keypt inn í verðbréfasafn ef verð og kjör eru í samræmi við markaðinn.

1. Kaup á verðbréfum útgefnum af rekstraraðila skulu aðeins gerð með samþykki yfirmanns Eignastýringar fagfjárfesta hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. Verðbréf útgefin af rekstraraðila sjóðsins skulu uppfylla ströngustu kröfur um vexti, ávöxtunarkröfu, gengi og skilmála. Kjör hvers verðbréfs skulu vera sambærileg við önnur sams konar bréf á markaði.
2. Sjóðurinn bætir ekki við fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum nema með samþykki stjórnar.
3. Sjóðurinn fjárfestir ekki í óskráðum skuldabréfum fyrir meira en 2% af heildareign nema með samþykki stjórnar.
4. Fjárfestingar í skuldabréfum skulu vera í sérgreindu safni bréfa. Þó er heimilt að fjárfesta allt að 30% af skuldabréfasafni í skuldabréfasjóðum Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. Undanskilin er eign í skammtíma- og peningamarkaðssjóðum í umsjá rekstraraðila.
5. Fjárfestingar umfram skilgreind vikmörk í fjárfestingarstefnu sjóðsins skulu ekki gerðar nema með samþykki stjórnar.

Eignastýring

Rekstrarsamningur við Kaupþing banka hf.

Rekstur og eignausýsla Frjálsa lífeyrissjóðsins var í höndum Kaupþings banka hf. (nú Arion banki hf.) samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins gerði við bankann. Þeir starfsmenn rekstraraðila (bankans), sem starfa á eignastýringarsviði fagfjárfesta, koma að fjárfestingarákvörðunum fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn. Í starfsreglum framkvæmdastjóra er kveðið á um að hann skuli sjá um daglegan rekstur sjóðsins en til mikilsháttar ráðstafana þurfi hann heimild frá stjórn og sé það hans mat hvað fellur undir það skilyrði. Ákvarðanir um viðskipti með einstaka fjármálagerninga eru því ekki teknar á stjórnarfundum.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 4.344 mkr. sem skiptust þannig að 4.129 mkr. voru greiddar úr séreignardeildum og 215 mkr. úr tryggingardeild.

Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóðum hafa hækkað jafnt og þétt gegnum árin. Árið 2009 hækkuðu greiðslur verulega frá árinu 2008 eða um 2.944 mkr. á verðlagi ársins 2009. Þessi mikla hækkun skýrist af tímabundnum útgreiðslum af séreignarreikningum sem heimilaðar voru með lögum nr. 13/2009. Einnig var heimilað á árinu 2009 að taka frjálsa séreign út í heilu lagi við 60 ára aldur.

Frjálsi tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr. - séreignardeildir

	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	2.368	964	830	557	322
Örorkulífeyrir	36	14	20	9	7
Makalífeyrir	0	0	0	0	17
Barnalífeyrir	0	0	0	0	12
Annar lífeyrir	264	124	75	90	16
Fyrirframgr. séreignarsparnaðar	1.461				
Samtals, verðlag hvers árs	4.129	1.102	925	656	374
Samtals, verðlag 2009	4.129	1.185	1.175	882	538

Útgreiðslur úr tryggingardeild eru ekki miklar. Á föstu verðlagi ársins 2009 fóru lífeyrisgreiðslur tryggingardeildar úr 42 mkr. árið 2005 í 215 mkr. árið 2009.

Frjálsi tafla 4

Lífeyrisgreiðslur í mkr. - tryggingadeild

	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	57	46	40	35	1
Örorkulífeyrir	127	80	67	67	22
Makalífeyrir	22	15	16	12	1
Barnalífeyrir	9	6	7	7	4
Annar lífeyrir				20	1
Samtals, verðlag hvers árs	215	147	130	141	29
Samtals, verðlag 2009	215	158	165	190	42

Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum, hvort heldur er í séreignardeildum eða tryggingardeild. Í árslok 2009 var fjöldi lífeyrisþega samtals 6.317 talsins, þar af voru tímabundnar greiðslur vegna opunar á útgreiðslu séreignarsparnaðar til 3.248 einstaklinga. Hafa ber í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Frjálsi tafla 5

Fjöldi lífeyrisþega

	2009	2008	2007	2006	2005
Séreignardeildir	2.485	1.468	1.369	879	688
Séreignard. fyrirframgr.	3.248				
Tryggingardeild	584	467	351	364	107
Samtals	6.317	1.935	1.720	1.243	795

Réttindabreytingar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður tannlækna voru í hópi lífeyrissjóða sem starfað höfðu sem séreignarsjóðir fram að setningu laga nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalaganna). Við samningu laganna vöknudu umræður um framtíð séreignarsjóðanna. Að sögn Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings Frjálsa lífeyrissjóðsins varð niðurstaðan sú, að öllum lífeyrissjóðum sem störfuðu samkvæmt lögnum var gert skylt að bjóða ævilangan lífeyri en þó þannig að heimilt yrði að samtvinna séreign og samtryggingarhluta.

Sú útfærsla sem áðurnefndir sjóðir tóku upp (Almenni hefur þó horfið frá þeirri framkvæmd í dag) var að bjóða séreign ákveðið tímabil ellilífeyristímans og síðan tæki samtryggingarhlutinn við í þeim tilvikum þar sem séreignin dygði ekki til að veita tilskilda vernd. Frjálsi lífeyrissjóðurinn miðar við að tryggja sem ódýrasta lágmarkstryggingavernd þannig að sem lægstu iðgjaldi verði ráðstafað í samtryggingarsjóð. Iðgjaldi umfram lágmarkstryggingavernd er hins vegar ráðstafað í séreignarhluta sjóðfélaga (frjálsa séreign). Ákvæðið er að finna í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 og hljóðar svo:

„Lífeyrissjóði er heimilt, í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign skv. III. kafla.“

Þess má geta að ef eignir eru umfram áfallnar skuldbindingar tryggingardeildar þá eru ákvæði um millifærslur úr samtryggingardeild yfir í séreignardeild í samþykktum sjóðsins og eru þær heimilaðar á 5 ára fresti skv. samþykktum (2001, 2006, 2011). Hins vegar liggur fyrir að líkurnar á að ákvæði 39. gr. laganna verði virkt minnka með tilkomu millifærslna yfir í séreignarhluta sjóðfélaga.

Þannig voru samtals 2.655 mkr. millifærðar árin 2006 og 2007 frá samtryggingarhluta sjóðsins yfir í séreignarsjóði¹⁾.

Heimild: Viðtal nefndarinnar við Bjarna Guðmundsson, tryggingastærðfræðing Frjálsa lífeyrissjóðsins 5. ágúst 2011.

Tölvupóstur frá Frjálsa lífeyrissjóðnum dags. 22. júní 2011. Bréf Frjálsa lífeyrissjóðsins dags. 23. des. 2011.

1) Sjá yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 -2009.

Tryggingafræðileg staða - tryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeilda lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðanna miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Frjálsi tafla 6

Heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	46.105	47.368	42.397	35.208	24.223
Skuldbindingar	50.098	49.753	40.839	32.566	22.565
Samtals	-3.993	-2.385	1.558	2.642	1.658
% af skuldbindingum	-8,0%	-4,8%	3,8%	8,1%	7,3%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar fram að árinu 2008. Það ár verður sú breyting að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 4,8% árið 2008 og 8,0% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Í árslok 2007 voru innlend hlutdeildarskírteini samtals 20.876 mkr. eða 31,6% af eignasafni sjóðsins. Erlend hlutdeildarskírteini voru 17.384 mkr. eða 26,3% og ríkistryggð skuldabréf 10.632 mkr. eða 16,1%. Samtals voru þessi þrjú eignasöfn því 74,0% af heildareignum sjóðsins. Í ársreikningi 2009 sést að öll eignaaukning og meira til fór í ríkistryggð skuldabréf og voru þau orðin 34.597 mkr. eða 45,6% af eignum sjóðsins í árslok 2009. Aðrir verðbréfaflokkar lækkuðu eða stóðu nánast í stað að undanskildum erlendum hlutdeildarskírteinum.

Frjálsi tafla 7

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	2.825	3.549	832	1.003	1.432
Innlend hlutabréf	56	99	493	564	864
Erlend verðbréfaeign	40	76	50	58	796
Innlend hlutteilarskírteini	11.382	13.911	20.876	13.611	9.199
Erlend hlutteilarskírteini	21.365	14.802	17.384	18.367	12.044
Önnur verðbréf		2.975	1.833	1.309	63
Ríkistryggð skuldabréf	34.597	22.454	10.632	16.058	12.052
Skuldabréf fjármálastofnana	314	779	5.881	3.515	766
Skuldabréf sveitarfélaga	1.340	1.097	164	177	356
Önnur skuldabréf	2.959	7.006	7.374	4.554	2.874
Veðlán	1.001	835	553	375	194
Samtals	75.879	67.583	66.072	59.591	40.640

Frjálsi tafla 8

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	1,7%	-3,8%	6,9%	6,5%	2,9%
Innlend hlutabréf	-8,1%	-54,3%	-0,3%	8,4%	66,2%
Erlend verðbréfaeign	305,8%	-86,6%	-32,9%	-41,6%	4,8%
Innlend hlutteilarskírteini	3,3%	2,8%	-0,8%	5,2%	37,7%
Erlend hlutteilarskírteini	26,6%	-3,3%	-3,9%	20,5%	12,1%
Önnur verðbréf	-18,3%	26,8%	-7,1%	17,8%	0,1%
Ríkistryggð skuldabréf	7,0%	14,9%	-3,6%	1,8%	-2,5%
Skuldabréf fjármálastofnana	8,6%	-5,4%	-2,6%	-2,8%	8,7%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,6%	18,1%	1,9%	-7,1%	1,2%
Önnur skuldabréf	9,2%	-11,5%	3,4%	-2,3%	34,5%
Veðlán	5,9%	-1,9%	10,7%	6,3%	5,6%
Samtals*	4,1%	-15,2%	-2,6%	9,4%	10,1%

* Samtala hreinnar raunávöxtunar er reiknuð út frá tölum úr endurskoðuðum ársreikningum sjóðsins.

Heimild: Ársskýrslur og gögn frá Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Raunávöxtun*Séreignarsjóðir*

Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan er hrein raunávöxtun allra ávöxtunarleiða séreignarsjóða jákvæð árin 2005 og 2006. Frjálsi III sker sig reyndar úr, þar sem raunávöxtun þess sjóðs er jákvæð öll árin. Frjálsi I og II eru með neikvæða ávöxtun bæði árin 2007 og 2008 og Frjálsi áhætta er með neikvæða ávöxtun 2008. Árið 2009 höfðu síðan allar ávöxtunarleiðirnar rétt stöðu sína og ávöxtun orðin jákvæð.

Þá veður það athygli að fimm ára meðalávöxtun er jákvæð hjá öllum þremur sjóðunum sem störfuðu á tímabilinu.

Frjálsi tafla 9

Hrein raunávöxtun séreignarsjóða

Frjálsi 1	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	6,2%	-18,2%	-3,6%	10,1%	11,0%
Fimm ára meðalávöxtun	0,4%	1,1%	8,4%	7,0%	4,3%
Frjálsi 2	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	0,7%	-3,5%	-0,9%	3,9%	3,8%
Fimm ára meðalávöxtun	0,8%	2,6%	5,8%	6,4%	5,4%
Frjálsi 3	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	1,7%	6,3%	5,5%	0,9%	4,6%
Fimm ára meðalávöxtun	3,8%	4,7%	4,7%	4,9%	6,1%
Frjálsi áhætta	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	6,8%	-20,4%			

Tryggingardeild

Hrein raunávöxtun tryggingardeildar árið 2009, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var jákvæð um 0,6%. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 20,6% og skýrist það einkum af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands. Hrein raunávöxtun var einnig neikvæð árið 2007 en þá um 2,3%. Hins vegar var hrein raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 11,4% og 11,5%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára var neikvæð um 0,6%.

Frjálsi tafla 10

Hrein raunávöxtun tryggingardeildar	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	0,6%	-20,6%	-2,3%	11,4%	11,5%
Fimm ára meðalávöxtun	-0,6%	1,0%	9,0%	7,4%	4,5%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 voru sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum 38.448 en fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld til sjóðsins á árinu var 14.477 talsins. Heildariðgjöld til sjóðsins námu 4.300 mkr. sem var lækkun um 22,1% frá árinu 2008. Í árslok 2009 nam hrein eign til greiðslu lífeyris samtals 76.867 mkr. og hafði þá aukist um 13,0% frá árinu 2008. Hrein eign séreignarsjóða nam 60.633 mkr. og tryggingardeildar 16.238 mkr. Hér á eftir verður sýnt yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 – 2009 fyrir séreignarsjóðina annars vegar og tryggingarsjóðinn hins vegar.

Við athugun á afkomu séreignarsjóða og tryggingardeildar þarf að hafa í huga að árið 2006 voru 1.745 mkr. og árið 2007 voru 910 mkr. eða samtals 2.655 mkr. fluttar úr tryggingardeild sjóðsins yfir í séreignarsjóði. Sjá nánar Réttindabreytingar hér að framan.

Séreignarsjóðir

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára hjá séreignarsjóðum (verðlag 2009) kemur í ljós að á árinu 2006 hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 13.980 mkr. samanborið við 10.308 mkr. hækkun árið 2005. Stóran hluta hækunarinnar má rekja til millifærslu úr tryggingardeild sjóðsins yfir í séreignarsjóði að fjárhæð 1.745 mkr. (verðlag 2006). Árið 2007 hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 6.687 mkr. samanborið við 13.980 mkr. árið 2006, sem var lækkun um 52,2% milli ára. Þessi mikla lækkun milli ára átti sér stað þrátt fyrir það, að á árinu 2007 voru enn á ný millifærðir fjármunir úr tryggingardeild yfir í séreignarsjóði eða 910 mkr. (verðlag 2007). Það sem einkum vekur athygli varðandi árið 2007 er algjört hrun í fjárfestingartekjum sjóðsins, sem skýrist af því að á því ári voru seld verðbréf sem gáfu mjög góða ávöxtun árið 2007, t.d. skuldabréf og víxlar fjármálastofnana og annarra fyrirtækja. Árið 2009 batnaði afkoman verulega og hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 5.939 mkr. frá fyrra ári. Hér þarf jafnframt að hafa í huga að árið 2009 greiddi sjóðurinn 1.461 mkr. vegna tímabundinna útgreiðslna af séreignarreikningum sem heimilaðar voru með lögum nr.13/2009.

Frjálsi tafla 11

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Séreignarsjóðir	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	2.516	3.623	3.845	2.830	2.967
Millifærsla frá tryggingardeild sjóðsins			910	1.745	
Samtals	2.516	3.623	4.755	4.575	2.967
Lífeyrir	-4.129	-1.102	-924	-657	-374
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	217	-858	-156	396	277
Vaxtatekjur vegna iðgjalda	0	40	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	8.895	-138	1.825	6.279	4.492
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-1.350				
Fjárfestingartekjur	7.762	-956	1.669	6.675	4.769
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-133	-184	-164	-137	-136
Rekstrarkostnaður	-77	-75	-71	-58	-57
Rekstrargjöld	-210	-259	-235	-195	-193
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	5.939	1.306	5.265	10.398	7.169
Hrein eign frá fyrra ári	54.694	53.388	48.123	37.725	30.556
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	60.633	54.694	53.388	48.123	37.725
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	5.939	1.404	6.687	13.980	10.308
Hrein eign frá fyrra ári	54.694	57.397	61.119	50.720	43.937
Hrein eign til greiðslu lífeyris	60.633	58.801	67.805	64.700	54.246

Tryggingardeild

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur sameinaðist Frjálsa lífeyrissjóðnum - tryggingardeild í ársbyrjun 2006. Hrein eign Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur sem flutt var yfir til Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2006 var að fjárhæð 2.910 mkr. og er sú fjárhæð sýnd sérstaklega. Þá voru 1.745 mkr. millifærðar árið 2006 frá tryggingardeild yfir í séreignarsjóði og árið 2007 voru 910 mkr. millifærðar yfir á séreignarsjóði. Við samanburð á breytingum á hreinni eign til greiðslu lífeyris milli ára þarf því að hafa ofangreindar breytingar í huga. Á verðlagi ársins 2009 hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris árið 2007 um 1.459 mkr. en það ár varð mikið hrun í fjárfestingartekjum sjóðsins sem skýra má með sölu verðbréfa á því ári en það ár skiluðu umrædd verðbréf mjög góðri ávöxtun. Árið 2008 hækkaði hrein eign um 773 mkr. sem var lækkun um 686 mkr. frá fyrra ári. Árið 2009 hækkaði hrein eign á árinu um 2.878 mkr. sem var lækkun um 272% frá árinu 2008.

Frjálsi tafla 12

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Tryggingardeild	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	1.784	1.897	1.789	1.476	1.127
Millifærsla til séreignarsjóða			-910	-1.745	
Samtals	1.784	1.897	879	-269	1.127
Lífeyrir	-216	-147	-130	-142	-29
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	24	40	-48	43	42
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	1.479	-1.004	503	1.889	912
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-131				
Fjárfestingartekjur	1.372	-964	455	1.932	954
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-38	-44	-37	-31	-28
Rekstrarkostnaður	-24	-23	-18	-21	-13
Rekstrargjöld	-62	-67	-55	-52	-41
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	2.878	719	1.149	1.469	2.011
Hrein eign frá fyrra ári	13.360	12.641	11.492	7.113	5.102
Flutt frá Lífeyrissjóði Bolungarvíkur				2.910	
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	16.238	13.360	12.641	11.492	7.113
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	2.878	773	1.459	1.975	2.892
Hrein eign frá fyrra ári + Ls. Bolungarv.	13.360	13.590	14.595	13.476	7.336
Hrein eign til greiðslu lífeyris	16.238	14.363	16.055	15.451	10.228

1) Frjálsi lífeyrissjóðurinn sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfa-fyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.6.1 Þóknatekjur fjármálfyrirtækja.

11.1.2 Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi. Ekki er talin

ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Þeir verðbréfaflokkar sem eru til skoðunar eru þessir:

- Skuldabréf banka og sparissjóða
- Skuldabréf fyrirtækja
- Innlend hlutabréf
- Innlendir hlutabréfasjóðir
- Innlendir skuldabréfasjóðir
- Erlend verðbréf

Frjálsi tafla 13

Yfirlit yfir tap Frjálsa lífeyrissjóðsins af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja og skuldabréfasjóðum, innlendum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum, erlendum skuldabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	-115	514	2.015	2.414
Skuldabréf fyrirtækja	51	953	495	1.499
Innlend hlutabréf		-8	1.082	1.074
Innlendir hlutabréfasjóðir		-21	6.589	6.568
Innlendir skuldabréfasjóðir		482	712	1.194
Erlend verðbréf		56	-16	40
	-64	1.976	10.877	12.789
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		-843		-843
Samtals tap í mkr.	-64	1.133	10.877	11.946

Heimild: Frjálsi lífeyrissjóðurinn.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 - 2010 samtals að fjárhæð 11.946 mkr. Í uppgjörinu hér að ofan er gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningar sjóðsins við bankana séu gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Nánast allir lífeyrissjóðirnir sem eru með óuppgerða gjaldmiðlavarnarsamninga reikna samningana m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig nema Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Almenni lífeyrissjóðurinn. Úttektarnefndin fór þess því á leit við Frjálsa lífeyrissjóðinn að sjóðurinn sendi nefndinni gjaldmiðlavarnarsamningana reiknaða út m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig sem er í samræmi við sameiginlegt tilboð lífeyrissjóðanna til bankanna um uppgjör á samningunum. Ef uppgjör

samninganna fer fram m.v. gengisvísitöluna 175 stig þá telur Frjálsi lífeyrissjóðurinn að hann eigi almenna kröfu á hendur bankanum vegna hagnaðar á gjaldmiðlasamningunum að fjárhæð 843 mkr.

Í ársreikningum sjóðsins eru gjaldmiðlavarnarsamningarnir hins vegar gerðir upp miðað við gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Það þýðir m.ö.o. að ársreikningur sjóðsins sýnir verstu mögulegu stöðu á samningunum gagnvart bönkunum. Samkvæmt því yrði tap sjóðsins 14.292 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign Frjálsa lífeyrissjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkunum og sparissjóðum samtals 5.881 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkunum og sparissjóðum í árslok 2008 var komin niður í 779 mkr. Þannig lækkaði skuldabréfaeign sjóðsins í bönkunum og sparissjóðum um 5.102 mkr. á árinu 2008. Bæði var sjóðurinn að selja frá sér skuldabréf og eins áttu töluverðar afskriftir sér stað eða samtals 2.015 mkr. Árið 2009 voru afskrifuð skuldabréf að fjárhæð 514 mkr. Árið 2010 voru kröfur á hendur bönkunum og sparissjóðum sem afskrifaðar voru árin 2008 og 2009 endurmetnar. Niðurstaða þess endurmats var sú að 115 mkr. sem áður höfðu verið afskrifaðar voru færðar til baka. Samtals voru afskriftir á skuldabréfum banka og sparissjóða að fjárhæð 2.414 mkr. Mestu afskriftirnar voru á skuldabréfum Kaupþings hf. eða 1.206 mkr. Afskriftir á Glitni banka hf. voru 443 mkr., Byr sparissjóði 305 mkr., Straumi-Burðarás hf. 304 mkr. og Landsbanki Íslands hf. 156 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2009. Síðan koma afskriftir og nettóstaða í árslok. Að lokum er afskriftaprósenta hjá hverjum aðila fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Frjálsi tafla 14

Bankar og sparissjóðir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Kaupþing banki hf.	10	-2	12	-18%
Glitni banki hf.	3	-2	5	-53%
Straumi-Burðarás hf.	279	256	23	92%
Landsbanki Íslands hf.	1	1	0	100%
Byr sparissjóður	283	261	22	92%
Samtals í mkr.	576	514	62	89%

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir Frjálsa lífeyrissjóðsins árin 2008 – 2010 af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

Frjálsi tafla 15

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Kaupþing banki hf.	-88	-2	1.296	1.206
Glitnir banki hf.	-26	-2	470	443
Byr sparissjóður	21	261	23	305
Straumur-Burðarás hf.	-22	256	70	304
Landsbanki Íslands hf.		1	155	156
Samtals í mkr.	-115	514	2.015	2.414

Heimild: Yfirlit Frjálsa lífeyrissjóðsins dags. 31.3.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Frjálsi lífeyrissjóðurinn sýnir ekki skuldabréf útgefin af fyrirtækjum sérstaklega. Meginreglan hjá flestum lífeyrissjóðum er hins súa að sýna fyrirtækjaskuldabréf sem sérstakan eignalið í ársreikningum viðkomandi lífeyrissjóðs. Með tilliti til þarfa lesandans sem eru m.a. sjóðfélagar ætti Frjálsi lífeyrissjóðurinn að sýna fyrirtækjaskuldabréf sem sérstakan eignalið í verðbréfasafni sjóðsins og birta jafnframt sundurliðun á stærstu skuldabréfunum í skýringum með ársreikningnum. Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er sá háttur hafður á, að skuldabréf fyrirtækja eru hluti af verðbréfaeign sjóðsins undir liðnum, *önnur skuldabréf*, (sjá skýringu nr. 9 í ársreikningi Frjálsa lífeyrissjóðsins 2007). Rétt er að nefna að Frjálsi lífeyrissjóðurinn uppfærir á 3ja mánaða fresti upplýsingar á vefsíðu sjóðsins um flest stök verðbréf sjóðsins og hve mikið vægi þau hafa sem hlutfall af heildareign hverrar fjárfestingarleiðar. Einnig má sjá á vefsíðunni lista yfir öll skuldabréf sjóðsins sem eru með hærri vægi en 0,1% af stærð hverrar leiðar.

Þann 31.12.2007 var liðurinn önnur skuldabréf samtals að fjárhæð 7.374 mkr. sem sundurliðast þannig skv. upplýsingum frá sjóðnum:

Frjálsi tafla 16

Önnur skuldabréf 31.12.2007	
Skuldabréf fyrirtækja og fjármálastofnana	3.487
Víxlar fyrirtækja	390
KFF skuldabréf	2.977
Höfuðstólstryggð skuldabréf	520
Samtals í mkr.	7.374

Skuldabréf fyrirtækja og fjármálastofnana eru samtals að fjárhæð 3.487 mkr. og víxlar útgefnir af fyrirtækjum nema 390 mkr. Samtals eru því skuldir þessara aðila 3.877 mkr. KFF skuldabréf að fjárhæð 2.977 mkr. voru skuldabréf gefin út af Rekstrarfélagi Kaupþings banka en að baki þeim bréfum voru svokölluð HFF skuldabréf Íbúðalánasjóðs. KFF skuldabréfin voru síðan keypt upp af Rekstrarfélagi Kaupþings og fengu eigendur bréfanna greitt með undirliggjandi íbúðabréfum. Höfuðstólstryggð skuldabréf voru að fjárhæð 520 mkr., þar sem mótadilinn var erlend fjármálastofnun eða innlendir lögaðili annar en bankarnir.

Heimild: Tölvupóstur frá Frjálsa lífeyrissjóðnum dags. 11. júlí 2011.

Bókfærð skuldabréfaeign undir liðnum önnur skuldabréf í árslok 2008 var að fjárhæð 7.006 mkr. og hafði sjóðurinn þá afskrifað skuldabréf að fjárhæð 495 mkr. Á árinu 2009 voru afskrifaðar 953 mkr. og 51 mkr. á árinu 2010. Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa á árunum 2008 – 2010 námu samtals 1.499 mkr. Af skuldabréfum fyrirtækja voru mestar afskriftir á ofangreindu tímabili hjá Bakkavör hf. 575 mkr., Landic Property hf. 406 mkr. og Skiptum hf. 182 mkr. Afskriftir af skuldabréfum annarra fyrirtækja námu samtals 336 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu fyrirtækjaskuldabréfa í eigu Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprosenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

Frjálsi tafla 17

Fyrirtæki - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Bakkavör Group hf.	699	692	7	99%
Landic Property hf.	276	270	6	98%
Stoðir hf./FL Group hf.	48	32	16	66%
Skipti hf./Síminn hf.	629	-72	701	-11%
Exista hf.	3	3	0	100%
Teymi hf./Kögun hf.	69	49	21	70%
Eik fasteignafélag hf.	30	11	19	36%
Egla hf.	0	-6	6	n/a
N1 hf./Olíufélagið hf.	45	-8	54	-18%
Alfeca hf./SÍF hf.	7	-1	7	-11%
Hagar hf.	132	-17	150	-13%
Samtals í mkr.	1.939	952	987	49%

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir Frjálsa lífeyrissjóðsins árin 2008 - 2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

Frjálsi tafla 18

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Bakkavör Group hf.	-151	692	34	575
Landic Property hf.	6	270	130	406
Skipti hf./Síminn hf.	160	-72	94	182
Stoðir hf./FL Group hf.		32	65	97
Exista hf.	-1	3	83	85
Teymi hf./Kögun hf.		49	28	77
Eik fasteignafélag hf.	19	11	9	39
Egla hf.		-6	33	27
N1 hf./Olíufélagið hf.	18	-8	5	15
Alfeca hf./SÍF hf.		-1	1	0
Hagar hf.		-17	13	-4
Samtals í mkr.	51	953	495	1.499

Heimild: Yfirlit Frjálsa lífeyrissjóðsins dags. 31.3.211.

Innlend hlutabréf

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur aðallega fjárfest í hlutabréfum í gegnum hlutabréfasjóði. Sjá nánar kaflann um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði síðar í þessari umfjöllun.

Sjóðurinn keypti nokkuð af hlutabréfum beint þó ekki væri það mikið m.v. stærð sjóðsins. Á fjórum árum tapaði Frjálsi lífeyrissjóðurinn 736 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu

2008 eða 1.082 mkr. Hlutur innlendra hlutabréfa sem sjóðurinn keypti beint var 0,95% af verðbréfasafni sjóðsins í árslok 2006 og hefur það síðan fallið jafnt og þétt og var í árslok 2009 komið niður í 0,07% af eignasafni sjóðsins.

Frjálsi tafla 19

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutfjáreign í byrjun tímabils	2.007	98	487	558	864
Keypt hlutabréf	3.014	46	2.167	365	436
Seld hlutabréf	3.055	123	1.474	484	975
Hlutfjáreign í lok tímabils	1.229	29	98	544	558
Hagn./(-tap)	-736	8	-1.082	104	234

Heimild: Yfirlit Frjálsa lífeyrissjóðsins dags. 31.3.211.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Frjálsa lífeyrissjóðsins tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. *Sjá töflu 20.*

Þann 1. jan. 2006 átti Frjálsi lífeyrissjóðurinn stök hlutabréf samtals að fjárhæð 864 mkr. Á þessum tíma var nánast öll hlutabréfaeign sjóðsins í einu félagi sem var Kaupþing banki hf. Eign Frjálsa lífeyrissjóðsins í Kaupþingi á þessum tíma nam 748 mkr. sem var 86,6% af stakri hlutabréfaeign sjóðsins. Ári síðar eða þann 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin niður í 558 mkr. og fór niður í 487 mkr. í árslok 2007. Athygli vekur að á fyrsta ársfjórðungi 2008 jók

Frjálsi tafla 20

Hlutabréfaeign Frjálsa lífeyrissjóðsins á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög:	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Actavis hf.	4.651							
Alfeca hf./SÍF hf.					3.168	3.387	2.959	1.951
Atorka hf./Jarðboranir hf.					4.547	3.927		
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		48	59	51	36			
Bakkavör Group hf.					174.810	111.277	80.619	9.425
Century Alum. hf.					257	268	138	55
Exista hf.		182.765	6	3	143.898	94.601		503
Stoðir hf./FL Group hf.					17.006			
Flaga hf.					2.565			
Glitnir banki hf.					66.747	76.353	13.459	
Icelandic Group hf.		5	4	3	1			
Kaupþing banki hf.	747.740	370.324	495.538	484.056	1.609.940	915.096	430.659	
Landsbanki Íslands hf.	58.354				294.298	219.728	92.960	
Marel hf.					6.488	6.432	6.261	5.529
SPRON hf.					4.287	3.343	2.631	
Straumur Burðarás hf.	49.426	2.262			297.769	228.626	191.862	42.738
Teymi hf.					1.507	701	419	488
Össur hf.					25.330	25.632	25.742	27.361
Samtals í þús. kr.	860.170	555.403	495.607	484.114	2.652.656	1.689.372	847.709	88.050

Óskráð félög:	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08.
Óskráð félög:	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08.
Ehf. Lsj.	15	15	15	15	15	15	15	37
Kaupfélag Árnesinga	321	321	321	321	321	321	321	321
Oddi hf. Patreksfirði	84	84	84	84	84	84	84	84
Skinney-Þinganes hf.	2.165	2.165	2.165	2.165	2.165	2.165	2.165	2.165
Loðnuvinnslan hf.	89	89	89	89	89	89	89	89
Taugagreining	806	376	376	215	215	215	215	
Bakkavík					5.000	5.000	5.000	5.000
Flaga						2.332	2.332	2.332
Icelandic Group						1	1	
Samtals í þús. kr.	3.480	3.050	3.050	2.889	7.889	10.221	10.221	10.027
Samtals félög í þús. kr.	863.650	558.454	498.657	487.003	2.660.545	1.699.593	857.930	98.077

Heimild: Yfirlit unnið úr gögnum Frjálsa lífeyrissjóðsins, dags. 31. 3. 2011

sjóðurinn hlutafjareign sína umtalsvert. Þannig fór hlutafjareignin úr 487 mkr. í ársbyrjun 2008 í 2.661 mkr. þann 31. mars 2008. Þetta var aukning um 2.174 mkr. eða 446% á aðeins þremur mánuðum. Hafa þarf í huga að þegar Frjálsi lífeyrissjóðurinn var að kaupa hlutabréfin á tímabilinu jan.-mars 2008 þá hafði hlutabréfavisitalan verið í stöðugu falli frá miðju ári 2007. Hlutabréfaeign sjóðsins í óskráðum félögum var óveruleg.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Frjálsa lífeyrissjóðsins í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa fram að falli bankanna eða fram til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá

árslokum 2005 til falls bankanna. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil.

Kaupþing banki hf.

Af hlutabréfaeign sinni tapaði Frjálsi lífeyrissjóðurinn mest í Kaupþingi eða 526 mkr. Kaupþing er eina skráða félagið sem sjóðurinn átti hlut í allt tímabilið sem er til skoðunar. Kaup sjóðsins á 1. ársfj. 2008 vekja nokkra athygli en þá voru keyptir 1.456 þús. hlutir að verðmæti um 1.169 mkr. Sjóðurinn seldi síðan á 2. og 3. ársfjórðungi 2008 samtals 1.384 þús. hluti í Kaupþingi en á mun lægra gengi en bréfin voru keypt á.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	1.002		746	747
31.12.06	440	-562	841	-473
30.06.07	440	0	1.125	
31.12.07	550	110	880	97
31.03.08	2.006	1.456	803	1.169
30.06.08	1.199	-807	763	-616
30.09.08	622	-577	692	-399
31.12.08			0,00	
Samtals		-380		526
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				526
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				526

Straumur-Burðarás hf.

Í upphafi árs 2006 átti Frjálsi lífeyrissjóðurinn 3.109 þús. hluti í Straumi-Burðarás. Um mitt ár 2007 var sjóðurinn búinn að selja alla hlutabréfaeign sína í félaginu. Þá er það athyglisvert að á fyrsta ársfjórðungi 2008 keypti sjóðurinn 25.648 þús. hluti fyrir a.m.k. 301 mkr. Sjóðurinn seldi síðan óverulegan hlut á öðrum ársfjórðungi 2008. Tap Frjálsa

lífeyrissjóðsins á fyrrnefndum hlutabréfakaupum í Straumi-Burðarási á öðrum ársfjórðungi 2008 hefur verið a.m.k. um 274 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	3.109		15,90	49
31.12.06	130	-2.979	17,40	-52
30.06.07	0	-130	21,80	-3
31.12.07	0	0	15,10	
31.03.08	25.648	25.648	11,74	301
30.06.08	22.977	-2.671	9,95	-27
30.09.08	22.977	0	8,35	
31.12.08	22.977	0	1,86	
Samtals		19.868		269
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				269
Staða 31.12.08	22.977		1,86	-43
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				227

Landsbanki Íslands hf.

Nokkuð svipað mynstur var í hlutabréfakaupum Frjálsa lífeyrissjóðsins í Landsbankanum og var í hlutabréfakaupum sjóðsins í Straumi-Burðarás. Frjálsi lífeyrissjóðurinn átti 2.306 þús. hluti að verðmæti 58 mkr. í upphafi árs 2006. Þau hlutabréf voru seld síðar á árinu 2006. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 keypti sjóðurinn 10.027 þús. hluti að verðmæti 297 mkr. Sjóðurinn seldi síðan 5.470 þús. hluti á öðrum og þriðja ársfjórðungi 2008 en þá hafði gengi hlutabréfanna fallið um rúm 30% frá þeim tíma sem sjóðurinn keypti hlutabréfin. Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Landsbankanum var að lokum um 181 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	2.306		25,30	58
31.12.06	0	-2.306	26,50	-61
30.06.07	0	0	38,10	
31.12.07	0	0	35,50	
31.03.08	10.027	10.027	29,60	297
30.06.08	9.533	-494	23,05	-11
30.09.08	4.557	-4.976	20,40	-102
31.12.08			0,00	
Samtals		2.251		181
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				181
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				181

Bakkavör hf.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn eignaðist ekki hlut í Bakkavör hf. fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 2008 en þá voru keyptir 4.285 þús. hlutir að verðmæti 177 mkr. Á næsta ársfjórðungi eftir kaupin seldi sjóðurinn 500

þús. hluti en þá hafði gengi Bakkavör fallið um 29% frá því að hlutabréfakaupin áttu sér stað. Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins á hlutabréfakaupum sínum í Bakkavör var a.m.k. 153 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.03.08	4.285	4.285	41,30	177
30.06.08	3.785	-500	29,40	-15
30.09.08	3.785	0	21,30	
31.12.08	3.785	0	2,49	
Samtals		3.785		162
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				162
Staða 31.12.08	3.785		2,49	-9
Tapað hlutafé frá 31.03.08 - 31.12.08 í mkr.				153

Innlendir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Af innlendum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum fjárfesti Frjálsi lífeyrissjóðurinn nánast eingöngu í sjóðum sem voru í rekstri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. (Hér eftir nefndir *Kaupþingsjóðir*). Tilgangur Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. var að annast rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða bankans. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. var dótturfélag Kaupþings banka hf. og hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Helsti munurinn á þessum tveimur tegundum sjóða er sá, að fjárfestingarsjóðir hafa mun rýmri fjárfestingarheimildir en verðbréfasjóðir. Það lýtur einkum að því að fjárfestingarsjóður getur í meira mæli fjárfest í óskráðum verðbréfum og ekki er krafist jafnmikillar áhættudreifingar. Þá er heimilt að markaðssetja verðbréfasjóði á Evrópska efnahagssvæðinu en fjárfestingarsjóði er einungis heimilt að markaðssetja hér innanlands. Þá er annar mjög veigamikill munur á þessum sjóðum sem er, að hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eiga ætíð að vera innleysanleg að kröfu eigenda. Aftur á móti gera lög ráð fyrir því að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða séu ekki alltaf innleysanleg að kröfu eigenda. Ástæðan er m.a. sú að fjárfestingarstefna fjárfestingarsjóða getur verið áhættusamari en verðbréfasjóða þar sem kröfur um áhættudreifingu eru minni og fjárfestingarsjóðir geta átt meira af óskráðum verðbréfum sem eru ekki eins auðseljanleg og skráð verðbréf.

Heimild: Skýrsla RNA, 4. bindi, kafli 14.2, Yfirlit um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir Kaupþings eru mikilvægir þegar farið er yfir fjárfestingar Frjálsa líf-

eyrissjóðsins. Eignir sjóðsins í hlutdeildarskírteinum Kaupþingssjóða voru um 22,8% af heildarverðbréfaeign Frjálsa lífeyrissjóðsins í árslok 2006. Í árslok 2007 var hlutfallið orðið 31,6%. Í árslok 2008 voru eignir sjóðsins í hlutdeildarskírteinum 20,6% af heildareignum. Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir þeim verðbréfasjóðum þar sem tap Frjálsa lífeyrissjóðsins varð mest. Farið er yfir eignasamsetningu sjóðanna og nokkrir stærstu útgefendur verðbréfa sem sjóðirnir fjárfestu í taldir upp.

IS 15 - fjárfestingarsjóður

Mesta tap Frjálsa lífeyrissjóðsins í Kaupþingssjóðum var í IS 15 sjóðnum. Tap lífeyrissjóðsins árin 2008 og 2009 var samtals að fjárhæð 4.393 mkr. Eignasamsetning sjóðsins var hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands hf. og innlán í fjármálafyrirtækjum.

IS 15 Íslensk og erl. hlutabréf	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgefendur	mkr.	%
Hlutabr. skráð í Kauph. Ísl.	98,0	Kaupþing banki hf.	5.539	35,2%
Innlán fjármálafyrirtækja	2,0	Landsbanki Íslands hf.	2.438	15,5%
		Glitnir banki hf.	1.572	10,0%
		Straumur-Burðarás	1.918	12,2%
		Exista hf.	1.480	9,4%
		Bakkavör hf.	1.358	8,6%
		Aðrir	1.445	9,2%
		Samtals	15.750	100,0%

Hávaxtasjóður - fjárfestingarsjóður

Næstmesta tap Frjálsa lífeyrissjóðsins í Kaupþingssjóðum var í Hávaxtasjóði. Var tapið árin 2008 og 2009 samtals að fjárhæð 956 mkr. Eignasamsetning sjóðsins var einkum skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands hf. og innlán í fjármálafyrirtækjum.

Hávaxtasjóður	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgefendur	mkr.	%
Skuldabr. skráð í Kauph. Ísl.	96,0	SPRON hf.	947	14,7%
Innlán fjármálafyrirtækja	4,0	Fasteignafél. Stoðir hf.	810	12,6%
		Kaupþing hf.	671	10,4%
		Kögun hf.	592	9,2%
		Bakkavor Group hf.	546	8,5%
		Sparisj. Hafnarfjarðar	444	6,9%
		Aðrir	2.440	37,8%
		Samtals	6.450	100,0%

Heildarvísitölusjóður/Einingabréf 9 – fjárfestingarsjóður

Frjálsi lífeyrissjóðurinn tapaði 817 mkr. á fjárfestingu sinni í Heildarvísitölusjóði Kaupþings. Fram að

árinu 2007 hét sjóðurinn Einingabréf 9. Eignir sjóðsins voru hlutabréf og innlán í fjármálafyrirtækjum.

Heildarvísitölusjóður / Einingabréf 9	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgefendur	mkr.	%
Innlend hlutabréf	97,0	Kaupþing banki hf.	685	34,2%
Innlán fjármálafyrirtækja	2,0	Landsbanki Íslands hf.	239	11,9%
Aðrir fjármálagerningar	1,0	Glitnir banki hf.	179	8,9%
		Straumur-Burðarás hf.	170	8,5%
		Exista hf.	164	8,2%
		Bakkavör hf.	142	7,1%
		Aðrir	426	21,2%
		Samtals	2.005	100,0%

Úrvalsvísitölusjóður – verðbréfasjóður

Eignir sjóðsins voru eingöngu hlutabréf sem skráð voru í Kauphöll Íslands hf. Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins í Úrvalsvísitölusjóðnum var 561 mkr. og kom það allt fram á árinu 2008.

Úrvalsvísitölusjóður	Eign í % 31.12.07	Stærstu útgefendur	mkr.	%
Hlutabr. skráð í Kauph. Ísl.		Kaupþing banki hf.	962	36,3%
		Landsbanki Íslands hf.	497	18,7%
		Glitnir banki hf.	397	15,0%
		Straumur-Burðarás	233	8,8%
		Bakkavör hf.	157	5,9%
		Exista hf.	149	5,6%
		Aðrir	257	9,7%
		Samtals	2.652	100,0%

Auk ofangreindra sjóða tapaði Frjálsi lífeyrissjóðurinn einnig í eftirtöldum Kaupþingssjóðum: ICEQ verðbréfasjóði, Skammtímasjóði, Peningamarkaðs-sjóði, Kaupþing alþjóðleg skuldabréf og Kaupþing IS 5 (fagfjárfestasjóður).

Eins og fram kemur hér að neðan nam tap Frjálsa lífeyrissjóðsins í Kaupþingssjóðum samtals 7.762 mkr. Mest varð tapið á árinu 2008 eða 7.301 mkr. og 461 mkr. árið 2009. Engin lækun átti sér stað árið 2010.

Hér á eftir verður verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. raðað upp í tvo flokka. Annars vegar í hlutabréfasjóði og hins vegar í skuldabréfasjóði.

Frjálsi tafla 21

Gengislækkun/tap Frjálsa lífeyrissjóðsins í Kaupþingssjóðum í mkr.

Hlutabréfajóðir	2009	2008	Samtals
IS 15	9	4.384	4.393
Heildarvísitölusjóður	28	789	817
Úrvalsvísitölusjóður		561	561
ICEQ verðbréfasjóður	5	457	462

Hlutabréfajóðir	2009	2008	Samtals
Kaupþing IS5	-27	387	360
Kaupþing Fixed Income	-36	11	-25
Samtals	-21	6.589	6.568
Skuldabréfajóðir	2009	2008	Samtals
Hávaxtasjóður	553	403	956
Kaupþing Fagsj. alþj. sk bréf	-74	238	164
Skammtímasjóður		53	53
Fagfjárfestisjóður CDO1	8	4	12
Peningamarkaðssjóður		7	7
Stefnir - erl. skuldabréf	-5	7	2
Samtals	482	712	1.194
Samtals Kaupþingssjóðir í mkr.	461	7.301	7.762

Heimildir: Ársreikningar Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. 2006-2008, gögn frá Frjálsa lífeyrissj. dags. 3. ágúst og 23. sept. 2011.

Erlend verðbréf

Nánast engar afskrifir urðu á erlendum eignum Frjálsa lífeyrissjóðsins árin 2008-2010. Eina erlenda afskriftin var í KCP LP Fund sem er sérhæfður fjárfestingarsjóður. Nettóafskrift nam 40 mkr. Engar erlendar afskrifir urðu árið 2010.

Frjálsi tafla 22

Erlend verðbréf	2010	2009	2008	Samtals
KCP LP Fund		56	-16	40
Samtals í mkr.		56	-16	40

Heimild: Gögn frá Frjálsa lífeyrissjóðnum dags. 23. sept. 2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er með óuppgerða gjaldmiðlavarnarsamninga við Kaupþing banka hf. Óvíst er hvenær þessir samningar verða gerðir upp.

Í ársreikningi Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009 hefur verið færð að fullu til gjalda og skuldar krafa Kaupþings banka hf. vegna gjaldmiðlasamninganna og á móti skuldabréfaeign sjóðsins á Kaupþing banka hf. Vextir af höfuðstól gjaldmiðlasamninganna hafa verið reiknaðir til ársloka 2009 en vextir af höfuðstól skuldajöfnunarkröfu til 22. apríl 2009 sem er upphafsdagur kröfumæðferðar.

Eins og fram kemur hér að framan eru gjaldmiðlasamningarnir uppreiknaðir að fullu m.v. gjalddaga samninganna. Fyrri gjalddaginn var 21. október 2008 en þá var gengisvísitala Seðlabankans 201,3 stig, seinni gjalddaginn var þann 30. desember 2008 en þá var gengisvísitalan 217,3 stig.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa fyrir hönd lífeyrissjóðanna óskað eftir að gjaldmiðlasamningar við banka verði gerðir upp miðað við gengisvísitöluna 175,0 stig. Í tilviki Frjálsa lífeyrissjóðsins ætti sjóðurinn kröfu á Kaupþing banka hf. að fjárhæð 873 mkr. vegna uppgjör á gjaldmiðlavarnarsamningum milli sjóðsins og bankans.

Sjóðurinn telur að ef miðað sé við gengisvísitöluna 194,5 eða lægri við uppgjör gjaldmiðlasamninganna verði nær engar líkur á kröfum á lífeyrissjóðinn umfram skuldajöfnun.

Heimild: Frjálsi lífeyrissjóðurinn, ársskýrsla 2009, skýr. nr. 21.

Hafa ber í huga að upphæðum væntanlegrar skuldajöfnunar milli sjóðsins og Kaupþings ber ekki saman og er ástæðan sú að kröfum sjóðsins á hendur Kaupþingi að fjárhæð 568 mkr. hefur verið hafnað af hálfu slitastjórnar Kaupþings (873 mkr. – 568 mkr. = 305 mkr. sem skuldajöfnun að mati Kaupþings).

Í töflunni hér að neðan eru gjaldmiðlasamningarnir settir fram annars vegar m.v. gengisvísitöluna 175,0 stig og hins vegar m.v. gjalddaga gjaldmiðlasamninganna.

Frjálsi tafla 23

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009, annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda jöfnun	Mismunur
Tillaga sjóðanna m.v. GVT 175 stig	-873		-873		-873
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	1.442	336	1.778	-305	1.473
Mismunur á kröfum í mkr.					2.346

Heimild: Gögn frá Frjálsa lífeyrissjóðnum dags. 31.3.2011 og ársreikningar sjóðsins 2008-2010.

Krafa bankans er óhagstæðari Frjálsa lífeyrissjóðnum um 2.346 mkr. en ef gjaldmiðlasamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna 175,0 stig. Það skal enn og aftur áréttað að versta mögulega staða fyrir sjóðinn hefur nú þegar verið færð inn í ársreikning sjóðsins að undanskilinni skuldajöfnunarkröfu sjóðsins að fjárhæð 568 mkr. sem slitastjórn bankans hefur fyrir sitt leyti hafnað.

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. um uppgjör á útstandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum byggir á skilgreiningu sem gerð er grein fyrir í kafla 4.2.6, Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða, o.fl., og kafla 5.1.7, Tengdir aðilar. Í kaflanum Tengdir aðilar kemur m.a. fram að

„með tengslum er þá átt við minnst 20% eignarhald eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti fyrirtækis. Lífeyrissjóðir falla ekki undir ákvæði laga um fjármálaafyrirteki og því áttu ákvæði um tengda aðila ekki beint við um þá fyrir fall bankanna en stjórnendur þeirra sem fagfjárfestar hefðu átt að vera kunnugir ákvæðum sem giltu um fjármálaafyrirteki og hefðu mátt taka nokkurt mið af þeim við fjárfestingar sínar og varðveislun eignasafna sjóðanna“.

Það er einmitt ofangreint varúðarsjónarmið sem úttektarnefndin telur að lífeyrissjóðirnir hefðu mátt taka meira tillit til þegar keypt voru verðbréf af félögum þar sem augljós eignatengsl voru til staðar.

Aðferðafræði við skilgreiningu tengdra aðila/fyrirtækjahópa er lýst þannig í skýrslu RNA, kafla 8.7.2:

„Aðferðafræðin byggist á eignatengslum og grunnöggnin eru hlutafjármiðar sem skilað er til ríkisskattstjóra. Eignarhaldsupplýsingarnar sem notaðar eru til þess að skilgreina tengda aðila eru byggðar á einum tímapunkti, þ.e. um áramótin 2007-2008.“

Í þessari skýrslu eru sömu félög talin sem tengdir aðilar/fyrirtækjahópur og gert er í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.

Þegar fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins eru skoðaðar er ekki nægilegt að horfa eingöngu á hluta- og

skuldabréfaeign sjóðsins í einstökum félögum. Samkvæmt lögum á einnig að taka tillit til þeirra eigna Frjálsa lífeyrissjóðsins sem voru í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Kaupþings banka hf.

Eignastýringu Frjálsa lífeyrissjóðsins var úthýst til Kaupþings banka hf. (nú Arion banki hf.) samkvæmt rekstrarsamningi milli lífeyrissjóðsins og bankans. Töluverður hluti af eignum Frjálsa lífeyrissjóðsins var ávaxtaður í Kaupþingssjóðum. Kannaðir voru átta sjóðir Kaupþings og var eign Frjálsa lífeyrissjóðsins í þeim þann 31.12.2006 samtals 8.369 mkr. en það svaraði til 14% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris á þeim tíma. Í árslok 2007 var eign Frjálsa lífeyrissjóðsins í sömu sjóðum orðin 13.134 mkr. sem nam þá 19,9% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

Það vekur athygli að á sama tíma og hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris jókst um 10,8% milli ára 2006 og 2007 jókst eignarhlutur Frjálsa lífeyrissjóðsins í neðangreindum átta Kaupþingssjóðum um 56,9%.

Eignarhlutdeild Frjálsa lífeyrissjóðsins í einstökum verðbréfasjóðum Kaupþings var mjög mismunandi eða allt frá 1% í Peningamarkaðssjóði upp í 36% í Heildarvísitölusjóði/Einingabréf 9.

Eftirfarandi tafla sýnir eign Frjálsa lífeyrissjóðsins í mkr. og hlutdeild í hverjum verðbréfasjóði Kaupþings þann 31.12.2007 og 31.12.2006. Sjá töflu 24.

Út frá ofangreindri töflu var síðan fundinn út eignarhlutur Frjálsa lífeyrissjóðsins í hluta- og skuldabréfum í hverju félagi fyrir sig.

Frjálsi tafla 24

	Staða 31.12.2007			Staða 31.12.2006		
	Sjóður samtals	Eign Frjálsa	Hlutdeild Frjálsa	Sjóður samtals	Eign Frjálsa	Hlutdeild Frjálsa
IS 15	15.750	4.838	31%	15.561	4.574	29%
Peningamarkaðssjóður	84.305	4.250	5%	30.558	281	1%
Hávaxtasjóður	6.450	1.408	22%	9.408	1.039	11%
ICEQ verðbréfasjóður	3.874	771	20%	4.754	1.102	23%
Heildarvísitölusjóður/Einingabréf 9	2.005	609	30%	1.687	611	36%
Úrvalsvísitölusjóður	2.652	448	17%	2.430	164	7%
Skammtímasjóður	4.594	438	10%	5.719	598	10%
Kaupþing IS 5	1.920	372	19%			
Samtals í mkr.	121.550	13.134	11%	70.117	8.369	12%
Hrein eign Frjálsa lífsj. til gr. lífeyris		66.029			59.615	
Hlutfall Kaupp.sj. í Frjálsa lífsj.		19,9%			14,0%	

Í töflu um tengda aðila hér að neðan má sjá hversu mikið lífeyrissjóðurinn átti í hlutabréfum, skuldabréfum og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum í Exista og tengdum aðilum. Í árslok 2006 átti Frjálsi lífeyrissjóðurinn 6.105 mkr. í félögum tengdum Exista og var það um 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í árslok 2007 átti sjóðurinn 6.059 mkr. í sömu félögum og hafði þá lækkað hlutfallslega frá fyrra ári.

Eign sjóðsins var mest í Kaupþingi eða 4.032 mkr. í árslok 2006 og 3.303 mkr. í árslok 2007.

Frjálsi tafla 25

Tengdir aðilar sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris í mkr.

	2007				2006			
	Hlutabréf	Skuldabréf	Kaup. sjóðir	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Kaup. sjóðir	Samtals
Kaupþing banki hf.	484	88	2.731	3.303	370	1.219	2.443	4.032
Bakkavör Group hf.		630	719	1.349		480	694	1.174
Exista hf.		163	681	844	183	151	23	357
Síminn hf.		563		563		542		542
Exista og tengd félög í mkr.	484	1.444	4.131	6.059	553	2.392	3.160	6.105
Hrein eign til greiðslu lífeyris				66.029				59.615
Hlutf. af hr. eign til gr. lífeyris				9%				10%

11.2 Stjórn og starfshættir

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á að rekstur hans sé í samræmi við lög nr. 129/1997 og reglugerðir sem byggjast á þeim lögum. Stjórnin skuldbindur sjóðinn og enginn annar hefur heimild til þess nema hún hafi sérstaklega heimilað það. Í 4. kafla samþykktu sjóðsins er kveðið á um hvernig stjórnin skuli skipuð.¹ Í samþykktunum frá 2006 er sagt að stjórnin skuli „skipuð sjö mönnum, fjórum skipuðum af stjórn Kaupþings banka hf. og þremur kjörnum á ársfundi sjóðfélaga til tveggja ára í senn. Kaupþing banki hf. (Nýi Kaupþing banki hf. í samþykktunum frá 2009, nú Arion) skal skipa tvo varamenn og tveir varamenn skulu kjörnir á ársfundi sjóðfélaga.“ Í samþykktunum frá 2009 segir að þrjú stjórnarmenn skuli skipaðir af stjórn Nýja Kaupþings banka. Í samþykktunum frá 2006 er kveðið á um að Kaupþing banki skipi meirihluta stjórnar,

Eign sjóðsins í Kaupþingi var mest í gegnum sjóði bankans. Eign sjóðsins óx mest í Exista á milli árana 2006-2007 eða um 487 mkr. og átti sú eignaaukning sér eingöngu stað í gegnum Kaupþingssjóði.

Fjárfesting Frjálsa lífeyrissjóðsins í Baugi og tengdum félögum nam 3.348 mkr. í árslok 2006 sem var 6,0% af heildareign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Árið 2007 lækkaði eign sjóðsins í félögum tengdum Baugi og var þá einungis 3% af heildareignum sjóðsins.

fjóra menn, en í samþykktunum frá 2009 skal Nýi Kaupþing banki skipa minnihluta, þrjú menn. Má ætla að bankinn telji ekki eðlilegt lengur að skipa meirihluta stjórnar.

Það er bæði eðlileg og sjálfsögð spurning hvers vegna Arion banki eigi að skipa minnihluta stjórnarmanna í Frjálsa lífeyrissjóðnum. Augljósa svarið við þeirri spurningu er tilkoma sjóðsins og saga hans. Sjóðurinn er stofnaður árið 1978 af Fjárfestingarfélagi Íslands en síðan tók Scandia á Íslandi við rekstrinum, þá Fjárvangur, Frjálsi fjárfestingarbankinn og árið 2000 tók Kaupþing við rekstri bankans, síðar Nýi Kaupþing banki og loks Arion banki. Í upphafi var sjóðurinn án skuldbindinga frá ríkisvaldinu en þegar löggin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða voru sett árið 1997 (nr. 129/1997) varð sjóðurinn að koma á tryggingadeild og standa undir lágmarkstryggingavernd. Í upphafi voru eðlilegar ástæður fyrir því að fjármálastofnunin sem stofnaði til sjóðsins skipaði meirihluta stjórnar eða

¹ Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins 27.6. 2006 og Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins 12.11. 2009, 4. kafli í báðum skjölunum. Gr. 4.1 í báðum samþykktum

hugsanlega alla stjórnina, hún stofnaði til sjóðsins og tók ábyrgð á rekstri hans. Í rauninni var þetta svipað og innlánsreikningur af sérstakri gerð í fjármálastofnun. Samningar á milli eigenda innlánsreikninga og fjármálastofnana gefa ekki tilefni til þess að eigendur slíkra reikninga geti gert kröfu um setu í stjórnnum þeirra eða eigendur hlutdeildarskírteina um setu í stjórnnum sjóða. En með lögnum frá 1997 breytist umhverfið, skuldbindingar sjóðsins við sjóðfélaga verða skýrari, staða sjóðfélaga verður ljósari. Starfsemi lífeyrissjóða er leyfisskyld skv. þessum lögum, þeir verða að hlíta umtalsverðu eftirliti fjármálaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins, í lögnum er kveðið á um endurskoðun, ársreikninga, innra eftirlit, fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Þessi umgjörð öll miðast við það að tryggja hagsmuni sjóðfélaga, sjá til þess að þeir geti treyst því að þeir fái þær greiðslur sem þeir inna af hendi til baka þegar starfsævinni lýkur. Af þessu virðist mega álykta að hagsmunir sjóðfélaga séu þeir að ráða sjóðnum. Þá er eðlilegt að spyrja: Eiga sjóðfélagar ekki að kjósa alla stjórn sjóðsins?

Í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins kemur fram að hann gerir samninga við Kaupþing banka/Arion banka um að annast daglegan rekstur sjóðsins. Það er ljóst af samþykktunum að hér er um að ræða samning milli óskyldra aðila og í fundargerðum stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins frá 12. nóvember 2008 eftir fall Kaupþings þá var rætt um að gera samning við Nýja Kaupþing eða „aðra fjármálastofnun eða opna sjálfstæða skrifstofu”. Niðurstaðan varð að gera samning við Nýja Kaupþing. Stjórn sjóðsins lítur augljóslega svo á að hún sé óháð bankanum og geti gert samning við hvaða fjármálastofnun sem er.

Til viðbótar þessu þá er ljóst að þróun lífeyrissjóðakerfisins eftir setningu laganna 1997 hefur verið í þá átt að lífeyrissjóðir séu sjálfstæðar einingar og það má skilja lögin þannig að ekki sé heimilt að lífeyrissjóðir séu í eigu eins fyrirtækis, lögin tryggja þeim sjálfstæði gagnvart fjármálafyrirtækjum sem kunna að sjá um rekstur þeirra að hluta eða öllu leyti, fyrirtækjum sem greiða lífeyrisgreiðslur til þeirra fyrir eigin starfsmenn eða gagnvart öðrum fyrirtækjum. Allar þessar ástæður segja að það sé óeðlilegt að banki sem samið hefur verið við um rekstur sjóðsins velji einhverja í stjórn sjóðsins. Það á við þótt Arion, og Kaupþing áður, hafi gætt þess

að velja aðra en starfsmenn sína í stjórn sjóðsins, einstaklinga sem voru óháðir bankanum.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins setur framkvæmdastjóra sjóðsins reglur þar sem rætt er um starfsskyldur hans og að honum sé óheimilt að taka ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar nema stjórn hafi fyrirfram tekið ákvörðun um það efni.² Í þessum reglum er ekki kveðið á um háværk í fjárfestingarákvörðunum eins og algengt er í reglum um framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Það kann að helgast af því að framkvæmdastjórinn kemur lítið að fjárfestingarákvörðunum en það eru ekki heldur í gildi slík háværk fyrir eignastýringu fagfjárfesta sem sér um fjárfestingar fyrir sjóðinn. Í viðtali við Marínó Örn Tryggvason, forstöðumann eignastýringar fagfjárfesta, kemur fram að engin slík háværk séu fyrir hendi en „mjög stórar og óvenjulegar fjárfestingar eru þó bornar undir stjórn fyrirfram. Þá þarf að upplýsa um tiltekna fjárfestingar um leið og þær hafa átt sér stað, einkum í óskráðum skulda- og hlutabréfum”.³ Það hlýtur að teljast óheppilegt að ekki skuli vera skráðar reglur um þetta efni með skilgreindum háværkum. Það gerir stjórninni erfitt fyrir með alla eftirfylgni. Það þýðir ekki að eignastýring fagfjárfesta við Arion banka hafi tekið óeðlilegar ákvarðanir. Það er ýmislegt sem bendir til að hún hafi staðið sig vel en það er samt ástæða fyrir stjórnina til að skrá frekari reglur um heimildir eignastýringarinnar.

Það er sömuleiðis sérkennilegt að framkvæmdastjóri sjóðsins skuli vera starfsmaður Arion banka. Það er ekkert sem bendir til að það hafi skaðað fjárhagslega hagsmuni sjóðfélaga að þessi skipan hafi verið viðhöfð en að því gefnu að sjóðurinn sé sjálfstæð stofnun sem ber ábyrgð gagnvart sjóðfélögum þá ber slíkt fyrirkomulag í sér ákveðna áhættu fyrir sjóðinn. Það er ekki sjálfgefið að framkvæmdastjóri sem er starfsmaður Arion banka taki alltaf ákvarðanir í samræmi við hagsmuni sjóðfélaga fremur en í samræmi við hagsmuni bankans. Þess ber að geta að dregið hefur úr þessari hættu með sterkari girðingum innan Arion banka á milli eignastýringar fagfjárfesta og annarra deilda bankans.

Það er ástæða til að benda á að Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki séð ástæðu til að setja sér siða-

2 4. gr. Starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra Frjálsa lífeyrissjóðsins, 26.2. 2008.

3 Viðtal við Marínó Örn Tryggvason, forstöðumann eignastýringar fagfjárfesta, 5.8. 2011.

reglur eins og flestir lífeyrissjóðir hafa gert eftir bankahrúnið 2008. Arion banki hefur heldur ekki sett sér síðareglur en hann hefur samþykkt verklagsreglur um hagsmunaárekstra.⁴ Það er ráðlegging úttektarnefndarinnar að sjóðurinn setji sér síðareglur.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ekki látið þóknana-gjöld til bankans koma fram í ársreikningum sínum eins og reglur Fjármálaeftirlitsins kveða á um. Það má sjá á fundargerðum stjórnar að þetta mál hefur komið til umræðu innan hennar, sjá fundargerðir frá 21. febrúar, 23. ágúst og 22. nóvember 2007. Það eru ekki rök í málinu að enginn annar geri þetta. Sjóðfélagar eiga kröfu á því að þær upplýsingar sem sjóðurinn veitir séu sem gleggstar og sjóðurinn hefur í reynd fallist á að svo sé með þeim upplýsingum sem hann setur á heimasíðu sína um fjárfestingar. Úttektarnefndin leggur til að Frjálsi lífeyrissjóðurinn láti allan kostnað vegna þóknana til Arion banka og annarra fjármálafyrirtækja koma fram í ársreikningum sínum.

Það er ástæða til að benda á að Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur gert ýmislegt vel. Hér verður tvennt nefnt. Í fyrsta lagi upplýsingagjöf sjóðsins. Ársskýrsla

⁴ Sjá <http://www.arionbanki.is>

Frjálsa lífeyrissjóðsins er í rýrara lagi en hins vegar hefur sjóðurinn notað netsíðu sína til að upplýsa um fjárfestingar sínar og leitast við að svara öllum fyrirspurnum frá sjóðfélögum og að frá bankahrúninu megi finna upplýsingar um allar fjárfestingar sjóðsins á heimasíðu hans.⁵ Í öðru lagi að starfsmenn eignastýringarinnar hafa mótað sér reglur til að bregðast við mögulegum hagsmunaárekstrum. Í þeim felst að skoðaðir eru þrjú þættir: 1. Fjárfesting verður að uppfylla þá kröfu að sá sem hana ákveður myndi að líkindum taka sömu ákvörðun sjálfur um eigin hagsmuni; 2. gagnsæi, það er ekkert sem mælir gegn því að upplýsa um ákvörðunina; 3. jafnræði er á milli fjárfesta.⁶ Þessar reglur ættu að duga í langflestum tilvikum til að tryggja að ákvarðanir sem teknar eru fyrir hönd lífeyrissjóðsins miðist við hagsmuni hans en ekki bankans. Það kemur fram í yfirliti yfir fjárfestingarákvarðanir eignastýringarinnar á árunum 2007 og 2008 að hagsmunir lífeyrissjóðsins voru hafðir í fyrirrúmi. En það er ekki trygging fyrir því að svo verði um alla framtíð

⁵ Viðtal við Marínó Örn Tryggvason, forstöðumann eignastýringar fagfjárfesta, 5.8. 2011.

⁶ Viðtal við Marínó Örn Tryggvason, forstöðumann eignastýringar fagfjárfesta, 5.8. 2011.

11.3 Fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

11.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Frjálsa lífeyrissjóðsins á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður 1978 af Fjárfestingarfélagi Íslands sem séreignarsjóður. Kaupþing tók við rekstri sjóðsins árið 2000. Á úttektarárunum gildi um reksturinn og varðveislu eigna sjóðsins sérstakur samningur frá 30. mars 2005 á milli Kaupþings banka hf. og lífeyrissjóðsins. Nú gildir um reksturinn og varðveislu eignanna sambærilegur samningur frá 28. nóvember 2008 við Nýja Kaupþing banka hf., síðar Arion banka. Með lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða var sjóðurinn skyldaður til

að stofna tryggingadeild og standa undir lágmarks-tryggingarvernd. Allar greiðslur sem bárust í sjóðinn fyrir 1. júlí 1999 runnu í frjálsa séreign. Eftir þann tíma hefur skylduigjald runnið til öflunar lágmarks-tryggingarverndar á grundvelli 3. mgr. 4. gr. lífeyrissjóðalaganna og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign. Miðað er við að í samtryggingarhlutanum sé einungis lögbundið lágmark en umframeign sé færð yfir í séreign.⁷ Sjóðurinn er rekinn í fjórum sér-eignardeildum með mismunandi ávöxtunarleiðum og áhættu og svo tryggingardeild, sbr. nánar yfirlit um starfsemi sjóðsins hér að framan. Nokkrir lífeyrisjóðir hafa sameinast Frjálsa lífeyrissjóðnum, svo sem þar er tíundað.

⁷ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðing, dags. 5.8.2011.

Innan Kaupþings banka hf. og síðar Arion banka er Frjálsi lífeyrissjóðurinn rekinn af sérstakri fagfjárfestingadeild, sem auk hans rekur aðra lífeyrissjóði eða hefur tekið að sér meira eða minna umfangsmikil fjárfestingarverkefni fyrir þá og aðra fagfjárfesta, þar á meðal eftir samningum um viðbótartryggingarvernd, sbr. 10. gr. lífeyrissjóðalaganna.⁸

11.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum Frjálsa lífeyrissjóðsins rætt við Arnald Loftsson, framkvæmdastjóra sjóðsins, og Marínó Örn Tryggvason, forstöðumann eignarstýringar fagfjárfesta hjá Arion banka. Jafnframt var rætt við Ásgeir Thoroddsen, stjórnarformann Frjálsa lífeyrissjóðsins, Lilju Steinþórsdóttur, forstöðumann innri endurskoðunar Arion banka, og Knút Þórhallsson hjá Deloitte hf. en hann sá um ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins á úttektarárunum. Innri endurskoðunin var í höndum endurskoðunardeildar bankans en Deloitte hf. var sérstaklega ráðið af stjórn lífeyrissjóðsins samkvæmt útboði til þess að annast ytri endurskoðunina. Má segja að þetta fyrirkomulag sé eðlilegt eins og stjórn sjóðsins og útvistun rekstrarins til Kaupþings banka hf./Arions banka hf. var og er háttað. Loks var rætt við Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðing sem sér um tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum. Öll veittu þau góðfúslega þær upplýsingar sem óskað var eftir. Stjórn sjóðsins starfar samkvæmt starfsreglum frá 3. október 2002 og ber endanlega ábyrgð á rekstri sjóðsins, sbr. það sem segir í yfirlitinu að framan um starfsemi sjóðsins. Samkvæmt starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra annast hann daglegan rekstur samkvæmt fjárfestingarstefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að Kaupþing banki hf./Arion banki hf. uppfylli skyldur sínar samkvæmt rekstrarsamningi en hann og annað starfsfólk vinnur hjá bankanum og þiggur laun frá honum samkvæmt þeim kjörum sem bankinn semur um eða ákveður. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar á hann þó aðeins að taka með sérstakri ákvörðun stjórnarinnar. Þrátt fyrir þessar starfsreglur

kom það fram hjá Arnaldi Loftssyni framkvæmdastjóra að hann sæi aðallega um rekstrarþætti sjóðsins og eftirlitsferla, en Marínó Örn Tryggvason hefði framkvæmd fjárfestingarstefnunnar með höndum. Að framan er því lýst að Frjálsi lífeyrissjóðurinn var rekinn af Kaupþingi banka hf. fyrir fall bankanna og eftir það hefur því fyrirkomulagi verið haldið áfram með sérstökum samningi við Arion banka hf. Sérstök úttekt var gerð á starfsemi sjóðsins um hagkvæmni þess að halda áfram að útvista rekstri sjóðsins með þessum hætti áður en ákvörðun var tekin um það.⁹ Framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringar, svo og aðrir sem koma að rekstrinum, hafa því verið og eru starfsmenn bankans. Þeir hafa sagt úttektarnefndinni að þeim hafi verið greidd árangurstengd laun af bankanum eftir mati yfirmanna eignastýringar bankans og verið boðið lán til hlutabréfakaupa. Forstöðumaður eignastýringarinnar sagðist ekki hafa þegið það boð en framkvæmdastjórinn kvæðst hafa þegið það og greitt lánið með venjulegum hætti enda hefði það ekki verið hátt og ekki í takt við lán til æðstu yfirmanna bankans.¹⁰

11.3.3 Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins og áhættustýring

Að framan er því lýst hvernig eignastýring fagfjárfesta hjá Kaupþingi hafði með höndum eignastýringu Frjálsa lífeyrissjóðsins samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við lífeyrissjóðinn. Eignastýringin skyldi fara eftir samþykktum lífeyrissjóðsins og fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins ákvað árlega fyrir hverja deild sjóðsins eftir undirbúning fagfjárfestingardeildar bankans.

Athygli vekur að fjárfestingarstefna sjóðsins hafði í sumum tilfellum svo veruleg vikmörk að í raun gátu það verið háværk 36. gr. lífeyrissjóðalaganna sem réðu mörkum og dreifingu fjárfestinganna. Vikmörkin komu þó ekki í veg fyrir að hent gat að sjóðurinn færi tímabundið út fyrir mörk fjárfestingarstefnunnar. Sagði Marínó Örn að það hefði verið vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Arnaldur framkvæmdastjóri taldi að vikmörkin væru nauðsynleg til þess að að geta svarað mark-

8 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Lilju Steinþórsdóttur, innri endurskoðanda Frjálsa, dags. 8.8.2011.

9. KPMG Stöðumat-úttekt á rekstri og umhverfi, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, dags. 14. júní 2010.

10 Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Marínó Örn, dags. 5.8.2011, og Arnald Loftsson, dags. 17.8.2011.

aðinum. Sérstaklega hefðu frávik niður á við verið nauðsynleg svo selja hafi mátt innlend verðbréf frá sjóðnum þegar starfsmenn eignastýringar fagfjárfesta ætluðu að gengi íslensku krónunnar myndi falla, en það hafi reynst þeim happadrjúgt, sbr. síðar. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að vikmörkin uppávið hefðu að minnsta kosti átt að vera lægri og þrengri svo að fyllilega hefði verið staðið við lagaákvæði um háværk fjárfestinga.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti mikið í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Kaupþings og óx eign sjóðsins í slíkum bréfum jafnt og þétt á árunum fyrir bankahrún. Þannig var eign sjóðsins í innlendum hlutdeildarskírteinum um 22% af heildarverðbréfaeign í ársbyrjun 2006 en var orðin 31% í árslok 2007. Raunar var það stefna sjóðsins að fjárfesta fyrst og fremst í slíkum sjóðum fremur en að kaupa í einstökum félögum.¹¹ Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir bankanna voru reknir af rekstrarfélögum þeirra og töldust dótturfélög þeirra. Hver sjóður átti að hafa sjálfstæða fjárfestingarstefnu.¹² Í upphafi munu ekki hafa verið skörp skil milli rekstrarfélaganna og bankanna sjálfrá en smám saman, ekki síst með nýjum lögum um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði (2003), urðu skilin skarpari. Eftir fall bankanna hafa þessi fyrirtæki verið algerlega aðgreind. Eignastýring fagfjárfesta hjá bankanum hefur stuðst við tölvukerfi áhættustýringar bankans til þess að geta horft í gegnum eignir allra sjóða. Á hverjum morgni fá stýringaraðilar tilkynningu þar sem fram kemur ef eign í tilteknum flokki verðbréfa eða hjá sama útgefanda nálgast lagaskilyrði eða samþykktu fjárfestingarstefnu. Marinó Örn sagði að annars hefði verið mun erfiðara eða jafnvel ógerningur fyrir lífeyrissjóðinn að festa eins mikið fé í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðunum eins og þeir gerðu. Kerfið hefði gert það að verkum að sjóðurinn hefði sjaldnast verið yfir tilgreindum háværkum laga og fjárfestingarstefnu.¹³ Þar sem þessar tilkynningar eru þó eftir á ráða rekstraraðilar sjóðsins ekki ferðinni á sama hátt og fjárfesti þeir beint í verðbréfum en hins vegar geta fjárfestingarnar dreifst betur með fjárfestingum í sjóðum á þennan veg.

11 Sbr. viðtal við Marinó Örn Tryggvason, dags. 5.8.2011.

12 Sjá nánar um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði í 14. kafla skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, 4.h., bls. 135 og áfram.

13 Sbr. viðtal við Marinó Örn Tryggvason.

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og víðar að eftir því sem nær dró hrúni jókst hlutfall innlána í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum rekstrarfélags Kaupþings banka en svo sem að framan greinir átti Frjálsi lífeyrissjóðurinn mikinn hlut í eignasöfnunum rekstrarfélagsins. Við setningu neyðarlaganna í október 2008 tók ríkið í raun ábyrgð á öllum innstæðum bankanna, sem gerði það að verkum að þessi ráðstöfun reyndist mjög happadrjúg.¹⁴ Að sögn forstöðumanns eignastýringar fagfjárfesta Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur eignastýring þeirra verið sjálfstæð gagnvart fjárfestingarákvörðunum bankans og rekstrarfélagsins og ekki haft beina aðkomu að bankanum eða bankinn að þessari eignastýringu. Þannig hafi eignarhlutur lífeyrissjóðsins í Kaupþingi lækkað upp úr árinu 2007, þvert á þá hlutdeild sem bankinn hafði á hlutabréfamarkaðinum. Að sögn forstöðumannsins hefur eignastýring fagfjárfesta markað sér stefnu um hvernig haga eigi fjárfestingum. Er hún reist á 12-24 mánaða sýn fram í tímann um hvernig starfsmenn ætla að fjárfestingarumhverfið þróist. Á haustmánuðum 2007 hafi eignastýringin ætlað að mjög miklar líkur væru á því að gengi krónunnar gæti fallið. Stilltu þeir því eignasafnið af miðað við þá spá. Eignastýringin taldi að fall krónunnar myndi gera hópi fyrirtækja erfiðara fyrir um að standa í skilum. Útlánasöfn bankanna gætu því orðið fyrir skakkaföllum, þar að auki langstærsti hluti innlenda hlutabréfasafnsins og síðan gæti verðbólga aukist með verðfalli krónunnar. Á grundvelli þessa mats hafi verið ákveðið að minnka hlutfalligna sem helst voru í hættu fyrir gengisfalli krónunnar. Deildin hóf síðan markvisst að kaupa verðtryggð ríkisskuldabréf í staðinn. Sagði forstöðumaðurinn að af þessum sökum hefði eign sjóðsins í ríkisskuldabréfum verið 2-3 föld á við það sem hún var að meðaltali hjá öðrum sjóðum.

Forstöðumaðurinn var spurður að því hvað það hefði verið í fjárfestingarumhverfinu sem orkaði mestu um þetta mat eignastýringar fagfjárfesta. Hann sagðist undirstrika að þeir hefðu ekki séð fyrir viðlíka gengisfall og varð en forsendur matsins hefðu helst verið hagstærðir á borð við viðskiptahalla. Eignastýringin hafi ekki haft trú á að útflutningstekjur landsins

14 Sjá ályktun í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis 4. h., bls. 186 um fjárfestingar peningamarkaðssjóða Kaupþings.

fælust í gengismun og vaxtamun. Forstöðumaðurinn vildi ekki fallast á það að um sameiginlega stefnu hefði verið að ræða hjá bankanum og eignastýringu fagfjárfesta enda hefðu sjóðir rekstrarfélags bankans aukið við sig innlán í Kaupþingi banka á þessum tíma en þeir fremur í ríkisskuldabréfum. Hins vegar gæti verið að sú staðreynd að þeir losuðu um eignarhluta sína í fyrirtækjaskuldabréfum í gegnum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðina hafi gert það að verkum að sjóðstjórar þeirra hafi metið það svo að rétt væri að hafa meiri seljanleika í safninu og því aukið við sig í innlánnum. Hann tók það sérstaklega fram að stjórnendur gamla Kaupþings hefðu aldrei beitt stjórnendur Frjálsa lífeyrissjóðsins nokkrum þrýstingi í tengslum við kaup og sölu fjármálagerninga. Framanritað mat og aðferðafræði við fjárfestingar fagfjárfesta hjá Kaupþingi banka gerði það að verkum að Frjálsi lífeyrissjóðurinn skilaði ekki mikilli ávöxtun árið 2007, en hins vegar kom hún sjóðnum verulega til góða við fall bankanna í október 2008.

Úttektarnefndin vekur athygli á að Frjálsi lífeyrissjóðurinn kom tiltölulega vel út úr hruninu miðað við aðra sjóði. Það virðist hafa leitt til þess eftir stöðumat og úttekt, sbr. framanskráð, að sú ákvörðun var tekin að halda samstarfinu við bankann áfram og gera nýjan útivistunarsamning við Arion banka. Það er þó athugunarvert að upplýsingar í ársreikningi eru af skornum skammti að því leyti að ekki kemur fram hvað lífeyrissjóðurinn á í sjóðum Kaupþings. Fyllri upplýsingar um þetta atíði eru þó á heimasíðu sjóðsins. Þetta vekur menn þó til umhugsunar um að verði þrengt að möguleikum eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka til þess að fylgjast með eignarhlut lífeyrissjóðsins í sjóðum rekstrarfélags bankans á einhvern hátt gæti rekstrarformið skapað verulega hættu fyrir lífeyrissjóðinn.

11.3.4 Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins

Tap Frjálsa lífeyrissjóðsins samkvæmt ársskýrslum sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 þótt afleiðingarnar kæmu ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Tapið varð aðallega af eftirfarandi þáttum: Skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum og innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum Rekstrarfélags Kaupþings banka. Ofangreindir liðir

mynda á árunum 2008 – 2010 tap að fjárhæð samtals 11.946 mkr. Sjóðurinn sjálfur reiknar þá með að hann eigi inni hjá bankanum vegna gjaldmiðlavarnarsamninganna, þar sem hann geti notað skuldabréf á bankann til skuldajöfnunar. Þetta er umdeilt og hefur ekki enn verið leyst úr þeim ágreiningi, en skýringar sjóðsins gætu átt rétt á sér. Auk þess sem hér hefur verið sagt verður að benda á að til þess getur komið að einnig verði að færa niður sjóðfélagalán sem hvíla á yfirveðsettu húsnæði.¹⁵ Athuga verður að innlend skuldabréf og hlutabréf á banka og sparisjóði og einnig fyrirtæki eru líka í þessum sjóðum rekstrarfélags Kaupþings, þar á meðal verðbréf sem keypt voru af Kaupþingi sjálfu og tengdum fyrirtækjum. Að framan er því hins vegar lýst að sjóðurinn tók að minnka við eign sína í þessum bréfum öllum á árinu 2007 og kaupa ríkisskuldabréf í staðinn. Tap sjóðsins við fall bankanna varð því verulega minna. Vegna þeirrar skoðunar eignastýringar fagfjárfesta bankans að krónan mundi falla árinu 2008 dró sjóðurinn jafnframt úr gjaldmiðlavörnum.

Ljóst er af viðtölum nefndarinnar við stjórnarmenn Frjálsa lífeyrissjóðsins að lítil eða engin umræða skapaðist innan stjórnar um stjórnenda- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Hins vegar virðist sjóðstjóri eignastýringar hjá Kaupþingi banka, sem stjórnaði fjárfestingum, hafa gert sér nokkra grein fyrir því að ef illa færi gæti þetta skapað hættu fyrir sjóðinn. Má ætla að þessi ástæða hafi m.a. legið að baki breyttum áherslum í eignastýringu sjóðsins 2007 (Sjá um tengda aðila í 5.1.7 í almenna hluta skýrslunnar). Sama gildir um stjórnendur þessa sjóðs og annarra lífeyrissjóða að þeir voru ekki vakandi yfir þeirri hættu sem sjóðnum gat stafað af því að skilmálar skuldabréfanna sem þeir voru að fjárfesta í höfðu ekki að geyma fyrirvara um gjaldfellingu væru verulegir fjármunir fluttir frá fjárfestingarfélagi því sem seldi skuldabréfið (Sjá um skilmála þessa í 5.1.5 í almenna hluta skýrslunnar). Hins vegar virðist mega merkja það af eignastýringu sjóðsins að starfsmenn hennar hafi gert sér nokkra grein fyrir því að eignarhaldsfyrirtækin sum hver mundu eiga bággt með að standa í skilum á þeim eingreiðslubréfum sem orðin voru tíðkanleg á skuldabréfamarkaði og myndu

¹⁵ Sbr. samkomulag um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga frá 22. desember 2010.

freista þess að ýta þeim á undan sér með því að bjóða alltaf upp á ný og ný bréf við hvern gjalddaga. Þá virðast stjórnarmenn lífeyrissjóðsins hafa gert sér grein fyrir því að allar þóknunatekjur ættu að koma fram í reikningum sjóðsins en fram kemur í fundargerðum að þeir hafi gert athugasemdir við að aðeins almennar þóknunatekjur voru færðar sem slíkar en einstakar þóknunatekjur komu aðeins fram sem frádráttur á viðkomandi verðbréfaeign (Sjá nánar 5.1.6 í almenna hluta skýrslunnar).

12. Kafli

12.1 Gildi lífeyrissjóður	129
12.1.1 Starfsemi Gildis - lífeyrissjóðs	129
12.1.2 Tap Gildis lífeyrissjóðs 2008 til 2010.	134
12.2 Stjórn og starfshættir	142
12.2.1 Verklagsreglur, starfsreglur og siðareglur.	142
12.2.2 Stjórn og starfsmenn	144
12.2.3 Sjóðurinn og sjóðfélagar.	145
12.3 Fjárfestingar Gildis lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	145
12.3.1 Inngangur	145
12.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	146
12.3.3 Fjárfestingarstefna Gildis lífeyrissjóðs og áhættustýring.	146
12.3.4 Tap Gildis lífeyrissjóðs	148

12.1 Gildi lífeyrissjóður

12.1.1 Starfsemi Gildis - lífeyrissjóðs

1. Upphaf

Gildi lífeyrissjóður var stofnaður 1. júní 2005 við samruna Lífeyrissjóðs Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Sjóðurinn rekur samtryggingardeild og séreignardeild. Samtryggingardeildin er lögbundin og aðildarfélag hennar eru: Efling stéttarfélag, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Verkalýðsfélagið Hlíf, Félag hársnyrtisveina, Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Landssamband smábátaeigenda og Samtök atvinnulífsins. Í ávarpi stjórnarformanns, Ara Edwalds, í ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2005 kemur fram að:

„Markmiðin með sameiningunni voru ekki síst að bæta tryggingafræðilega dreifingu með fjölbreyttari hópi sjóðfélaga og að styrkja hæfni sjóðsins til eignastýringar í flóknara umhverfi þar sem stærri hluti eigna sjóðsins mun þurfa að ávaxtast erlendis og þróuðum áhættuvörnum þarf að beita. Síðast en ekki síst er stefnt að því að sjóðurinn veiti góða þjónustu og að rekstur hans sé eins hagkvæmur og frekast er kostur.“

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Átta varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra. Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvareandi aðkomu að sjóðnum.

Í 5. gr. samþykktu sjóðsins er fjallað um ársfund hans. Í gr. 5.3 segir:

„Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykktu þessara. Skipunartími fulltrúa er tvö ár. Stéttarfélag sem að sjóðnum standa tilnefna alls 80 fulltrúa til setu í fulltrúaráði. Fjöldi fulltrúa einstakra aðildarsamtaka skal vera í samræmi við vægi iðgjaldagreiðslna félagsmanna þeirra til sjóðsins og skal það reiknað út fjórða hvert ár miðað við iðgjaldagreiðslur félagsmanna hlutaðeigandi félaga næsta ár á undan og ákvarðar sá útreikningur fjölda fulltrúa einstakra aðildarfélaga/samtaka í fulltrúaráðinu næstu fjögur ár þaðan í frá. Samtök atvinnulífsins tilnefna 80 fulltrúa til setu í ráðinu.“

Tilkynna skal um tilnefningu í fulltrúaráð minnst 14 dögum fyrir lok yfirstandandi skipunartímabils og öðlast tilnefning gildi við upphaf ársfundar og gildir fram að ársfundi að tveimur árum liðnum. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins.“

Stjórnin skiptir með sér verkum og skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundi sjóðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Gildi lífeyrissjóði árin 2005-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Gildi tafla 1

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006	2005
Vilhjálmur Egilsson	SA	Form.	Varaf.	Form.	Varaf.	
Sigurður Bessason	*	Varaf.	Form.	X	X	X
Friðrik J. Arngrímsson	SA	X	X	X	X	X
Guðmundur Ragnarsson	*	X				
Heiðrún Jónsdóttir	SA	X	X			
Konráð Alfredsson	*	X	X			X
Sigurros Kristinsdóttir	*	X	X			
Sveinn Hannesson	SA	X	X	X	X	X

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006	2005
Árni Bjarnason	*		X	X		
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	*			Varaf.	X	X
Ari Edwald	SA			X	X	Form.
Birgir H. Björgvinsson	*			X	X	
Helgi Laxdal	*				Form.	Varaf.
Höskuldur H. Ólafsson	SA					X
Samtök atvinnulífsins	SA					
Fulltrúar sjóðfélaga	*					

Nokkuð jöfn endurnýjun virðist vera í stjórn sjóðsins. Þannig hafa þrír af núverandi stjórnarmönnum setið í stjórn sjóðsins árin 2005-2009. Þrír eru búnir að vera þrjú ár í stjórninni og tveir í tvö ár. Einn stjórnarmaður er nýr.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Árni Guðmundsson er framkvæmdastjóri Gildis og hefur verið það frá stofnun sjóðsins. Árni var áður framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna. Tryggvi Tryggvason var forstöðumaður eignastýringar þar til hann lét af störfum hjá sjóðnum í apríl 2010. Tryggvi var áður starfsmaður Lífeyrissjóðs sjómanna frá 1993. Núverandi forstöðumaður eignastýringar er Davíð Rúdólfsson en hann hóf störf hjá sjóðnum í maí 2008. Skrifstofustjóri var Örn Arnþórsson til sept. 2011 en þá tók Bjarney Sigurðardóttir við sem skrifstofustjóri sjóðsins. Starfsmenn Gildis eru 22 talsins.

Endurskoðun:

Helgi F. Arnarson, KPMG hf.

Innri endurskoðun:

Davíð Einarsson, PriceWaterhouseCoopers.

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, Tálnakönnun hf.

Regluvörður:

Framkvæmdastjóri/skrifstofustjóri.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Enginn starfsmaður Gildis eða stjórnarmaður hefur setið í stjórnnum fyrirtækja sem lífeyrissjóðurinn hefur fjárfest í og á eignarhlut í.

Heimild: Minnisblað Gildis dags. 1.10.2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Gildis lífeyrissjóðs er að finna í 2. gr. samþykka sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

2.3 Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

2.4 Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Í 22. kafla samþykka þessara er fjallað sérstaklega um séreignardeild sjóðsins.

Starfsemi Gildis lífeyrissjóðs

Gildi lífeyrissjóður skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Séreignardeildin skiptist í þrjár ávöxtunarleiðir sem eru: Framtíðarsýn 1, Framtíðarsýn 2 og Framtíðarsýn 3.

- Samtryggingardeild. Í samtryggingardeild greiðast lögbundin eða samningsbundin iðgjöld samkvæmt samþykktum sjóðsins.
- Séreignardeild. Í séreignardeild greiðast viðbótariðgjöld sjóðfélaga. Forsendur fyrir tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeildar ná ekki til séreignardeildar. Séreignardeildin býður upp á þrjár ávöxtunarleiðir:
 - Framtíðarsýn 1 er áhættumesta leiðin með 35% af eignum í hlutabréfum og 65% í skuldabréfum.
 - Framtíðarsýn 2 er áhættuminni með 20% af eignum í hlutabréfum og 80% í skuldabréfum.
 - Framtíðarsýn 3 er áhættuminnsta leiðin með 100% í verðtrygðum innlánnum.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir séreignardeildanna eru aðeins um 1,2% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í yfirferð um Gildi lífeyrissjóð hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi þann 23. maí 2007 voru samþykktar nýjar starfsreglur stjórnar með lítilsháttar breytingum frá fyrri reglum. Í fjórðu grein þar sem fjallað er um verksvið stjórnar kemur m.a. fram:

- Stjórn fer með ædsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn
- Stjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn.
- Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu ávaxta fjármuni sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin hverju sinni með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
- Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- Stjórn sjóðsins skal setja reglur um lán til sjóðfélaga.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirsvar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, skýrslur, frekari reglur um störf stjórnar og breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur og heimildir framkvæmdastjóra

Á stjórnarfundi Gildis þann 23. maí 2007 voru samþykktar reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar.

Þar segir að framkvæmdastjóra beri mánaðarlega að veita stjórn yfirlit yfir fjárfestingar og að á þriggja

mánaða fresti skuli fjárfestingarskýrsla lögð fyrir stjórn. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir ráðstöfun eigna sjóðsins, eignasamsetningu og ávöxtun.

Aðrar upplýsingar sem framkvæmdastjóra ber að upplýsa stjórn um eru:

- Endurskoðað 6 mánaða uppgjör sjóðsins fyrir ágústlok ár hvert.
- Árlegt yfirlit yfir rekstrarkostnað liðins árs.
- Árlegt yfirlit yfir greidd iðgjöld og vanskil á þeim.
- Árleg tryggingarfræðileg úttekt.

Auk þess skal stjórn hafa aðgang að öllum skýrslum sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins. Um heimildir framkvæmdastjóra vísast til kafla um eignastýringu.

Fjárfestingarstefna, samtryggingardeild

Í fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna eru tilgreindar þær megináherslur sem vinna á eftir við ávöxtun sjóðsins. Fjárfestingarstefnan á að miða að því að tryggja góða ávöxtun en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Stjórnir lífeyrissjóðanna móta fjárfestingarstefnu til eins árs í senn. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðanna ekki miklar milli ára.

Fjárfestingarstefna Gildis fyrir árið 2008 var samþykkt á stjórnarfundi þann 23. nóvember 2007 og er birt í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2007:

Skuldabréf 46%

Ríkisskuldabréf	25%
Skuldabréf banka og sparisjóða	5%
Veðskuldabréf	4%
Skuldabréf sveitarfélaga	3%
Önnur skuldabréf	9%

Hlutabréf 46%

Innlend hlutabréf	23%
Erlend hlutabréf	23%

Óhefðbundnar fjárfestingar 8%

Heimiluð vikmörk skv. fjárfestingarstefnu eru 25%.
Heimild: Ársreikningur Gildi lífeyrissjóðs árið 2007

Eignastýring

Á stjórnarfundi Gildis þann 17. ágúst 2005 samþykkti stjórn sjóðsins fjárfestingarheimildir starfsmanna sjóðsins. Í samþykktinni kemur fram að:

„Ákvarðanir um fjárfestingar og eignastýringu eru í höndum framkvæmdastjóra sjóðsins og forstöðumanns eignastýringar. Þær skulu vera í samræmi við lög og reglur og samþykktir og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Meiriháttar ákvarðanir skal bera undir stjórnarformann sjóðsins og varaformann. Með meiriháttar ákvörðun er átt við einstakar stærri fjárfestingar eða fjárfestingar sem flokkast ekki undir fjárfestingarstefnu sjóðsins.“

Takmarkanir varðandi einstakar fjárfestingar sem bera skal undir stjórnarformann og varaformann stjórnar eru eins og fram kemur í töflunni hér að neðan:

Gildi tafla 2

Innlend verðbréf:	Skráð mkr.	Óskráð mkr.
Innlend skuldabréf:		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	> 1.000	
Bankar og fjármálastofnanir	> 500	> 500
Bæjar- og sveitarfélög	> 500	> 500
Fyrirtæki	> 500	> 500
Veðskuldabréf		> 100
Innlend hlutabréf:		
ICEX 15	> 500	
ICEX	> 300	> 100
Erlend verðbréf:		
Erlend skuldabréf		
ríki	> 500	
annað	> 300	
Erlend hlutabréf	> 200	
Erlend hlutdeildarskírteini	> 1.000	
Erlendir fjárfestingarsjóðir		
(hedge, private equity)	> 700	
Afleiður, gengisvarnir	> 500	
Skiptasamningar	> 500	

Heimild: Fjárfestingarheimildir starfsmanna, samþykktar á stjórnarfundum 17.8.2005

Innlendu verðbréfasafni Gildis lífeyrissjóðs er stýrt af eignastýringardeild sjóðsins en þar starfa að jafnaði þrír til fjórir starfsmenn. Á þessu er þó ein undantekning sem varðar gjaldmiðlavarnarsam-

Gildi tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr. - samtryggingardeild					Fjöldi lífeyrisþega - samtryggingardeild				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	4.362	3.881	3.305	2.730	2.248	9.999	9.420	8.776	8.409	8.114
Örorkulífeyrir	2.332	2.112	1.914	1.636	1.425	3.914	3.637	3.828	3.740	3.791
Makalífeyrir	548	507	439	364	309	1.780	1.738	1.682	1.662	1.679
Barnalífeyrir	97	91	85	85	89	1.160	1.210	1.248	1.260	1.360
Samtals, verðlag hvers árs	7.339	6.591	5.743	4.815	4.071	16.853	16.005	15.534	15.071	14.944
Samtals, verðlag 2009	7.339	7.086	7.294	6.474	5.854					

inga. Stýring þeirra var annars vegar hjá Landsbanka Íslands og hjá sjóðnum sjálfum.

Erlent verðbréfasafn sjóðsins samanstóð af fjölmörgum erlendum verðbréfasjóðum og var það jafnframt í stýringu hjá viðkomandi aðilum. Auk þess að fjárfesta í erlendum hlutabréfum fjárfesti sjóðurinn einnig í óhefðbundnum fjárfestingum sem skiptust í vogunarsjóði, framtakssjóði og fasteignasjóði.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

- samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 7.339 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 5,8% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 16.853 talsins, samanborið við 14.944 í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Á árinu 2009 greiddu 39.672 sjóðfélagar hjá 4.033 launagreiðendum iðgjald til sjóðsins. Heildar-iðgjöld voru 10.925 mkr. Sjóðfélagar með réttindi í árslok 2009 voru samtals 177.791 talsins. Iðgjöld á árinu 2009 voru 4,5% lægri en iðgjöld ársins 2008 og kom sú lækkun aðallega fram hjá yngri aldershópum. Sjá töflu 3.

Frá árinu 2000 til ársins 2010 hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á lífeyrissjóðum sjóðfélaga í Gildi lífeyrissjóði (áður Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Lífeyrissjóður sjómanna).

Breytingar á lífeyrissjóðum 2000 - 2010

Ár	Breyting	
2000	7,0%	Hækkun áunninna réttinda sjóðfélaga í Lífsj. Framsýn frá 1. júl. 2000
2005	4,1%	Hækkun áunninna réttinda sjóðfél. í Lífsj. sjóm. frá 1. júní 2005 (til að jafna stöðu við sameiningu þeirra við Lífsj. Framsýn)
2006	7,0%	Frá 1.1.2006
2007	10,0%	Frá 1.1.2007
2009	-10,0%	Frá og með maí 2009
2010	-7,0%	Frá og með 1.6.2010 lækkun um 3,5% og frá og með 1.11.2010 lækkun um 3,5%

Heimild: Bréf Gildi lífeyrissjóðs, dags. 6. maí 2011

Auk framangreindra breytinga voru réttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna lækkuð um 11,5% árið 1999 með lagabreytingu. Sú breyting var annars eðlis en þær breytingar sem taldar eru upp hér að ofan. Lífeyrissjóður sjómanna starfaði samkvæmt sérstökum lögum og nauðsynlegt var að gera umrædda breytingu þar sem það hafði legið fyrir um langt skeið að lögbundin réttindaloforð voru langt umfram það sem mögulegt var að standa undir og langtum meiri en í öðrum sjóðum á almennum vinnumarkaði.

Heimild: Bréf Gildis lífeyrissjóðs dags. 6. maí 2011.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru annars vegar reiknaðar út áfallnar skuldbindingar sjóðsins miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Gildi tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	395.538	398.744	399.579	348.863	292.723
Skuldbindingar	447.605	458.336	380.436	316.373	263.846
Samtals	-52.067	-59.592	19.143	32.490	28.877
% af skuldbindingum	-11,6%	-13,0%	5,0%	10,3%	10,9%

Í töflunni yfir skuldbindingar Gildis lífeyrissjóðs sést að heildareignir sjóðsins samanborðið við heildarskuldbindingar eru um 10,9% árið 2005 og 10,3% árið 2006. Árið 2007 lækkar hlutfallið um

helming og fer niður í 5,0%. Árið 2008 verður hins vegar mikil breyting þannig að heildareignir sjóðsins samanborðið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 59.592 mkr. eða 13,0%. Árið 2009 eru heildareignir 52.067 mkr. lægri en heildarskuldbindingar eða 11,6%.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Stærstur hluti eigna sjóðsins hefur jafnan verið í ríkistryggðum verðbréfum. Fyrir fall bankanna var hlutfall ríkistryggðra verðbréfa á bilinu 24-26%. Eftir bankahrunið voru ríkistryggð verðbréf komin í rúm 42%. Innlend hlutabréf voru einnig stór hluti af eignasafni sjóðsins eða á bilinu 21-25% fram að falli bankanna. Innlend hlutabréf voru um 2% í árslok 2008 og 2009. Þá hafa erlend hlutabréf jafnan verið í kringum 20% af eignum sjóðsins að undanskildu árinu 2008 en þá voru þau 13,5%. Önnur eignasöfn voru mun minni. Eftir fall bankanna fluttist áhersla sjóðsins í fjárfestingum yfir á bankainnlán, framtaks- og fasteignasjóði og ríkistryggð verðbréf.

Gildi tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ríkistryggð bréf	97.483	74.049	58.337	51.412	47.186
Skuldabréf sveitarfélaga	9.452	8.594	6.629	6.612	5.908
Skuldabréf banka og sparissjóða	4.937	8.422	10.637	15.224	14.099
Veðskuldabréf	14.407	13.444	10.599	10.083	9.852
Innlend hlutabréf	3.817	4.175	50.750	51.244	45.428
Skuldabréf fyrirtækja	7.115	13.427	18.982	17.654	15.157
Erlend hlutabréf	42.093	28.341	48.111	48.911	32.922
Framtaks- og fasteignasjóðir	21.463	21.961	9.534	5.102	1.678
Erlend skuldabréf	4.180	3.728	146	289	254
Vogunarsjóðir	7.601	11.932	6.695	6.458	3.928
Innlán	17.189	21.438	9.004	1.178	2.024
Önnur skuldabréf	271	377	7.434	2.645	1.584
Samtals	230.008	209.888	236.858	216.812	180.020

Raunávöxtun eignasafna Gildis lífeyrissjóðs sveiflast mjög mikið á þeim árum sem eru til skoðunar. Þannig fór raunávöxtun sjóðsins úr 17,7% árið 2005 sem er mjög góður árangur niður í 26,7% neikvæða ávöxtun árið 2008. Árið 2008 var neikvæð raunávöxtun fyrst og fremst á þremur eignasöfnum sem öll fóru mjög illa. Þau voru: Innlend hlutabréf, skuldabréf fyrirtækja og skuldabréf banka og sparissjóða. Erlendu hlutabréfin voru með neikvæða ávöxtun árinu 2007 og 2008 en þar hefur væntanlega verið um stundartap að ræða enda ávöxtun þeirra komin í

26% árið 2009. Eins og hjá öðrum sjóðum voru það ríkistryggð verðbréfin, skuldabréf sveitarfélaga og sjóðfélagalánin sem skiluðu jafnri og góðri ávöxtun.

Gildi tafla 6

Raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Ríkistryggð bréf	4,7%	4,6%	4,1%	5,0%	4,4%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,2%	4,3%	4,6%	4,7%	3,7%
Skuldabréf banka og sparisjóða	-54,5%	-16,6%	4,8%	4,4%	5,1%
Veðskuldabréf	5,2%	5,5%	5,4%	5,4%	4,9%
Innlend hlutabréf	0,9%	-92,8%	2,9%	10,0%	64,7%
Skuldabréf fyrirtækja	-35,7%	-41,8%	5,5%	6,8%	6,7%
Erlend hlutabréf	26,0%	-5,9%	-10,6%	33,5%	11,7%
Framtaksjóðir	-19,7%	58,2%	-0,1%	12,4%	-6,4%
Önnur erlend hlutdeildarskrteini	-9,2%	29,3%	-5,0%	19,2%	2,5%
Innlán	3,2%	15,3%			
Önnur skuldabréf			5,0%	5,6%	6,2%
Raunávöxtun	-1,5%	-26,6%	2,4%	9,6%	17,8%

Heimild: Bréf Gildis lífeyrissjóðs (ó dags), bréf Gildis dags. 10.1.2012

Þess skal getið að á árunum 2008 og 2009, sem fjallað er um hér að ofan, höfðu áhrifin af hrúni fjármálamarkaðarins nánast komið fram að fullu á innlendu hlutabréfunum. Afskriftir á skuldabréfum banka og sparisjóða og fyrirtækjaskuldabréfum komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2009 og 2010.

Raunávöxtun

Árið 2009 var hrein raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 1,7%. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var einnig neikvæð en þá um 26,7%. Árið 2007 var fimm ára meðalraunávöxtun 11,6% og tíu ára meðalraunávöxtun 7,4% sem hvort tveggja var mjög góð útkoma. Þessi árangur hafði nánast þurrkast út árið 2009 en þá var fimm ára meðalávöxtun -1,0% og tíu ára meðalávöxtun jákvæð um 2,0%.

Gildi tafla 7

Samtryggingardeild	Raunávöxtun				
	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	-1,7%	-26,7%	2,4%	9,4%	17,7%
Fimm ára meðalávöxtun	-1,0%	2,1%	11,6%	11,0%	8,6%
Tíu ára meðalávöxtun	2,0%	3,3%	7,4%	7,8%	

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árin 2005 og 2006 skera sig úr hvað varðar afkomu sjóðsins. Bæði árin hækkaði hrein eign sjóðsins, annars vegar um 51.072 mkr. árið 2005 og hins vegar 45.867 mkr. árið 2006. Árið 2007 hækkaði hrein eign en nú um 28.984 mkr. sem var nokkur lækkun frá árinu áður. Árið 2008 varð algjör viðsnúningur en þá lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 31.490 mkr. Árið 2009 hækkaði hrein eign sjóðsins hins vegar um 18.364 mkr.

Gildi tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	11.805	11.968	10.134	7.975	6.628
Lífeyrir	-7.884	-6.671	-5.443	-4.873	-4.109
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	7.545	-30.249	3.798	7.624	18.302
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	1	4	6	6	21
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	17.853	8.406	14.597	23.698	14.945
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-10.578	-12.392			23
Fjárfestingartekjur	14.821	-34.231	18.401	31.328	33.291
Fjárfestingargjöld 1)	-146	-138	-125	-123	-113
Rekstrarkostnaður	-272	-265	-242	-228	-209
Rekstrargjöld	-418	-403	-367	-351	-322
Aðrar tekjur	40	47	96	36	30
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	18.364	-29.290	22.821	34.115	35.518
Hrein eign frá fyrra ári	208.942	238.232	215.411	181.296	145.778
Hrein eign í árstok til greiðslu lífeyris	227.306	208.942	238.232	215.411	181.296
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	18.364	-31.490	28.984	45.867	51.072
Hrein eign frá fyrra ári	208.942	256.123	273.583	243.748	209.618
Hrein eign í árstok til greiðslu lífeyris	227.306	224.633	302.566	289.615	260.690

1) Gildi lífeyrissjóður sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálfyrirtækja.

12.1.2 Tap Gildis lífeyrissjóðs 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar koma hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir

og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins er að meginhluta til fjórþætt og liggur í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Erlendum skuldabréfum

Gildi tafla 9

Yfirlit yfir tap Gildi lífeyrissjóðs af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, erl. skuldabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	459	4.746	4.431	9.636
Skuldabréf fyrirtækja	975	4.528	7.582	13.085
Innlend hlutabréf		-676	45.109	44.433
Erlend skuldabréf	65	1.212		1.277
	1.499	9.810	57.122	68.431
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		7.113		7.113
Samtals tap í mkr.	1.499	16.923	57.122	75.544

Heimild: Gildi lífeyrissjóður.

Ofangreindir liðir mynduðu tap hjá sjóðnum, samtals að fjárhæð 75.544 mkr. á árunum 2008, 2009 og 2010. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavarnarsamninga upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Samkvæmt forsendum bankanna myndi tap sjóðsins aukast um 7.958 mkr. og yrði tapið þá samtals 83.520 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var bókfærð staða sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 10.637 mkr. Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparissjóða árin 2008-2010 eða samtals um 9.636 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá Glitni 4.364 mkr., Straumi- Burðarás hf. 2.242 mkr., SPRON 1.560 mkr. og Byr sparissjóði 1.326 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparissjóða námu samtals 144 mkr.

Víkjandi og breytanlegt skuldabréf Glitnis.

Í mars 2008 efndi Glitni banki til skuldabréfaútboðs, samtals að fjárhæð 15.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leytnu sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalddaga. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði skuldabréfanna breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skuldabréfaútboðinu. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitni endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði bréfið greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. Gildi lífeyrissjóður tók þátt í útboðinu og keypti skuldabréf af Glitni fyrir 3.000 mkr. sem töpuðust nokkrum mánuðum síðar eða strax við fall bankans. Gildi lífeyrissjóður á nú í málaferlum við skilanevnd Glitnis vegna þessara skuldabréfa þar sem sjóðurinn telur að stjórnendur bankans hafi gefið rangar upplýsingar um stöðu hans þegar umrædd bréf voru seld.

Í bréfi Gildis til nefndarinnar dags. 12. febr. 2011 vegna þessa máls kemur fram að framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringar fengu kynningu hjá stjórnendum bankans og að þeir hafi síðan ásamt formanni og varaformanni stjórnar tekið ákvörðun um kaupin í framhaldi af jákvæðri umfjöllun á stjórnarfundum.

Á 43. stjórnarfundum Gildis sem haldinn var þann 12. mars 2008 var eftirfarandi bókað: „Rett var fyrirhugað útboð Glitnis á breytanlegum skuldabréfum. Skuldabréfin breytast að fimm árum liðnum í hlutabréf í Glitni banka hf. Talið áhugavert að kaupa þessi bréf.“

Ekki er að finna neina frekari bókun stjórnar um ofangreind skuldabréfakaup. Í gögnum þeim sem Gildi lífeyrissjóður sendi úttektarnefndinni er ekki að finna neina greiningu, mat, rökstuðning eða hvaða þættir voru lagðir til grundvallar hjá sjóðnum þegar ofangreind skuldabréfakaup fóru fram.

Sjá nánar kafla 5.1.9. Glitni hf. skuldabréfaútboð í mars 2008.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu Gildis lífeyrissjóðs árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða

í árslok. Að lokum er sýnt afskriftahlutfall ársins hjá hverjum skuldara fyrir sig.

Gildi tafla 10

Skuldabréf banka og sparisjóða - staða og afskriftir 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða í árslok	%
Straumur - Burðarás hf.	3.282	2.077	1.205	63%
SPRON hf.	1.560	1.560	0	100%
BYR sparissjóður	1.441	1.009	432	70%
Sparissjóðabanki Ísl.hf./Icebank	69	69	0	100%
Sparissjóður Mýrasýslu	72	29	43	40%
Frjálsi fjárfestingarbankinn.	5	2	3	40%
Samtals í mkr.	6.429	4.746	1.683	74%

Heimild: Gildi lífeyrissjóður.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Gildis lífeyrissjóðs árin 2008-2010 af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

Gildi tafla 11

Afskriftir skuldabréfa banka og sparissjóða í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Glitnir banki hf.			4.364	4.364
Straumur-Burðarás hf.	165	2.077		2.242
SPRON hf.		1.560		1.560
BYR sparissjóður	317	1.009		1.326
Landsbanki Íslands hf.			67	67
Sparissjóðabanki Ísl.hf./Icebank hf.	-22	69		47
Sparissjóður Mýrasýslu	-1	29		28
Frjálsi fjárfestingarbankinn.		2		2
Samtals í mkr.	459	4.746	4.431	9.636

Skuldabréf fyrirtækja

Í árslok 2005 var eign Gildis lífeyrissjóðs í fyrirtækjaskuldabréfum 15.157 mkr. Ári síðar eða í árslok 2006 hafði verðbréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum aukist um 16,5% og var þá orðin 17.654 mkr. Ári síðar eða í árslok 2007 voru fyrirtækjaskuldabréf orðin samtals 18.982 mkr. Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa á árinu 2008 urðu samtals 7.582 mkr. Árið 2009 voru afskrifuð skuldabréf að fjárhæð 4.528 mkr. og 975 mkr. árið 2010. Í árslok 2010 höfðu skuldabréf útgefin af fyrirtækjum verið afskrifuð samtals um 13.085 mkr. Mestu afskriftirnar á einstaka fyrirtæki voru: Landic Property hf. 2.851 mkr., Exista hf. 2.706 mkr., Bakkavör Group hf. 1.605 mkr., Avion hf./HF Eimskipafélag Ísl. 1.602 mkr. og FL Group hf. 1.537 mkr. Afskriftir annarra fyrirtækja voru samtals 2.784 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa fyrirtækja í eigu Gildis lífeyrissjóðs árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnt afskriftahlutfall hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Gildi tafla 12

Skuldabréf fyrirtækja - staða og afskriftir 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða í árslok	%
Landic Property hf.	1.197	1.128	69	94%
Exista hf.	1.185	504	681	43%
Bakkavör Group hf.	3.011	1.265	1.746	42%
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	711	541	170	76%
Stoðir hf./FL Group hf.	321	235	86	73%
Samson ehf.	31	21	10	68%
Egla hf.	215	131	84	61%
Teymi hf./Kögun hf.	234	203	31	87%
Atorka hf./Jarðboranir hf.	427	288	139	67%
Baugur Group hf.	53	53	0	100%
Mosaic Fashions hf.	83	83	0	100%
Nýsir hf.	72	72	0	100%
Opin Kerfi	5	4	1	80%
Samtals í mkr.	7.545	4.528	3.017	60%

Heimild: Gildi lífeyrissjóður.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Gildis lífeyrissjóðs árin 2008-2010 af skuldabréfeign sinni í fyrirtækjum.

Gildi tafla 13

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property hf.	-73	1.128	1.796	2.851
Exista hf.	424	504	1.778	2.706
Bakkavör Group hf.	340	1.265		1.605
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	-5	541	1.066	1.602
Stoðir hf./FL Group hf.	18	235	1.284	1.537
Samson ehf.	14	21	589	624
Egla hf.	56	131	322	509
Teymi hf./Kögun hf.	-90	203	351	464
N1 hf./Olíufélagið	286	0		286
Baugur Group hf.		53	214	267
Atorka hf./Jarðboranir hf.	4	288		292
Mosaic Fashions hf.		83	124	207
Nýsir hf.		72	58	130
Opin Kerfi	1			5
Samtals í mkr.	975	4.528	7.582	13.085

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Gildi lífeyrissjóður 38.573 mkr. af innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapað á árinu 2008 eða samtals 45.109 mkr. að teknu

tilliti til arðgreiðslna. Árin 2006-2007 varð hagnaður af hlutabréfaeign sjóðsins samtals að fjárhæð 8.960 mkr. Þá varð lítilsháttar hagnaður árið 2009. Árin 2006 og 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins á bilinu 21-24% af verðbréfasafni sjóðsins. Árin 2008 og 2009 féll hlutdeild innlendra hlutabréfa í safni sjóðsins hins vegar niður í 2,0% og 1,7%.

Gildi tafla 14

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í ársbyrjun	45.428	4.175	50.750	51.244	45.428
Keypt hlutabréf á árinu	70.383	263	14.337	26.458	29.325
Seld hlutabréf á árinu	73.421	1.297	12.703	29.553	29.868
Hlutafjáreign í árslok	3.817	3.817	4.175	50.750	51.244
Hagn / (-tap)	-38.573	676	-45.109	2.601	6.359

Heimild: Ársskýrslur Gildis lífeyrissjóðs.

Gildi tafla 15

Hlutabréfaeign Gildi-lífeyrissjóðs á markaðsvirði 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Actavis hf.	2.939.834	3.845.310	8.142.706					
Alfesca hf./SÍF hf.	482.678	381.929	773.021	1.791.733	1.758.122	1.870.230	1.575.509	1.038.797
Atorka hf./Jarðboranir hf.	637.430	2.560	2.560	2.560	2.560			
Bakkavör Group hf.	4.938.899	7.450.380	8.150.486	7.492.510	5.788.261	4.601.791	3.956.942	482.798
Cent. Alum.hf.			185.535	186.080	271.355	291.516	150.390	59.393
Exista hf		4.132.170	6.706.521	4.239.239	2.073.666	4.380.573	3.466.398	
Stoðir hf./FL Group hf.	1.601.276	2.963.840	2.908.818	950.266	832.746			
Glitnir banki hf.	4.426.110	5.174.138	6.141.482	3.963.665	2.267.116	3.042.624	1.003.466	
HB Grandi hf.	65							
Icelandair hf.		162.743		1.804				
Icelandic Group hf.	216.174							
Kaupþing banki hf.	15.288.994	14.121.231	21.730.500	19.084.560	19.597.215	17.486.434	14.936.128	
Kögun hf.	773.579							
Landsbanki Íslands hf.	4.368.409	5.551.326	9.029.357	7.093.397	7.008.451	5.728.248	3.681.384	
Marel hf.	2.210			244.800	757.760	1.097.222	1.070.151	1.197.653
Mosaic Fashions hf.	80.602	578.768						
Skipti hf.					3.685.125			
Straumur Burðarás hf.	6.749.249	3.284.650	2.677.759	1.104.610	586.894	599.567	640.679	140.774
Teymi hf.			86.063	249.648	340.017	159.309		
Össur hf.	735.324	312.445	118.514	893.198	1.244.487	1.253.885	1.259.255	1.333.477
Samtals í þús.kr.	43.240.832	47.961.491	66.653.322	47.298.069	46.213.776	40.511.399	31.740.301	4.252.892
Óskráð félög								
Síminn hf	2.475.000	2.709.135	2.709.135	2.867.898				
Reikningsst. lífeyrissj.	56.640	56.640	56.640	56.640	56.640	56.640	56.640	56.640
Eignarhaldsfél. lífeyrissj.	113.216	113.216	113.216	113.216	113.216	113.216	113.216	113.216
Máttarstólpar hf.	7.500	7.500						
MP Bio	2.563	732						
EJS	15.137							
Norðurljós	2.057							
Samtals í þús. kr.	2.672.113	2.887.223	2.878.991	3.037.754	169.856	169.856	169.856	169.856
Samtals félög í þús. kr.	45.912.946	50.848.714	69.532.313	50.335.823	46.383.632	40.681.255	31.910.157	4.422.748

Heimild: Unnið upp úr gögnum frá Gildi lífeyrissjóði dags. 19. maí 2011.

stöðugt árið 2008. Um leið lækkaði hlutabréfaeign Gildis lífeyrissjóðs og var svo komið í árslok 2008 að hlutafjareign sjóðsins var skráð á 4.423 mkr. og hafði þá lækkað um 91,2% á árinu 2008. Hlutafjareign Gildis í árslok 2008 var nær eingöngu í þremur félögum, sem voru: Alfesca hf., Marel hf. og Össur hf. Eign sjóðsins í óskráðum hlutabréfum var óveruleg og nær eingöngu í Símanum hf. (Skiptum hf.) og Eignarhaldfélagi lífeyrissjóða um verðbréfabing ehf.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Gildis lífeyrissjóðs í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30. 06.07 og 31.12.07. Einnig var aflað upplýsinga um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áreitt að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir.

Rétt að benda á að sjóðirnir voru í ákveðnum vanda frá seinni hluta árs 2007 hvað varðar hlutabréfaeign sína. Stórfelld sala á hlutabréfum hefði getað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér úti á markaðnum. Hins vegar er jafnljóst að sjóðirnir hefðu getað haldið að sér höndum og hætt að kaupa hlutabréf frá og með seinni hluta árs 2007 og séð til hvernig hlutirnir myndu þróast á innlendum og erlendum mörkuðum.

Kaupþing banki hf.

Mesta tap Gildis lífeyrissjóðs á hlutabréfum í einu félagi var á hlutabréfum sjóðsins í Kaupþingi eða um 16.668 mkr. Um áramótin 2005/2006 var eign sjóðsins í banknum um 15.289 mkr. Frá 1.1.2007 til 31.03.2008 keypti Gildi hlutabréf í Kaupþingi fyrir samtals 7.110 mkr. (meðalgengi 944). Á þessum 15 mánuðum fór verð hlutabréfanna fyrst ört hækkandi en frá og með miðju ári 2007 fór verðið að lækka. Frá og með 1.3.2008 til falls Kaupþings seldi Gildi 4.261 þús. hluti í bankanum fyrir 3.000 mkr. (meðalgengi 703). Við fall Kaupþings átti Gildi 20.144 þús. hluti í bankanum og hafði eign sjóðsins í bankanum aukist um 106 þús. hluti á tímabilinu sem er til skoðunar. Samkvæmt ársreikningi Kaupþings var Gildi lífeyrissjóður 6. stærsti hluthafi bankans í árslok 2007 með 2,9% eignarhlut.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	20.038		763	15.289
31.12.06	16.791	-3.247	841	-2.731
30.06.07	19.316	2.525	1.125	2.841
31.12.07	21.687	2.371	880	2.086
31.03.08	24.405	2.718	803	2.183
30.06.08	22.918	-1.487	763	-1.135
30.09.08	21.584	-1.334	692	-923
08.10.08	20.144	-1.440	654	-942
31.12.08			0,00	
Samtals		106		16.668
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				16.668
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				16.668

Bakkavör hf.

Í árslok 2005 var eign Gildis lífeyrissjóðs í Bakkavör að markaðsvirði 4.939 mkr. Á árinu 2006 hækkaði gengi Bakkavarar um tæp 22% og jók Gildi hlut sinn í félaginu um 23.118 þús. hluti að verðmæti 1.445 mkr. Á fyrri árshelmingi 2007 héldu hlutabréf Bakkavarar áfram að hækka og fór gengi bréfanna hæst í 72,10. Á seinni árshelmingi 2007 fór gengi Bakkavarar hins vegar að lækka og hélt sú þróun áfram allt þar til hlutabréfin voru nánast verðlaus í árslok 2008. Það vekur athygli að þrátt fyrir stöðuga og mikla lækkun á gengi hlutabréfa Bakkavarar þá hélt Gildi jafnt og þétt áfram að kaupa hlutabréf í félaginu. Þannig keypti Gildi hlutabréf í Bakkavör á árinu 2008 fyrir 1.623 mkr. Tap Gildis lífeyrissjóðs á

hlutabréfum sínum í Bakkavör var a.m.k. 8.004 mkr. Í árslok 2007 var Gildi lífeyrissjóður 2. stærsti hluthafi Bakkavarar með 5,9% eignarhlut.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	96.088		51,40	4.939
31.12.06	119.206	23.118	62,50	1.445
30.06.07	117.442	-1.764	69,40	-122
31.12.07	128.077	10.635	58,50	622
31.03.08	140.152	12.075	41,30	499
30.06.08	156.524	16.372	29,40	481
30.09.08	185.772	29.248	21,30	623
31.12.08	193.895	8.123	2,49	20
Samtals		97.807		8.487
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				8.487
Stæða 31.12.08	193.895		2,49	-483
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				8.004

Exista hf.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Gildis lífeyrissjóðs í Exista 183.652 þús. hlutir sem jafngiltu 4.132 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2007 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista um 30.993 þús. hluti eða 16,9%. Frá miðju ári 2007 fór gengi Exista að falla með miklum hraða. Þannig var gengi hlutabréfanna 34,40 þann 30.06.2007. Ári síðar eða þann 30.06.2008 var gengi Exista komið niður í 7,52 sem var lækkun um 78,1% á einu ári. Gildi lífeyrissjóður átti hlutabréf í Skiptum hf. (eignarhaldsfélagi Símans og fleiri félaga). Í mars 2008 gerði Exista hf. öðrum hluthöfum í Skiptum hf. yfirtökutilboð í þeirra hlut í félaginu. Stjórn Gildis var mótfallin því að gengið yrði að yfirtökutilboði Exista þótt hún hafi gert svo að lokum. Tilboðið var ekki samþykkt fyrr en 4. apríl 2008 þegar ljóst var að innlausnarskylda/réttur hafði myndast samkvæmt lögum. Samkvæmt tilboðinu var hver hlutur í Skiptum metinn á 6,64 kr. en hver hlutur í Exista var metinn á 10,10 kr. Fyrir hvern hlut í Skiptum hf. voru þannig greiddir 0,6574 hlutir í Exista. Yfirtökutilboð Exista skýrir þannig hækkun á eign sjóðsins í Exista á 2. ársfjórðungi 2008. Hlutabréf Exista voru orðin verðlaus í lok ársins 2008 og tapaði Gildi lífeyrissjóður a.m.k. 7.581 mkr. á hlutabréfum sínum í Exista. Í árslok 2007 var Gildi lífeyrissjóður 9. stærsti hluthafinn í Exista hf.

Sjá nánar kafla 5.1.9, Exista hf. – yfirtökutilboð á Skiptum hf. í mars 2008.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Stæða	Hreyfing		
31.12.05				
31.12.06	183.652		22,50	4.132
30.06.07	194.957	11.305	34,40	389
31.12.07	214.645	19.688	19,75	389
31.03.08	199.391	-15.254	10,40	-159
30.06.08	582.523	383.132	7,52	2.881
30.09.08	577.733	-4.790	6,00	-29
31.12.08	577.476	-257	0,04	
Samtals		393.824		7.604
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				7.604
Stæða 31.12.08	577.476		0,04	-23
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				7.581

FL Group hf.

Þann 1.1.2006 átti Gildi lífeyrissjóður 82.540 þús. hluti í FL Group hf. að markaðsvirði 1.601 mkr. Á árinu 2006 jók sjóðurinn hlut sinn í FL Group um 40,8%. Árið 2007 var Gildi hins vegar nettóseljandi hlutabréfa í FL Group hf. og seldi sjóðurinn hlutabréf í FL Group fyrir 634 mkr.

Þann 11. desember 2007 tilkynnti FL Group að félagið hygðist auka hlutafé sitt með lokuðu útboði til fjárfesta og stefnt væri að því að selja hlutafé fyrir allt að 10.000 mkr. Tilgangur útboðsins væri að styrkja eiginfjárgrunn félagsins og breikka hluthafahópinn. Hver hlutur yrði seldur á genginu 14,7 og átti kaupverðið að greiðast 4. janúar 2008.

Vikurnar fyrir útboðið var hins vegar mikið fall á gengi hlutabréfa í FL Group. Þannig var gengi á hlutabréfum félagsins um áramótin 2007/2008 komið niður fyrir útboðsgengið sem var 14,7. Þann 10 jan. 2008 hafði gengi félagsins síðan fallið um rúm 21% frá áramótum.

Gildi lífeyrissjóður tók þátt í hlutafjárútboði FL Group og keypti hlutabréf á útboðsgenginu 14,7 fyrir 533 mkr. Til viðbótar keypti Gildi hlutabréf í FL Group þann 4. janúar 2008 fyrir samtals 301 mkr. Samtals keypti Gildi því hlutabréf í Exista um áramótin 2007/2008 fyrir 834 mkr. Samhliða ákvörðun um þátttöku í útboðinu var ákveðið að selja hlutabréf í FL Group fyrir 305 mkr. á genginu 15,25, nettókaup voru því 529 mkr.

Gildi tafla 16

Viðskipti Gildis tengd hlutafjárútboði FL Group hf.

Dags.	Nafnverð þús. hluta	Gengi	Kaup mkr.	Sala mkr.	Nettó viðskipti mkr.
19.12.2007	-20.000	15,25		-305	-305
4.1.2008	36.287	14,70	533		533
4.1.2008	19.000	14,00	266		266
4.1.2008	35.259	14,36	35		35
Samtals í mkr.			834	-305	529

Heimild: Tölvupóstur frá Gildi lífeyrissjóði dags. 15.6. 2011.

Ekki er að finna neina stjórnarákvörðun um nefnd hlutabréfakaup, heldur ekki nein vinnugögn starfsmanna Gildis eða annað það sem sýnir aðdraganda, útreikninga og rökstuðning fyrir því að hlutabréfin í FL Group voru keypt í ofangreindu útboði.

Á hluthafafundi í FL Group hf. sem haldinn var 9. maí 2008 voru tillögur stjórnar félagsins samþykktar en þær voru í stuttu máli þessar:

- Hlutabréf FL Group verði afskráð úr OMX Nordic Exchange á Íslandi.
- Stjórn FL Group hf. verði falið að kaupa hluti þeirra hluthafa í félaginu sem þess óska fyrir 21. maí 2008. Greitt verði fyrir hlutina með hlutum í Glitni banka hf. Gengi hlutabréfa í FL Group við kaupin skal vera kr. 6,68 fyrir hvern hlut. Gengi hlutabréfa í Glitni banka hf. skal vera kr. 17,05 fyrir hvern hlut. Þannig fær hver hluthafi er tekur kaupsbæturinn 0,39 hluti í Glitni banka hf. fyrir hvern hlut í FL Group hf.

Vert er að hafa í huga að í hlutafjárútboði FL Group frá því í desember 2007 var megintilgangur útboðsins sagður vera sá „að styrkja eiginfjárgrunn félagsins og breikka hluthafahópinn“. Með tilboði stjórnar FL Group hf. er hins vegar verið að fara þvert á það sem áður hafði komið fram hjá félaginu sem var að „breikka hluthafahópinn“.

Stjórnendur Gildis stóðu nú frammi fyrir því að eiga hlutabréf í óskráðu eignarhaldsfélagi FL Group hf. eða Glitni banka hf. sem var banki skráður á markaði. Á 48. fundi stjórnar Gildis sem haldinn var þann 21. maí 2008 (fimm mánuðum eftir hlutafjárútboðið) kemur fram í fundargerð stjórnar, 5. tl:

„Upplýst að tekið verður kaupsbæturinn FL Group til hluthafa um að kaupa bréf félagsins og

greiða fyrir þau með hlutabréfum í Glitni banka hf.“

Þannig var ákveðið að selja hlutabréfin í FL Group hf. og fá andvirði þeirra greitt með hlutabréfum í Glitni. Hlutabréfin í Glitni urðu skömmu síðar að engu er bankinn féll í byrjun október sama ár.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	82.540		19,40	1.601
31.12.06	116.229	33.689	25,50	859
30.06.07	98.604	-17.625	29,50	-520
31.12.07	65.176	-33.428	14,58	-487
05.01.08	122.772	57.596	14,46	833
31.03.08	131.348	8.576	6,34	54
30.06.08		-131.348	6,68	-877
Samtals		-82.540		1.463
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.463
Stæða 31.12.08			0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 – 30.06.08 í mkr.				1.463

Glitnir hf.

Um áramótin 2005/2006 var eignarhlutur Gildis lífeyrissjóðs í Glitni 245.895 þús. hlutir, að markaðsvirði 4.426 mkr. Gildi seldi síðan jafnt og þétt hlutabréf sín í Glitni. Á öðrum ársfjórðungi 2008 gerði stjórn FL Group hf. hluthöfum tilboð og bauðst til að kaupa af þeim hlutabréf í félaginu og greiða fyrir þau með hlutabréfum í Glitni banka hf. Stjórn Gildis samþykkti tilboðið og fékk andvirðið greitt með hlutabréfum í Glitni hf., samtals 51.461 þús. hluti (sjá umfjöllun um FL Group hf. hér að ofan). Um sama leyti, þ.e. á 2. og 3. ársfjórðungi 2008, jók Gildi hlutabréfaeign sína í Glitni um 37.655 þús. hluti (umfram það sem kom úr sölunni á FL Group) og tapaði a.m.k. 330 mkr. á þeim kaupum. Samtals tapaði Gildi lífeyrissjóður 3.166 mkr. á hlutabréfaeign sinni í Glitni hf.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	245.895		18,00	4.426
31.12.06	222.066	-23.829	23,30	-555
30.06.07	212.141	-9.925	28,95	-287
31.12.07	180.577	-31.564	21,95	-693
31.03.08	131.427	-49.150	17,25	-848
30.06.08	197.573	66.146	15,40	1.019
30.09.08	220.542	22.969	4,55	105
31.12.08			0,00	
Samtals		-25.353		3.166

Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu		3.166
Stæða 31.12.08	0	0,00
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.		3.166

Erlend skuldabréf

Beinar afskriftir á erlendum skuldabréfum námu samtals 1.277 mkr. og komu þær nær eingöngu fram á árinu 2010. Neðangreind skuldabréf voru samsettar skuldabréfaútgáfur þar sem undirliggjandi eignir voru í flestum tilfellum erlend fyrirtækjaskuldabréf eða skuldtryggingaafleiður. Hér var um að ræða svokallaðar Collateralized Debt Obligations í daglegu tali kallaðar CDO's, strúktúrar eða vafningar.

Gildi tafla 17

Erlend skuldabréf - afskriftir		2010	2009	Samtals
Kaupþing	NBS/Caylon	65	262	327
Kaupþing	Helix Capital / Midgard		177	177
Landsbankinn	BTV200		400	400
Landsbankinn	SGAIDI		34	34
Landsbankinn	Spirit		339	339
	Samtals í mkr.	65	1.212	1.277

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu gjaldmiðlavarnarsamninga Gildis lífeyrissjóðs við Landsbanka Íslands, Glitni og Kaupþing þann 31.12.2009

Gildi tafla 18

Stæða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda-jöfnun	Mismunur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	11.999	829	12.828	-5.715	7.113
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	19.219	1.567	20.786	-5.715	15.071
Mismunur á kröfum í mkr.					7.958

Eins og fram kemur hér að ofan færði Gildi til skuldar 11.999 mkr. í ársreikningi 2009. Því til viðbótar komu reiknaðir vextir að fjárhæð 829 mkr. Samtals var því áætluð skuld sjóðsins við Landsbanka, Glitni og Kaupþing vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga 12.828 mkr. Fjárhæðin er m.v. gengisvísitöluna 175 stig með vöxtum en án dráttarvaxta. Þá gerir Gildi ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sinni á viðkomandi viðskiptabanka. Skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af bönkum sem sjóðurinn gerir ráð fyrir að geta skuldajafnað eru

samtals að fjárhæð 5.715 mkr. Gangi þetta eftir mun skuld Gildis lífeyrissjóðs vegna gjaldmiðlavarnarsamninga nema samtals 7.113 mkr.

Bankarnir gera hins vegar ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörsgengi hvers samnings fyrir sig ásamt dráttarvöxtum. Ýrtruðu kröfur bankanna á hendur sjóðnum með dráttarvöxtum þann 31.12.2009 og að teknu tilliti til skuldajöfnunar eru 15.071 mkr.

„Allt frá bankahruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammksamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. og Glitni banka hf. um hvernig standa skuli að uppgjöri á útstandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

Tengdir aðilar

Exista og tengdir aðilar

Þau félög sem tengjast Exista hf. og koma við sögu hjá Gildi lífeyrissjóði eru Kaupþing banki hf., Bakkavör Group hf. og Skipti hf.

Í árslok 2006 nam innlend hlutabréfaeign Gildis samtals 51.244 mkr. (sjá töflu nr. 5). Hlutabréfaeign Gildis í Exista og tengdum aðilum í árslok 2006 nam 28.412 mkr. eða 55,4% af allri innlendri hlutabréfaeign sjóðsins.

Í árslok 2007 nam innlend hlutabréfaeign Gildis samtals 50.750 mkr. Hlutabréfaeign Gildis í Exista og tengdum aðilum í árslok 2007 nam 33.684 mkr. eða 66,4% af allri innlendri hlutabréfaeign sjóðsins.

Gildi tafla 19

Tengdir aðilar sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris í mkr.

	2007			2006		
	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals
Kaupþing banki hf.	19.085	2.748	21.833	14.121	2.799	16.920
Bakkavör Group hf.	7.493	2.508	10.001	7.450	2.268	9.718
Exista hf.	4.239	2.547	6.786	4.132	2.407	6.539
Skipti hf./Síminn hf.	2.867	1.256	4.123	2.709	1.098	3.807
	33.684	9.059	42.743	28.412	8.572	36.984
Samt. hlutabréfaeign	50.750			51.244		
Hlutf. af innlendri hlutabréfaeign	66,4%			55,4%		
Hrein eign til greiðslu lífeyris			238.232			215.411
Hlutf. af hreinni eign til gr. lífeyris			17,9%			17,2%

Hlutabréfaeign Gildis var þannig mjög samþjöppuð á fáa aðila sem um leið voru allir innbyrðis tengdir bæði stjórnenda-, eigna- og skuldaböndum.

Í töflunni hér að aftan kemur einnig fram að fjárfesting Gildis í hluta- og skuldabréfum í félögum tengdum Existahópnum var samtals að fjárhæð 36.984 mkr. í árslok 2006 eða 17,2% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og 42.743 mkr. í árslok 2007 eða 17,9% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Eftirfarandi yfirlit sýnir eignarhlut Gildis lífeyrissjóðs í félögum þann 31.12.2007.

Gildi tafla 20

Hlutar Gildis í Exista og tengdum aðilum

Kaupþing banki hf.	6. stærsti hluthafinn	2,9%
Bakkavör Group hf.	2. stærsti hluthafinn	5,9%
Exista hf.	9. stærsti hluthafinn	1,9%
Skipti hf.	4. stærsti hluthafinn	8,0%

Tengdir aðilar: Byggir á skilgreiningu sem gerð er grein fyrir í kafla 4.2.6, Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða, o.fl., og kafla 5.1.7, Tengdir aðilar.

Heimild: Ársreikningar Kaupþings, Bakkavarar og Exista árið 2007. Opinbert tilboðsýfirlit, yfirtökutilboð til hluthafa í Skiptum hf. dags. 27. mars 2008.

12.2 Stjórn og starfshættir

Fjallað verður um verklagsreglur, starfsreglur og siðareglur, stjórn og starfsmenn, sjóðinn og sjóðfélaga.

12.2.1 Verklagsreglur, starfsreglur og siðareglur

Þær reglur sem Gildi hefur samþykkt og starfar eftir eru vel samhæfðar og skýrar.¹ Í *Samþykktum* og *Starfsreglum* stjórnar er lýst uppbyggingu sjóðsins, hlutverki ólíkra hluta hans á borð við stjórn, starfsmenn, hvernig ákvarðanir skulu teknar og hver hafi heimild til að taka ákvarðanir.

Þau félög sem aðild eiga að sjóðnum kjósa 80 fulltrúa í fulltrúaráð Gildis og Samtök atvinnulífsins

1 Þær reglur sem liggja þessum hluta til grundvallar eru Samþykktir fyrir Gildi lífeyrissjóð 1.7. 2006, Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn Gildis 15.10. 2009, Starfsreglur stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs 23.5. 2007, Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti 12.12. 2007 og Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, 23.5. 2007.

kjósa 80 fulltrúa sömuleiðis í fulltrúaráð.² Þetta ráð eða meirihluti þess ræður öllum ákvörðunum á ársfundum Gildis. Það er kosið í það minnst hálfum mánuði fyrir ársfund og gildir kosningin í tvö ár. Almennir sjóðfélagar mega sitja ársfundi með málfrelsi og tillögurétti.³ Þetta fyrirkomulag má sjá í öðrum lífeyrissjóðum og það þýðir að stjórnin ber í reynd ábyrgð gagnvart fulltrúaráðinu. Komi upp ágreiningsmál sem verulega skiptar skoðanir eru um er það fulltrúaráðið sem getur haft áhrif á niðurstöðu slíks máls, ekki stjórnir verkalýðsfélaganna eða SA þótt þær geti mælst til ákveðinnar afstöðu hjá fulltrúum sínum. Þetta þýðir líka að það er nokkurt lýðræðislegt aðhald að stjórn lífeyrissjóðsins fólgið í þessu fyrirkomulagi. En beint lýðræði er það ekki. Leiðin

2 Sjá gr. 5.3 og 5.4 í Samþykktum fyrir Gildi lífeyrissjóð.

3 Sjá gr. 5.1 sama.

frá almennum félögum í verkalyðsfélögunum er í gegnum kosningu eigin félags, sem kys sína fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóðs sem síðan kys stjórn sjóðsins á ársfundi. Hjá SA gengur þetta þannig fyrir sig að stjórn þeirra tilnefnir fulltrúa sína án nokkurrar kosningar. Höfuðókostur þessa fyrirkomulags er að þeir sem greiða til lífeyrissjóðsins án þess að vera í verkalyðsfélagi eiga enga möguleika á að hafa áhrif á hverjir sitja í stjórn sjóðsins.

Það er skýrt kveðið á um það í þessum reglum að stjórn sjóðsins skuli hafa hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi í einu og öllu.⁴ Það er ekkert sem bendir til annars en að stjórnin hafi haft hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi í ákvörðunum sínum við fjárfestingar en hún sá ekki fyrir atburðarásina sem leiddi til þess að allir stærstu bankar landsins urðu gjaldþrota og virðist hafa verið þeirrar skoðunar að bankakerfið myndi lifa af niðursveifluna eins og flestir töldu fram á haustdaga 2008. Að þessu leytnu var stjórnin eins og margir aðrir, að hún gerði sér ekki grein fyrir þeim hættumerkjum sem fram voru komin á fyrri hluta árs 2008 og gáfu til kynna að kerfið væri í alvarlegum vanda.

Starfsmenn sjóðsins hafa fjárfestingarstefnu til að fara eftir í daglegum störfum sínum. Fjárfestingarstefna Gildis er skýr og skilmerkileg⁵ en fjárfestingarheimildir starfsmanna⁶ eru nokkuð rúmar miðað við aðra sjóði sem bendir til að stjórnin treysti starfsmönnum sínum til að fara með fé sjóðsins af skynsemi. Ávöxtun sjóðsins hefur verið góð þótt hann hafi tapað verulegu fé í hruninu og orðið að lækka réttindi sjóðfélaga þrjú ár í röð, um 10% árið 2009, um 7% árið 2010 og um 4,5% árið 2011 en réttindi sjóðfélaga höfðu hækkað um 7% árið 2006 og 10% árið 2007. Það er bagalegt að þurfa að lækka réttindi sjóðfélaga og það er óheppilegt að sveiflur í greiðslum lífeyrissjóðs séu miklar. Sjóðurinn hafði hlotið verðlaun þrjú ár í röð fyrir góða ávöxtun eigna sinna en slík verðlaun segja ekki nema hluta sögunnar því að þau taka ekki tillit til þess hvernig áhættu var dreift í eignasafni sjóðsins. Það voru veikleikar í áhættudreifingu eignasafns Gildis lífeyrissjóðs eins og kemur fram í yfirliti yfir starfsemi sjóðsins hér

að framan. Það var ekki gætt nægilega að því hverjir væru tengdir aðilar eins og rétt hefði verið, þess var ekki gætt að setja skilmála í skuldabréf og ekki var nægilega hugað að stjórnendaáhættu. En þessi atriði voru því miður til staðar hjá öðrum lífeyrissjóðum einnig.

Gildi hafði mótað sér hluthafastefnu sem sjá má í ársskýrslum sjóðsins og líta má á sem undanfara siðareglu sjóðsins. Í hluthafastefnunni er kveðið á um að sjóðurinn velji ekki stjórnarmenn í fyrirtækjum sem hann fjárfestir í nema sérstakar ástæður liggja til þess, hann komi sjónarmiðum sínum á framfæri á hluthafafundum og í samskiptum við stjórnarmenn og með aðgerðum eða aðgerðaleyfi sínu. Lögd er áhersla á að fjárfestingum sjóðsins sé ekki beitt í pólitísku skyni, heldur ráði arðsemi fjárfestingunum og stjórnendur fyrirtækjanna sem fé er lagt í skulu hafa sýnt í verki vilja sinn til að vinna með hluthöfum.⁷

Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn Gildis lífeyrissjóðs voru samþykktar í október 2009. Í þeim er lýst þeim markmiðum og siðvenjum sem sjóðurinn á að hafa í heiðri í starfsemi sinni. Það er lýst almennu hlutverki sjóðsins í upphafi og hlutverki stjórnar og starfsmanna. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum lífeyri og hlutverk stjórnar er að fara með yfirstjórn sjóðsins, hafa forystu og frumkvæði og sinna eftirliti með starfsemi sjóðsins. Hlutverk starfsmanna er að annast rekstur sjóðsins og sjá um samskipti við viðskiptavinum og sjóðfélaga. Lögd er áhersla á gott upplýsingaflæði til sjóðfélaga og trúnað við þá og að starfsmenn aðhafist ekki neitt sem hugsanlega megi líta á sem hagsmunaaðreistra. Starfsmenn skulu leitast við að skapa traust á sjóðnum og ekki taka við gjöfum eða fyrirgreiðslu sem hafa einhverja fjárhagslega þýðingu. Sjóðurinn fjárfestir í fyrirtækjum sem eru samfélagslega ábyrg og stjórn og starfsmenn gæta fyllstu fagmennsku í samskiptum við almenning og fjölmiðla og hafa metnað fyrir hönd sjóðsins. Reglurnar ber að kynna öllum nýjum starfsmönnum og við ráðningu og stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti í stjórn.

Þessar siðareglur eru skýrar og þær ná til flests sem þær eiga að ná. En það er ástæða til að benda á þrjú atriði í þeim.

⁴ Sjá *Starfsreglur stjórnar Gildis lífeyrissjóðs*, gr. 1.3

⁵ Sjá t.d. *Fjárfestingarstefna 2006*.

⁶ *Fjárfestingarheimildir starfsmanna*, samþykkt á stjórnarfundi Glitnis 17.8. 2005.

⁷ *Ársskýrsla Lífeyrissjóðsins Gildis 2008*, bls. 17. Svipuð eða sömu atriði eru tiltekin í hluthafastefnu árin 2006, 2007, 2009 og 2010.

1. Ein efnisgreinin hljóðar svo:

„Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki, s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir, eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem atvugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.“

Þetta er mikilvæg yfirlýsing sjóðsins og allrar athygli verð. Greinin er yfirlýsing um að stjórn sjóðsins vilji fjárfesta í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum og forðast þau sem ofbjóða siðferðisvitund almennings. Úttektarnefndin vill benda á að það verður að festa þessa viðmiðun í fjárfestingarstefnu sjóðsins, það er ekki nóg að hún sé einvörðungu í siðareglunum.

2. Í síðustu grein reglnanna er kveðið á um að við ráðningu séu öllum starfsmönnum kynntar reglurnar og öllum nýjum stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti. Það er sjálfsagt að kynna reglurnar nýjum starfsmönnum og stjórnarmönnum en það er ekki nóg. Það er í raun nauðsynlegt að taka eitt eða fleiri atriði úr reglunum fyrir á fundi starfsmanna einu sinni á ári eða annað hvert ár og sama á við stjórn sjóðsins. Það er tillaga úttektarnefndarinnar að stjórnin beiti sér fyrir því að þessar reglur séu teknar fyrir reglulega. Ástæðan fyrir þessari tillögu er sú að regluleg umfjöllun er nauðsynleg til að gera starfsmönnum og stjórnarmönnum siðareglurnar innlífar svo að þær verði sjálfsgæddur hluti í hinni daglegu önn.

3. Úttektarnefndin vill benda á að það er skynsamlegt að kveða á um endurskoðun reglnanna innan þriggja til fimm ára og skoða þá hver reynslan hefur verið og hverju megi breyta og hverju ætti að bæta við. Það er einnig hjálplegt að númera greinarnar í reglunum.

12.2.2 Stjórn og starfsmenn

Þess var áður getið að viðmiðanir Gildis um mörk þess sem starfsmönnum væri leyfilegt að fjárfesta án þess að leita sérstaks samþykkis væru nokkuð rúmar. Ef farið er framyfir hámark ber að leita samþykkis formanns og varaformanns stjórnar sjóðsins fyrirfram og síðan ber að gera stjórninni grein fyrir fjárfestingunni svo fljótt sem auðið er. Yfirlit yfir öll kaup og sölu fjármálagerna er lagt fram á mánaðarlegum fundum stjórnar.

Eignastýring lífeyrissjóðsins hélt fundi þar sem fjallað var um allar fjárfestingar sjóðsins sem voru innan þeirra heimilda sem stjórnin veitti starfsmönnum. Þá fundi sátu allir starfsmenn eignastýringar og framkvæmdastjóri. Úttektarnefndin hefur ekki yfirlit yfir það hve stór hluti af fjárfestingum sjóðsins er ákveðinn á þessum fundum en það lætur að líkum að það sé langstærsti hlutinn. Að frátöldum stjórnarfundum eru þetta mikilvægustu fundir fyrir starfsemi lífeyrissjóðsins.

Þessi fundir þurfa því að vera skráðir í fundagerðir og það þarf að vera ljóst hvaða upplýsingar lágu fyrir fundinum sem ákvörðun byggðist á. Það hefur nokkuð skort á það en hefur lagast á allra síðustu árum. Á þessum fundum þurfa sjónarmið siðareglanna einnig að koma fram og hafa áhrif á ákvarðanir um fjárfestingar í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum.

Það er ljóst að það þarf að skerpa á því hvaða mál fara fyrir alla stjórnina og hvað fer einungis fyrir formann og varaformann. Í ljósi þess að allir stjórnarmenn bera ábyrgð á ákvörðunum stjórnar þá er ekki skynsamlegt að formaður og varaformaður taki ákvarðanir um frávik frá samþykktum reglum svo að dæmi sé tekið.

Á fundi þ. 26. ágúst 2006 ákvað stjórn Gildis að taka upp kaupaukakerfi fyrir forstöðumann eignastýringar. Kaupaukinn átti aldrei að geta orðið hærri en sem nam þremur mánaðarlaunum og átti að greiðast fyrst vegna afkomu sjóðsins árið 2005. Jafnframt voru laun framkvæmdastjóra hækkuð sem nam 70% af fullum kaupauka forstöðumanns eignastýringar. Það er ljóst að ástæðan fyrir því að gripið var til þessa ráðs var sú að forstöðumaður eignastýringar hafði fengið tilboð frá bönkum um ráðningu í starf á betri kjörum en lífeyrissjóðurinn bauð upp á. Það var mat stjórnarinnar og kemur einnig fram í

orðum ytri endurskoðanda sjóðsins, Helga Arnarsónar, að forstöðumaður eignastýringar á þeim tíma, Tryggvi Tryggvason, væri hæfur starfsmaður sem eftirsjá væri í fyrir sjóðinn. Tryggvi segir sjálfur í viðtali við úttekta nefndina að hann hafi farið fram á launahækkun og þetta hafi verið tilboð stjórnarinnar.

Það er skiljanlegt að stjórnin vilji halda í góðan starfsmann og á árinu 2006 voru kjör manna í íslenskum bönkum með ólíkindum góð og stóð sá tími fram á árið 2008. En hvatakerfi á borð við þetta sem er hófsamlegt miðað við það sem viðgekkst annars staðar virðist óheppilegt fyrir lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og skammtímahagnaður getur aldrei orðið mikilvægasta markmið fjárfestinga lífeyrissjóðs. Hvatakerfi á borð við það sem hér er rætt um færir þá hættu með sér að fjárfestingar miðist fremur við skammtímahagnað en hagnað fyrir sjóðinn til lengri tíma. Ástæðan er einfaldlega sú að ef launakjör mikilvægasta og valdamesta starfsmanns eignastýringar ráðast af hagnaði fjárfestinga hvers árs, verður að teljast líklegt að sú staðreynd hafi áhrif á tillögur hans og ákvarðanir. Tryggvi neitaði því í samtali við úttekta nefndina að launakjörin hefðu haft áhrif á ákvarðanir sínar og benti á að unnið væri eftir samþykktri fjárfestingarstefnu. Úttekta nefndin er ekki í aðstöðu til að meta hvort þessi samningur hafi í raun haft áhrif á ákvarðanir eignastýringar sjóðsins.

Það eru þrjár ástæður sem mæla gegn því að lífeyrissjóður taki upp kaupaukakerfi fyrir starfsmenn sína. 1. Starfsmenn lífeyrissjóða höndla með fé sem er eign annarra og á að skila sér til eigenda sinna að lokinni starfsævinni. Hagsmunir eigenda fjárens fara ekki saman við hagsmuni þeirra sem þiggja laun eftir kaupaukakerfi. 2. Eiginhagsmunir starfsmanna sem vinna eftir kaupaukakerfi eru líklegir til að stuðla að verri ákvörðunum um fjárfestingar til lengri tíma en ella. 3. Í siðareglum sjóðsins er beinlínis lögð áhersla á að forðast skuli hugsanlega hagsmunaárekstra. Þessi samningur og aðrir sambærilegir virðist dæmi um mögulegan hagsmunaárekstur og þess vegna hefði ekki átt að gera hann.

12.2.3 Sjóðurinn og sjóðfélagar

Samband sjóðsins við sjóðfélaga þarf að vera beint og milliliðalaust. Sjóðurinn hefur ríkar skyldur við sjóðfélaga, hann á að ávaxta fé þeirra, greiða þeim lífeyri og mökum þeirra. Honum ber að veita þeim áreiðanlegar upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóðsins á hverjum tíma og sjóðfélaginn verður að geta treyst því að sjónarmið hans og hagsmunir séu virtir í starfsemi sjóðsins. Þess vegna ætti Gildi eins og aðrir lífeyrissjóðir að láta allan kostnað af starfsemi sinni koma fram í ársskýrslu en þóknanakostnaður til bankanna hefur ekki komið fram í ársskýrslum sjóðsins fremur en annarra lífeyrissjóða.

12.3 Fjárfestingar Gildis lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

12.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Gildis lífeyrissjóðs á úttekta tímamótum vegna þess að fyrir hafði legið um langt skeið að lögbundin réttindaloforð voru langt umfram það sem unnt var að standa við og voru miklu meiri en í öðrum sjóðum á almennum vinnumarkaði.

Starfsemi Gildis lífeyrissjóðs árin eftir sameininguna ber glöggt vitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitserðar þessarar. Heildarskuldbindingar sjóðsins voru jákvæðar árin 2005-2007. Árið 2008 verða þær hins vegar neikvæðar um 59.592 mkr. eða -13% og árið 2009 eru sambærilegar tölur 52.067 mkr. eða -11,6%. (Sjá töflu 4 í yfirliti um starfsemi Gildis). Áunnin rétt-

breytingu sambærilega stöðu við aðra almenna lífeyrissjóði. Lækka varð hins vegar réttindi á þessum tímamótum vegna þess að fyrir hafði legið um langt skeið að lögbundin réttindaloforð voru langt umfram það sem unnt var að standa við og voru miklu meiri en í öðrum sjóðum á almennum vinnumarkaði.

Starfsemi Gildis lífeyrissjóðs árin eftir sameininguna ber glöggt vitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitserðar þessarar. Heildarskuldbindingar sjóðsins voru jákvæðar árin 2005-2007. Árið 2008 verða þær hins vegar neikvæðar um 59.592 mkr. eða -13% og árið 2009 eru sambærilegar tölur 52.067 mkr. eða -11,6%. (Sjá töflu 4 í yfirliti um starfsemi Gildis). Áunnin rétt-

indi sjóðfélaga voru lækkuð um 10% 2009 og aftur um 7% 2010. Hækkunar árána 2006 og 2007 voru þannig uppunar (Sjá töflu 3 í yfirliti um starfsemi Gildis). Lágmarksiðgjöld sjóðfélaga höfðu þó verið hækkuð þessi ár, sbr. lög nr. 167/2006 um breytingu á lífeyrissjóðalögum.

12.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum Gildis lífeyrissjóðs rætt við Árna Guðmundsson framkvæmdarstjóra, Tryggva Tryggvason sjóðstjóra, Sigurð Bessason og Vilhjálmm Egilsson sem skiptust á um að vera formaður og varaformaður sjóðsins á úttektartímanum. Auk þess ræddu nefndarmenn við endurskoðendurna Helga F. Arnarson, sem hafði með höndum ytri endurskoðun sjóðsins þessi árin á vegum KPMG hf., og Davíð Einarsson, sem sá um innri endurskoðunina af hálfu PriceWaterhouse-Coopers. Loks ræddu þeir við Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðing hjá Talnakönnun, sem sá um tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum. Allir veittu þeir góðfúslega þær upplýsingar sem óskað var eftir nema Tryggvi sem taldi sig lítið muna um einstakar fjárfestingar sjóðsins á úttektartímanum, sem hann hafði þó staðið að. Tryggvi hefur látið af störfum fyrir Gildi lífeyrissjóð og virðist það ekki hafa verið í fullri sátt. Stjórn sjóðsins ber endanlega ábyrgð á rekstri sjóðsins og er hún skipuð til hálf af launþegum og að hinum helmingnum af atvinnurekendum. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri. Eignastýringardeild undir stjórn sjóðstjóra vinnur að eignastýringu, sbr. nánar hér á eftir.

12.3.3 Fjárfestingarstefna Gildis lífeyrissjóðs og áhættustýring

Eignastýringardeild Gildis lífeyrissjóðs fór að mestu með eignastýringu sjóðsins og var Tryggvi Tryggvason sjóðstjóri. Reglur sögðu til um hvaða heimildir starfsmenn eignastýringar höfðu en allar meiriháttar fjárfestingar voru ákveðnar á fundum framkvæmdastjóra með starfsmönnum deildarinnar og þær stærstu þá eftir að hafa verið bornar undir formann og varaformann sjóðsins. Hluti gjaldmiðlavarana voru þó í útvistun hjá Landsbanka Íslands og

erlendar eignir voru í útvistun hjá erlendum eignastýringarfyrirtækjum.⁸ Fjárfestingarstefnan var ákveðin af stjórn sjóðsins eftir undirbúning eignastýringardeildar. Hún tók ekki miklum breytingum milli ára. Athygli vekur að stefnan hefur mikil vikmörk, jafnvel svo að spyrja má hvort mikið hafi verið í hana lagt þar sem dreifing fjárfestinga samkvæmt 36. gr. lífeyrissjóðalaganna gat í raun ráðið hámarks- um. Starfsmenn sjóðsins hafa þó borið að stefnan sjálf hafi verið viðmiðið en nauðsynlegt hafi verið að hafa vikmörkin þetta rúm vegna sveiflna á markaði. Nokkuð var misjafnt milli sjóða hvernig þessu var háttað en hætt er við að séu vikmörk ákveðin mjög rúm geti það leitt til þess að fjárfestingarstefnunni sé ver fylgt. Yfirlit um gerðar fjárfestingar lágu fyrir á stjórnarfundum þar sem þær voru ræddar og þær skýrðar af starfsmönnum. Á skorti að á fundum eignastýringarnefndar og stjórnar væri skýrlega bókað um fjárfestingarákvarðanir og rök fyrir þeim. Innan sjóðsins þróaðist þetta þó til betri vegar samkvæmt viðtölum við sjóðsmenn.

Í ábendingum og athugasemdum innri endurskoðanda fyrir árið 2009 er þess getið að í reglum sjóðsins sé ekki tilgreind hámarksupphæð fjárfestinga í einstökum félögum. Jafnframt er þess getið að í fjárfestingarstefnu fyrir skuldabréf fyrirtækja án fasteignaveða eða annarra „tryggðra“ veða sé ekki getið um eigið fé, veltufjárhlutfall ofl. eða hvort heimilt sé að taka viðskiptavild með í útreikninga þegar fyrirtæki séu metin. Þá er tekið fram að ekki sé formleg áhættugreining og áhættumat með fjárhagsskýrslum sjóðsins. Loks er sagt að á skorti að starfsmenn sjóðsins séu beðnir að staðfesta að þeir fari eftir samskipta- og siðareglum sjóðsins. Fram kom í viðtölum nefndarinnar að þessar ábendingar voru nýjar og höfðu ekki verið settar fram áður enda þótt þetta hafi verið svo hjá sjóðnum allan úttektartímann. Þótt bent sé á þetta af innri endurskoðuninni er ekki þar með sagt að starfsmenn sjóðsins hafi ekki haft einhver viðmið í störfum sínum um þessi atriði en formlega var þetta ekki tekið fram. Í raun stendur hér líkt á og hjá öðrum lífeyrissjóðum að það er ekki fyrr en eftir fall íslensku fjármálafyrirtækjanna að endurskoðendur fóru að setja viðlíka ábendingar í skýrslur sínar.

⁸ Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Árna Guðmundsson, dags. 8.6.2011, og Tryggva Tryggvason, dags. 9.6.2011.

Flest bendir til þess að áhættustýringu hafi verið ábótavant hjá lífeyrissjóðunum fyrir fall íslensku fjármálafyrirtækjanna, þar á meðal hjá Gildi lífeyrissjóði, þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif það hafði í bankahruninu á tap sjóðanna. Æskilegt hefði verið, að hjá lífeyrissjóðnum hefði verið farið yfir hverja fjárfestingu um sig eftir ákveðnum niðurnjörvuðum reglum og gert formlegt áhættumat þar sem helstu áhættuþættir væru skráðir og síðan væri þetta áhættumat yfirfarið með reglulegu millibili. Nú liggur fyrir að farið var yfir þau fjárfestingartækifæri sem buðust af eignarstýringarnefndinni en erfitt er að gera sér grein fyrir hversu vönduð sú yfirferð var. Stafar það af nokkru leyti af óvilja sjóðstjórans Tryggva Tryggvasonar til að upplýsa nefndina um vinnubrögðin. Helgi F. Arnarson endurskoðandi taldi aðspurður af nefndinni að Tryggvi hefði verið fær í sínu starfi og sjóðnum væri missir af því að hann hætti þar störfum eftir hrun bankanna.

Í almenna hluta skýrslunnar er fjallað um lagaumhverfi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Þar kemur fram að breytingar, sem gerðar voru á lögum um lífeyrissjóði frá gildistöku þeirra, höfðu smám saman gert lagaumhverfið óskýrara og áhættusæknara. Á þessu hefur ekki verið ráðin bót eftir fall bankanna. Telja verður að þessar breytingar hafi stuðlað að því að tap sjóðanna varð almennt meira við fall bankanna en orðið hefði við óbreytt lagaumhverfi. Þá virðist af viðtölum við starfsmenn margra sjóðanna, þar á meðal Gildis, að við hverja ákvörðun hafi um of ráðið hversu mikið hver sjóður átti fyrir í hverju fyrirtæki miðað við vægi í úrvalsvísitölu og þá ekki nægilega gætt að öðrum þáttum sem áhrif áttu að hafa á fjárfestinguna. Gæta verður þó þess við mat á eignasafni lífeyrissjóðanna að þeir eru langtímafjárfestar og eignasafnið tiltölulega stöðugt. Þetta gerði það að verkum að t.d. hlutabréf sem fyrir löngu höfðu verið keypt hækkðu verulega á veltuárunum fyrir fall bankanna þar sem hlutabréf eru færð í bókhaldi sjóðanna á markaðsverði. Hækkun eignasafnsins varð því veruleg, ekki aðeins vegna aukinna kaupa, heldur einnig vegna hækkandi markaðsverðs. Þetta hafði áhrif á réttindi sjóðfélaga til hækkunar samkvæmt reglum 39. gr. lífeyrissjóðalaganna og síðan við fall bankanna aftur til lækkunar þegar verð féll og mikið af hlutafjáreigninni tapaðist.

Athygli vekur að samkvæmt fjárfestingarstefnu Gildis lífeyrissjóðs var heimilt að fjárfesta í vogunarsjóðum. Vildi Tryggvi Tryggvason halda því fram að ekkert bannaði það í lagaákvæðum um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Sagði hann að Fjármálaeftirlitið hefði ekki gert athugasemdir við þetta. Gildi lífeyrissjóður hefði fjárfest í erlendum vogunarsjóðum og sjóðum sem áttu í slíkum sjóðum og haft af því góðar tekjur en einnig tapað nokkrum fjármunum. Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri hefur sent nefndinni tölvupóst þar sem hann heldur því fram að heimild til fjárfestinga í vogunarsjóðum falli undir 8. tl. 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðslaga. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að lífeyrissjóðir eigi ekki að fjárfesta í vogunarsjóðum. Byggir nefndin álit sitt á því að í 3. mgr. 38. gr. lífeyrissjóðslaga er bann lagt við því að lífeyrissjóðir taki lán nema í undantekningartilfellum. Vogunarsjóðir fjármagna sig með lántökum og skortssölum. Í 9. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðslaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 70/2004 sem breyttu þeim lögum, er lagt bann við því að lífeyrissjóðir fjárfesti eða eigi í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tl. 1. mgr. greinarinnar sem fjármagna sig með þeim hætti. Ákvæðið var nauðsynlegt vegna þess að með breytingarlögunum var verið að heimila lífeyrissjóðunum að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum, en í lögum um þá var þeim heimilud lántaka og skortssala. Sést þetta af greinargerð með þessum lögum en þar er sá skilningur ítrekaður að almenn heimild til lántöku lífeyrissjóða sé ekki fyrir hendi. Ljóst er að með fjárfestingum í vogunarsjóðum væri verið að fara í kringum slíkt bann. Heimild er ekki í 8. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna til að víkja frá banninu. Þá verður það ekki talið samræmast lagaákvæðum um almenna varfærni lífeyrissjóða við fjárfestingar að kaupa verðbréf í vogunarsjóðum.⁹ Hitt er rétt að ákvæði VII. kafla lífeyrissjóðalaganna er með ýmsum breytingarlögum orðið svo óskýrt að hæglega má villast í því völundarhúsi, sbr. það sem um þetta er sagt í almennum kafla þessarar skýrslu.

Af viðtölum við sjóðsmenn má ráða að starfsmenn eignarstýringar hafi ekki fremur en starfsmenn margra annarra lífeyrissjóða verið vakandi varðandi

⁹ Sjá m.a. grein Gylfa Magnússonar um vogunarsjóði þar sem bent er á áhættusækni slíkra sjóða og flókna fjárfestingarstefnu og umræðu um vandræði vogunarsjóða í Evrópu og Bandaríkjunum og nauðsyn þess að setja starfsemi þeirra einhverjar skordur. Heimild: Vísindavefur HÍ, júní 2008.

skilmála keyptrá skuldabréfa. Á hafi skort að í skilmálum væru ákvæði um að breyttust rekstrarforsendur fyrirtækjanna, féllu bréfin í gjalddaga (Sjá 5.1.5 í almenna hluta skýrslunnar). Þá hafi þeir ekki verið nægilega vakandi yfir hættunni sem stafaði af því að veruleg tengsl voru milli fyrirtækja á innlendum markaði (Sjá 5.1.7 í almennum hluta skýrslunnar). Þá virðast þeir ekki hafa gert sér grein fyrir því hvaða hættu stafaði af eignarhaldi innlendra fjármálastofnana í höndum þeirra sem voru að fjárfesta í innlendum og erlendum fyrirtækjum á sama tíma. Vissulega voru þessir starfsmenn ekki einir um að sofa á verðinum en hafa ef til vill minni afsökun en almenningur þar sem þeir áttu að vera atvinnumenn á markaði.

12.3.4 Tap Gildis lífeyrissjóðs

Tap Gildis lífeyrissjóðs samkvæmt ársskýrslum sjóðsins liggur aðallega í skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum. Benda verður auk þess á að til þess getur komið að einnig verði að færa niður sjóðfélagalán sem hvíla á yfirveðsettu húsnæði.¹⁰ Virðist þetta vera með líkum hætti og hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Af því sem að framan er rakið er ljóst að stjórn sjóðsins og starfsmenn eignarstýringar gerðu sér litla grein fyrir því hvaða hættu eignasafni sjóðsins og þá réttindum sjóðfélaga gat stafað af tengslum í íslensku efnahagslífi. Ákvæði lífeyrissjóðalaga höfðu að geyma hámark fjárfestinga í einstökum fyrirtækjum og samstæðum og frá 2002 höfðu lög um fjármálafyrirtæki skilgreint tengd fyrirtæki. Lagaákvæði áttu því að vekja þá sem störfuðu á fjárfestingarmarkaði til umhugsunar um þessa hættu og taka tillit til slíkra tengsla í störfum sínum. Miklar stöður Gildis lífeyrissjóðs í Kaupþing banka, Exista og Bakkavör voru í raun við mörk þegar fyrir hrun. Við fall fjármálafyrirtækjanna tapaði sjóðurinn verulegum eignum á þessum fyrirtækjum. Í töflu 12 og 13 er yfirlit um dreifingu bókfærðrar stöðu og afskriftir skuldabréfa annarra fyrirtækja en fjármálafyrirtækja. Flest þessi fyrirtæki eru eignarhaldsfyrirtæki sem á einhvern hátt tengjast aðilum sem fóru með völd í stóru

bönkunum (Sjá svo yfirlit um hlutabréfaeign og tap af hlutabréfum, töflur 14 og 15). Af viðtölum við stjórnarmenn og starfsmenn eignarstýringar Gildis lífeyrissjóðs kemur fram að þeir gerðu sér alls ekki næga grein fyrir tengingu þessara fyrirtækja. Vilhjálmur Egilsson, sem var stjórnarformaður til skiptis við Sigurð Bessason á úttektarárunum, sagði, að þótt eignarstýringardeildin hefði sýnt góða ávöxtun árin fyrir fall bankanna, hefði komið í ljós eftir á að deildin var ekki nægilega öflug.¹¹ Að gefnu til efni frá nefndarmönnum benti hann í því sambandi sérstaklega á tengsl þeirra fyrirtækja sem fjárfest var í og að skilmálar þeirra skuldabréfa sem keypt voru héldu ekki þegar eignir sem áttu að liggja að baki fjárfestingunum voru fluttar til annarra fyrirtækja eða eignin rýrð á annan hátt. Árni Guðmundsson og Tryggvi Tryggvason voru á sama máli varðandi skilmála skuldabréfanna. Hversu miklu þetta varðaði um tap sjóðsins er hins vegar erfitt að meta en með virkari stjórnun hefði tapið hugsanlega orðið minna. Skilmálar sem heimiluðu uppsögn, veðkall o.fl. hefðu komið í veg fyrir flutning eigna úr andlagi skuldabréfanna.

Athygli vekur svo sem að framan er sagt að mörg skuldabréf, sem gefin voru út af bönkum og sparisjóðum, voru svokölluð víkjandi lán, þ.e. víkja fyrir öllum öðrum skuldbindingum en hlutabréfum, og í mars 2008 keypti Gildi lífeyrissjóður svo sem margir aðrir lífeyrissjóðir skuldabréf í útgáfu Glitnis hf. sem ekki áttu að greiðast upp, heldur breytast í hlutabréf 2013. Framkvæmdastjórar lífeyrissjóðanna vilja jafna slíkum kaupum við kaup hlutabréfa og halda því fram að sama áhætta fylgi hvoru tveggja. Úttektarnefndin gerir athugasemd við þessi kaup og telur þau illa samræmast lagaákvæðum um varfærna fjárfestingu lífeyrissjóða. Helgi F. Arnarson, sem sá um ytri endurskoðun Gildis lífeyrissjóðs og er jafnframt endurskoðandi ýmissa fjármálafyrirtækja, heldur því fram að algengt sé að bankar gefi út víkjandi skuldabréf og fjármagni sig á þann hátt og bæti eiginfjárstöðu sína, ásamt því að standa að hlutabréfaútgáfu. Vera má að eitthvað sé til í þessu en það breytir því ekki að vafasamt er fyrir lífeyrissjóði sem varfærna fjárfesta að taka þátt í þessum útboðum. Hæpið er einnig að sami eftirmarkaður sé fyrir víkjandi skulda-

¹⁰ Samkomulag um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga, dags. 22. desember 2010.

¹¹ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Vilhjálm Egilsson, dags. 14.6. 2011.

bréf og hlutabréf ef sjóðirnir þurfa að losna við þau. Reynslan sýndi að bréfin í Glitni hf. voru meira en lítið áhættusöm og hafa lífeyrissjóðirnir nú höfðað mál til að reyna að firra sig ábyrgð á þessum kaupum. Halda þeir því fram að upplýsingarnar sem lágu að baki útbodinu hafi verið misvísandi. Má það vel vera en það breytir því ekki að sjá mátti fyrirfram að bréfunum fylgdi mikil áhætta.

Í töflum 14 og 15 er yfirlit um dreifingu á hluta-fjáreign Gildis lífeyrissjóðs árin 2006-2009 og hvað vannst fyrri árin og hvað tapaðist þau síðari. Árið 2008 keypti sjóðurinn meira en hann seldi en þó tæpast meira en nam auknum greiðslum til hans.¹² Af viðtölum við fyrirsvarsmenn sjóðsins virðast þeir ekki hafa verið sér meðvitaðir um þá sérstöku taps-áhættu sem fylgdi innlendum hlutabréfum og var að koma betur og betur í ljós á úttektartímanum enda þótt þeir hafi eðlilega fylgst með því að síðari hluta ársins 2007 tók hlutabréfavisitalan að falla. Virðast þeir hafa gert ráð fyrir því að hún myndi braggast á ný. Þó hafa þeir lýst því fyrir nefndinni að á þessum tíma hafi þeir verið farnir að ókyrrast en talið að með aðgerðum Seðlabanka og ríkisstjórnar og sölu eigna bankanna erlendis mætti mæta erfiðleikunum. Bankarnir höfðu hins vegar vaxið allt of hratt og eign þeirra erlendis verið of lítil til að sala þeirra gæti bjargað þeim þegar á reyndi. Erfitt hafi verið að gera sér grein fyrir þessu og fyrirsvarsmenn lífeyrissjóðanna ekki séð í hvaða hættu bankarnir voru enda þótt talað væri um að þeir ættu við lausafjávanda að etja. Fyrirsvarsmenn bankanna hefðu einnig fullvissað þá um að engin hætta væri á ferðum.¹³

Í almenna hluta skýrslunnar 5.1.4 er gerð grein fyrir afstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis til gjaldmiðlavarna lífeyrissjóðanna og þeirra gagna sem úttektarnefndin hefur aflað sér. Svo sem kunnugt er var Rannsóknarnefndin verulega gagnrýnin á gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóða yfirleitt þar sem þeirra fjárfestingar væru til langs tíma. Hafði nefndin aflað sér álits erlends sérfræðings sem taldi enga þörf á gjaldmiðlavörnum. Þótt þessi viðhorf eigi ljóslega töliverðan rétt á sér hafa lífeyrissjóðirnir haldið fram öðrum skoðunum og bent á að erlendir lífeyrissjóðir hagi gjaldmiðlavörnum sínum með líkum hætti og

þeir gerðu. Halda þeir því fram að þeim sé nauðsynlegt að jafna þær sveiflur sem íslenska krónan veldur á erlendu eignasafni þeirra. Benda þeir einnig á að árleg tryggingafræðileg úttekt hljóti að hafa áhrif á hvernig þeir haga þessum vörnum. Úttektarnefndin bendir á að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í gjaldmiðlavörnum er bundin því skilyrði að varnirnar séu eingöngu gerðar í varnaðarskygni en ekki, eins og ef til vill má ráða af framburðum fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis, til að sjóðirnir gætu hagnast á þeim. Gildi lífeyrissjóður hafði útvistað hluta gjaldmiðlavarna sinna til Landsbankans en annars fór eignarstýringardeildin með gjaldmiðlavarnirnar og keypti þær af Landsbanka, Glitni og KB banka. Af viðtölum við fyrirsvarsmenn sjóðsins má ráða að þeir hafi þegar leið á árið 2008 verið orðnir hugsandi yfir þessum samningum og hafi ekki endurnýjað þá eftir því sem þeir runnu út. Þeir sögðu þó ekki upp rammasamningnum við Landsbankann og bankinn virðist ekki heldur hafa ráðlagt þeim að hætta við varnirnar enda þótt farið hafi verið að gera samningana til sífellt styttri tíma og vaxtamunurinn hafi verið orðinn hverfandi. Þá vekur einnig athygli að í samningunum virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir því að vanefndir gætu orðið af hálfu bankanna hvað samningssskyldur þeirra varðar. Til samanburðar má geta þess að víða erlendis er gert ráð fyrir því í skilmálum slíkra samninga að vanefndir geti orðið á báða bóga¹⁴ (Sjá annars um gjaldmiðlavarnir í almenna hluta skýrslunnar 5.1.4).

Þótt segja megi að Gildi lífeyrissjóður hafi átt ríflegan hlut í Kaupþing banka og tengdum fyrirtækjum við fall bankanna má halda því fram að eignaradild sjóðsins sé að öðru leyti sæmilega dreifð milli fyrirtækja á markaði, bæði hvað varðar hlutabréfa- og skuldabréfakaup. Innlendi markaðurinn var hins vegar sem heild of takmarkaður og til lengri tíma lítið hefði verið skynsamlegra að fjárfesta meira utan lands. Það er því sjálfsagt rétt að skýringa á tapi sjóðsins sé að mestu leyti að finna í bankahrúninu sjálfu og orsökum þess. Finna má þó að fjárfestingarstefnu og sumum fjárfestingum sjóðsins. Aðgæsluleysi um tengsl fyrirtækja og skilmála skuldabréfa og

12 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Tryggva Tryggvason, dags. 9.6.2011.

13 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Vilhjálm Egilsson, dags. 14.6.2011.

14 Kom þetta m.a. fram í erindi Bjarka Diego hrl. og Harðar Felix Harðarsonar hrl. hjá Lögmannafélagi Íslands í janúar á síðasta ári þar sem fjallað var um afleiðusamninga og samningsbundið uppgjör á þeim og önnur lögfræðileg álitæfni.

ofuráhersla á fjárfestingar í hlutabréfum á íslenska markaðinum varð sjóðnum líka dýr. Þá verður jafnframt ekki hjá því komist að ætla að styrkari sjóðsstjórn almennt hefði getað takmarkað tap sjóðsins. Hins vegar er ekki unnt að ætla að stjórnendur Gildis lífeyrissjóðs frekar en stjórnendur annarra sjóða hafi átt að gera sér grein fyrir því hversu höllum fæti bankarnir stóðu enda er það fyrst eftir fall bankanna sem smám saman er að koma í ljós hvernig stjórn þeirra var háttað og eignarhaldi þeirra misbeitt.

13. Kafli

13.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn	153
13.1.1 Starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins	153
13.1.2 Tap Íslenska lífeyrissjóðsins 2008 til 2010	160
13.2 Stjórn og starfshættir	164
13.2.1 Stjórn og starfsmenn	164
13.2.2 Samskipta- og siðareglur	166
13.3 Fjárfestingar Íslenska lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	167
13.3.1 Inngangur	167
13.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	167
13.3.3 Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins og tap	168

13.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn

13.1.1 Starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins

Upphaf

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990. Árið 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þeir sem ekki eru bundnir af ákvæðum kjarasamninga eða laga er frjálst að greiða lögbundinn lífeyrissparnað til Íslenska lífeyrissjóðsins. Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til sjóðsins. Íslenski lífeyrissjóðurinn er með rekstrarsamning við Landsbankann og sér bankinn um daglegan rekstur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins

Fjöldi stjórnarmanna er fimm og er kjörtímabil þeirra tvö ár. Engin takmörk eru á hámarkstíma sem aðalmaður má sitja í stjórn sjóðsins.

Val stjórnarmanna fór þannig fram að þrjú stjórnarmenn voru skipaðir af bankaráði Landsbanka Íslands hf. og tveir stjórnarmenn voru kosnir á almennum fundi sjóðfélaga. Stjórn sjóðsins kaus formann og skipti með sér verkum. Á árinu 2009 voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins á þá leið að fjórir stjórnarmenn skulu kosnir af sjóðfélögum og einn skal tilnefndur af NBI. Tveir aðalmenn og einn varamaður skulu kosnir á ársfundi sjóðsins til tveggja ára í senn. Einn aðalmaður og einn varamaður skal tilnefndur af bankaráði NBI hf. til tveggja ára í senn. Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins. Atkvæðisréttur sjóðfélaga fer eftir inneign þeirra í séreignardeild og hlutfallslegri inneign í samtryggingardeild miðað við næstliðin mánaðamót. Með hlutfallslegri inneign í samtryggingardeild er átt við hlutfallslega skiptingu eigna samtryggingardeildar m.v. skuldbindingu vegna áunninna réttinda sjóðfélaga.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn Íslenska lífeyrissjóðsins árin 2006–2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Íslenski tafla 1

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2009	2008	2007	2006
		frá 19.10.	20.5. - 19.10.			
Brynjár Þ. Guðmundsson	S	Form.				
Atli Atlason	NBI	X				
Bragi Gunnarsson	S	X				
Jón Snorri Snorrason	S	X	X	X	X	X
Þórir Óskarsson	S	X				
Gunnar Viðar	NBI		X			
Sigrún Sæmundsdóttir	NBI		X			
Jóhanna K. Claessen	NBI		X			
Valdís Arnardóttir	S		X			
Ingólfrur Guðmundsson	LÍ			Form.	Form.	Form.
Helgi Magnússon	S			X	X	X
Örnólfur Jónsson	LÍ			X		
Kristín Jóhannesdóttir	LÍ			X	X	X
Hermann Jónasson	LÍ				X	X
Skipaður af NBI hf.	NBI					
Kosinn af sjóðfélögum	S					
Skipaður af Landsbanka Íslands	LÍ					

Með erindisbréfi fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, dags. 17. mars 2009, var Lára V. Júlíusdóttir hrl. skipuð umsjónaraðili Íslenska lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs Eimskipafélags Íslands frá og með 17. mars 2009. Erindisbréfið var gefið út með vísan til 1. mgr. 46. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en þar segir:

„Fullnægi lífeyrissjóður ekki lengur skilyrði laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. V. kafla, reynist lífeyrissjóður ekki gjaldhæfur að mati Fjármálaeftirlitsins, brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóðs eða sé rekstri hans ábótavant og kröfum Fjármálaeftirlitsins skv. 44. gr. ekki sinnt er ráðherra heimilt að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila um tiltekinn tíma að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins“.

Erindisbréfið var gefið út í framhaldi af tillögum Fjármálaeftirlitsins sem fram komu í bréfi dags. 4. mars 2009. Með skipuninni varð Lára V. Júlíusdóttir umsjónaraðili fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn og Lífeyrissjóð Eimskipafélags Íslands og tók við réttindum og skyldum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðanna frá og með 17. mars 2009. Henni var gert að starfa

í samræmi við l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerðir settar á grundvelli þeirra og staðfestar samþykktir fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn og Lífeyrissjóð Eimskipafélags Íslands. Við yfirtöku umsjónaraðila var stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins sett til hliðar.

Í erindisbréfinu segir að umsjónaraðili skuli leggja tillögur um framtíð sjóðsins fyrir fjármálaráðherra eigi síðar en 1. júlí 2009. Þegar skipunartíminn var að renna út var tekin ákvörðun um að framlengja skipuninni um 3 mánuði, þ.e. út september til að gera umsjónaraðila kleift að ljúka breytingum á samþykktum sjóðsins. Þegar ljóst var að ekki tækist að kjósa sjóðnum nýja stjórn fyrr en búið væri að staðfesta nýgerðar samþykktir var enn horfið til þess ráðs að framlengja skipunartíma umsjónaraðila, nú um einn mánuð.

Ársfundur sjóðsins var haldinn 20. maí 2009. Á fundinum gerði umsjónaraðili sjóðsins grein fyrir þeirri stöðu sem uppi var, en fráfarandi formaður stjórnar, Ingólfur Guðmundsson, greindi frá störfum stjórnarinnar fyrir árið 2008. Þá var ný stjórn kjörin á fundinum sem í sátu þrjár fulltrúar skipaðir af bankaráði og tveir fulltrúar kosnir af sjóðfélögum.

Á fundinum var samþykkt eftirfarandi tillaga umsjónaraðila sjóðsins:

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins 20. maí 2009 samþykkir að haldinn verði aukaársfundur sjóðsins eigi síðar en 30. september 2009. Stjórn skipuð á ársfundi 20. maí 2009 verði skipuð til bráðabirgða og starfi þar til ný stjórn verður kosin á aukaársfundi.

Bráðabirgðastjórnin hafi m.a. það hlutverk að endurskoða samþykktir sjóðsins sem miði að því að auka sjálfstæði sjóðsins frá því sem nú er. Markmið endurskoðunar samþykktanna er :

- að stjórn sjóðsins verði að meirihluta til skipuð sjóðfélögum kjörnum á ársfundi en einn stjórnarmaður verði skipaður af Landsbankanum.
- að framkvæmdastjóri sjóðsins verði starfsmaður sjóðsins sjálfs, en ekki starfsmaður rekstraradila sjóðsins.
- að greint verði á milli sameignardeildar sjóðsins og séreignardeildar.

Á aukaársfundi í september 2009 leggi bráðabirgðastjórn fram tillögur að nýjum samþykktum fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn.

Heimild: Skýrsla umsjónaraðila Íslenska lífeyrissjóðsins, október 2008, tekin saman af Láru V. Júlíusdóttur hrl.

Nýjar samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins voru samþykktar á aukaársfundi 28. september 2009. Á aukaársfundi þann 19. október 2009 var ný stjórn kosin samkvæmt nýju fyrirkomulagi. Voru fulltrúar sjóðfélaga þá orðnir fjórir í stjórn sjóðsins en bankaráð tilnefndi einn mann í stjórn.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Hafa þarf í huga að þeir sem starfa við Íslenska lífeyrissjóðinn eru í raun starfsmenn Landsbanka Íslands hf. og er það í samræmi við rekstrarsamning milli sjóðsins og bankans. Starfsmennirnir eru ráðnir til bankans og greiðir bankinn þeim jafnframt laun. Bankinn felur hins vegar hverjum starfsmanni tiltekið starf fyrir sjóðinn og er viðkomandi þá með starfsheiti hjá sjóðnum í samræmi við starfslýsingu sína.

Hermann Jónasson var framkvæmdastjóri sjóðsins fram að miðju ári 2006. Við starfi framkvæmdastjóra tók þá Tómas N. Möller sem gegndi því starfi fram í nóvember 2008 er hann lét af störfum hjá bankanum. Þá tók Davíð Harðarson sem áður hafði starfað sem sjóðstjóri hjá sjóðnum við starfi Tómasar sem framkvæmdastjóri uns hann lét af störfum hjá bankanum í febrúar 2009. Frá því í febrúar 2009 hefur Tryggvi Guðbrandsson verið framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins. Samkvæmt framangreindu hafa fjórir framkvæmdastjórar starfað hjá sjóðnum árin 2006 - 2009.

Davíð Harðarson tók við sem sjóðstjóri Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2005 og gegndi því starfi til 1. febrúar 2009. Þá var hann jafnframt tímabundið framkvæmdastjóri sjóðsins, þ.e. frá nóvember 2008 til 1. febrúar 2009 eins og fram kom hér að ofan. Valgeir Geirsson tók við sem sjóðstjóri Íslenska lífeyrissjóðsins í janúar 2010 og gegndi því starfi til maí 2010.

Endurskoðun:

Sigurður Páll Hauksson, endurskoðandi, Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Landsbankinn, innri endurskoðun.

Regluvörður:

Regluvörður Landsbankans.

Stjórnarseta í félögum tímabilið 2006 - 2009.

Ingólfur Guðmundsson sat í stjórn eftirtalinnna félaga:

- Verðbréf ehf. varamaður til 23.8.2006
- Valitor hf. til 13.8.2008
- Valitor Holding hf. 2007 – 24.11.2008
- Fjárvangur hf.
- Landsbréf hf.

Hermann Jónasson sat í stjórn eftirtalinnna félaga:

- Marel hf. frá 11.3.2005.
- FSM ehf. 2.3.2005 – 28.8.2006.
- Kólfur ehf. 4.7.2006 – 28.6.2007
- Flügger ehf. stjórnarformaður
- Kristinn Guðmundsson & Co
- Eignarhaldsfélag Hörpu ehf.
- Samtök atvinnulífsins frá 26.9. 2006.
- Eldvörp ehf. frá 26.1. 2005, stjórnarformaður
- Eignarhaldsfélag Hörputónar ehf.
- Sjöfn ehf.
- Bláa Lónið hf. frá 26.1.2005, stjórnarformaður
- Bláa Lónið heilsuvörur ehf. frá 26.1.2005, stjórnarformaður
- Enox World Holdings ehf. frá 26.10.2006, stjórnarformaður
- AB 68 ehf. frá 1.2.2007.
- Varðberg ehf.
- Efnavörur ehf. stjórnarformaður.
- Íslandsbanki hf. höfuðst. 500.
- Eignarhaldsfélag Hofgarðar ehf.

Kristín Jóhannesdóttir sat í stjórnnum eftirtalinnna félaga:

- Styrkur Invest ehf. stjórnarformaður til 23.12.2005.
- Styrkur Invest ehf. stjórnarformaður frá 16.9.2008.
- In Heildsala ehf. 28.6.2006 – 24.10.2007.
- BG Ventures ehf. 22.10.2008.

- Landic Property hf., stjórnarformaður
- Stoðir Invest ehf. frá 14.4.2008.
- Auður Capital hf. frá 8.7.2008.
- Samtök atvinnulífsins frá 26.9.2006.
- Þyrping ehf., stjórnarformaður.
- 1998 ehf., stjórnarformaður frá 16.7.2008.
- BG Holding ehf., stjórnarformaður frá 22.10.2008.
- F-Capital ehf., stjórnarformaður frá 22.10.2008.
- Latibær ehf.
- Eiríksstaðir ehf.
- Litla fasteignafélagið ehf.
- Laugaból fasteignir ehf.
- Íslensk pizza ehf., stjórnarformaður
- Kaldbakur hf.
- Viðskiptaráð Íslands frá 22.12.2008.
- Baugur Group hf., stjórnarformaður.
- FG 1 ehf. frá 12.3.2008.
- BG Newco 6 ehf., stjórnarformaður frá 25.4.2008.
- Gaumur hf.
- Latibær TV ehf.
- Fjárfestingafélagið Gaumur hf.
- Burðarás hf. frá 11.4.2005.
- Ísak ehf.
- Mundur ehf., stjórnarformaður.

Jón Snorri Snorrason sat í stjórnnum eftirtalinnna fyrirtækja:

- Lyfja hf. til 5.5.2006
- VÍS International Invest ehf. til 28.6.2006
- Húsumsjón ehf. til 27.7.2006.
- Vátryggingafélag Íslands hf. til 27.7.2006.
- ÖM eignarhaldsfélag ehf. til 1.6.2007.
- Hnaskur ehf. til 18.6.2007.
- Eldverk ehf. til 12.9.2007.
- EA Security ehf. til 12.9.2007.
- Sæplast ehf., stjórnarformaður frá 12.3. 2007.
- Byggingahúsið ehf.
- Agli ehf.

Ef ekki er getið um upphaf stjórnarstarfa eða lok má gera ráð fyrir að viðkomandi hafi setið í stjórn viðkomandi félags á tímabilinu 2006 – 2009.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Íslenska lífeyrissjóðsins er að finna í 2. grein samþykktar sjóðsins.

2. gr. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktar þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, hér eftir nefnd lífeyrislögin. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar í tveimur deildum, séreignardeild og samtryggingardeild. Deildirnar eru fjárhagslega aðskildar. Sjóðurinn býður upp á mismunandi ávöxtunarleiðir (I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og velja sjóðfélagar milli leiða við inngöngu í sjóðinn.

Úttektarnefndin ákvað nema annað væri tekið fram, að fjalla um sjóðinn sem eina heild en ekki einstakar deildir eða leiðir sjóðsins. Eignasafn deildanna er sameiginlega inni í allri umfjöllun um Íslenska lífeyrissjóðinn. Í töflu hér að neðan má sjá hvernig hrein eign skiptist niður á einstakar deildir/leiðir sjóðsins.

Íslenski tafla 2

Greining á hreinni eign á deildir árið 2009	
Líf I	38,5%
Líf II	24,7%
Líf III	15,7%
Líf IV	7,9%
Sameign	13,2%
Samtals	100,0%

Leið I – Lágmarkstryggingavernd er eingöngu tryggð í samtryggingu. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 70 ára aldur. Í þessari leið er 7,99% af lágmarksiðgjaldi ráðstafað til samtryggingar og 4,01% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Leið II – Lágmarkstryggingavernd er tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 75 ára aldur. Í

þessari leið er 5,83% af lágmarksiðgjaldi ráðstafað til samtryggingar, 2,60% ráðstafað til bundinnar séreignar og 3,57% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Leið III – Lágmarkstryggingavernd er tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 80 ára aldur. Í þessari leið er 4,27% af lágmarksiðgjalds ráðstafað til samtryggingar, 4,69% ráðstafað til bundinnar séreignar og 3,04% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Leið IV – Lágmarkstryggingavernd er tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr samtryggingu hefjast við 85 ára aldur. Í þessari leið er 3,27% af lágmarksiðgjalds ráðstafað til samtryggingar, 6,56% ráðstafað til bundinnar séreignar og 2,17% ráðstafað til frjálsrar séreignar.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Þann 31. mars 2008 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins. Í 4. gr. starfsreglnanna er fjallað um verksvið stjórnar, en þar kemur meðal annars fram:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og ber ábyrgð á að starfsemi sé í samræmi við lög nr.129/1997.
- Stjórnin skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og fjármunum sjóðsins.
- Ef stjórn sjóðsins ákveður að fela rekstraraðila rekstur sjóðsins, skal stjórn gera rekstrarsamning þess efnis.
- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra eða rekstraraðila heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skal móta fjárfestingastefnu sjóðsins og ráðstafa og ávaxta fjármuni sjóðsins.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðar-bók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi og frekari reglur, breytingar og meðferð á starfsreglum stjórnar.

Á fundi Tómasar N. Möller, fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins, með nefndinni þann 18. október 2011 var hann spurður hvort hann hefði haft starfsreglur

útgefnar af stjórn til að styðjast við í starfi sínu. Hann sagði engar starfsreglur framkvæmdastjóra hafa verið til staðar enda kæmi framkvæmdastjóri sjóðsins ekki að fjárfestingum sjóðsins, það væri á verksviði sjóðstjóra. Þann 5. nóv. 2009 voru hins vegar gefnar út reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar sjóðsins.

Verklagsreglur Íslenska lífeyrissjóðsins um verðbréfavíðskipti Íslenska lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna

Á stjórnarfundi 28. Febrúar 2008 voru samþykktar af stjórn sjóðsins verklagsreglur Íslenska lífeyrissjóðsins um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna. Reglur þessar voru settar samkvæmt 5.tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

7. grein reglnanna um tilkynningarskyldu er eftirfarandi:

„Íslenski lífeyrissjóðurinn er með samning um fjárvörslusamning við Eignastýringarsvið Landsbankans og gilda verklagsreglur um verðbréfavíðskipti bankans fyrir þá starfsmenn og framkvæmdastjóra sem koma að stýringu fjárvörslusafnsins, auk þessara reglna.

Stjórn sjóðsins og aðrir þeir er sitja stjórnarfundi eru undanþegnir ákvæðum reglnanna um tilkynningarskyldu, en ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti eru að öllu jöfnu teknar af starfsmönnum rekstraradila sjóðsins, sjóðstjórum og almennt ekki ræddar á stjórnarfundum. Komi til þess að ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti séu teknar eða ræddar á stjórnarfundum, skulu þeir aðilar sem sitja stjórnarfundi fylgja 8. gr. reglna þessara og tilkynna samdægurs um öll víðskipti með þau verð-

bréf sem ákvörðun var tekin um í 8 vikur frá þeim tíma sem ákvörðun var tekin.“

Þótt reglur þessar hafi verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu gerði innri endurskoðun sjóðsins athugasemd við 7. greinina í skýrslu sinni fyrir árið 2008. Þar kom fram:

„Innri endurskoðun gerir athugasemd við að í verklagsreglum um verðbréfavíðskipti er stjórn lífeyrissjóðsins almennt undanskilin frá upplýsingagjöf um verðbréfaeign sína og öll eigin víðskipti meðan á stjórnarsetu stendur. Aðeins í undantekingatilfellum ber stjórnarmönnum að upplýsa um eigin víðskipti. Innri endurskoðun telur að slík almenn upplýsingaskylda myndi auka á trúverðugleika stjórnar og gagnsæi í störfum.“

Heimild: Skýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2008, dags. apríl 2009.

Nýjar verklagsreglur voru síðan settar 5. nóvember 2009 þar sem ofangreint undaþáguákvæði um tilkynningarskyldu stjórnarmanna var fellt út.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997. Stjórnin mótar fjárfestingarstefnu fyrir samtryggingardeild og síðan fjárfestingarstefnu fyrir hverja hinna þriggja ávöxtunarleiða séreignarsjóðsins. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins milli ára ekki miklar. Stefna sjóðsins fyrir árið 2008 var þessi: *Sjá töflu 3.*

Íslenski tafla 3

Fjárfestingarstefna 2008

	Líf 1		Líf 2		Líf 3		Líf Samtrygging	
	Stefna	lág/hám	Stefna	lág/hám	Stefna	lág/hám	Stefna	lág/hám
Innlend skuldabréf	25,0%	15-100%	44,5%	30-100%	72,5%	54-100%	44,5%	30-100%
Ábyrgð ríkis	7,5%	0-100%	10,0%	0-100%	10,0%	10-100%	10,0%	0-100%
Fjármálastofnanir	7,5%	0-50%	14,0%	0-50%	28,5%	0-50%	14,0%	0-50%
Sveitarfélög	2,0%	0-50%	3,0%	0-50%	5,0%	0-50%	3,0%	0-50%
Önnur verðbréf	8,0%	0-50%	17,5%	0-50%	29,0%	0-50%	17,5%	0-50%
Innlend hlutabréf	20,0%	0-40%	15,0%	0-30%	7,5%	0-10%	15,0%	0-30%
Erlend verðbréf	45,0%	0-65%	33,0%	0-50%	15,0%	0-30%	33,0%	0-50%
Hlutabréf	40,0%	0-50%	28,0%	0-40%	12,0%	0-20%	28,0%	0-40%
Skuldabréf	5,0%	0-15%	5,0%	0-15%	3,0%	0-10%	50,0%	0-15%
Óhefðbundnar fjárf.	0,0%	0-10%	7,5%	0-7,5%	5,0%	0-6%	7,5%	0-7,5%

Heimild: Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008.

Eignastýring

Í gildi var rekstrarsamningur við Landsbanka Íslands hf. dagsettur 24. september 2003. Samningurinn kvað á um að Landsbankinn tæki að sér daglegan rekstur sjóðsins. Þó tók daglegur rekstur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir gat rekstraraðili, þ.e. Landsbanki Íslands, einungis tekið samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins.

Í grein 2.3 í rekstrarsamningnum eru tilgreind þau verkefni sem falla undir daglegan rekstur sjóðsins:

- Afla sjóðnum og einstökum deildum hans fjármuna til fjárfestinga með söfnun sjóðfélaga og móttöku iðgjalda þeirra skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins.
- Annast um skráningu iðgjalda og lífeyrisréttinda sjóðfélaga.
- Annast um útreikning og greiðslu lífeyris í samræmi við samþykktir sjóðsins.
- Annast innkaup á verðbréfum, leggja reiðufé sjóðsins á bankareikninga og gera afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins eða einstakra deilda hans og ákvarðanir stjórnar sjóðsins.
- Annast vörslu verðbréfa og annarra eigna sjóðsins, gerð rekstraruppgjöra, innheimtur og annað eftirlit með eignum sjóðsins. Rekstraraðila er þó heimilt að fela öðrum innheimtur greiðslna af verðbréfum og öðrum eignum sjóðsins og að fela innlánsstofnunum vörslu eigna sjóðsins.
- Koma fram fyrir hönd sjóðsins gagnvart sjóðfélögum, samstarfsaðilum sjóðsins og opinberum aðilum, þ.á m. að annast um miðlun upplýsinga til þessara aðila lögum samkvæmt.

Einnig kemur fram í samningnum að stjórn sjóðsins skuli móta fjárfestingarstefnu sjóðsins í samráði við rekstraraðila. Að lokum er rekstraraðila skylt að gera stjórn sjóðsins reglulega grein fyrir stöðu sjóðsins og leggja fyrir stjórn þær upplýsingar sem henni eru nauðsynlegar til að fylgjast náið með fjárfestingum sjóðsins og þróun þeirra.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 1.030 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu þær hækkað frá árinu 2005 að meðaltali um 47,6% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 990 talsins, samanborið við 290 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði þeim fjölgað um 35,9% að meðaltali milli ára. Þannig hækkuðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi um meira en sem nemur fjölgun lífeyrisþega. Hins vegar þarf að hafa í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Íslenski tafla 4

Lífeyrisgreiðslur í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	947	443	327	235	137
Örorkulífeyrir	34	23	19	7	6
Makalífeyrir	23	20	17	12	6
Barnalífeyrir	28	17	2	2	2
Framlag upp í örorkulífeyri*	-2	-3	-2		
Samtals, verðlag hvers árs	1.030	500	363	256	151
Fyrirframgr. séreignarsparn.	2.994				
Samtals, verðlag 2009	4.024	538	461	344	217

* Framlag upp í örorkulífeyri skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóða.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar samtryggingardeildar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkuð vísitölu neysluverðs.

Íslenski tafla 5

Heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	13.652	13.737	11.567	9.708	7.315
Skuldbindingar	14.379	14.452	11.280	8.839	6.972
Samtals	-727	-715	287	869	343
% af skuldbindingum	-5,1%	-4,9%	2,5%	9,8%	4,9%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir samtryggingardeildar sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar fram að árinu 2008. Það ár verður mikil breyting þannig að heildareignir samtryggingardeildar sjóðsins samanborðið

við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 4,9% árið 2008 og 5,1% árið 2009.

Vegna góðrar tryggingafræðilegrar stöðu samtryggingardeildar árið 2007 voru 700 mkr. millifærðar yfir í séreignardeildir sjóðsins. Engin útgreiðsla fjár úr sjóðnum átti sér stað.

Árið 2010 voru réttindi sjóðfélaga lækkuð um 10%.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Það vekur athygli hve mikill hluti af eignasafni sjóðsins var bundinn í innlendum skuldabréfasjóðum. Skuldabréfasjóðirnir sem sjóðurinn fjárfesti í voru allir reknir af Landsvaka hf. en Landsvaki var og er dótturfélag Landsbankans. Í árslok 2007 voru 20.397 mkr. eða 68,2% af verðbréfaeign sjóðsins í innlendum skuldabréfasjóðum. Í árslok 2008 var fjárhæðin komin niður í 11.653 mkr. eða 53,4% af eignasafni sjóðsins en þá höfðu miklar afskriftir átt sér stað í nokkrum af skuldabréfasjóðunum. Íslenski lífeyrissjóðurinn var lítið í beinum kaupum á hlutabréfum. Þess í stað keypti hann í hlutabréfasjóðum Landsvaka og fór hlutfall þeirra mest í um 15% af heildareignum sjóðsins.

Íslenski tafla 6

Verðbréfaeign í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	4.273	6.984	95	2.298	907
Innlend hlutabréf	117	5	803	606	
Innlendir skuldabréfasjóðir	3.187	11.652	20.397	12.385	7.198
Innlendir hlutabréfasjóðir	735	653	2.734	2.842	2.270
Framsæknar fjárfestingar	1.188				
Erlend verðbréfaeign	1.886	1.645	3.726	3.553	3.885
Skuldabréf með ríkisábyrgð	9.578	403	11	12	17
Skuldabréf sveitarfélaga	258	8		8	8
Skuldabréf lánastofnana	3	25	811	418	449
Skuldabréf fyrirtækja og m/einf. áb.sveitf.	394	235	1.316		11
Önnur skuldabréf			8	337	23
Niðurfærsla		-1	-1		
Samtals	21.619	21.609	29.901	22.459	14.768

Heimild: Ársskýrslur Íslenska lífeyrissjóðsins.

Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um raunávöxtun sjóðsins á ofangreindum verðbréfaflokkum fyrir sjóðinn í heild, þar sem sjóðurinn virðist einungis hafa reiknað ávöxtun hvernar deildar fyrir sig. Því var ákveðið að sýna raunávöxtun tveggja stærstu deilda sjóðsins sem eru Líf 1 og Líf 2 en samtals eru rúmlega 63% af eignum sjóðsins í þessum tveimur deildum. Töflur 7 og 8 hér að neðan ættu því að gefa

nokkuð góða vísbendingu um raunávöxtun á einstökum verðbréfaflokkum sjóðsins.

Íslenski tafla 7

Hrein raunávöxtun eignasafna Líf I

	2009	2008	2007	2006
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5,6%			
Ríkisvixlar, ríkiskuldabr.	9,5%	1,0%	6,0%	8,5%
Skuldabr. bæjar- og sveitarfélaga	4,0%			
Skuldabr. banka og sparisjóða	-0,6%	-53,0%	14,0%	12,4%
Fasteignaveðtryggt skuldabréf		-14,0%		
Innlend hlutabréf	-9,1%	-83,0%	3,0%	18,1%
Hlutir og hlutdeildarskírteini	1,5%			
Önnur verðbréf	-18,1%	-70,0%	7,0%	5,8%
Gengisbundin verðbréf	26,6%	-18,0%	8,0%	32,3%
Samtals	6,8%	-37,0%	8,0%	20,3%

Íslenski tafla 8

Hrein raunávöxtun eignasafna Líf II

	2009	2008	2007	2006
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5,8%			
Ríkisvixlar, ríkiskuldabr.	8,9%	1,0%	6,0%	8,8%
Skuldabr. bæjar- og sveitarfélaga	0,5%			
Skuldabr. banka og sparisjóða	8,6%	-53,0%	14,0%	12,4%
Fasteignaveðtryggt skuldabréf		-14,0%		
Innlend hlutabréf	-10,5%	-83,0%	3,0%	18,2%
Hlutir og hlutdeildarskírteini	1,5%			
Önnur verðbréf	-16,2%	-70,0%	7,0%	5,8%
Gengisbundin verðbréf	25,4%	-17,0%	6,0%	34,0%
Samtals	5,4%	-34,0%	8,0%	19,5%

Heimild: Gögn um ávöxtun eignasafna frá Íslenska lífeyrissjóðnum dags. 30.12.2010.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 5,1%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 34,4%. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 2,2%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 10,1% og 8,7%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin er neikvæð um 3,4% og síðustu 10 árin er hún jákvæð um 1,0%.

Íslenski tafla 9

Raunávöxtun

	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	5,1%	-34,4%	2,2%	10,1%	8,7%
Fimm ára meðalávöxtun	-3,4%	-3,0%	8,2%	7,4%	4,1%
Tíu ára meðalávöxtun	1,0%	-0,5%	4,6%	5,1%	4,7%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Í lok árs 2009 voru sjóðfélagar samtals 23.515 talsins. Virkir sjóðfélagar voru 12.491, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í hverjum mánuði.

Séreignardeildir sjóðsins eru um 87% af eignum sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur séreignardeildar árið 2009 námu samtals 3.082 mkr. Vegna réttindaflutninga og endurgreiðslna á séreignarsparnaði samtals að fjárhæð 3.985 mkr. urðu iðgjaldagreiðslur hins vegar neikvæðar um 903 mkr. árið 2009. Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 fyrir séreignardeildir kemur í ljós að vöxtur þeirra var mikill milli árunna 2005 – 2007 eða um 81%. Árið 2008 og 2009 fór að halla undan fæti þannig að hrein eign til greiðslu lífeyris lækkar um 8.416 mkr. árið 2008 og 3.562 mkr. árið 2009. Benda má á að lækkunin árið 2009 stafar að miklu leyti af tímabundinni endurgreiðslu séreignarsparnaðar.

Íslenski tafla 10

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Séreignardeildir	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	3.082	4.993	4.400	3.431	2.284
Réttindaflutn. og endurgreiðslur milli brauta				-707	
Réttindaflutn. og endurgreiðslur	-3.985	-314	665	1.540	506
Sérstök aukaframlög			700		
Samtals iðgjöld, réttindaflutn. og endurg.	-903	4.679	5.765	4.264	2.790
Lífeyrir	-4.005	-491	-355	-255	-151
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	0	2	16	3	14
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	3.223	-1.594	1.972	2.784	1.426
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa		-5.435			
Fjárfestingartekjur	3.223	-7.027	1.988	2.787	1.440
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-15	-12	-51	-30	-14
Rekstrarkostnaður	-26	-23	-86	-38	-31
Rekstrargjöld	-41	-35	-137	-68	-45
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	-1.726	-2.874	7.261	6.728	4.034
Hrein eign frá fyrra ári	24.446	27.320	20.059	13.331	9.297
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	22.720	24.446	27.320	20.059	13.331
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	-1.726	-3.090	9.222	9.046	5.801
Hrein eign frá fyrra ári	24.446	29.372	25.476	17.923	13.368
Hrein eign til greiðslu lífeyris	22.720	26.282	34.698	26.969	19.169

Sameignardeildir sjóðsins eru um 13% af eignum sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur sameignardeildar árið

2009 námu samtals 638 mkr., sem var álíka fjárhæð og árið áður. Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 fyrir sameignardeild sést að deildin vex um 34,7% milli árunna 2005 – 2007. Árið 2008 lækkar hrein eign deildarinnar um 402 mkr. eða 13,1% en 2009 hækkar hrein eign um 769 mkr. eða 28,8%.

Íslenski tafla 11

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Sameignardeild	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	639	627	556	462	376
Réttindaflutn. og endurgreiðslur milli brauta					
Réttindaflutn. og endurgreiðslur	-1	-2		-1	
Sérstök aukaframlög			-700		
Samtals iðgjöld, réttindaflutn. og endurg.	638	625	-144	461	376
Lífeyrir	-20	-15	-9	-4	-6
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	0	0	2	0	1
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	351	-129	229	336	167
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa		-416			
Fjárfestingartekjur	351	-545	231	336	168
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-1	-1	-7	-4	-2
Rekstrarkostnaður	-12	1	-19	-7	-4
Rekstrargjöld	-13	0	-26	-11	-6
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	956	65	52	782	532
Hrein eign frá fyrra ári	2.486	2.421	2.369	1.587	1.055
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	3.442	2.486	2.421	2.369	1.587

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	956	70	66	1.051	765
Hrein eign frá fyrra ári	2.486	2.603	3.009	2.134	1.517
Hrein eign til greiðslu lífeyris	3.442	2.673	3.075	3.185	2.282

1) Íslenski lífeyrissjóðurinn sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfa-fyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknaratekjur fjármála-fyrirtækja.

13.1.2 Tap Íslenska lífeyrissjóðsins 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 og lítillaga árin 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða. Tap sjóðsins liggur að mestu í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða

- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum hlutabréfasjóðum
- Innlendum skuldabréfasjóðum

Íslenski tafla 12

Yfirlit yfir tap Íslenska lífeyrissjóðsins af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, innlendum hlutabréfasjóðum og innlendum skuldabréfasjóðum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	33	272	49	354
Skuldabréf fyrirtækja	1	88	13	102
Innlend hlutabréf		1	302	303
Innlendir hlutabréfasjóðir		3	1.115	1.118
Innlendir skuldabréfasjóðir		89	6.266	6.355
Samtals í mkr.	34	453	7.745	8.232

Heimild: Gögn frá Íslenska lífeyrissjóðnum dags. 4.7.2011 og 11.10.2011.

Fimm ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010 samtals að fjárhæð 8.232 mkr. Íslenski lífeyrissjóðurinn var ekki með virka gjaldmiðla- eða vaxtaskiptasamninga þegar bankarnir féllu. Engar afskriftir áttu sér stað á erlendum eignum sjóðsins.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals að fjárhæð 811 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign sjóðsins í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var komin niður í 25 mkr. og í árslok 2009 stóð hún einungis í 3 mkr.

Mestu afskriftir Íslenska lífeyrissjóðsins í einstökum banka voru í Glitni banka hf., samtals 301 mkr. Þar af voru 29 mkr. afskrifaðar árið 2008 og 272 mkr. árið 2009. Fjárhæðin sem afskrifuð var árið 2009, þ.e. 272 mkr., var andvirði „víkjanlegs og breytanlegs skuldabréfs“ sem Glitnir banki gaf út í mars 2008. Með réttu hefði andvirði framangreinds skuldabréfs átt að afskrifast strax árið 2008 þar sem skuldabréfið varð verðlaust strax við fall Glitnis banka í byrjun október 2008. Það sem vekur hins vegar furðu er að skuldabréf þetta kemur fyrst inni bækur Íslenska lífeyrissjóðsins á 4. ársfjórðungi 2008 en Glitnir féll eins og kunnugt er þann 6. október það ár. Úttektarnefndin sendi fyrirspurn til Íslenska lífeyrissjóðsins þar sem spurst var fyrir um hvenær skuldabréfið hefði verið keypt og þá af hverjum. Svar sjóðsins barst 21. október 2011. Þar kom fram að Íslenski lífeyrissjóðurinn hefði keypt skuldabréfið

þann 3. október 2008. Í svari sjóðsins kom fram að ekki væri vitað hver seljandi skuldabréfsins hefði verið. Kaup sjóðsins á skuldabréfinu komu ekki fyrir stjórn sjóðsins en slíkt hefði verið eðlilegt og sjálfsgagt m.t.t. þess hve hér var um óeðlilega fjárfestingu að ræða.

Heimild: Gögn frá Íslenska lífeyrissjóðnum og tölvupóstur dags. 21. október 2011.

(Sjá nánari upplýsingar um skilmála skuldabréfsins í kafla 5.1.9 Glitnir hf., skuldabréfaútbod í mars 2008)

Aðrar afskriftir voru hjá Straumi Burðarás hf. og Landsbanka Íslands hf., samtals að fjárhæð 53 mkr. Heildarafskriftir af skuldabréfum banka og sparissjóða á þessum þremur árum voru 354 mkr.

Íslenski tafla 13

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Glitnir banki hf.		272	29	301
Straumur Burðarás hf.	33			33
Landsbanki Íslands hf.			20	20
Samtals í mkr.	33	272	49	354

Heimild: Gögn frá Íslenska lífeyrissjóðnum dags. 4.7.2011 og 11.10.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Erfitt er að lesa úr ársreikningum sjóðsins hversu mikið sjóðurinn fjárfesti í skuldabréfum fyrirtækja, þar sem skuldabréf fyrirtækja og skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga hafa verið sýnd saman. Þó má draga þær ályktanir miðað við hversu litlar afskriftir hafa verið á fyrirtækjabréfum að sjóðurinn hafi ekki fjárfest mikið í slíkum bréfum. Samtals voru afskrifaðar 102 mkr. af skuldabréfum fyrirtækja árin 2008 til 2010. Mest var afskrifað af skuldabréfum í HF Eimskipafélagi Íslands eða 88 mkr. árið 2009.

Íslenski tafla 14

Afskriftir af skuldabréfum fyrirtækja

	2010	2009	2008	Samtals
HF Eimskipafélag Íslands		88		88
Atorka hf./Jarðboranir hf.	1		13	14
Samtals í mkr.	1	88	13	102

Heimild: Gögn frá Íslenska lífeyrissjóðnum dags. 4.7.2011 og 11.10.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Íslenski lífeyrissjóðurinn 249 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 302 mkr. og er

skýringuna fyrst og fremst að finna í bankahruninu í október það ár. Innlend hlutabréf vógu ekki mikið í verðbréfasafni sjóðsins. Hæst var hlutfall innlendra hlutabréfa í árslok 2007 eða 2,7% af heildareignum.

Íslenski tafla 15

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils	1.416	5	804	607	0
Keypt hlutabréf	3.349	119	683	1.720	827
Seld hlutabréf	2.984	7	1.180	1.533	264
Hlutafjáreign í lok tímabils	1.532	116	5	804	607
Hagn./(-tap)	-249	-1	-302	10	44

Heimild: Gögn frá Íslenska lífeyrissjóðnum dags. 4.7.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Íslenska lífeyrissjóðsins tímabilið 31. des. 2006 til 31. des. 2008. Efri hluti töflunnar sýnir eign sjóðsins í skráðum félögum en neðri hlutinn sýnir eign sjóðsins í óskráðum félögum. *Sjá töflu 16.*

Þann 1. jan. 2006 átti Íslenski lífeyrissjóðurinn engin innlend hlutabréf. Þann 1. janúar 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 606 mkr. Um mitt ár 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins orðin 1.321 mkr. en einmitt þá fór verð hlutabréfa í hæstu hæðir. Þann 1. jan. 2008 var hlutabréfaeignin komin niður í 803 mkr. sem var lækkun um 39,2% frá miðju ári 2007. Mestan hluta lækkunarinnar má rekja til lækkandi

gengis hlutabréfa og sölu á eignum umfram kaup. Hlutabréfaeignin hélt síðan áfram að lækka og var hlutafjáreign sjóðsins í árslok 2008 komin niður fyrir 5,0 mkr. Sjóðurinn átti óverulega eign í óskráðum félögum.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Íslenska lífeyrissjóðsins í Landsbanka Íslands hf. sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2006 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að

Íslenski tafla 16

Hlutabréfaeign á markaðsvirði tímabilið 31.12.2006 -31.12.2008 í þús.kr.

Félag	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Avion Group hf./HF Eimskipafél. Ísl.	129.790	195.194	64.195				
Mosaic Fashions hf.	53.550	57.750					
Atorka hf./Jarðboranir hf.	56.108	75.153					
Landsbanki Íslands hf.	115.143	317.945	474.635	395.752	117.950	20.400	
Exista hf.	56.250						
Marel hf.	83.507	91.857	52.531		114.030		2.186
Straumur Burðarás hf.	69.600	135.160	56.293				2.385
Glitnir banki hf.	42.316	52.577	13.288				
Actavis hf.		307.238					
Bakkavör hf.			112.964		107.873		
Icelandair Group hf.				25.068			
Kaupþing banki hf.			29.304				
Bank Nordik		87.700					
Samtals skráð félög í þús. kr.	606.263	1.320.574	803.209	420.820	339.853	20.400	4.571
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing	22	22	22	22	22	22	22
Samtals óskráð félög í þús. kr.	22	22	22	22	22	22	22
Samtals félög í þús. kr.	606.285	1.320.596	803.231	420.842	339.875	20.422	4.593

Heimild: Gögn frá Íslenska lífeyrissjóðnum dags. 4.7.2011.

finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2006 til ársloka 2008.

Landsbanki Íslands hf.

Íslenski lífeyrissjóðurinn fjárfesti ekki í hlutabréfum Landsbankans fyrir en á árinu 2006, en þá keypti sjóðurinn 4.345 þús. hluti á genginu 26,50, eða sem nemur 115 mkr. að markaðsvirði. Til viðbótar keypti sjóðurinn 9.025 þús. hluti á árinu 2007 fyrir um 330 mkr. Athygli vekur að í árslok 2007 er hlutabréfaeign sjóðsins í Landsbankanum orðin 475 mkr. en það svarar til 59,2% af allri hlutabréfaeign sjóðsins. Þegar kemur fram á árið 2008 fór sjóðurinn að selja bréf sín í Landsbankanum og seldi 12.370 þús. hluti á öðrum og þriðja ársfjórðungi ársins. Þessi bréf eru seld með miklu tapi þar sem gengi hlutabréfanna hafði fallið mikið frá miðju ári 2007. Áætlað tap sjóðsins á hlutabréfum í Landsbankanum var því um 172 mkr.

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.06	4.345	4.345	26,50	115
30.06.07	8.345	4.000	38,10	152
31.12.07	13.370	5.025	35,50	178
31.03.08	13.370	0	29,60	
30.06.08	5.117	-8.253	23,05	-190
30.09.08	1.000	-4.117	20,40	-84
31.12.08	0	-1.000	0,00	
Samtals		0		172
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				172
Stæða 31.10.08	0		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.10.08 í mkr.				172

Innlendir hlutabréfasjóðir

Íslenski lífeyrissjóðurinn átti hlutdeildarskírteini í fjórum hlutabréfasjóðum. Sjóðurinn fjárfesti aðallega í Vísitölubréfum Landsbankans og Úrvalsbréfum Landsbankans. Tap á Vísitölubréfum Landsbankans nam 158 mkr. og tap á Úrvalsbréfum Landsbankans var 957 mkr. Samtals var tap tveggja framangreindra sjóða að fjárhæð 1.118 mkr. og kom það nær eingöngu fram á árinu 2008.

Íslenski tafla 17

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun /niðurfærsla í mkr.

	2008	2009	Samtals
Vísitölubréf Landsbankans	158		158
Úrvalsbréf Landsbankans	957	3	960
Samtals	1.115	3	1.118

Innlendir skuldabréfasjóðir

Innlendir skuldabréfasjóðir hafa vegið þungt í fjárfestingum Íslenska lífeyrissjóðsins. Í árslok 2006 var hlutfall innlendra skuldabréfasjóða 55,1% af verðbréfaeign sjóðsins. Ári seinna eða í árslok 2007 var þetta hlutfall komið í 68,2%. Fjárfestingar Íslenska lífeyrissjóðsins í skuldabréfasjóðum voru eingöngu í sjóðum sem reknir voru af Landsbankanum. Í töflu nr. 18 má sjá þá skuldabréfasjóði þar sem tap lífeyrissjóðsins liggur. Þeir sjóðir sem mest tap var á voru fyrirtækjabréf og peningabréf Landsbankans. Í heild tapaði Íslenski lífeyrissjóðurinn 6.355 mkr. í þeim skuldabréfasjóðum sem kannaðir voru.

Íslenski tafla 18

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun /niðurfærsla í mkr.

	2008	2009	Samtals
Peningabréf Landsbankans	1.913		1.913
Fyrirtækjabréf Landsbankans	4.276	143	4.419
Markaðsbréf meðallöng	58	-54	4
Landsbanki Diversified Yield Fund	19		19
Samtals	6.266	89	6.355

Heimild: Gögn frá Íslenska lífeyrissjóðnum dags. 11.10.2011.

Erlend verðbréf

Engar afskriftir eða niðurfærslur á erlendum eignum Íslenska lífeyrissjóðsins áttu sér stað árin 2008-2010.

Heimild: Tölvupóstur dags. 17. okt. 2011 frá Tryggva Guðbrandssyni, framkvæmdastjóra Íslenska lífeyrissjóðsins.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Íslenski lífeyrissjóðurinn var ekki með virka gjaldmiðla- eða vaxtaskiptasamninga við hrun bankanna.

13.2 Stjórn og starfshættir

13.2.1 Stjórn og starfsmenn

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1990 innan Landsbankans, árið 1998 var honum breytt í almennan lífeyrissjóð. Sjóðurinn hefur alla tíð verið rekinn innan bankans og hafði engan starfsmann fyrr en árið 2009 en hafði þó sérstaka stjórn. Landsbanki Íslands sá alveg um rekstur sjóðsins. Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins er skipuð fimm einstaklingum, á hverjum ársfundi eru kosnir tveir aðalfulltrúar og tveir varafulltrúar.¹ Annað hvert ár skipar NBI einn fulltrúa til tveggja ára og einn varamann. Þessi skipan hefur verið við lýði síðan árið 2009 en fram að þeim tíma skipaði bankaráð Landsbanka Íslands þrjá stjórnarmenn af fimm og tveir voru valdir á ársfundi sjóðsins.

Stjórnin er kjörin til tveggja ára og enginn hámarkstími er á setu fulltrúa í stjórn sjóðsins í reglum hans eða samþykktum að því er best verður séð. Stjórnin ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, hún skiptir með sér verkum og kys sér formann, sem kemur fram fyrir hans hönd. Í núgildandi samþykktum segir að stjórn sé heimilt að gera samning um daglegan rekstur sjóðsins og hann skuli sendur til kynningar til eftirlitsstofnana.² Í eldri samþykktum stóð að Landsbanki Íslands skyldi annast daglegan rekstur sjóðsins skv. sérstöku samkomulagi sem sjóðurinn gerði við Landsbanka Íslands.³ Þessar eldri samþykktir voru í gildi á þeim tíma sem hér er til umfjöllunar. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að of nán tengsl hafi verið á milli Landsbanka Íslands og Íslenska lífeyrissjóðsins á þessum tíma og sjálfstæði sjóðsins ekki tryggt nægilega vel (Sjá síðar).

Engin ákvæði eru í gildi um það að stjórnarmenn séu skyldir til að gefa upp hlutabréfaeign sína, hvorki formaður né aðrir stjórnarmenn, né heldur framkvæmdastjóri. Það gilda almennar vanhæfisreglur um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að stjórnarmenn sjóðsins á þeim tíma sem til umfjöllunar er sátu í fjöldamörgum stjórnnum fyrirtækja eins og sjá má í umfjöllun um sjóðinn hér að framan (Sjá kafla 13.1.1). Árið

2008 setti sjóðurinn sér verklagsreglur um verðbréfavíðskipti þar sem kveðið var á um tilkynningaskyldu þeirra sem koma að ákvörðunum sjóðsins um kaup og sölu verðbréfa af öllu tagi. Í þeim reglum er stjórnin sérstaklega undanþegin þessari tilkynningaskyldu enda séu ákvarðanir um einstök kaup eða sölu að jafnaði ekki ræddar á stjórnarfundum, heldur teknar af sjóðstjórum rekstraraðila sjóðsins og starfsmönnum. Þessi ákvörðun hlýtur að orka tvímælis svo ekki sé sterkara að orði kveðið. Stjórnarmenn sjóðsins sátu nokkrir í mörgum hlutafélagastjórnnum og allar ákvarðanir um kaup og sölu á bréfum sjóðsins gátu varðað mikilvæga hagsmuni þeirra. Ef ekki lá ljóst fyrir fyrirfram hverjir þessir hagsmunir voru var ómögulegt að sjá til þess að ákvarðanir stjórnar sjóðsins lituðust ekki af óeðlilegum hagsmunum. Þetta er ekki staðhæft til að gefa í skyn að stjórnarmenn hafi beitt sér með óeðlilegum hætti, einungis að það var ómögulegt að vita það af því að upplýsingar lágu ekki fyrir um hverjir hagsmunirnir væru. Innri endurskoðendur sjóðsins gerðu þá athugasemd við þessa undanþágu að eðlilegt væri að gera þá kröfu til stjórnar lífeyrissjóðs sem á að stuðla að almannahagsmunum að „upplýsa um verðbréfaeign sína og öll eigin viðskipti meðan á stjórnarsetu stendur án nokkurrar undanþágu. Slík upplýsingaskylda eykur á trúverðugleika stjórnar og gagnsæi í störfum“.⁴ Það hefur ekki verið úr þessu bætt enn og í nýjustu reglunum er kveðið almennt á um vanhæfi og að leita skuli til regluvarðar leiki vafi á um hvort viðskipti séu heimil.⁵ Úttektarnefnd lífeyrissjóðanna tekur undir orð innri endurskoðandans um það að stjórnarmenn eigi að upplýsa um alla verðbréfaeign sína um leið og þeir setjast í stjórn lífeyrissjóðsins og um öll viðskipti sín. Sama á við um starfsmenn sjóðsins.

Í starfsreglum sjóðsins segir að stjórnin skuli sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins og feli stjórn öðrum aðila að sjá um rekstur sjóðsins, þá skuli hann sjá um daglegan rekstur. Eftir sem áður tekur stjórnin ákvarðanir í öllum málum sem teljast óvenjuleg eða

1 Starfsreglur Íslenska lífeyrissjóðsins, 2009, gr. 2.1

2 Gr. 5.13 Samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins, 2010. <http://www.islif.is/um-islif/samthykktir/>

3 Gr. 4.9 Samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins, 2009.

4 Íslenski lífeyrissjóðurinn, apríl 2009, innri endurskoðun, bls. 6. Þetta kemur einnig fram í Íslenski lífeyrissjóðurinn. Endurskoðunarskýrsla 2008, bls. 4.

5 Reglur Íslenska lífeyrissjóðsins um verðbréfavíðskipti, 2009, gr. 6 og 7.

mikilsháttar en getur falið framkvæmdastjóra að afgreiða slík mál, og hún á að fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir um stefnumótun.⁶ Þessi ákvæði þýða það að stjórnin ber á endanum ábyrgð á öllum rekstri sjóðsins en hún ákveði sjálf einungis þá hluti sem eru óvenjulegir eða mikilsháttar. Svo að hún geti gert það, þá þurfa að liggja fyrir vísbendingar eða viðmiðanir um það hvað telst vera óvenjulegt eða mikilsháttar. Í þeim gögnum sem nefndinni hafa borist er engin slík gögn að finna. Það væri til dæmis eðlilegt að í starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra kæmu fram viðmiðanir í þessu efni. Á þeim tíma sem hér er til athugunar var staða framkvæmdastjóra hjá sjóðnum óvenjuleg, hann hafði ekki prókúru, hann sá ekki um daglegan rekstur og kom ekki að ákvörðunum um fjárfestingar, svo að það er kannski eðlilegt að engum slíkum reglum hafi verið til að dreifa. En þá hefðu þurft að vera slíkar reglur fyrir sjóðstjórnar á eignastýringarviði sem sá um fjárfestingar fyrir sjóðinn. Þótt sjóðurinn hafi ekki sett sér starfsreglur fyrr en á allra síðustu árum þá er þó ljóst af lögum að framkvæmdastjóri getur ekki gripið til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar nema samkvæmt heimild frá stjórn.⁷ Það lá líka fyrir rekstrarsamningur sjóðsins og Landsbanka Íslands og í honum er tilgreint hvað fellur undir daglegan rekstur eins og gerð er grein fyrir í umfjöllun um sjóðinn hér á undan (Sjá kafla 13.1.1). Það er ljóst að ábyrgð stjórnar á öllu því sem var mikilsháttar eða óvenjulegt var fyrir hendi allan þann tíma sem hér er til umfjöllunar.

Íslenski lífeyrissjóðurinn hafði tilhneigingu til að fjárfesta í sjóðum Landsvaka umfram aðra sjóði. Landsvaki var rekstrarfélag allra sjóða Landsbanka Íslands. Formlega var rekstrarfélagið sjálfstæður aðili gagnvart bankanum og það voru í gildi svokallaðir kínamúrar á milli ólíkra sviða bankans innbyrðis og á milli bankans og sjóða Landsvaka en í reynd voru skilin ekki alltaf virt og Landsvaki ekki óháður Landsbanka Íslands.⁸ Kínamúrararnir byggja á því eðlilega sjónarmiði að allir kaupendur bréfa í sjóðum Landsvaka eigi að sitja við sama borð, enginn geti byggt kaup sín á betri upplýsingum en annar, sama hvort hann var innan Landsbanka Íslands eða utan hans.

Þetta þýðir í reynd að þeir sem keyptu bréf í sjóðum Landsvaka áttu ekki að geta vitað hvaða eignir lágu að baki þeim, þeir fengu einungis almennar upplýsingar um þær tegundir bréfa sem sjóðurinn fjárfestir í, þróun gengis sjóðsins og vikið á ólíkum tegundum bréfa í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Vandinn við þetta fyrirkomulag er sá að það virðist erfitt að fylgjast með því í hverju eignirnar felast og þá um leið hvort fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins er í reynd fylgt og ákvæði laganna um ólíkar tegundir fjárfestinga virt.⁹ Framkvæmdastjóri sjóðsins staðfesti í viðtali við úttektarnefndina að sundurliðun fjárfestinga hefði ekki verið lögð fyrir stjórn og stjórn hefði ekki óskað eftir slíkri sundurliðun.¹⁰ Það ætti því ekki að koma á óvart að Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við þetta fyrirkomulag enda fóru fjárfestingar Íslenska lífeyrissjóðsins fram úr vikið á ólíkum fjárfestingarstefnunum allnokkrum sinnum á árinu 2008. Ein ástæðan fyrir þessu var meint villa í excel-skjali eins og sjóðurinn hefur greint frá en það breytir ekki því að þetta fyrirkomulag var óviðunandi. Það er ekki sannfærandi vörn að sjóðurinn hafi einungis tekið ákvarðanir um eignaflokka en Landsvaki tekið einstakar fjárfestingarákvarðanir og Landsbanki Íslands (eða NBI hf.) ekki borið ábyrgð á neinu.¹¹ Aðalatriðið er að á þessum tíma eins og nú bar stjórnin ábyrgð á öllu því sem var utan daglegs rekstrar og atvikaðist það svo að fjárfestingar færu fram úr viðmiðunum fjárfestingarstefnu eða lagaheimilda, þá bar stjórn sjóðsins ábyrgð á því. Lagaskylduna ber að skilja svo að fjárfestingar lífeyrissjóðs verði að vera innan marka laganna á hverjum tíma, það er ekki nóg að þær séu það á þriggja mánaða fresti eða í lok árs.

Það er alveg ljóst að misbrestur var á því hvernig ábyrgðarlínur voru skipulagðar í sjóðnum. Sjóðstjóri hafði enga starfslýsingu, verklagsreglur hans voru fátæklegar, upplýsingagiöf til stjórnar virðist ekki hafa verið nægjanleg.¹² Ef stjórn framselur ábyrgð á tilteknum hlutum til annars aðila, verður hún að geta haft eftirlit með því hvernig hann sinnir skyldum sínum. Hún ber ábyrgð á því að skipuleggja hluti

6 Starfsreglur Íslenska lífeyrissjóðsins, 2009, gr. 4.3 og 4.4.

7 4. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997.

8 Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 4. bindi, bls. 196-197.

9 36. gr. laga nr. 129/1997.

10 Viðtal við Tómas N. Möller, fyrrverandi framkvæmdastjóra Íslenska lífeyrissjóðsins, dags. 18.10.2011.

11 *Minnisblað frá NBI hf.* 16. nóvember 2010, bls. 15.

12 *Íslenski lífeyrissjóðurinn, apríl 2009, skýrsla innri endurskoðunar.*

Þannig að henni berist áreiðanlegar upplýsingar og geti metið sjálf hvornig til tekst. Þau nánú tengsl sem voru á milli Landsbanka Íslands og Íslenska lífeyrissjóðsins virðast hafa valdið því að stjórnarmönnum var ekki alveg ljós ábyrgð sín eins og nauðsynlegt er. Þetta má sjá til dæmis í þeim tillögum sem lagðar voru fyrir ársfund Íslenska lífeyrissjóðsins í maí 2007. Þar er lagt til að breytingar á nokkrum greinum í samþykktum sjóðsins verði háðar samþykki stjórnar Landsbanka Íslands. Þar á meðal var ákvæði um að breyting á samþykktum sjóðsins sem hlotið hefði samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi sjóðsins, hlotið samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins og staðfestingu fjármálaráðuneytisins skyldi einnig þurfa samþykki stjórnar Landsbanka Íslands.¹³ Þetta er freklegt inngríp í samþykktir sjóðsins og sætir furðu. Það er einfaldlega þannig að Íslenski lífeyrissjóðurinn er eign sjóðfélaga og er óháður LÍ. Það ætti ekki að koma á óvart að aðalatriði þeirra breytinga, sem umsjónaraðili Íslenska lífeyrissjóðsins, sem var skipaður í mars 2009, beitti sér fyrir, var að auka sjálfstæði sjóðsins gagnvart NBI hf.¹⁴

Íslenski lífeyrissjóðurinn gefur ekki upp þær þóknunir sem hann greiðir til NBI hf., áður Landsbanka Íslands. En þó er gerð grein fyrir því í árskýrslum Íslenska lífeyrissjóðsins að umsýsluþóknun sjóðsins til Landsbankans er 0,1% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvitölur sem fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af. Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Árangurstengd þóknun reiknast jafnt af jákvæðri sem neikvæðri ávöxtun. Þá kemur fram í ársskýrslu sjóðsins að til að Landsbankinn fái árangurstengda umsýsluþóknun þurfi ávöxtun eigna Íslenska lífeyrissjóðsins að ganga mjög vel. Árangurinn þarf að vera betri en meðaltalsbreyting á þeim mörkuðum sem hann er að fjárfesta á. Auk þess þarf sjóðurinn að vinna upp þann viðskiptakostnað sem

leggst til við eignastýringu sjóðsins. Það er kurteisni við sjóðfélaga að greina skilmerkilega frá því hve háar greiðslur fara til bankans á meðan samningur er í gildi við hann og greina á milli árangurstengdra þóknana og umsýsluþóknana.

Í samþykktum sjóðsins segir um hlutverk hans gr. 2.1: „Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykta þessara.“¹⁵ Í þessari setningu gleymist að það á að tryggja sjóðfélögum lífeyri. Það er ástæða til að laga þetta.

13.2.2 Samskipta- og siðareglur

NBI hf. Landsbankinn hefur sett sér samskipta-reglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans.¹⁶ Þær reglur eiga að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem upp geta komið í viðskiptum sjóðstjóra eignastýringar sem sjá um lífeyrissjóði við aðra innan bankans eða Landsvaka. Eignastýring á að vera staðsett í öðru húsi, hafa aðra stjórn og annað tölvukerfi en aðrar einingar bankans. Öll samskipti skulu skráð og vera rekjanleg og fundargerð haldin á öllum fundum. Starfsmönnum eignastýringar er óheimilt að tjá sig um rekstur lífeyrissjóða við aðra starfsmenn Landsbankans nema til komi samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins eða sjóðfélaga. Áhættustýringu ber að skila skýrslu til framkvæmdastjóra hvers lífeyrissjóðs, regluvarðar og forstöðumanns eignastýringar um viðskipti þeirra lífeyrissjóða, sem hafa gert samning við eignastýringu bankans, við aðrar einingar í samstæðu Landsbankans og staðfesta að slík viðskipti uppfylli kröfur um bestu framkvæmd eða bestu starfsvenju. Starfsmönnum Landsbankans er óheimilt að greiða eða þiggja þóknun fyrir þau verk sem falla undir reglur Landsbankans um hagsmunaárekstra. Starfsmenn eignastýringar eiga ekki að hafa beinan aðgang að miðlunarkerfum og öll viðskipti skulu fara fram í gegnum fjármálaráðgjöf í eignastýringu. Ytri endurskoðendur sjóðsins verða að endurskoða mat á óskráðum fjármálagerningum.

Síðan eru tilgreindar aðstæður sem upp geta komið og fela í sér hugsanlega hagsmunaárekstra. Það er til dæmis lögð áhersla á að fjárfestingar lífeyrissjóðs

13 Tillögur stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins til breytinga á samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins á ársfundi sjóðsins 8. maí 2007.

14 Skýrsla umsjónaraðila Íslenska lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs Eimskipafélags Íslands. Lára V. Júlíusdóttir, október 2009.

15 Samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins, 2009. Í gildandi samþykktum er þessi grein nr. 2.1 óbreytt.

16 Samskiptareglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans, september 2010.

í vörslu Landsbankans í sjóðum Landsvaka byggist ávallt á mati á hagsmunum sjóðfélaga. Það er lögð áhersla á að hætta sé á að starfsmenn lögfræðisviðs geti setið báðum megin borðs í samningum lífeyrissjóðs og Landsbankans en tryggja megi að það gerist ekki með skýrri verkaskiptingu á lögfræðisviði. Í öllum meginatriðum þá virðast þessar lýsingar og þau

viðbrögð sem lögð eru til skýr og eðlileg. Það er þó veikt það sem segir um lögfræðisviðið.

Það er eftirtektarvert að Íslenski lífeyrissjóðurinn hefur ekki sett sér reglur um mögulega hagsmunarárekstra eða siðareglur.

13.3 Fjárfestingar Íslenska lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

13.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins á úttektaárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990. Sjóðnum var breytt í alhliða lífeyrissjóð 1998 í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þeir sem ekki eru bundnir af ákvæðum kjarasamninga eða laga er frjálst að greiða lögbundinn lífeyrissparnað til Íslenska lífeyrissjóðsins. Hann telst því til þeirra sjóða sem kallaðir eru frjálsir lífeyrissjóðir gagnstætt vinnumarkaðssjóðum og lögbundnum sjóðum. Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til hans og fyrir 1998 sinni hann eingöngu slíkum sparnaði. Eftir þann tíma hefur skylduðgjald runnið til lágmarkstryggingarverndar á grundvelli 3. mgr. 4. gr. lífeyrissjóðalaganna og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign. Sjóðurinn er rekinn í fjórum séreignardeildum með mismunandi ávöxtunarleiðum og áhættu og svo einni samtryggingardeild, sbr. nánar yfirlit um starfsemi hér að framan. Sjóðurinn er með rekstrarsamning frá 24. september 2003 við Landsbanka Íslands hf. sem sér um allan daglegan rekstur. Bankinn skipaði jafnframt meirihluta stjórnar allt þar til á árinu 2009 að sjóðfélagar hófu að kjósa alla stjórnarmenn nema einn sem bankinn skipar. Af fundargerðum stjórnar má ráða að sjóðurinn hefur verið rekinn í samkeppni við sambærilega sjóði við hina bankana (Frjálsa lífeyrissjóðinn og Almenna lífeyrissjóðinn).

Innan Landsbankans er Íslenski lífeyrissjóðurinn rekinn af deildinni Eignastýringu safna fagfjárfesta, sem heyrði undir eignastýringarvið bankans. Auk

hans rak deildin fleiri lífeyrissjóði og stýrði jafnframt eignasöfnum sem aðrir lífeyrissjóðir höfðu útvistað til bankans. Íslenski lífeyrissjóðurinn hafði sjálfur enga starfsmenn.

Heildareignir samtryggingardeildar sjóðsins samborið við heildarskuldbindingar voru jákvæðar fram að árinu 2008 en verða þá neikvæðar um 4,9% og síðan 5,1% árið 2009.

13.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttekta á áðurgreindum gögnum um Íslenska lífeyrissjóðinn rætt við Tómas N. Möller, sem var forstöðumaður verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans og jafnframt framkvæmdarstjóri Íslenska lífeyrissjóðsins. Verðbréfa- og lífeyrisþjónustan sá um samskipti við sjóðfélaga, almenna ráðgjöf, upplýsingagjöf o.fl. Þá hafa þeir rætt við Friðrik Nikulásson sem var deildarstjóri Eignastýringar safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum en sú deild sá um eignastýringu Íslenska lífeyrissjóðsins. Hins vegar neitaði Davíð Harðarson að ræða við nefndina en hann var sjóðstjóri lífeyrissjóðsins og jafnframt framkvæmdastjóri annarra lífeyrissjóða sem voru í stýringu hjá deildinni. Hann tók einnig við framkvæmdastjórn Íslenska lífeyrissjóðsins þegar Tómas hætti haustið 2008. Bar hann fyrir sig að málefni sjóðsins hefðu verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara vegna kæru frá FME. Hann hefði að svo komnu engan áhuga á að tjá sig um málefni lífeyrissjóðsins hjá fleiri rannsóknar- eða úttektaaðilum. Þessi afstaða Davíðs getur að nokkru leyti komið niður á úttekt á þeim sjóðum þar sem hann kom að stýringu, enda

hefur úttektarnefndin ekki aðgang að rannsókn sérstaks saksóknara.

Tómas N. Möller sagði nefndinni að hann hefði ekki komið að fjárfestingum lífeyrissjóðsins. Hann hefði hins vegar setið stjórnarfund og ritað fundargerðir. Hann sagði að ekki hefði legið fyrir sérstök starfslýsing hans sem framkvæmdastjóra Íslenska lífeyrissjóðsins.¹⁷ Friðrik Nikulásson sagði að eftir því sem starfsmönnum deildar hans hefði fjölgað, hefðu störf hans breyst og færst meira frá sjóðstjórn í stjórnun, útteilingu verkefna o.s.frv. Friðrik kvaðst jafnframt hafa setið í fjárfestingarráði sem lagði línurnar í fjárfestingum deildarinnar. Næsti yfirmaður Friðriks var Stefán H. Stefánsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar Landsbankans.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum ber stjórnin ábyrgð á rekstri lífeyrissjóðsins og eftirliti. Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins virðist hins vegar ekki hafa komið beint að stjórnun sjóðsins, heldur var rekstrinum öllum útvistað til Landsbankans svo sem áður segir, þar með talið allri eignastýringu. Eignastýring safna fagfjárfesta í bankanum mun hafa mótað tillögur að fjárfestingarstefnu, sem lögð var fyrir stjórn til samþykktar. Eignastýring safna ávaxtaði síðan fjármuni sjóðsins á grundvelli fjárfestingarstefnunnar. Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Þar var tekin fyrir þróun eignasafna og önnur mál sem leiða af lögum og reglum um lífeyrissjóði. Deildarstjóri Eignastýringar safna fagfjárfesta og sjóðstjóri munu hafa gefið skýrslur og tekið þátt í umræðum. Fjárfestingarstefnan tók fyrst og fremst mið af eignaflokkum. Ekki var fjallað um einstakar fjárfestingar á stjórnarfundum og skýrslur um sundurliðun fjárfestinga voru ekki lagðar fyrir stjórn sjóðsins og ekki óskað eftir því.¹⁸ Innri endurskoðun Landsbankans sá um innri endurskoðun sjóðsins en ytri endurskoðun var í höndum endurskoðanda frá Deloitte hf. Samkvæmt endurskoðunarskýrslum innra eftirlits Landsbankans fyrir 2007 og 2008 var ákveðið eftirlit með fjárfestingarstefnu sjóðsins á eignastýringarsviði bankans og virðist sem innri endurskoðunin hafi reitt sig á þetta eftirlit. Starfsmaður sem hvorki kom að eignausýslu né bókhaldi átti að fara yfir stöðu sjóðsins og senda framkvæmdastjóra eignastýringar-

sviðs og deildarstjóra Eignastýringar safna fagfjárfesta yfirlit yfir eignastöðuna.¹⁹ Að sögn eftirlitsaðila var við framkvæmd þessa eftirlits stuðst við vinnulýsingu um reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum. Nokkuð virðist hafa skort á þetta eftirlit því samkvæmt endurskoðunarskýrslunni fyrir 2008 mun hafa verið farið yfir háværk fjárfestinga lífeyrissjóðalaga, a.m.k. það ár. Verkerill þessa eftirlits mun hafa verið á ábyrgð framkvæmdastjóra eignastýringarsviðs sem á þessum tíma var Stefán H. Stefánsson.²⁰

Af framangreindri lýsingu má ráða að skort hefur á eftirlit með fjárfestingum Íslenska lífeyrissjóðsins, bæði innan rekstraradilans og af hálfu stjórnar sjóðsins. Virðist sem bæði skipulagi sjóðsins og framkvæmd hafi verið ábótavant, sem hlýtur að vera á ábyrgð stjórnar en stjórnarformaður á þessum tíma var Ingólfur Guðmundsson, starfsmaður Landsbanka Íslands. Þá þykir athugunarvert að margir stjórnarmenn voru í stjórnnum fjölda annarra fyrirtækja, bæði innan og utan bankans en telja verður það mjög óheppilegt. Meðal þessara stjórnarmanna voru stjórnarmenn í umfangsmiklum fyrirtækjum sem voru meðal stærstu viðskiptavina bankans.

13.3.3 Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins og tap

Að framan er því lýst hvernig Eignastýring safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum hafði með höndum eignastýringu Íslenska lífeyrissjóðsins samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við lífeyrissjóðinn. Eignastýringin átti að fara eftir samþykktum sjóðsins og fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins ákvað árlega fyrir hverja deild sjóðsins eftir undirbúning Eignastýringar safna hjá bankanum.

Athygli vekur að fjárfestingarstefna sjóðsins hafði í flestum tilfellum svo veruleg vikmörk að í raun voru það háværk 36. gr. lífeyrissjóðalaganna sem réðu mörkum og dreifingu fjárfestinganna (Sjá töflu 3 í yfirliti um starfsemi sjóðsins hér að framan). Vikmörkin komu þó ekki í veg fyrir að sjóðurinn færi yfir mörk fjárfestingarstefnunnar. Hæfileg vikmörk geta verið nauðsynleg en eðlilega á að fylgja ákveðnu miðgildi fjárfestingarstefnunnar. Ekki á að

19 Sbr. ennfremur viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 7.9.2011.

20 Sbr. skýrslu innri endurskoðunar Landsbankans vegna Íslenska lífeyrissjóðsins 2008, dags. apríl 2009, bls. 10 o.áfr.

17 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Tómas N. Möller, dags. 18.10.2011.

18 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Tómas N. Möller.

ákveða vikmörk svo að hætta sé á því að farið verði yfir hámark lífeyrissjóðalaga. Frjálsir lífeyrissjóðir eru markaðssettir með ákveðna fjárfestingarstefnu og má vænta að þær upplýsingar séu grunnur að ákvörðunum sjóðfélaga um þátttöku í sjóðnum.²¹

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti aðallega í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsvaka, dótturfélags Landsbanka Íslands. Í árslok 2007 var 68,2% af verðbréfaeign lífeyrissjóðsins í innlendum skuldabréfasjóðum Landsvaka. Í árslok 2008 var fjárhæðin komin í 53,4% en þá hafði orðið að afskrifa mikið í nokkrum skuldabréfasjóðum. Alls tapaði sjóðurinn 6.355 mkr. í þeim skuldabréfasjóðum bankans sem kannaðir voru.

Í töflu 13 kemur fram, að sjóðurinn þurfti árið 2009 að afskrifa 272 mkr. á Glitni banka hf., sem var andvirði víkjandi og breytanlegs skuldabréfs. Þetta var hluti útgáfu frá því í mars 2008. Fjallað er um útgáfuna í aðalhluta skýrslu þessarar, kafla 5.1.9, en úttektarnefndin telur það illa samrýmast hlutverki lífeyrissjóða og lagaákvæðum um þá að fjárfesta í slíkum bréfum. Þá er þessi fjárfesting svo óvenjuleg að stjórn lífeyrissjóðsins hlaut að taka ávörðun um hana samkvæmt starfsreglum um sjóðinn. Að því er varðar þennan lífeyrissjóð sérstaklega vekur athygli, að skuldabréfið var keypt fyrst 3. október 2008 en Glitnir féll eins og kunnugt er þremur dögum síðar. Úttektarnefndin hefur ekki heimildir fyrir því hver seljandinn var en af bókum lífeyrissjóðsins að dæma virðist bréfið keypt f.h. hans innan einhvers af sjóðum Landsvaka. Fyrirsvarsmenn sjóðsins ættu því að athuga nánar hvort þeir eigi að vera bundnir við þessi kaup.

Íslenski lífeyrissjóðurinn fjárfesti lítið í hlutabréfum beint, heldur keypti í hlutabréfasjóðum Landsvaka. Þann 1. janúar 2006 átti sjóðurinn engin innlend hlutabréf en um mitt ár 2007 var hlutabréfaeignin orðin 1.321 mkr. en lækkaði hratt eftir það vegna lækkunar gengis innlendra hlutabréfa og sölu. Við fall bankanna tapaði sjóðurinn 1.118 mkr. í þeim tveimur hlutabréfasjóðum Landsbankans sem kannaðir voru.

Íslenski lífeyrissjóðurinn var ekki með virka gjaldmiðla- eða vaxtaskiptasamninga við fall bankanna.

Eignastýring safna fagfjárfesta hafði haft þá með höndum fyrir sjóðinn og hafði lokað öllum stöðum og því hlaust ekkert tap við hrunið sjálf.

Með erindisbréfi fjármálaráðherra 17. mars 2009 voru skipaðir umsjónaraðilar með lífeyrissjóðum sem höfðu verið í fullum rekstri hjá Landsbankanum. Í skýrslum umsjónaraðila kemur fram að rannsókn embættis sérstaks saksóknara, sem áður er rætt um, hafi beinst að fjárfestingum og skýrslugerð sjóðsins á fyrri hluta árs 2008. Má af skýrslunum ráða að hætta hafi þótt á hagsmunaaðreksstrum þegar rekstraraðili lífeyrissjóðs eða aðili nátengdur honum byðu upp á fjárfestingarkost fyrir sjóðinn. Hættan var talin felast í því að rekstraraðilinn hallaðist frekar að því að ávaxta fjármuni sjóðsins í fjárfestingarkostum sem tengdur aðili byði upp á en í öðrum kostum. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um sjóði Landsvaka verður ekki annað ráðið en að á því tímasteiði sem þarna var til rannsóknar hafi sjóðir Landsvaka fjárfest í skuldabréfum fyrirtækja eða endurnýjað bréf á fyrirtæki, sem voru nátengd (Samson hf.) eða voru meðal stærstu viðskiptaaðila Landsbankans.²² Við fall bankanna kom í ljós að þessi fyrirtæki áttu ekki fyrir skuldum. Virðist ekki óvarlegt að ætla að þau hafi ekki verið borgunarmenn fyrir skuldum sínum á þeim tíma sem hér um ræðir og líkast til fyrr. Eignasafn þessara sjóða hefur þannig verið orðið mun rýrara en skýrslur bankans sýndu en Íslenski lífeyrissjóðurinn og aðrir lífeyrissjóðir í rekstri bankans áttu verulega hluti í þessum sjóðum. Sömu aðferðafræði var beitt við stýringu allra eignasafna lífeyrissjóða í eignastýringu bankans.²³ Sjóðstjórar sjóða Landsvaka sáu um fjárfestingar þeirra og Eignastýring safna fagfjárfesta hafði ekki heildaryfirsýn yfir fjárfestingar verðbréfasjóðanna að öðru leyti en út frá áhættu þeirra safna sem deildin var með í stýringu hverju sinni.²⁴

Úttektarnefndinni þykir athugunarefni hvort Íslenski lífeyrissjóðurinn verði rekinn áfram með sama hætti og fyrir fall bankanna. Verði það gert, verður að koma því svo fyrir að Eignastýring safna fagfjárfesta hjá bankanum fylgist á hverjum tíma með stöðu sjóðsins miðað við marktæka eignastýringarstefnu og

21 Sbr. skýrslu innri endurskoðunar Landsbankans vegna Íslenska lífeyrissjóðsins 2008, dags. apríl 2009, bls. 10 o.áfr.

22 Sjá skýrslu RNA, 4. bindi, bls. 161 o.áfr.

23 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 7.9.2011.

24 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson.

lagaákvæði, t.d. með því að stilla sjóðnum upp miðað við gildandi viðmið í stefnu, s.s. yfirsýn yfir hlutfall óskráðra og skráðra bréfa og vægi einstakra útgefenda og hámarkshlutdeild í félögum.²⁵ Þá verður deildin að gefa stjórn sjóðsins allar upplýsingar reglubundið og stilla sjóðnum upp miðað við lagaviðmið um hlutfall hámarksfjárfestingar í sama útgefanda og hámarkshlutdeild í félögum.²⁶ Stjórnin verður jafnframt að sinna eftirlitsskyldu sinni að lögum. Ætli stjórnin að fjárfesta í sjóðum, sem reknir eru sem dótturfélög bankans, verður Eignastýring safna fagfjárfesta að geta fylgst með fjárfestingum þeirra sjóða daglega og gripið til ráðstafana verði dreifing eignasafna sjóðanna óeðlileg.

25 Sbr. skýrslu innri endurskoðunar Landsbankans vegna Íslenska lífeyris-sjóðsins 2007, dags. mars 2008, bls. 3.

26 Sbr. sömu heimild.

14. Kafli

14.1 Kjölur lífeyrissjóður	173
14.1.1 Starfsemi Kjalar lífeyrissjóðs	173
14.1.2 Tap Kjalar lífeyrissjóðs árin 2008 til 2010	177
14.2 Stjórn og starfshættir	180
14.2.1 Stjórn og starfsmenn	180
14.2.2 Samskipta- og siðareglur	182
14.3 Fjárfestingar Kjalar lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	183
14.3.1 Inngangur	183
14.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	183
14.3.3 Fjárfestingarstefna Kjalar lífeyrissjóðs og tap.	183

14.1 Kjölur lífeyrissjóður

14.1.1 Starfsemi Kjalar lífeyrissjóðs

Upphaf

Kjölur lífeyrissjóður var stofnaður árið 2007 með sameiningu fimm lífeyrissjóða. Þessir lífeyrissjóðir voru: Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar, Eftirlaunasjóður Ólíuverslunar Íslands hf., Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands, Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, deild I.

Sama ár gerði Kjölur lífeyrissjóður rekstrarsamning til fimm ára við Landsbanka Íslands hf. um rekstur og fjárvörslu sjóðsins. Fyrir sameiningu sjóðanna í Lífeyrissjóðnum Kili hafði öllum ofangreindum sjóðum verið lokað og þeir hættu að taka við iðgjöldum sjóðfélaga.

Ársreikningur fyrir árið 2007 nær yfir rekstur allra sjóðanna á því ári. Samanburðarfjárhæðir og kennitölur frá árinu 2006 eru byggðar á ársreikningum allra fimm sjóðanna það ár.

Stjórn sjóðsins

Við stofnun sjóðsins árið 2007 voru skipaðir sjö stjórnarmenn. Tveir tilnefndir af fyrrverandi stjórn Lsj. Eimskipafélags Íslands, tveir af fyrrv. stjórn Lsj. flugvirkja, einn af fyrrv. stjórn Esj. Ólíuverslunar Íslands hf., einn af fyrrv. stjórn Lsj. Mjólkursamsölunnar og einn af fyrrv. stjórn Lsj. starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins. Jafnframt skipuðu sjóðirnir einn varamann hver. Kjörtímabil fyrstu stjórnar sjóðsins var þrjú ár og lauk því árið 2010. Samþykktum sjóðsins var breytt árið 2010 á þann veg að stjórn sjóðsins skipa nú 5 aðalmenn og 2 varamenn. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára og eru þrír aðalmenn og einn varamaður í kjöri eitt árið og tveir aðalmenn og einn varamaður árið eftir.

Sjóðfélagar eru þeir sem eiga geymd réttindi í sjóðnum eða eiga rétt á að fá greiddan elli- eða örorkulífeyri. Allir sjóðfélagar, bæði greiddendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins. Hver sjóðfélagi fer með eitt atkvæði.

Hér að neðan eru taldir upp stjórnarmenn sjóðsins árin 2007 -2009 og hver tilnefndi viðkomandi:

Kjölur tafla 1

Haraldur Haraldsson, form.	Lsj. Eimskipafélags Íslands
Bjarni Þórðarson	Lsj. Eimskipafélags Íslands
Hálf dán Hermannsson	Lsj. Flugvirkjafélags Íslands
Kristján Yngvi Tryggvason	Lsj. Flugvirkjafélags Íslands
Gunnar Jónsson	Lsj. Mjólkursamsölunnar
Gunnar Páll Pálsson	Lsj. starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins
Ingi S. Ólafsson	Esj. Ólíuverslunar Íslands

Árið 2008 sagði Gunnar Páll Pálsson sig úr stjórn sjóðsins og í hans stað kom Georg Árnason fyrir hönd Lsj. starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar.

Þann 17. mars 2009 vék fjármálaráðherra stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins frá tímabundið með vísan í 46. gr. laga nr. 129/1997 og skipaði fjármálaráðherra Viðar Lúðvíksson hrl. umsjónaraðila sjóðsins.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Hafa þarf í huga að þeir sem starfa við Lífeyrissjóðinn Kjöl eru í raun starfsmenn Landsbanka Íslands hf. og er það í samræmi við rekstrarsamning milli sjóðsins og bankans. Starfsmennirnir eru ráðnir til bankans og greiðir bankinn þeim jafnframt laun. Bankinn felur hins vegar hverjum starfsmanni tiltekið starf fyrir sjóðinn og er viðkomandi þá með starfsheiti hjá sjóðnum í samræmi við starfslýsingu sína.

Samkvæmt rekstrarsamningi er það í höndum Landsbankans að skipa framkvæmdastjóra fyrir Kjöl lífeyrissjóð. Óttar Ö. Helgason var skipaður framkvæmdastjóri sjóðsins í ársbyrjun 2008. Áður hafði Friðrik Nikulásson verið framkvæmdastjóri fyrir Lsj. Eimskipafélags Íslands. Davíð Harðarson hafði verið framkvæmdastjóri fyrir Lsj. Flugvirkjafélags Íslands, Lsj. Mjólkursamsölunnar, Lsj. starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins og Esj. Ólíuverslunar Íslands. Jafnframt störfuðu þeir Davíð Harðarson og Friðrik Nikulásson með Óttari Ö. Helgasyni í lífeyrissjóðateymi eignastýringarviðs Landsbankans. Strax í maí sama árs, 2008, urðu mannabreytingar hjá sjóðnum en þá var Davíð Harðarson skipaður framkvæmdastjóri og með honum störfuðu Friðrik Nikulásson og Valgeir Geirsson. Valgeir hafði verið sjóðstjóri á eignastýringarviði Landsbankans frá árinu 2004.

Núverandi framkvæmdastjóri Kjalar er Halldór Kristinsson.

Endurskoðun:

Sæmundur Valdimarsson, endurskoðandi KPMG hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Kristín Baldursdóttir, innri endurskoðandi Landsbankans, og Sonja Kristín Jakobsdóttir, sérfræðingur í innri endurskoðun Landsbankans.

Regluvörður:

Ekki hefur verið skipaður regluvörður hjá sjóðnum.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Sjóðurinn gerir ekki þá kröfu til stjórnarmanna sinna að þeir veiti upplýsingar um stjórnarsetu sína í fyrirtækjum ef þeir hafa ekki setið þar sem fulltrúar sjóðsins.

Heimild: Tölvupóstur frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, dags. 21. okt. 2011.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk sjóðsins er að finna í 2. grein samþykktu hans.

2. gr. Hlutverk sjóðsins.

„Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.“

Starfsemi Kjalar lífeyrissjóðs.

Sjóðurinn er lokaður samtryggingarsjóður og tekur ekki á móti iðgjöldum. Sjóðurinn er einnig hættur að veita sjóðfélögum lán.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundum þann 19. desember 2007 voru samþykktar starfsreglur stjórnar Kjalar lífeyrissjóðs. Fyrsta til þriðja grein starfsreglnanna fjallar um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar. Í fjórðu grein er síðan gerð grein fyrir verksviði stjórnar, en þar kemur m.a. fram að:

- Stjórnin fari með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skuli sjá um að skipulag og starfsemi sjóðsins séu í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Stjórnin hafi eftirlit með reikningshaldi og fjármunum sjóðsins.
- Stjórnin ráði aðila á fjármálamarkaði til að annast daglegan rekstur sjóðsins og vörslu og ávöxtun eigna hans samkvæmt sérstökum samstarfssamningi þar um. Rekstraraðili skipar framkvæmdastjóra, sem jafnframt er sjóðstjóri, og gengur frá starfslýsingu við hann. Rekstraraðilinn ber ábyrgð á gjörningum starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði í samstarfssamningi.
- Stjórnin taki ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skuli fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um fyrirvar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðar-bók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi og frekari reglur stjórnar, breytingar og meðferð stafsreglna.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Samkvæmt 4. gr. í samningi um fjárvörslu og rekstur skal framkvæmdastjóri sjóðsins ársfjórðungslega veita stjórn sjóðsins ítarlegar upplýsingar um fjárfestingar og ávöxtun síðasta tímabils og liðinna tímabila í samanburði við sett markmið og ávöxtun sem almennt gerist á fjármagnsmarkaði.

Heimild: Skýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2008, dags. apríl 2009.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna

Á stjórnarfundum 19. nóvember 2007 samþykkti stjórn sjóðsins verklagsreglur Kjalar lífeyrissjóðs um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna. Reglur þessar voru settar samkvæmt 5. t.l. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, undirritaðar af

stjórn og hlutu staðfestingu Fjármálaeftirlitsins með bréfi dags. 25. ágúst 2008.

7. grein reglnanna um tilkynningarskyldu er eftirfarandi:

„Kjölur hefur í gildi fjárvörslusamning við Eignastýringarsvið Landsbankans og gilda verklagsreglur um verðbréfavíðskipti bankans fyrir þá starfsmenn og framkvæmdastjóra sem koma að stýringu fjárvörslusafnsins, auk þessara reglna.

Stjórn sjóðsins og aðrir þeir er sitja stjórnarfundum eru undanþegnir ákvæðum reglnanna um tilkynningarskyldu, en ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti eru að öllu jöfnu teknar af starfsmönnum rekstraraðila sjóðsins, sjóðstjórum og almennt ekki ræddar á stjórnarfundum. Komi til þess að ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti séu teknar eða ræddar á stjórnarfundum, skulu þeir aðilar sem sitja stjórnarfundum fylgja 8. gr. reglna þessara og tilkynna samdægurs um öll víðskipti með þau verðbréf sem ákvörðun var tekin um í 8 vikur frá þeim tíma sem ákvörðun var tekin.“

Þótt reglur þessar hafi verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu gerði innri endurskoðun sjóðsins athugasemd við 7. greinina í skýrslu sinni fyrir árið 2008 og ítrekaði þær í skýrslu sinni fyrir árið 2009. Þar kom fram:

„Innri endurskoðun telur að gera beri ríkar kröfur til stjórnar félaganna eins og lífeyrissjóða sem þjóna almannahagsmunum. Því megi telja eðlilegt að gera kröfu til stjórnar um að upplýsa um verðbréfaeign sína og öll eigin víðskipti meðan á stjórnarsetu stendur án nokkurrar undanþágu. Slík upplýsingaskylda eykur á trúverðugleika stjórnar og gagnsæi í störfum.“

Heimild: Skýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2008, dags. apríl 2009.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins í samráði við rekstraraðila (Landsbanka Íslands) mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnunni milli ára ekki miklar. Stefna sjóðsins fyrir árið 2008 var þessi:

Kjölur tafla 2

Fjárfestingarstefna Kjalar lífeyrissjóðs fyrir 2008

	Stefna	Lágmark	Hámark
Innlend skuldabréf	70%	50%	100%
Ábyrgð ríkisins	15%	0%	100%
Fjármálastofnanir	24%	0%	50%
Sveitarfélög	2%	0%	50%
Önnur verðbréf	28%	0%	50%
Sjóðsfélagalán	1%	0%	10%
Innlend hlutabréf	10%	0%	20%
Erlend verðbréf	15%	0%	30%
Hlutabréf	12,5%	0%	25%
Skuldabréf	2,5%	0%	15%
Óhefðbundnar fjárfestingar	5%	0%	10%

Eignastýring

Stjórn Kjalar lífeyrissjóðs undirritaði rekstrar-samning við Landsbanka Íslands hf. þann 19. desember 2007. 1. gr. samningsins fjallar um verkefni, skyldur aðila og umboð. Þar segir:

„Hlutverk LÍ felur í aðalatriðum í sér umsjón með eignum sjóðsins og lífeyrisréttindum sjóðfélaga ásamt því að sjá um allt reikningshald og skila uppgjöri í hendur endurskoðanda, eins og nánar er lýst í samningi þessum. LÍ skal einnig sjá um öll dagleg samskipti og þjónustu við stjórn sjóðsins. Hlutverk stjórnar sjóðsins skal vera almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129 frá 1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og í samræmi við samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar. Samningurinn tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur LÍ aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins.“

Með rekstrarsamningnum tók LÍ að sér að annast umsjón og ávöxtun fjármuna sjóðsins, þ.e. fjárvörslu með virkri eignastýringu. Fjárfestingar skyldu vera innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins sem fylgdi með í viðauka með samningnum og í samræmi við fjárfestingarstefnu sem sjá má í töflu 2 hér að ofan. Forstöðumaður eignastýringar safna LÍ og forstöðumaður vörslu og víðskiptaumsjónar Landsbankans sáu um að tilnefna framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og starfsmann til að annast bókhald og rekstur sjóðsins.

Þessir aðilar áttu síðan að vera tengiliðir við stjórn sjóðsins og félagsmenn.

Benda má á að innri endurskoðun taldi mikilvægt að rekstraradili (þ.e. LÍ) yki enn frekar upplýsingagiöf til stjórnar sjóðsins varðandi skiptingu eignasafns í samræmi við öll gildandi lagaákvæði. Einnig þyrftu fundargerðir stjórnar að bera með sér að stjórn hefði tekið til umfjöllunar öll brot á laga- viðmiðunum sem og veruleg frávik eða brot á fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Heimild: Skýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2008, dags. apríl 2009.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 574 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2006 lækkað að meðaltali um 0,6% á ári. Frá stofnun sjóðsins árið 2007 hafði lífeyrisþegum hins vegar fjölgað að meðaltali um 10,7% milli ára. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 884 talsins, samanborið við 722 lífeyrisþega í árslok 2007. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast er einu sinni.

Kjölur tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006
Ellilífeyrir	420	397	345	319
Örorkulífeyrir	35	39	31	49
Makalífeyrir	119	121	101	66
Barnalífeyrir			1	1
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði			-3	
Samtals, verðlag hvers árs	574	557	475	435
Samtals, verðlag 2009	574	599	603	585

Við stofnun Kjalar lífeyrissjóðs voru réttindi aðildarsjóðanna sem komu að stofnun sjóðsins hækkuð mismikið:

- Eftirlaunasjóður Ólíuverslunar Íslands hf., hækkun um 11,4%
- Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands, hækkun um 1,5%
- Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, hækkun um 12,9%
- Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar, hækkun um 5,9%

- Lífeyrissjóður stm. Áburðarverksmiðju ríkisins, hækkun um 5,0%

Frá árinu 2009 hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Kili lífeyrissjóði:

Kjölur tafla 4

Ár	Breyting
2009	-19,0%
2010	-19,0%

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þar sem Kjölur er lokaður sjóður og tekur ekki við iðgjöldum, er gerð tryggingafræðileg áætlun miðað við fjárhagsstöðu sjóðsins í lok hvers árs. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Kjölur tafla 5

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007
Eignir	8.380	9.763	10.810
Skuldbindingar	10.710	12.345	10.799
Samtals	-2.330	-2.582	11
% af skuldbindingum	-21,8%	-20,9%	0,1%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru nánast jafnar árið 2007. Árin 2008 og 2009 koma mjög illa út. Heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 20,9% árið 2008 og 21,8% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Eins og fram kemur hér að neðan þá virðist sem megináhersla sjóðsins hvað fjárfestingar varðar hafi verið að fjárfesta í innlendum skuldabréfasjóðum. Skuldabréfasjóðirnir sem fjárfest var í voru allir skuldabréfasjóðir á vegum Landsbanka Íslands. Þannig sést að árið 2007 eru 6.070 mkr. eða 60,6% af eignasafni sjóðsins í innlendum skuldabréfasjóðum. Árið 2009 eru hins vegar tæp 70% af eignasafni sjóðsins komin yfir í bundin innlán og skuldabréf með ríkisábyrgð.

Kjölur tafla 6

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006
Bundin innlán	1.645	2.152		
Innlend hlutabréf	11	17	292	178
Innlendir skuldabréfasjóðir	1.311	3.511	6.070	6.352
Innlendir hlutabréfasjóðir		45	521	1.070
Erlend hlutabréf			50	
Erlend hlutdeildarskirteini	250	787	1.446	566
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3.841	817	369	407
Skuldabréf sveitarfélaga	233	59	58	96
Skuldabréf lánastofnana	128	127	559	461
Skuldabréf fyrirtækja	464	345	596	409
Veðlán	51	59	63	72
Samtals	7.934	7.919	10.024	9.611

Hjá öðrum lífeyrissjóðum hefur raunávöxtun verðbréfaeignar eftir eignaflokkum verið sýnd næst á eftir sundurliðun verðbréfaeignar. Einværra hluta vegna virðist sem Kili lífeyrissjóði sé ekki fært að sýna raunávöxtun verðbréfaeignar eftir verðbréfa-flokkum þrátt fyrir ítekaðar beiðnir nefndarinnar þar að lútandi.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 0,8%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var hins vegar neikvæð um 27,7%. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 3,1% og einnig jákvæð um 6,4% árið 2006. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin er neikvæð um 2,8% og síðustu 10 árin er hún jákvæð um 0,9%.

Kjölur tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006
Hrein raunávöxtun	-0,8%	-27,7%	3,1%	6,4%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,8%	-0,5%	7,9%	8,3%
Tíu ára meðalávöxtun	0,9%	2,1%	6,4%	

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2006 - 2009 í mkr.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 fór að halla verulega undan fæti hvað varðaði afkomu sjóðsins. Á föstu verðlagi ársins 2009 var hækkun á hreinni eign árið 2007 36,7% lægri en árið 2006 (668 mkr. árið 2007 og 1.055 mkr. árið 2006). Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris hins vegar um rúma 2.278 mkr. sem var breyting

um 2.946 mkr. frá fyrra ári. Síðan varð breyting árið 2009 en þá hækkaði hrein eign sjóðsins um 31 mkr. Hrein eign til greiðslu lífeyris á föstu verðlagi ársins 2009 hefur lækkað að meðaltali um 14,6% milli ára frá árinu 2006. Þess ber að geta að sjóðurinn er lokaður og því komu engar iðgjaldagreiðslur til hans á tímabilinu.

Kjölur tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2006 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006
Iðgjöld (réttindaflutningar og aukaframlög)	6	-1	142	19
Lífeyrir	-574	-553	-475	-435
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	1	8	5	30
Tekjur / -gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	683	1	872	1.199
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-67	-1.563	-2	-7
Fjárfestingartekjur	617	-1.554	875	1.222
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-13	-8	-12	-9
Rekstrarkostnaður	-5	-3	-4	-12
Rekstrargjöld	-18	-11	-16	-21
Aðrar tekjur	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	31	-2.119	526	785
Hrein eign frá fyrra ári	8.005	10.124	9.598	8.813
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	8.036	8.005	10.124	9.598

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

	2009	2008	2007	2006
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	31	-2.278	668	1.055
Hrein eign frá fyrra ári	8.005	10.884	12.190	11.849
Hrein eign til greiðslu lífeyris	8.036	8.606	12.858	12.904

1) Kjölur lífeyrissjóður sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfa-fyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þókanatekjur fjármála-fyrirtækja

14.1.2 Tap Kjalar lífeyrissjóðs árin 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins kom nær alfarið fram á árinu 2008. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða. Tap sjóðsins lá að mestu í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum

Kjölur tafla 9

Yfirlit yfir tap Kjalar lífeyrissjóðs af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, hlutabréfasjóðum og skuldabréfasjóðum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	47	36	76	159
Skuldabréf fyrirtækja	-3	16	115	128
Innlend hlutabréf		1	88	89
Innlendir hlutabréfasjóðir		7	209	216
Innlendir skuldabréfasjóðir		172	1.656	1.828
Samtals í mkr.	44	232	2.144	2.420

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011 og 11.10.2011.

Fimm ofangreind eignasöfn mynduðu tap á árunum 2008 til 2010 samtals að fjárhæð 2.420 mkr. Kjölur lífeyrissjóður var ekki með virka gjaldmiðla-varnarsamninga þegar bankarnir féllu.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 559 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var komin niður í 127 mkr. og var svipuð í árslok 2009. Um 159 mkr. voru afskrifaðar af skuldabréfum banka og sparissjóða árin 2008 til 2010. Mestu afskriftirnar voru hjá Landsbankanum 47 mkr., Sparissjóði Hafnarfjarðar 45 mkr. og Kaupþingi 28 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparissjóða námu samtals 39 mkr.

Nedangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu Kjalar lífeyrissjóðs árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverjum aðila fyrir sig

Kjölur tafla 10

Bankar og sparissjóðir, staða og afskriftir 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Landsbanki Íslands hf./víkjandi	47	2	45	4%
Kaupþing banki hf.	31	-2	33	-6%
Íslandsbanki hf./Glitnir hf.	23	11	12	48%
Sparissjóður Hafnarfjarðar	43	19	24	44%
Sparissjóður Vestfjarða	13	6	7	46%
Samtals	157	36	121	23%

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Kjalar lífeyrissjóðs árin 2008-2010 af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

Kjölur tafla 11

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Landsbanki Íslands hf./víkjandi		2	45	47
Sparissjóður Hafnarfjarðar	26	19		45
Kaupþing banki hf.		-2	30	28
Sparissjóður vélstjóra	21			21
Íslandsbanki hf./Glitnir hf.		11	1	12
Sparissjóður Vestfjarða		6		6
Samtals í mkr.	47	36	76	159

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011 og 11.10.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum var 596 mkr. í árslok 2007. Í árslok 2008 hafði skuldabréfaeign í fyrirtækjum lækkað og var þá komin niður í 345 mkr. Á árunum 2008 og 2009 voru afskrifaðar 128 mkr. Einungis voru afskrifuð skuldabréf hjá þremur fyrirtækjum, sem voru FL Group hf. 71 mkr., HF Eimskipafélag Íslands 44 mkr. og Bakkavör 13 mkr.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Kjalar lífeyrissjóðs af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum árin 2008 - 2010.

Kjölur tafla 12

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
FL Group hf.			71	71
HF Eimskipafélag Íslands			44	44
Bakkavör hf.	-3	16		13
Samtals	-3	16	115	128

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011 og 11.10.2011.

Innlend hlutabréf

Á þremur árum tapaði Kjölur lífeyrissjóður 88 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Tapið varð á árinu 2008 og er skýringuna fyrst og fremst að finna í bankahruninu í október það ár. Hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins var frekar lág. Í árslok 2007 þegar hlutabréfaeign sjóðsins var sem mest var hún einungis 3% af heildarverðbréfasafninu.

Kjölur tafla 13

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007
Hlutfjórðing í byrjun tímabils	473	2	293	178
Keypt hlutabréf	673	12	53	608
Seld hlutabréf	753	3	256	494

Hlutfjáreign í lok tímabils	306	11	2	293
Hagn / (-tap)	-88	-1	-88	1

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Kjalar lífeyrissjóðs tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Í efri hluta töflunnar er sýnd eign sjóðsins í skráðum félögum og síðan í neðri hluta töflunnar er eign í óskráðum félögum. *Sjá töflu 14.*

Þann 1. jan. 2007 átti Kjölur lífeyrissjóður hlutabréf samtals að fjárhæð 178 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2008 hafði hlutafjáreign sjóðsins hækkað og var komin í 293 mkr.

Innlend hlutabréfaeign Kjalar lífeyrissjóðs vó ákaflega lítið í verðbréfasafni sjóðsins. Þar af leiðandi var tap sjóðsins einna minnst í þessu verðbréfasafni. Ekki þótti ástæða til að fjalla sérstaklega um þróun hlutabréfaeignar í einstaka félögum meira en fram kemur hér að ofan.

Innlendir hlutabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2007 átti lífeyrissjóðurinn 1.070 mkr. í innlendum hlutabréfasjóðum, sem voru rúm 11% af verðbréfasafni sjóðsins. Á árinu 2007 seldi lífeyris-

sjóðurinn stóran hluta úr hlutabréfasjóðum og var eign í þeim komin niður í 521 mkr. í árslok. Var þá hlutfall verðbréfaflokksins komin niður í 5% af verðbréfasafninu. Á árinu 2008 tapar síðan lífeyrissjóðurinn 198 mkr. og í árslok var eignin komin niður í 45 mkr. Þeir hlutabréfasjóðir sem sjóðurinn fjárfesti í voru allt sjóðir í eigu Landsbankans/Landsvaka hf.

Kjölur tafla 15

Hagn / (-tap) af innlendum hlutabréfasjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007
Eign í hlutabréfasjóðum í byrjun tímabils	1.636	45	521	1.070
Keypt í hlutabréfasjóðum	547	0	282	265
Selt í hlutabréfasjóðum	1.444	38	560	846
Eign í hlutabréfasjóðum í lok tímabils	566	0	45	521
Hagn / (-tap)	-173	-7	-198	32

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011.

Í töflu 16 má sjá í hvaða hlutabréfasjóðum tap sjóðsins lá. Mest tapar lífeyrissjóðurinn á Úrvalsbréfum Landsbankans árið 2008 eða 166 mkr. Aðrir sjóðir voru Vísitölubréf Landsbankans og Nordic 40, samtals 50 mkr.

Kjölur tafla 14

Hlutabréfaeign Kjalar lífeyrissjóðs á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús.kr.

Skráð félög	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Landsbanki Íslands hf.	31.318		72.598	60.532	16.483		
Kaupþing banki hf.		65.813	65.648				
Atorka hf./Jarðboranir hf.	16.224	21.731					
Marel hf.	39.478	43.426	10.200		19.910		757
Straumur Burðarás hf.		28.340					826
Bakkavör hf.			71.487	24.780	17.640		
FL Group hf.				9.510			
Decode hf.		131					
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	67.511	83.713	17.350				
Actavis hf.		29.120					
BankNordik P/F		14.162					
Össur hf.			55.119				
Exista hf.	23.625						
Glitnir banki hf.							
Samtals í þús.kr.	178.156	286.435	292.401	94.822	54.033	0	1.582
Óskráð félög							
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða	49	49	49	49	49	49	49
Stáltak hf.	119	119	119	119	119	119	119
Samtals í þús.kr.	168	168	168	168	168	168	168
Samtals félög í þús. kr.	178.324	286.603	292.569	94.990	54.201	168	1.750

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011.

Kjölur tafla 16

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Landsbanki Úrvalsbréf		166	166
Landsbanki Vísitölubréf		39	39
Landsbanki Nordic 40	7	4	11
Samtals	7	209	216

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 11.10.2011

Innlendir skuldabréfasjóðir

Nokkuð stór hluti eigna Kjalar lífeyrissjóðs var í innlendum skuldabréfasjóðum. Í ársbyrjun 2007 var hlutdeild skuldabréfasjóða um 66% af verðbréfaeign sjóðsins eða 6.026 mkr. og í árslok sama ár var þetta hlutfall um 61%. Í árslok 2008 hafði eignin dregist verulega saman og var komin í 3.511 mkr. sem var 44% af heildareign sjóðsins. Á þriggja ára tímabili var tap lífeyrissjóðsins á innlendum skuldabréfasjóðum 603 mkr. en á árinu 2008 var tapið 1.491 mkr.

Kjölur tafla 17

Hagn. / (-tap) af innlendum skuldabréfasjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007
Eign í skuldabréfasjóðum í byrjun tímabils	15.607	3.511	6.070	6.026
Keypt í skuldabréfasjóðum	9.122	170	5.557	3.395
Selt í skuldabréfasjóðum	13.235	2.717	6.625	3.893
Eign í skuldabréfasjóðum í lok tímabils	10.891	1.310	3.511	6.070
Hagn / (-tap)	-603	346	-1.491	542

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 2.8.2011.

Í töflu 18 eru sýndir þeir hlutabréfasjóðir sem Lífeyrissjóðurinn Kjölur tapaði á. Mest var tap á

14.2 Stjórn og starfshættir**14.2.1 Stjórn og starfsmenn**

Kjölur lífeyrissjóður varð til árið 2007 úr fimm öðrum lífeyrissjóðum. Landsbanki Íslands hefur séð um rekstur sjóðsins. Allir sjóðir sem mynda Kjöl eru lokaðir og hafa ekki tekið við iðgjöldum eftir stofnun Kjalar. Stjórn Kjalar er skipuð fimm einstaklingum. Annað hvert ár eru kosnir tveir aðalfulltrúar og einn varamaður til tveggja ára og hitt árið eru kjörnir þrír aðalfulltrúar og einn varafulltrúi til tveggja ára.¹

Enginn hámarkstími virðist vera á setu fulltrúa í stjórn sjóðsins í reglum hans eða samþykktum að því

1 Samþykktir Kjalar lífeyrissjóðs, 2009, gr. 3.

Fyrirtækjabréfum Landsbankans eða 1.287 mkr. Á Peningabréfum Landsbankans varð tapið 524 mkr. Markaðsbréf Landsbankans, meðallöng, rýrnuðu um 19 mkr. á árinu 2008 en árið 2009 hækkaði gengi þessara bréfa sem nam lækkun ársins á undan. Heildartap á ofangreindum skuldabréfasjóðum Landsbankans var 1.828 á árunum 2008 og 2009. Kjölur lífeyrissjóður átti eingöngu í skuldabréfasjóðum Landsbankans/Landsvaka hf.

Kjölur tafla 18

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

	2009	2008	Samtals
Landsbanki Fyrirtækjabréf	191	1.096	1.287
Landsbanki Peningabréf		524	524
Landsbanki Diversified Yield Fund		17	17
Landsbanki Markaðsbréf meðal	-19	19	0
Samtals	172	1.656	1.828

Heimild: Gögn frá Kili lífeyrissjóði dags. 11.10.2011.

Erlendar eignir

Engar niðurfærslur eða afskriftir áttu sér stað á erlendum eignum sjóðsins á tímabilinu 2007 – 2010.

Heimild: Tölvupóstur dags. 20.10.2011 frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Kjölur lífeyrissjóður var ekki með neina útstandandi gjaldmiðlavarnarsamninga við fall bankanna.

Heimild: Minnisblað frá Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins (ó dags.).

er best verður séð. Stjórnin ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, hún skiptir með sér verkum og kemur fram fyrir hans hönd. Í núgildandi samþykktum segir að stjórn hafi falið Landsbanka Íslands eignastýringu og daglegan rekstur sjóðsins. Sams konar ákvæði var í eldri samþykktum.² Í báðum þessum samþykktum kemur fram að Landsbanki Íslands skipar framkvæmdastjóra og sjóðstjóra. Stjórnin ber eftir sem áður ábyrgð á öllu sem er óvenjulegt eða meiriháttar og við meiriháttar ákvarð-

2 Sama gr. 6. Samþykktir Kjalar lífeyrissjóðs, 2007, gr. 3. 6. mgr.

anir er það áskilið að stjórn samþykki breytingar samhljóða.

Í starfsreglum stjórnar er einungis sagt að stjórnin ráði aðila á fjármálamarkaði til að annast daglegan rekstur og ávöxtun eigna hans, rekstraraðilinn skipi framkvæmdastjóra sjóðsins sem jafnframt er sjóðstjóri úr hópi sinna starfsmanna, ákveði laun hans og starfskjör og semji starfslýsingu. Síðan segir: „Rekstraraðilinn tekur ábyrgð á gjörningum starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði í samstarfssamningi.“³ Við skoðun á samstarfssamningnum virðist þessi setning merkja að starfsmenn LÍ verða skilyrðislaust að halda sig innan fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma.⁴

Í starfsreglum stjórnar voru engin ákvæði um það að stjórnarmenn væru skyldugir til að gefa upp hlutabréfaeign sína, hvorki formaður né aðrir stjórnarmenn, einungis almennar vanhæfisreglur um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er skipaður af LÍ, ekki ráðinn af sjóðnum, og það virðist því eðlilegt að hann falli undir reglur LÍ fremur en sjóðsins. En í verklagsreglum sjóðsins segir að stjórnarmenn og aðrir þeir sem sitja stjórnarfundi séu „undanþegnir ákvæðum reglnanna um tilkynningaskyldu, en ákvarðanir um einstök verðbréfavíðskipti eru að öllu jöfnu teknar af starfsmönnum rekstraraðila sjóðsins, sjóðstjórum, og almennt ekki ræddar á stjórnarfundum.“⁵ Í starfsreglum kemur fram að stjórn sjóðsins skuli halda fundi ársfjórðungslega.⁶

Í Starfsreglum stjórnar kemur fram að stjórn taki ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar og öll skjöl varðandi slíkar ákvarðanir skulu undirrituð af stjórnarformanni og/eða framkvæmdastjóra.⁷ Í samstarfssamningi segir að samningurinn nái ekki til þess sem er óvenjulegt eða mikilsháttar og LÍ geti ekki framkvæmt slíkar ráðstafanir nema samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins.⁸ Í starfsreglum kemur fram að stjórnin fjalli

um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins, hún ásamt rekstraraðilanum beri ábyrgð á að ávaxta eignir sjóðsins með hliðsjón af bestu kjörum á hverjum tíma og að skipting eigna sjóðsins sé í samræmi við fjárfestingarstefnu og gildandi lög. LÍ þarf ekki að ráðfæra sig við stjórn sjóðsins um ákvarðanir sem eru innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Vandinn við þetta fyrirkomulag er að samband stjórnar sjóðsins við framkvæmdastjórnann verður óljóst. Hann er skipaður af LÍ og starfar á þeim forsendum og kjörum sem LÍ ákveður. Það er ekki sjálfgefið að þessi kjör séu beinlínis heppileg fyrir langtímafjárfesta á borð við lífeyrissjóð. Bónusgreiðslur, launaaúkar og annað af því tagi getur haft áhrif á ákvarðanir framkvæmdastjórnans. Nýjar reglur LÍ um hagsmunaárekstra sem fjallað er um aðeins síðar í þessari umsögn eru til bóta. Stjórn sjóðsins hefur ekkert vald til að hafa áhrif á kjör hans skv. þeim samningi sem hún hefur gert. Það er álit úttekta- nefndarinnar að óheppilegt sé að stjórn Kjalar ráði engu um kjör framkvæmdastjórnans og komi ekki að ráðningu hans.

Stjórnarmenn lífeyrissjóðsins Kjalar eru undanþegnir því að gefa upp hlutabréfaeign sína og þau víðskipti sem þeir eiga með eignir sínar á markaði. Innri endurskoðendur sjóðsins gerðu þá athugasemd við þessa undanþágu að eðlilegt væri að gera þá kröfu til stjórnar lífeyrissjóðs sem á að stuðla að almanna-hagsmunum að „upplýsa um verðbréfaeign sína og öll eigin víðskipti meðan á stjórnarsetu stendur án nokkurrar undanþágu. Slík upplýsingarskylda eykur á trúverðugleika stjórnar og gagnsæi í störfum“.⁹ Úttektarnefnd lífeyrissjóðanna tekur undir orð innri endurskoðandans um það að stjórnarmenn eigi að upplýsa um alla verðbréfaeign sína um leið og þeir setjast í stjórn lífeyrissjóðsins og um öll víðskipti sín. Reglur LÍ verða að tryggja að framkvæmdastjórnin upplýsi um eigin eignir og víðskipti og ætti að upplýsa stjórn um allt slíkt.

Í grunninn er skiptingin sú að stjórn sjóðsins beri ábyrgð á öllu því sem er óvenjulegt og/eða mikilsháttar en LÍ á daglegum rekstri. En vandinn er sá að það liggur ekkert fyrir um það í þeim skjölum sem nefndin hefur fengið hvað telst vera óvenjulegt

3 Starfsreglur stjórnar Kjalar lífeyrissjóðs, 2007, gr. 4.3.

4 Samningur um fjárvörslu og rekstur. Kjölur lífeyrissjóður og Landsbanki Íslands hf. 2007.

5 Verklagsreglur Kjalar lífeyrissjóðs um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna, 2007, gr. 7.

6 Starfsreglur stjórnar Kjalar lífeyrissjóðs, 2007, gr. 6.1.

7 Starfsreglur stjórnar Kjalar lífeyrissjóðs, 2007, gr. 4.4.

8 Samningur um fjárvörslu og rekstur. Kjölur lífeyrissjóður og Landsbanki Íslands hf. 2007, 1. gr.

9 Kjölur lífeyrissjóður, apríl 2009, innri endurskoðun, bls. 6.

eða mikilsháttar. Það eru til dæmis engar upphæðir á fjárfestingum sem framkvæmdastjórinn gæti miðað við þegar hann metur hvort ákvörðun er óvenjuleg eða mikilsháttar. Það virðist mega skilja samninginn á milli sjóðsins og LÍ þannig að allt sem rúmast innan fjárfestingarstefnunnar teljist vera daglegur rekstur. Það þýðir að einungis þegar farið er út fyrir fjárfestingarstefnuna, þá geti ákvörðun verið óvenjuleg eða mikilsháttar. Þessi skilningur gengur ekki því hann þýðir í reynd að engar ákvarðanir falla í þann flokk nema um sé að ræða mistök. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að stjórn Kjalar eigi að bæta úr þessu og setja ákveðin viðmið um hvað telst vera óvenjulegt og/eða mikilsháttar.

Það kom fram í yfirliti yfir starfsemi sjóðsins hér að framan að skuldabréfasjóðirnir sem Kjölur fjárfesti í á árunum 2007-2009 voru allir á vegum Landsvaka og þar með LÍ. Á árinu 2007 voru yfir 6 milljarðar í innlendum skuldabréfasjóðum. Þetta er óeðlilegt og gefur vísbendingu um tvennt. Í fyrsta lagi þá virðist erfitt fyrir stjórn sjóðsins að sinna eftirlitshlutverki sínu gagnvart framkvæmdastjóra sjóðsins vegna þess fyrirkomulags sem felst í samningnum við LÍ. Það er einnig sjálfsagt að vekja athygli á því að það virðist ekki nægilegt að stjórn lífeyrissjóðs komi saman ársfjórðungslega ef hún á að sinna því hlutverki sem henni er ætlað í lögum. Í öðru lagi þá er sú hætta raunveruleg að fjárfestingar sem framkvæmdar eru af starfsmönnum LÍ beinist of mikið að sjóðum Landsvaka og ekki sé hugsað nægilega vel um dreifingu áhættu. Þótt kínamúrar eigi að vera á milli ólíkra deilda LÍ þá virðast þeir lekari en ætla mætti af yfirlýsingum bankanna sjálfra.

Það er einnig sjálfsagt að benda á að stjórnin getur ekki haft eftirlit með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum í skuldabréfa- eða hlutabréfasjóðum. Ástæðan er sú að eignirnar að baki slíkum skírteinum liggja ekki ljósar fyrir þegar ákveðið er að fjárfesta þótt sjá megji hugsanlega hvar stærstu eignirnar eru. Ábyrgð stjórnar á fjárfestingum sjóðsins verður óljós og eftirlit erfitt.

Úttektarnefndin leggur til að fram komi í árskýrslum hver umsýsluþóknun LÍ er á hverju ári, bæði föst og árangurstengd. Það er kurteisi við sjóðfélaga að greina skilmerkilega frá því hve háar greiðslur fara til bankans á meðan samningur er í gildi við hann.

14.2.2 Samskipta- og siðareglur

NBI hf. Landsbankinn hefur sett sér samskipta-reglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans.¹⁰ Þær reglur eiga að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem upp geta komið í viðskiptum sjóðstjóra eignastýringar sem sjá um lífeyrissjóði við aðra innan bankans eða Landsvaka. Eignastýring á að vera staðsett í öðru húsi, hafa aðra stjórn og annað tölvukerfi en aðrar einingar bankans. Öll samskipti skulu skráð og vera rekjanleg og fundargerð haldin á öllum fundum. Starfsmönnum eignastýringar er óheimilt að tjá sig um rekstur lífeyrissjóða við aðra starfsmenn Landsbankans nema til komi samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins eða sjóðfélaga. Áhættustýringu ber að skila skýrslu til framkvæmdastjóra hvers lífeyrissjóðs, regluvarðar og forstöðumanns eignastýringar um viðskipti þeirra lífeyrissjóða, sem hafa gert samning við eignastýringu bankans, við aðrar einingar í samstæðu Landsbankans og staðfesta að slík viðskipti uppfylli kröfur um bestu framkvæmd eða bestu starfsvenju. Starfsmönnum Landsbankans er óheimilt að greiða eða þiggja þóknun fyrir þau verk sem falla undir reglur Landsbankans um hagsmunaárekstra. Starfsmenn eignastýringar eiga ekki að hafa beinan aðgang að miðlunarkerfum og öll viðskipti skulu fara fram í gegnum fjármálaráðgjöf í eignastýringu. Ytri endurskoðendur sjóðsins verða að endurskoða mat á óskráðum fjármálagerningum.

Síðan eru tilgreindar aðstæður sem upp geta komið og fela í sér hugsanlega hagsmunaárekstra. Það er til dæmis lögð áhersla á að fjárfestingar lífeyrissjóðs í vörslu Landsbankans í sjóðum Landsvaka byggist ávallt á mati á hagsmunum sjóðfélaga. Það er lögð áhersla á að hætta sé á að starfsmenn lögfræðisviðs geti setið báðum megin borðs í samningum lífeyrissjóðs og Landsbankans en tryggja megji að það gerist ekki með skýrri verkaskiptingu á lögfræðisviði. Í öllum meginatriðum þá virðast þessar lýsingar og þau viðbrögð sem lögð eru til skýr og eðlileg. Það er þó veikt það sem segir um lögfræðisviðið.

Kjölur lífeyrissjóður hefur ekki sett sér reglur um mögulega hagsmunaárekstra eða siðareglur.

¹⁰ Samskiptareglur og áhættumat fyrir lífeyrissjóði í rekstri Landsbankans, 2010.

14.3 Fjárfestingar Kjalar lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttekta nefndar

14.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um starfsemi Kjalar lífeyrissjóðs á úttektaárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Kjölur lífeyrissjóður var stofnaður 2007 með sameiningu þeirra fimm sjóða sem taldir eru upp í yfirlitinu um starfsemi sjóðsins hér að framan. Það sama ár gerði lífeyrissjóðurinn rekstrar-samning við Landsbanka Íslands hf. til fimm ára um rekstur og fjárvörslu sjóðsins í heild, en þeir höfðu hver fyrir sig verið þar í rekstri fyrir sameininguna. Innan Landsbankans er Kjölur lífeyrissjóður rekinn af Eignastýringu safna fagfjárfesta, sem heyrir undir eignastýringarvið bankans. Auk hans rekur deildin fleiri lífeyrissjóði og stýrir jafnframt eignasöfnum sem aðrir lífeyrissjóðir hafa útvistað til bankans.

Kjölur lífeyrissjóður er eingöngu samtryggingarsjóður. Við stofnun voru réttindi aðildarsjóðanna, sem að honum standa, hækkuð mismikið, svo sem sést á yfirliti um starfsemina. Fyrir sameiningu sjóðanna hafði þeim öllum verið lokað og þeir hætt að taka við iðgjöldum. Þá hætti sjóðurinn að lána til sjóðfélaga. Stjórnarmenn voru í upphafi sjö. Þeir voru tilnefndir af fyrrverandi stjórnunum lífeyrissjóðanna, sem sameinuðust. Samþykktum sjóðsins var breytt árið 2010. Nú kjósa sjóðfélagar fimm stjórnarmenn til tveggja ára.

Heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar stóðust nánast á 2007 en árin 2008 og 2009 komu mjög illa út. Heildareignir samanborið við heildarskuldbindingar voru neikvæðar um 20,9% fyrra árið og 21,8% það síðara. Frá árinu 2009 hefur orðið að lækka áunnin réttindi sjóðfélaga, fyrst um 19% og síðan aftur um 19% árið 2010.

14.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa rætt við Friðrik Nikulásson sem var deildarstjóri Eignastýringar safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum og kom sem slíkur að stýringu og vörslu eignasafns Kjalar lífeyrissjóðs hjá bankanum. Hins vegar hefur Davíð Harðarson, sem var framkvæmdastjóri sjóðsins frá

maí 2007, ekki viljað ræða við nefndina. Bar hann fyrir sig að málefni þeirra sjóða, sem voru til stýringar hjá Landsbankanum, hefðu verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara vegna kæru frá FME. Hann hefði að svo komnu máli engan áhuga á að tjá sig um málefni þessara sjóða hjá fleiri rannsóknar-eða úttektaáðilum. Þessi afstaða Davíðs getur að nokkru leyti komið niður á úttekt á þessum sjóðum, enda hefur nefndin ekki aðgang að rannsókn sérstaks saksóknara. Valgeir Geirsson mun hafa verið sjóðstjóri á lífeyrissjóðasviðinu en þeir þrír, Davíð, Friðrik og hann, munu hafa myndað fjárfestingarráð deildarinnar. Innri endurskoðun Landsbankans sá um innri endurskoðun fyrir sjóðinn og KPMG hf. um ytri endurskoðun.

Stjórn sjóðsins mótaði fjárfestingarstefnu sjóðsins í samráði við rekstraraðilana. Þá átti stjórnin að taka allar ákvarðanir í málum sem voru óvenjuleg eða mikilsháttar. Að öðru leyti sá rekstraraðilinn um ávöxtun sjóðsins. Samkvæmt skýrslu innri endurskoðunar Landsbankans fyrir sjóðinn 2007 var sjóðnum ekki stillt upp miðað við gildandi lagaviðmið um hlutfall af hámarksfjárfestingu í sama útgefanda og hámarks-hlutdeild í félögum. Þessa vegna hlýtur að hafa verið erfitt fyrir stjórnina að sinna eftirlitshlutverki sínu.¹¹ Þetta eftirlit virðist heldur ekki hafa verið nægjanlegt á úttektartímanum.

14.3.3 Fjárfestingarstefna Kjalar lífeyrissjóðs og tap

Að framan er því lýst hvernig Eignastýring safna fagfjárfesta hjá Landsbankanum hafði með höndum eignastýringu og vörslu eignasafns Kjalar lífeyrissjóðs samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við lífeyrissjóðinn. Eignastýringin átti að fara eftir samþykktum sjóðsins og fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins ákvað árlega eftir undirbúning rekstraraðilans.

Athygli vekur að fjárfestingarstefna sjóðsins hafði í flestum tilfellum svo rúm vikmörk að í raun voru það hámarks 36. gr. lífeyrissjóðalaganna sem réðu mörkum og dreifingu ávöxtunarinnar (Sjá töflu 2 í yfirliti um starfsemi sjóðsins). Hæfileg vikmörk geta verið nauðsynleg en eðlilega á að fylgja ákveðinni stefnu. Ekki á að ákveða vikmörk svo, að hætta sé

¹¹ Skýrsla innri endurskoðunar vegna Kjalar lífeyrissjóðs 2007, apríl 2008.

á að farið verði yfir háþörk 36. gr. lífeyrissjóðalaga og samþykkt fyrir einstakar tegundir fjárfestinga eða hjá einstökum útgefanda.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti hvað mest í hlutdeildarskírteinum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Landsvaka, dótturfélags Landsbanka Íslands. Hlutabréf keypti sjóðurinn eingöngu í gegnum sjóði Landsvaka, en fjárfesting í þeim var takmörkuð. Í ársbyrjun 2007 var hins vegar hlutdeild skuldabréfasjóða Landsvaka um 66% af verðbréfaeign sjóðsins eða 6.352 mkr. og í árslok sama ár var hlutfallið um 61%. Í árslok 2008 hafði eignin dregist verulega saman og var aðeins 3.511 mkr. Á þriggja ára tímabili var tapið í innlendum skuldabréfasjóðum 603 mkr. en á árinu 2008 nam það 1.491 mkr. Með erindisbréfi fjármálaráðherra dags. 17. mars 2009 voru skipaðir umsjónaraðilar með lífeyrissjóðum, sem verið höfðu í fullum rekstri hjá Landsbankanum. Í skýrslum umsjónaraðila kemur fram að rannsókn embættis sérstaks saksóknara, sem áður er á minnst, beindist að fjárfestingum og skýrslugerð sjóðanna á fyrri hluta árs 2008. Má af skýrslunum ráða að hætta hafi þótt á hagsmunaaðilinum þegar rekstraraðili lífeyrissjóðs eða aðili nátengdur honum byði upp á fjárfestingarkost fyrir sjóðinn. Hættan var talin stafa af því að rekstraraðilinn hallaðist frekar að því að ávaxta fjármuni sjóðsins í fjárfestingarkostum sem tengdir aðilar byðu upp á en í öðrum kostum. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um sjóði Landsvaka verður ekki annað ráðið en að á því tímaseiði sem þarna var til rannsóknar hafi sjóðirnir fjárfest í skuldabréfum fyrirtækja eða endurnýjað bréf á fyrirtæki, sem voru nátengd bankanum eða á meðal stærstu viðskiptavina Landsbankans.¹² Við fall bankanna sýnist hafa komið í ljós að þessi fyrirtæki hafi ekki átt fyrir skuldum. Virðist ekki óvarlegt að ætla að þau hafi heldur ekki átt fyrir skuldum á þeim tíma sem þarna var til rannsóknar. Eignasafn sjóða Landsvaka hefur þannig verið til muna rýrara en bækur gerðu ráð fyrir. Sömu aðferðafræði var beitt við ávöxtun allra eignasafna lífeyrissjóða í stýringu hjá Landsbankanum. Sjóðstjórar sjóða Landsvaka sáu um fjárfestingar þeirra og Eignastýring safna fagfjárfesta hafði ekki heildaryfirsýn yfir fjárfestingar verðbréfasjóðanna að öðru leyti en út frá áhættu þeirra safna sem deildin var með í stýringu

hverju sinni.¹³ Í skýrslu innri endurskoðunar fyrir 2008 er gerð athugasemd um að reglubundið eftirlit með sjóðnum sé ekki nægjanlegt og skjölun frávika þurfi að vera nákvæmari. Af skýrslunni verður heldur ekki annað ráðið en að eftirlit með innbyrðis viðskiptum á milli sjóðsins og Landsbankans og milli sjóða í stýringu hafi ekki verið nægjanlegt.¹⁴

Það vekur athygli úttektarnefndarinnar hversu lítið sjóðurinn fjárfesti í ríkisskuldabréfum eða bréfum með ríkisábyrgð fyrir en eftir hrun, eða á árinu 2009. Sjóðnum hafði verið lokað og sjóðfélagar eðlilega farnir að reskjast (Sjá töflu 6 í yfirliti um starfsemi sjóðsins). Það voru því engin efni til að taka verulega áhættu. Sjóðurinn fjárfesti ekki erlendis og var því ekki með gjaldmiðla- eða vaxtaskiptasamninga.

12 Sjá skýrslu RNA, 4. bindi, bls. 161 o.áfr.

13 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Friðrik Nikulásson, dags. 7.9.2011.

14 Skýrsla innri endurskoðunar vegna Kjalar lífeyrissjóðs 2008, apríl 2009.

15. Kafli

15.1 Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	187
15.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.....	187
15.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	192
15.2.1 Inngangur	192
15.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.....	192
15.2.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Akraness og tap.....	192

15.1 Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar

15.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

Upphaf

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar þann 26. mars 1956. Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til sjóðsins, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Akraneskaupstað, stofnunum bæjarins, sjálfseignarstofnunum eða félögum skrásettum á Akranesi sem bæjarfélagið á aðild að og voru iðgjaldsskyld til sjóðsins.

Frá 1. janúar 2007 hefur Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) annast rekstur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum. Einn er kosinn af sjóðfélögum, annar er kosinn af bæjarstjórn og sá þriðji er bæjarstjóri og er hann jafnframt formaður stjórnar. Stjórnin er kosin til fjögurra ára í senn.

Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, svo og fulltrúar launagreiðenda eiga rétt til fundarsetu og hafa atkvæðisrétt á ársfundi sjóðsins.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Akranes tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í árslok

Nafn:	Titn.	2009	2008	2007	2006
Gísli S. Einarsson	BS	Form.	Form.	Form.	Form.
Sævar Freyr Þráinsson	BS	X	X	X	X
Valdimar Þorvaldsson	SA	X	X	X	X
Bæjarstjórn Akraness	BS				
Starfsmannafél. Akraness	SA				

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Eins og fram kemur hér að ofan þá hefur Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) annast rekstur sjóðsins frá árinu 2007. Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri LSS, hefur því jafnframt gegnt starfi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar. Áður gegndi Andrés Ólafsson, fjármálastjóri Akra-

neskaupstaðar, því starfi. Arent Claessen er sviðstjóri réttindasviðs og hefur starfað hjá sjóðnum frá 2007. Elías H. Leifsson er sviðsstjóri fjármálasviðs og hefur sömuleiðis starfað hjá sjóðnum frá árinu 2007.

Endurskoðun:

Jón Þór Hallson, endurskoðandi. Endurskoðunarskrifstofa JPH.

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir, endurskoðandi, yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Af stjórnarmönnum hefur einungis Sævar Þráinsson setið í stjórnnum félaga á tímabilinu 2006-2009. Sævar hefur setið í stjórnnum eftirfarandi félaga frá árinu 2006:

- Farsímagreiðslur ehf.
- Títan
- Trackwell hf.
- Radíómiðlun

Jón G. Kristjánsson var í stjórn Íslenskra verðbréfa hf. árin 2009 - 2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar er að finna í 2. grein samþykkt sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt þeim reglum sem hér fara á eftir.

Starfsemi Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

Lífeyrissjóðurinn rekur samtryggingardeild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Lífeyrir byggir á eftirmannsreglu. Akraneskaupstaður ábyrgist skuldbindingar lífeyrissjóðsins.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi þann 28. febrúar 2007 voru samþykktar starfsreglur stjórnar samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr.129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og gr. 4.2. í samþykktum lífeyrissjóðsins.

Verksvið stjórnar samkvæmt 4. gr. starfsreglnanna er:

- Að fara með æðsta vald í málefnum sjóðsins
- Að hafa eftirlit með reikningshaldi og fjármunum sjóðsins.
- Að veita og afturkalla prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- Að taka ákvarðanir í öllum málum sem teljast óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til að sjá um slík mál.
- Að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Að sjá um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og ávaxta það.
- Að sjá um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins.

Einnig kemur fram að stjórnin hafi falið Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, LSS, daglegan rekstur sjóðsins og að framkvæmdastjóri LSS gegni hlutverki framkvæmdastjóra sjóðsins sbr. grein 4.4. í samþykktum sjóðsins. Hann beri sömu ábyrgð og skyldur gagnvart Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar og LSS.

Að öðru leyti fjalla reglur stjórnar um skipan og skiptingu starfa, fyrirsvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur, fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS voru samþykktar á stjórnarfundi LSS þann 9. september 2003. Helstu atriði starfsreglnanna eru þessi (Starfsreglur framkvæmdastjóra LSS eiga einnig við um framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar):

- Áætlanagerð og skipulagsmál. Afgreiðsla lífeyrisumsókna og veiting sjóðfélagalána.
- Gerð ársreikninga, ársskýrlna o.fl.
- Gæta eigna sjóðsins að því marki sem þær eru í hans vörslu, áhalda og búnaðar, og sjá um nauðsynlegt viðhald og varðveislu.

- Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, nema stjórn hafi veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Fjárfestingarstefna

Stefnan fyrir árið 2008 var nokkuð breytt frá fyrri fjárfestingarstefnu. Hlutdeild innlendra skuldabréfa var lækkuð út 65% í 50%, hlutdeild innlendra hlutabréfa var aukin úr 10% í 15%. Framsæknum fjárfestingum var bætt við stefnuna og gert var ráð fyrir að um 5% af sjóðnum yrðu í slíkum eignum.

Akranes tafla 2

Fjárfestingarstefna fyrir árið 2008

	Stefna	Hámark	Lágmark
Innlend skuldabréf	50%	100%	25%
Ábyrgð ríkisins	15%	100%	0%
Fjármálastofnanir	14%	50%	0%
Sveitarfélög	3%	50%	0%
Önnur verðbréf	18%	50%	0%
Innlend hlutabréf	15%	30%	0%
Erlend verðbréf	30%	50%	0%
Hlutabréf	25%	40%	0%
Skuldabréf	5%	15%	0%
Óhefðbundnar fjárfestingar	5%	10%	0%

Eignastýring

Þann 6. júní 2007 gerði Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar samning um eignastýringu og ráðgjöf við Landsbanka Íslands hf. Í viðauka með samningnum var fjárfestingarstefna sjóðsins og bar bankanum að fjárfesta samkvæmt henni. Þeir verðbréfaflokkar sem bankinn hafði heimild til að fjárfesta í voru því þeir sömu og verðbréfaflokkarnir sem taldir eru upp í töflu nr. 2 hér að ofan. Þó voru óhefðbundnar fjárfestingar ekki þar á meðal, þar sem þær komu ekki inn í fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2007.

Auk fjárfestingarstefnu voru eftirfarandi atriði tilgreind í viðauka:

- Markmið sjóðsins var að ná a.m.k. 8,5% nafnávöxtun.
- Sjóðnum var heimilt að nota afleiður til að draga úr áhættu sjóðsins, það gat bæði falist í

gjalddeyrsvörnum ásamt sölu erlendra sem innlendra eigna með framvirkum samningum.

- Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skyldi ekki vera meiri en 10%.
- Hámarkshlutdeild sjóðsins í einstöku hlutafélagi skyldi ekki vera meiri en 15%.
- Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum í sama verðbréfasjóði skyldi ekki vera meiri en 25%.
- Veðsetningarhlutföll: 65% af markaðsvirði húseigna og 35% af markaðsvirði atvinnuhúsnæðis
- Hlutfall eigna í virkri stýringu var 100% en stefnt var að því að það yrði á bilinu 95-100% á árinu 2007.
- Markmið um binditíma var 5,96 ár.
- Markmið um gjaldmiðlasamsetningu var að hún myndi endurspegla sem best myntkörfu íslensku krónunnar og til að ná því markmiði væri best að nota framvirka samninga. Frá og með áramótum myndi sjóðurinn vera með markmið um 50% gjalddeyrsvörn með vikmörk frá 0-100%.
- Markmið um atvinnugreinaskiptingu byggði á samsvarandi skiptingu og Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands. Fyrir erlendan hlutabréfamarkað var miðað við samsetningu MSCI heimsvísitölu hlutabréfa.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 177 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 lækkað að meðaltali um 0,6% milli ára. Lífeyrisþegum hefur nánast ekkert fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 209 talsins, samanborið við 206 lífeyrisþega í árslok 2006.

Akranes tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega			
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006
Ellilífeyrir	134	116	105	99	88	150	140	134	137
Örorkulífeyrir	16	17	16	18	13	25	27	27	30
Makalífeyrir	27	26	25	25	25	33	34	32	36
Barnalífeyrir						1	2	3	3
Samtals, verðlag hvers árs	177	159	146	142	126	209	203	196	206
Samtals, verðlag 2009	177	171	185	191	181				

Á þessum fjórum árum fjölgaði lífeyrisþegum um 0,5% að meðaltali milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi nánast haldist í hendur við fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni. *Sjá töflu 3.*

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar haldi áfram að greiða iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Akranes tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	1.100	1.047	1.380	1.338
Skuldbindingar	5.465	5.427	4.923	4.595
Samtals	-4.365	-4.380	-3.543	-3.257
% af skuldbindingum	-79,9%	-80,7%	-72,0%	-70,9%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborðið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar öll árin. Allt frá því að vera neikvæðar um rúm 70% í rúm 80% árið 2009.

Hafa ber í huga að sjóðnum er ekki ætlað að standa að fullu undir réttindum þeim sem sjóðfélögum eru tryggð í reglugerð hans, heldur ber Akraneskaupstað og öðrum launagreiðendum sem greiða til sjóðsins að standa undir hluta útgjaldanna sbr. 23. gr. reglugerðar sjóðsins.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Athygli vekur að í ársbyrjun 2008 eru 930 mkr. eða 83% af eignum sjóðsins í innlendum verðbréfasjóðum.

Í árslok 2008 höfðu innlendir verðbréfasjóðir lækkað umtalsvert bæði vegna lækkunar á gengi sjóðanna og einnig þess að farið var að kaupa skuldabréf með ríkisábyrgð og peningum komið fyrir á bankareikningum.

Akranes tafla 5

	Verðbréfaeign í mkr.				
	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	160	273			
Veðlán	23	25	27	30	37
Innlend hlutabréf	12	13	18	14	
Innlendir verðbréfasjóðir	138	304	930	854	657
Erlend verðbréfaeign	62	117	77	108	218
Afleiðusamningar	-1	-1			
Skuldabréf með ríkisábyrgð	467	131	33	43	55
Skuldabréf sveitarfélaga	41	7	7	8	8
Skuldabréf lánastofnana	2	12	28	47	52
Skuldabréf fyrirtækja			5		
Önnur skuldabréf				20	
Samtals	904	881	1.125	1.124	1.027

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

Akranes tafla 6

	Hrein raunávöxtun eignasafna			
	2009	2008	2007	2006
Innlán í bönkum og sparissjóðum	2,2%	1,4%	7,2%	
Ríkisvixlar, ríkiskuldab.	-4,3%	4,0%	5,8%	1,0%
Skuldab. bæjar- og sveitarfélaga	-1,5%	-0,3%	3,9%	1,4%
Skuldab. banka og sparissjóða	7,7%	-48,4%	7,7%	2,9%
Fasteignaveðtryggt skuldabréf	5,9%	0,0%	4,9%	5,0%
Innlend hlutabréf	-5,2%	-82,8%	-2,2%	11,0%
Önnur verðbréf	7,7%	-45,9%	6,4%	23,6%
Gengsbundin verðbréf	33,5%	-9,8%	-7,9%	26,2%
Samtals	1,1%	-24,2%	1,1%	12,7%

Heimild: Skýrslur sendar FME um raunávöxtun verðbréfasafna.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 4,1%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 28,4%. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 1,4%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 góð eða 8,1% og 9,6%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 2,2%.

Akranes tafla 7

	Raunávöxtun				
	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	4,1%	-28,4%	1,4%	8,1%	9,6%

	Raunávöxtun				
	2009	2008	2007	2006	2005
Fimm ára meðalávöxtun	-2,2%	-1,3%	8,2%	7,1%	6,3%

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 voru virkir sjóðfélagar 57 talsins, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Iðgjaldagreiðslur ásamt framlögum frá stofnunum sveitarfélaga 2009 námu samtals 99 mkr. sem var 15% hækkun frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 lækkaði eignastaða sjóðsins frá fyrra ári. Milli árána 2007 og 2008 lækkaði hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris um 498 mkr. eða 34,3%. Sjóðurinn nær síðan að halda í horfinu árið 2009 en þá verða óverulegar breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Akranes tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	18	20	20	17	18
Hluttur stofnana sveitarfélagsins	86	73	67	64	63
Réttindaflutningur	-5	-6			
Iðgjöld og hluttur stofnana sveitarfélagsins	99	87	87	81	81
Lífeyrir	-177	-159	-147	-142	-127
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	0	0	1	-1	0
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	133	-35	92	169	145
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-12	-141		-7	-9
Fjárfestingartekjur	121	-176	93	161	136
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-4	-3	-7	-4	-5
Rekstrarkostnaður	-5	-5	-5	-1	-1
Rekstrargjöld	-9	-8	-12	-5	-6
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	34	-256	21	95	84
Hrein eign frá fyrra ári	889	1.146	1.125	1.030	946
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	923	890	1.146	1.125	1.030

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	34	-275	27	128	121
Hrein eign frá fyrra ári	889	1.232	1.429	1.385	1.360
Hrein eign til greiðslu lífeyris	923	957	1.455	1.513	1.481

¹⁾ Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknana-tekjur fjármálafyrirtækja.

Heimild: Ársskýrslur Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

15.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2008 til 2010

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar fjárfesti ekki mikið í skuldabréfum fyrirtækja, skuldabréfum lánastofnana og innlendum hlutabréfum. Miðað við raunávöxtun eignasafna má áætla að tap af þessum verðbréfaflokkum hafi verið samtals um 30 mkr., þ.e. 12 mkr. á skuldabréfum lánastofnana, 15 mkr. á hlutabréfum og 3 mkr. á öðrum skuldabréfum. Þar sem um frekar lágar fjárhæðir er um að ræða þykir ekki ástæða til að fjalla nánar um þessa verðbréfaflokka. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum.

Frekar hátt hlutfall eigna sjóðsins var í innlendum hlutdeildarskírteinum eða tæp 83% í ársbyrjun 2008 og tæp 35% í ársbyrjun 2009. Tap sjóðsins liggur því fyrst og fremst í hlutdeildarskírteinum eða um 191 mkr. Eins og fram hefur komið var eignastýring sjóðsins hjá Landsbankanum og voru hlutdeildarskírteini lífeyrissjóðsins öll í sjóðum bankans. Í töflum nr. 9 og 10 hér að neðan má sjá í hvaða skuldabréfa- og hlutabréfasjóðum tapið lá. Mest var tapið á árinu 2008 eða samtals 191 mkr. Þar af 63 mkr. í hlutabréfasjóðum og 128 mkr. í skuldabréfasjóðum.

Akranes tafla 9

Innlendir hlutabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Landsbanki	Úrvalsbréf	3	52	55
Landsbanki	Vísitölubréf		8	8
	Samtals í mkr.	3	60	63

Akranes tafla 10

Innlendir skuldabréfasjóðir - gengislækkun/niðurfærsla í mkr.

		2009	2008	Samtals
Landsbanki	Fyrirtækjabréf	-6	101	95
Landsbanki	Peningabréf		29	29
Landsbanki	Peningabréf EUR		4	4
	Samtals í mkr.	-6	134	128

Gjaldmiðlavarinnir

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar var með afleiðusamninga við Landsbankann vegna gjaldmiðlavarna. Staða þessara samninga var neikvæð um 1 mkr. í árs-

lok 2009 og gerði sjóðurinn ráð fyrir að geta skulda-
jafnað skuldabréfum gefnum út af bankanum móti
þessari skuld að fullu.

„Allt frá bankahrininu haustið 2008 hafa átt sér
stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skila-
nefndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra
gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og
forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa
Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanefndar Landsbanka
Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi
við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna
og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega
stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka
uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra
lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

15.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

15.2.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs Akraness á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður þessi var stofnaður 26. mars 1956. Sjóðurinn starfar sem aðrir lífeyrissjóðir samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en þó aðeins sem samtryggingardeild. Hann er frábrugðinn hefðbundnum vinnumarkaðssjóðum og frjálsum lífeyrissjóðum að því leyti að hann hefur verið lokaður nýjum sjóðfélögum frá 1. júlí 1998. Hann er að mestu gegnumstreymissjóður með bakabyrgð Akraneskaupstaðar þótt nokkur sjóðsmyndun hafi einnig þróast innan hans. Nýir starfsmenn greiða í og eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Samkvæmt samningi frá 1. janúar 2007 fer LSS með rekstur sjóðsins. Það kom þó fram í samtali úttektarnefndar við framkvæmdastjóra LSS að þeir hefðu ekki tekið við eignastýringu sjóðsins fyrr en í október 2009 í kjölfar þess að ákveðið var að segja upp eignastýringu sjóðsins sem fram að þeim tíma hafði alfarið verið hjá Landsbanka Íslands hf.

Heildareignir Lífeyrissjóðs Akraness hafa verið verulega neikvæðar öll úttektarárin. Samkvæmt nýlegri úttekt má gera ráð fyrir að reyna kunni á bakabyrgð Akraneskaupstaðar þegar árið 2026 verði ekki gripið til neinna aðgerða til að leiðrétta tryggingafræðilegan halla sjóðsins.¹

15.2.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa rætt við Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóra sjóðsins, en hann stýrir einnig LSS og fleiri sjóðum sem hafa rekstrarsamning við þann sjóð. Stjórn sjóðsins skipa aftur á móti heimamenn á Akranesi, bæjarstjórinn, bæjarfulltrúi og fulltrúi sjóðfélaga. Það er nokkurt athugunarefni um stjórn þessa sjóðs sem annarra lífeyrissjóða sveitarfélaga, að hún virðist vera hluti af regluverki sveitarfélagsins á þann hátt að skipt er

um stjórnarmenn eftir hverjar kosningar. Þetta getur skapað óöryggi í stjórnuninni. Betra sýnist að einhver af föstum embættismönnum sveitarstjórnarinnar sé látinn varðveita stöðugleika í stjórninni. Aðeins óvenjulegar eða mikilsverðar ákvarðanir þarf að bera undir stjórn sjóðsins. Um stjórnarhætti sjóðsins að öðru leyti vísast í umfjöllun um Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar, kafla 24.2.

15.2.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Akraness og tap

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs Akraness var háttáð í stórum dráttum á úttektartímanum. Fjárfestingarstefnan var ákveðin með mjög rúmum vikiörkum og hámark sem sjóðurinn mátti eiga í einstökum flokkum verðbréfa virðist hafa tekið mið af ákvæðum 36. gr. lífeyrissjóðalaganna um fjárfestingar. Þótt vikmörk kunni að vera nauðsynleg og einhverju miðgildi sé venjulega fylgt geta rúm vikmörk valdið því að erfiðara verður að fylgja lögnum, sérstaklega við útvistun fjárfestinga, og því veruleg hætta á því að stefnan verði ekki virt og lögin brotin.

Lífeyrissjóður Akraness gerði samning um eignastýringu og ráðgjöf við Landsbanka Íslands hf. 6. júní 2007. Bankanum bar samkvæmt samningnum að fara að fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í yfirliti um starfsemi sjóðsins hér að framan er fjárfestingarstefnan nánar útlistuð samkvæmt útvistunarsamningnum við Landsbankann. Þar kemur fram að fylgt er að mestu hámarks laganna og hlutfall eigna í virkri stýringu átti að vera 100%. Allt var þetta mjög óeðlilegt og allt of mikil áhætta tekin, sérstaklega þegar litið er til þess að sjóðurinn er lokaður og margir sjóðfélagar teknir að reskjast. Þessi stefna virðist ekki í samræmi við það sem aðrir slíkir sjóðir gerðu. Hins vegar má almennt segja að gengið sé á eignir þessa sjóðs og innstreymi sé lítið og mun minna en útstreymið. Lítið er því um nýfjárfestingar. Mikið af eignunum var bundið í sjóðum Landsvaka. Að hluta var þar vissulega um að ræða skuldabréf með ríkisábyrgð. Sjóðurinn tapaði við fall bankans nærri 200 mkr. í þessum sjóðum en hafði hins vegar hagnast nokkuð á árunum 2005-

¹ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón G. Kristjánsson, dags. 3.10.2011.

2007. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað um þessa sjóði. Kemur þar fram að framan af hafi fjárfestingar þessara sjóða verið hóflegar en á árinu 2007 og 2008 hafi þær orðið verulega vilhallar aðilum tengdum bankanum. Mun þar bæði átt við eignarhaldsfélög tengd eigendum bankans og helstu viðskiptamönnum. Um áramótin 2007/2008 virðist hlutur þessara félaga í sjóðunum enn vera að þyngjast en hæpið virðist af umfjölluninni að dæma að þau hafi þá verið borgunarmenn fyrir skuldbindingum sínum.² Fyrirsvarsmönnum Lífeyrissjóðs Akraness virðist ekki fremur en öðrum forsvarsmönnum lífeyrissjóða í viðskiptum við Landsbankann hafa verið þetta ljóst.³ Tap sjóðsins í bankahrúninu mun hafa numið í kringum 25% af heildareignum. Fjárfestingar í hlutabréfasjóðum Landsbankans vógu þungt í fjárfestingum sjóðsins. Skildi það þennan sjóð frá öðrum sveitarfélagasjóðum í rekstri LSS.

² Sjá umfjöllun um sjóði Landsvaka í skýrslu RNA, 4. bindi, bls. 161-177.

³ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jón Kristjánsson (nr. II), dags. 13.10.11.

ISBN-13: 978-9979721000



9 789979 721000